Ef í gildi er leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt reglugerð þessari og ökutækið bílar eða verður fyrir tjóni, er eiganda þess eða umráðamanni heimilt að flytja inn varahluti í ökutækið án greiðslu tolls enda uppfylli hann skilyrði 7. gr. Tollstjóri getur áskilið staðfestingu, sem hann metur gilda, á því að varahlutimir séu sendir til landsins til viðgerðar á viðkomandi ökutæki. Tollstjóri getur ennfremur, telji hann ástæðu til, áskilið að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu lögboðinna aðflutningsgjalda af varahlutunum, verði endurúflutningur þeirra ekki staðfestur af tollyfirvöldum.

2. gr.

Aftan við orðin „samkvæmt heimild í“ í 18. gr. bætist: 6. og.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1996 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinnna gagna, sem skila ber á árinu 1996 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1995, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1996:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1996:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1996:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðsfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1996, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1995 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1996

10. janúar 1996

3

Nr. 3

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995,
um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

6. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á Öræfagrunni og Skeiðarárdjúpi á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°34'00 N - 16°46'00 V | 6. 63°21'00 N - 16°36'00 V |
| 2. 63°34'00 N - 16°20'00 V | 7. 63°19'60 N - 16°46'00 V |
| 3. 63°27'00 N - 15°55'00 V | 8. 63°19'60 N - 16°55'00 V |
| 4. 63°24'00 N - 16°10'00 V | 9. 63°27'40 N - 16°55'00 V |
| 5. 63°23'00 N - 16°37'50 V | 10. 63°31'00 N - 16°45'00 V |

2. gr.

11. tl. 1. gr. falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 12. janúar 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

9. janúar 1996

Nr. 4

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Frá og með 12. janúar 1996 til og með 15. mars 1996 eru allar línuveiðar bannaðar út af Snæfellsnesi á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--|---|
| 1. Öndverðarnesviti, 64°53'10 N - 24°02'70 V | 4. 64°43'70 N - 24°00'00 V |
| 2. 64°51'00 N - 24°09'00 V | 5. Malarrifsviti, 64°43'70 N - 23°48'20 V |
| 3. 64°48'00 N - 24°09'00 V | |

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

1. gr.

Beingreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Frá og með 1. janúar 1996 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. á almanaksári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og heildargreiðslumark sauðfjár verðlagsárið 1995/1996.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark lögbýla til framleiðslu sauðfjárafurða í ærgildum og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna, að teknu tilliti til aðilaskipta, úthlutana og geymds greiðslumarks.

2. gr.

Tilkynningar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum eigi síðar en 1. febrúar 1996 um greiðslumark lögbýlisins árið 1996 og síðan 15. september ár hvert um greiðslumark næsta almanaksárs. Skriflegar athugasemdir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir almanaksárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki skriflegar athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu ákvörðunar, gildir hún fyrir hlutaðeigandi almanaksár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki niðurstöðu Framleiðsluráðs, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sem starfar samkvæmt 42. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Búskaparhlé.

Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.

Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. september ef framleiðandi hyggst hefja framleiðslu á ný á næsta almanaksári.

4. gr.

Aðilaskipti og flutningur.

Fram til 25. janúar 1996 eru heimil aðilaskipti að greiðslumarki milli lögbýla vegna almanaksársins 1996 og fram til 1. júlí 1996 eru heimil aðilaskipti vegna almanaksársins 1997. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli. Ákvæði þessi eiga þó ekki við um sérskráð greiðslumark.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla við eftirfarandi aðstæður:

- a. Við sameiningu lögbýla skal skrá greiðslumark á það lögbýli sem verður til við sameininguna.
- b. Flytjist eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár á lögbýlinu, á annað lögbýli, er heimilt að sameina greiðslumark lögbýlanna.
- c. Ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.

Tilkynningu um flutning greiðslumarks skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. febrúar á því ári sem flutningur tekur gildi.

5. gr.

Beingreiðsla.

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðsla skal vera kr. 3.734 á hvert ærgildi á ári.

Til að fá fulla beingreiðslu þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur, ásettar haustið 1995, fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 1996. Síðan skal landbúnaðarráðherra ákveða árlega ásetningshlutfall að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðist beingreiðsla hlutfallslega. Ásetningshlutfall skal auglýst fyrir 15. september vegna næsta almanaksárs, í fyrsta sinn fyrir 15. september 1996.

Ásetningshlutfall hjá framleiðendum sem hafa skorið niður sauðfé til útrýmingar bótaskyldum sjúkdómum skal þó á fyrsta almanaksári eftir fjártöku aðeins nema 1/3 af því sem ákveðið er samkvæmt 2. mgr. og á öðru ári 2/3, til að þeir haldi fullum beingreiðslum.

6. gr.

Lækkun ásetningshlutfalls.

Á lögbýlum, þar sem búfjárbætur kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er landbúnaðarráðherra heimilt að semja um lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins án þess að beingreiðslur skerðist.

Ráðherra er heimilt að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslu ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum. Gerð samninga um lækkað ásetningshlutfall vegna of mikils beitarálags, náms og þjálfunar eða sérstakra verkefna skal lokið fyrir 15. september vegna næsta almanaksárs. Samningum fyrir árið 1996 skal þó lokið fyrir 1. júlí 1996.

Þá getur landbúnaðarráðherra samið um lækkun ásetningshlutfalls árin 1996 og 1997, sem nær einungis til þess hluta af greiðslumarki lögbýlis, sem hefur komið eða kemur sem viðbót vegna samninga eða flutnings á greiðslumarki milli lögbýla, á tímabilinu 1. maí 1995 til 1. júlí 1996.

7. gr.

Handhafi beingreiðslu.

Beingreiðsla greiðist ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

Réttur til bringreiðslu flyst milli aðila innan lögbýlis við ábúendaskipti og við breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna.

Beingreiðsla greiðist til handhafa og skulu 80 % af heildargreiðslum greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar frá mars til október. Eftirstöðvar skulu greiðast 15. desember ár hvert.

8. gr.

Skerðing eða niðurfelling beingreiðslu.

Heimilt er að skerða eða fella niður beingreiðslu ef sauðfjárþóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé eða brýtur á annan hátt reglur eða samningsbundin ákvæði um afsetningu afurða.

9. gr.

Fjármunir til markaðsfærslu.

Beingreiðslum sem sparast vegna skerðingarákvæða í 2. mgr. 5. gr. og í 8. gr. skal varið til sameiginlegra markaðsaðgerða.

Landbúnaðarráðherra staðfestir ráðstöfun á fjármunum til markaðsfærslu að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga.

10. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 541 11. september 1994 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996, með breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um útgáfu húsbrefa á árinu 1996 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1., 2. og 3. flokk húsbrefa 1996. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í flokkunum, skal vera að hámarki 13.500 milljónir króna á árinu 1996. Húsbrefin í hverjum flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B og C. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð 1.000.000,00 kr., í undirflokki B 100.000,00 kr., í undirflokki C 10.000,00 kr. Vextir í 1., 2. og 3. flokki 1996 eru 4.75 % á ári. Lánstími brefa í 1. flokki skal vera 15 ár, í 2. flokki 25 ár og í þriðja flokki 40 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokkanna er vísitala janúarmánaðar 1996.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. janúar 1996 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. janúar 1996.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref flokkanna að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. október 1996. Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 15. mars 1998. Dregin verða út númer úr gildum og óinnleystum húsbrefum, sem afgang hafa verið þremur mánuðum fyrir viðkomandi gjalddaga. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkana gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbrefa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Verði húsbref ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. janúar 2011, 2. flokks 15. janúar 2021 og 3. flokks 15. janúar 2036. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfa-deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fymast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. janúar 1996.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hlutverk.

1. gr.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi veitir sjóðurinn styrki til úreldingar fiskiskipa, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Jafnframt tekur sjóðurinn þátt í skipulagsbreytingum í samvinnu við lánastofnanir leiði endurskipulagningin til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Stjórn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skali einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

Stjórnarfundir.

3. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi. Fundir stjórnar eru lögmatir ef tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

Hlutverk stjórnar.

4. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans, eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir

Þagnarskylda.

5. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Rekstrar- og greiðsluáætlanir.

6. gr.

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra, til staðfestingar, sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

Eignir Þróunarsjóðs.

7. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarút-

vegsins, sbr. l. nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. l. nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. l. nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum endurlánnum ríkissjóðs til Atvinnuþryggingardeildar að fjárhæð 950 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendra mynt miðað við gengi 31. desember 1992, sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

Þróunarsjóðsgjald - fiskiskip.

8. gr.

Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins 1. janúar 1996 og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Skal gjaldið á árinu 1996 nema 799 kr. á hvert brúttótonn en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 303.000 kr. fyrir hvert skip. Liggi brúttótonnamæling ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttórúmllest. Gjaldþagi þróunarsjóðsgjaldsins er 1. janúar 1996 og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða Þróunarsjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipunum fyrir þróunarsjóðsgjaldi.

Gjald samkvæmt 1. mgr. vegna fiskiskipa er falla undir 5. og 7. gr. l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landsamband Íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð. Stjórn Þróunarsjóðs skal ákvarða með hvaða hætti þróunarsjóðsgjald vegna fiskiskipa sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, verði innheimt.

Þróunarsjóðsgjald - fasteignir.

9. gr.

Eigendur fasteigna sem nýttar hafa verið til fiskvinnslu á árinu 1995, skulu greiða sérstakt gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Gjaldskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svo og opinberum aðilum sem eiga fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Stofn til þróunarsjóðsgjalds skal vera fasteignamatsverð í árslok á fasteign sem nýtt er til fiskvinnslu, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

Við ákvörðun á því hvaða eignir mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds skal miða við þær fasteignir sem raunverulega voru notaðar til fiskvinnslu á árinu 1995. Í reglugerð þessari er hús sem og þrær og tankar sem metið er fasteignamati, í hverju sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar talið mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds. Í tilreiðslu felst hvers konar meðhöndlun fisks sem felur í sér skurð á honum eða niðurhlutun hans, s.s. slægingu, hausun, flökun, hökkun o.s.frv. Í verkun felst efna-meðferð á ferskum, kældum eða frystum sjávarafurðum, s.s. hitun, reyking, söltun, þurrkun

eða niðurlagning í kryddlög o.s.frv., hvort sem þær hafa verið beittar einni eða fleiri fyrrgreindra verkunaraðferða. Til fasteigna fiskvinnslu teljast í þessu samhengi hús sem og þrær til geymslu hráefnis og tankar til geymslu lýsis eða annarra afurða en ekki önnur mannvirki tengd fiskvinnslu s.s. skreiðarhjallar, hafnarmannvirki, vinnsluþlön o.s.frv. Fiskvinnsla telst í þessu sambandi ekki fara fram í húsi þar sem fram fer niðursuða og niðurlagning sjávarafurða, fiskeldi, umstöflun afla í gáma, rekstur fiskmarkaðar, skrifstofuhald tengt fiskvinnslu eða viðhald bifreiða eða vélaverkstæði. Sé sama eignin notuð til fiskvinnslu en einnig til annarra þarfa, skal skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Með skattframtali skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þessarar greinar ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð eins og það var í lok næstliðins árs. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í lok 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilar, sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. þessarar greinar en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir hvert ár skila skráum skv. 5. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

Þróunarsjóðsgjald skal nema 0,75% af gjaldstofni skv. 3. mgr. þessarar greinar. Gjald, sem ekki nær 10.000 kr., skal fella niður við álagningu.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Ríkisbókhald skal skila mánaðarlega til Þróunarsjóðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölulið 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fækkun fiskiskipa.

10. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í því skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist ekki með öðrum hætti.

Til 1. október 1996 er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir.

Úreldingarstyrkur.

11. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum enda hafi gjald vegna viðkomandi skips verið greitt sjóðnum eða Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins í a.m.k. þrjú ár. Ákvæði um þriggja ára greiðsluskyldu á hvorki við um þau skip er fá úthlutað tiltekinni hlutdeild af heildar afla og voru skráð á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994 né um báta 6 brl. og minni er veiðar stunda með línu og handfærum sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 1. maí 1995.

Úreldingarstyrkur skal vera það hlutfall er tiltekið er hér á eftir af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess árs er umsókn barst. Falli skip ekki undir samræmdar reglur um húftryggingarmat (s.s. fjárhæðanefnd fiskiskipa eða Samábyrgð Íslands á fiskiskipum) eða liggja slíkt mat ekki fyrir, skal stjórn sjóðsins áætla húftryggingarverðmæti skipsins og er í þeim efnum ekki bundin af umsáminni húftryggingarfjárhæð skipsins. Um mat af þessu tagi skal stjórnin setja sérstakar starfsreglur og getur hún m.a. leitað um slíkt mat til sérfróðra eða reyndra aðila. Vegna umsókna er bærust á árinu 1995

skal úreldingarstyrkur þó aldrei nema hærri fjárhæð en 93.087.000 kr. fyrir hvert skip og 95.895.000 kr. á árinu 1996. Á árinu 1996 skulu úreldingarstyrkir vera:

1. Vegna umsókna er bærust á árinu 1995 og sjóðsstjórn hafði samþykkt fyrir gildistöku reglugerðar nr. 387/1995 skulu styrkir nema 40% af verðmæti skips eins og það er skilgreint í 2. mgr.
2. Vegna annarra umsókna er sjóðnum bærust á árinu 1995 og umsókna á árinu 1996:
 - a) Styrkur til að úrelða skip skal nema 20% af verðmæti skips eins og það er skilgreint í 2. mgr.
 - b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar þessa töluliðar skulu þó úreldingarstyrkir vegna báta er stundað hafa veiðar með línu og handfærum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða (krókabátar) nema 80% af verðmæti báts eins og það er skilgreint í 2. mgr. enda berist umsókn fyrir 1. október 1996.

Skilyrði þess að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Það eru enn fremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá eða verði hvorki haldið til veiða í efnahagslögsögu Íslands né gert út sem fiskiskip frá Íslandi, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur, að veiðileyfi falli niður (krókabátar) og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af váttryggingarfélagi, skal samtala tjónabóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en annað hvort liggur fyrir vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá svo og að skipi hafi verið eytt ellegar það selt úr landi eða að þinglýst hefur verið kvöð á skipið þess efnis að það hafi verið tekið varanlega úr fiskiskipstól Íslendinga og að því verði ekki haldið til veiða frá Íslandi og skal þá enn fremur liggja fyrir staðfesting Siglingamálastofnunar um að skipið sé ekki lengur skráð sem fiskiskip. Form og efni þinglýstu kvaðarinnar skal vera samþykkt af stjórn Þróunarsjóðs. Sé skip afskráð skal liggja fyrir yfirlýsing eiganda skips og handhafa viðkomandi réttinda um að skipið verði ekki að þeirra tilstuðlan skráð aftur á íslenska skipaskrá. Enn fremur liggja fyrir yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa, að veiðileyfi hafi verið fellt niður (krókabátar) og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Áður en úreldingarstyrkur kemur til útborgunar skal stjórn Þróunarsjóðs krefjast þess að annað hvort liggja fyrir þinglýsingarvottorð sem sýnir að skip sé kvaða- og veðbandalaust að frátalinni þeirri kvöð sem málsgrein þessi segir til um eða samþykki veðhafa á úreldingu þess. Þegar skip er afskráð skal alltaf krefjast þess að fyrir liggja þinglýsingarvottorð sem sýni að skip sé kvaða- og veðbandalaust. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Enn fremur er óheimilt að nýta fiskiskip, er hlotið hefur úreldingarstyrk, til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands eða gera það út sem fiskiskip frá Íslandi.

Komi í ljós að fjárhagur Þróunarsjóðs leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal sjóðsstjórn gera tillögu til ráðherra um lækkan á því hlutfalli af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

12. gr.

Í því skyni að stuðla að aukinni arðsemi fiskvinnslu í landi og minnkun afkastagetu

hennar er stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins heimilt til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki sem kunna að vera í þeim fasteignum.

Þegar metið verður hvort festa skuli kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva skal sérstaklega haft í huga að kaupin leiði til betri rekstrarskilyrða þeirra fiskvinnslustöðva sem halda áfram rekstri. Meti sjóðsstjórn að ekki sé nægjanlegt að festa kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva til að minnka afkastagetu fiskvinnslunnar er henni einnig heimilt að kaupa framleiðslutæki viðkomandi vinnslustöðvar enda sé ella hætt við að þau verði nýtt til að auka afkastagetu í öðrum fiskvinnslustöðvum.

13. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs er heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð ef viðkomandi vinnslustöð hefur fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi Fiskistofu sbr. l. nr. 93/1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánnum.

Í reglugerð þessari er fiskvinnslustöð skilgreind sem hús sem og þrær og tankar sem metið er fasteignamati í hverju sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Tilreidd sjávarafurð telst afurð þar sem fiskurinn er ekki lengur í heilu lagi en hefur t.d. verið slægður eða hausaður, skorinn í sneiðar, flakaður, hakkaður o.s.frv. Verkuð afurð telst sjávarafurð sem hefur fengið efnameðferð s.s. hitun, reykingu, söltun, þurrkun eða verið lögð í kryddlög o.s.frv. og er unnin úr ferskum, kældum eða frystum sjávarafurðum hvort sem þær hafa verið beittar einni eða fleiri fyrrgreindra verkunaraðferða.

Hús telst í þessu sambandi ekki fiskvinnslustöð ef þar fer fram:

- niðursuða og niðurlagning sjávarafurða,
- fiskeldi,
- umstöflun afla í gáma,
- rekstur fiskmarkaðar,
- skrifstofuhald tengt fiskvinnslu,
- viðhald bifreiða eða vélaverkstæði.

Til fiskvinnslustöðva teljast hús sem og þrær til geymslu hráefnis og tankar til geymslu lýsis eða annarra afurða en ekki önnur mannvirki tengd fiskvinnslu s.s. skreiðarhjallar, hafnarmannvirki, vinnsluþlön o.s.frv.

Sé eignin notuð til fiskvinnslu en einnig til annarra þarfa, skal skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og framleiðslutækja sem í þeim kunna að vera og sjóðsstjórn ákveður að festa kaup á, skal taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna. Þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati þess hluta eða þeirra hluta viðkomandi fasteigna sem reglugerð þessi tekur til samkvæmt mati sjóðsins og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins.

Stjórn Þróunarsjóðs skal leitast við að selja fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Jafnframt þarf sjóðurinn að tryggja að endurráðstöfun framleiðslutækja leiði ekki til aukinnar afkastagetu fiskvinnslunnar. Það má gera t.d. með því að ráðstafa tækjum úr landi eða með því að skipta á þeim við fiskvinnslustöðvar innanlands og fá í staðinn jafn afkastamikil tæki. Þannig fengnum framleiðslutækjum yrði síðan eytt eða ráðstafað úr landi.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa, skv. þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

14. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að vöruþróun og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða innanlands sem utan sem og annarri nýsköpun í sjávarútvegi auk þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í þessu skyni er sjóðsstjórn heimilt að veita lán og ábyrgðir.

15. gr.

Til að greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila og fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að leggja fram framleiðslutæki og báta sem sjóðurinn hefur keypt, sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í erlendum verkefnum á þessu sviði. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirbyggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

16. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs ákveður kjör útlána og metur í hverju tilviki tryggingar fyrir lánnum og ábyrgðum veittum á grundvelli 14. og 15. gr. Umsækjandi um lán eða ábyrgð skal jafnan gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun þróunarverkefnis umfram það sem felst í þátttöku Þróunarsjóðs.

17. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins ákveður árlega framlag sjóðsins til þróunarverkefna sbr. 6. gr.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum fiskvinnsluhúsa, þátttöku í þróunarverkefnum og sölu á hlutabréfum hlutafjárdeildar. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og -tekjur sjóðsins. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun.

19. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum sem sjóðurinn tekur skulu undanþeginn stimpilgjöldum.

20. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánnum sem sjóðurinn á að standa skil á.

21. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt.
Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild.

22. gr.

Hlutverk atvinnutryggingardeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja er að innheimta skuldabréf sem eru í eigu deildarinnar.

Stjórn Þróunarsjóðs er óheimilt að veita ný lán úr atvinnutryggingardeild. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að skuldbreyta lánnum atvinnutryggingardeildar ef það er liður í sameiginlegum aðgerðum lánastofnana sem leiði til sameiningar sjávarútvegsfyrirtækja eða verulegrar minnkunar á afkastagetu einstakra fyrirtækja, sem sýnt þykir að muni leiða til betri rekstrarskilyrða.

Stjórn Þróunarsjóðs er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða trygginga fyrir lánnum að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna atvinnutryggingardeildar og að það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í. Deildinni er ekki heimilt að gefa eftir stærri hluta krafna en aðrir kröfuhafar með sambærilega tryggingarstöðu samþykkja að gefa eftir. Lán með haldbærum tryggingum er ekki heimilt að gefa eftir.

Byggðastofnun skal annast reikningshald og innheimtu lána atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs vegna sjávarútvegsfyrirtækja eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

23. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs fer með hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar. Stjórninni er heimilt að selja hlutafé í eigu deildarinnar og skal það boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári. Skjalstarfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni njóta forkaupsréttar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

Gildistaka.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 644/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og 387/1995 um breytingu á henni.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um ökurita sem notaðir eru sem þungaskattsmælar í ökutækjum sem skylt er að vera búin ökuritum samkvæmt reglugerð nr. 136/1995.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, skal nota innsiglaða ökumæla til ákvörðunar þungaskatts.

Sé ökuriti notaður til ákvörðunar þungaskatts í ökutækjum sem skylt er að búa ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. innan Evrópska efnahagssvæðisins, er ekki skylt að innsigla mælishús ökuritans, að því tilskildu að farið sé eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Sé ökuriti notaður sem ökumælir skv. 1. gr., er skylt við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, að lesa kílómetrastöðu af ökurita og skrá hana í akstursbók. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Jafnframt er skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum, þar sem skráðar eru upplýsingar um akstur ökutækisins. Um notkun ökuritans og skráningarblaða hans skulu að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum og ákvæði þeirra EBE gerða sem þar er vísað til.

3. gr.

Nú uppfyllir ökumaður ekki skyldur sínar skv. 2. gr. með því að skrá ekki akstur í akstursbók eða hafa ekki skráningarblað í ökurita. Skal þá litið svo á að innsigli ökuritans hafi verið rofið án heimildar og því heimilt skv. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987, að ákvarða eiganda og/eða umráðamanni viðurlög er samsvara allt að 10.000 km akstri á mánuði.

4. gr.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar og innheimtumönnum ríkissjóðs er heimilt að krefja eiganda eða umráðamann ökutækis, sem nýtur undanþáguheimildar þessarar reglugerðar, um að afhenda sér til skoðunar skráningarblöð (skífur) ökuritans frá 15. janúar 1996.

5. gr.

Óheimilt er öðrum verkstæðum en þeim, sem eru viðurkennd af ráðuneytinu, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 62/1977, um ökumæla, að rjúfa innsigli á mælishúsum ökurita sem notaðir eru til ákvörðunar þungaskatts, samkvæmt þessari reglugerð.

Skylt er að senda Vegagerðinni tilkynningu um að innsigli ökurita hafi verið rofið. Vegagerðin annast eftirlit með ökuritum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi.

Um þau atriði sem ekki eru sérstök ákvæði í reglugerð þessari og lúta að notkun og búnaði ökurita fer samkvæmt reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum,

og reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 15. janúar 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1. Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald.....	6,30 kr/kWh
Fastagjald.....	2.258,00 kr/a

C. Afl- og orkumæling.

C2. Um kW/kWh - mæli, enda sé málaun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald.....	10.811,00 kr/kWa
Orkugjald.....	2,44 kr/kWh
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.	

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mín. meðalág ársins. Á tímabilinu 16. maí - 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald.....	3,96 kr/kWh
Fastagjald.....	3.304,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 1,38 kr/kWh og Landsvirkjun 0,39 kr/kWh af orkuverðinu, alls 1,77 kr/kWh, fyrir allt að 30000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4. Til hitunar.

Orkugjald.....	3,40 kr/kWh
Fastagjald.....	3.304,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostaður af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2. Vinnuljós.

Orkugjald.....	6,30 kr/kWh
Fastagjald.....	2.258,00 kr/a

Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5. Gatnalýsing.

Aflgjald.....	19.557,00 kr/kWa
---------------	------------------

Af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar kr. 19.557,00 kW/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir.....	446,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	1.690,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2.856,00 kr/a
4. Þrífasa kW/kWh-mælir.....	2.856,00 kr/a
5. Þrífasa kW/kWh-mælir með straumspennumæli	4.546,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum, en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Stofngjald:	Lengdargjald (1):
Málraun	kr.	kr/m
63 A einfasa	50.672,00	1.558,00
63 A þrífasa	55.590,00	1.558,00
100 A þrífasa	88.196,00	1.907,00

200	A þrífasa	182.378,00	2.291,00
315	A þrífasa	275.277,00	Skv. kostnaði
400	A þrífasa	347.651,00	-
710	A þrífasa	631.266,00	-
1200	A þrífasa	1.070.641,00	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Stofngjald:	Lengdargjald (1) (2) Jarðstrengur (kr/m)
63 A einfasa	9.924,00	1.558,00
63 A þrífasa	13.811,00	1.558,00
100 A þrífasa	4.662,00	1.907,00

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

- (1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bærjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- (2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bærjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bærjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bærjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1.234,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1.234,00 á skrifstofu bærjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bærjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1.234,00.
4. Fyrir þá þjónustu bærjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi frá og með birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 263, 26. apríl 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

GJALDSKRÁ**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.****I. KAFLI****1. gr.**

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitaflatir séu næginlega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

Heimili 94,49 kr.

Önnur notkun..... 101,47 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot af vatninu á grundvelli orku- og rennslismælingar. Greiðist þá:

Heimili 1,57 kr.

Önnur notkun..... 1,69 kr.

fyrir hverja kílowattstund samkvæmt orkumæli og

Heimili 23,63 kr.

Önnur notkun..... 25,38 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli.

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á ári:

a) Fyrir mæla allt að 3/4" 7.859,00 kr.

b) Fyrir mæla allt að 2" 15.655,00 kr.

c) Fyrir mæla allt að 3" 31.386,00 kr.

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3. - 6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjaldldagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Greiðslustöðu skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd á eindaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús sem tengd eru hitaveitunni skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m³)

(utanmál)

Allt að 400 112.634,00 kr.

400 að 2000 112.634,00 kr.

2000 að 6000 256.572,00 kr.

6000 að 10000 560.021,00 kr.

Meira en 10000 831.028,00 kr.

Fyrir 400 m³ + 89,93 kr/m³ þar yfir
Fyrir 2000 m³ + 75,90 kr/m³ þar yfir
Fyrir 6000 m³ + 67,70 kr/m³ þar yfir
Fyrir 10000 m³ + 58,77 kr/m³ þar yfir
Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

- a) Fyrir mæli allt að 3/4" 16.865,00 kr.
- b) Fyrir mæli allt að 2" 33.733,00 kr.
- c) Fyrir mæli allt að 3" 67.608,00 kr.

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi sem vangeidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið 1.307,00 kr. fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

16. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 262, 26. apríl 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarda.

I. KAFLI

Um skilyrði þess að verða ráðinn fangavörður.

1. gr.

Umsækjandi um fangavarðarstarf, hvort heldur sem fasta stöðu eða starf í afleysingum, skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Vera á aldrinum 20-40 ára. Hann skal vera fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur að óreiðu í fjármálum. Hann skal ennfremur hafa óflekkað mannorð og vera reglusamur og háttvís.
2. Vera andlega og líkamlega heilbrigður. Hann skal ennfremur hafa góða sjón og heyrn. Þá skal hann hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs.
3. Hafa lokið grunnskólaprófi og tveggja ára viðbótarnámi hið minnsta eða hafa hlotið menntun eða starfsþjálfun, sem meta má að jöfnu.
4. Standast læknisskoðun trúnaðarlæknis fangelsismálastofnunar ríkisins og þrekprófun.
5. Gangast undir sálfræðimat eða geðskoðun, sé hennar talin þörf.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum skilyrðum um aldur eða menntun ef sérstaklega stendur á.

Sérstök nefnd skal starfa til að meta hvort umsækjendur fullnægi framangreindum skilyrðum. Í því sambandi er heimilt að láta umsækjanda gangast undir hæfnispróf varðandi íslenskukunnáttu og almenna þekkingu.

Nefndina skipa starfsmaður dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fulltrúi fangelsismálastofnunar ríkisins og fulltrúi Fangavarðafélags Íslands. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

2. gr.

Nú hefur umsækjandi verið ráðinn í fangavarðarstarf og ber þá að líta á fyrstu tvö starfsár hans sem reynslu- og námstíma, sem skiptist í bóklegt nám og starfsnám.

Komi í ljós á reynslutíma að fangavarðarnemi fullnægir ekki þeim kröfum sem gerðar eru til fangavarda hvað snertir námshæfileika, ástundun, reglusemi, framkomu og heilsufar, ber yfirmanni þess fangelsis er hann starfar í, eða deildarstjóra fræðsludeildar fangelsismálastofnunar ríkisins, sé hann í bóklegu námi, að semja rökstudda greinargerð um það sem áfát þykir. Skal fangavarðarnema gefinn kostur á að tjá sig áður en tekin er ákvörðun um hvernig með skuli fara.

Halda skal skrá um fangavarðanema, þar sem frammistaða þeirra er metin, bæði meðan á bóklegu námi stendur og í starfsnámi.

3. gr.

Áður en nýliði, hvort heldur fangavarðarnemi eða afleysingamaður, hefur störf við fangavörslu, skal hann sækja *fornámskeið* er standi í eina viku, þar sem bóklegar

kennslustundir skulu vera 35 stundir hið minnsta. Áður en bóklegt nám hefst eða áður en störf hefjast skal viðkomandi standa a.m.k. 3 vaktir með vönnum starfsmönnum á vakt í fangelsi, tvær dagvaktir og eina næturvakt.

Námsgreinar skulu einkum vera:

Almenn kenning um fangelsismál, þ.m.t. kynning á refsistefnu, stofnunum og innviðum fangelsa.

Skyndihjálp.

Öryggismál, þ.m.t. æfingar í handtöku- og leysitökum, eldvörnum og fíkniefnavörnum.

Lög og reglugerðir, fyrst og fremst um fangelsi og fangavist, en einnig lög um meðferð opinberra mála og hegningarlög.

Sálarfræði.

Réttindi og skyldur fangavarða.

Meðferð og verkanir lyfja.

Leit á fólki.

Félagsleg aðstoð við fanga.

4. gr.

Endurráðning fangavarða, er látið hafa af störfum, er heimil allt að fimm árum eftir að þeir hurfu úr starfi. Að öðru leyti miðast endurráðning við, að fangaverðir standist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt þessu kafla.

II. KAFLI

Um bóklegt nám fangavarða og starfsnám.

5. gr.

Við fangelsismálastofnun ríkisins skal starfrækt fræðsludeild, er veiti fangavörðum almenna menntun er lýtur að hlutverki refsivistarstofnana og starfsemi þeirra, svo og sérmenntun í hinum ýmsu greinum fangavörslunnar.

Skólanefnd, skipuð fangelsismálastjóra, starfsmanni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fulltrúa Fangavarðafélags Íslands, skal hafa yfirumsjón með skólastarfinu. Hlutverk skólanefndar er m.a. að kveða á um kennslufyrirkomulag, hvaða kennslugreinar skuli kenna, samþykkt kennsluefni, framkvæmd prófa, einkunnagjöf o.fl. Fundargerðir skólanefndar skulu bókaðar.

Deildarstjóri fræðsludeildar undirbýr fundi nefndarinnar og situr þá. Hann hefur tillögu-rétt og málfrelsi, en ekki atkvæðissrétt.

6. gr.

Grunnnám fangavarða skal standa yfir í 6 mánuði og skiptast í 3 mánaða bóklegt nám (300 kennslustundir a.m.k.) auk líkamspjálfunar á haustönn og 3 mánaða verklegan þátt sem fram fer í fangelsum samkvæmt nánari ákvörðun, enda séu nemendur 4 hið fæsta. Námsgreinar skuli einkum vera:

Fangelsismálefni og framkvæmd fangavörslu. Fangelsisreglur og öryggismál.

Mannleg samskipti.

Enska. Markmið námsins er að fangaverðir geti átt samskipti við erlenda fanga, er afplána í íslenskum fangelsum.

Tölvuvinnsla.

Skýrslu- og skjalagerð, þ.m.t. færsla dagbókar.

Mannréttindi. Réttindi og skyldur fanga.

Vímuefni. Meðferð og leit. Heilsufræði.

Hegningarlög, lög um meðferð opinberra mála og framkvæmd refsinga.

Almenn siðfræði.

Líkamsrækt og sjálfsvörn.

Sálarfræði og áfallahjálp.

Afbrotufræði, uppeldisfræði og afbrigðilegir fangar.

Félagsleg aðstoð við fanga.

Leit á mönnum, leit í munum og húsakynnum fangelsis.

Heimsóknir á stofnanir.

Réttindi og skyldur fangavarða. Siðareglur fangavarða.

Í lok námsins skulu nemendur prófaðir í námsgreinum og skulu gefnar einkunnir í heilum tölum frá 1-10. Heimilt er skólanefnd að víkja frá þessu og gefa í sumum greinum umsögnina; staðist/ekki staðist. Til þess að standast próf skal nemandi fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri námsgrein.

Skrifleg próf dæmir hlutaðeigandi kennari einn. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf, eigi una mati kennarans, skal kvaddur til prófdómari.

Kennari og prófdómari, ef því er að skipta, dæma í sameiningu úrlausnir. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausn og gilda þær jafnt í einkunnagjöf.

Við munnleg próf eða þar sem skriflegu prófi verður ekki við komið skal vera einn prófdómari.

Kennari eða meirihluti nemenda getur óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi, telji þeir sérstaka ástæðu til þess.

7. gr.

Að loknu fornámi fangavarðar hefst starfsnám hans. Skal það fara fram undir eftirliti yfirmanns viðkomandi fangelsis og því skal hagað í samræmi við reglur, sem skólanefnd setur. Þess skal gætt, eftir því sem við verður komið, að verkefni séu við hæfi fangavarðar, miðað við starfsaldur, nám og reynslu. Yfirmaður ræðir reglulega við fangavörðinn um dagleg störf hans, svarar fyrirspurnum og veitir ábendingar og leiðbeiningar um það sem betur má fara. Á fjögurra mánaða fresti skal yfirmaður gera skýrslu um frammistöðu fangavarðarins, framfarir og annað sem máli þykir skipta um starfshæfni hans. Afrit af þeirri skýrslu skal senda fræðsludeild fangelsismálastofnunar ríkisins.

Þeir einir geta hlotið fastráðningu í stöðu fangavarðar sem lokið hafa grunnnámi og staðist próf og hafa að öðru leyti sýnt með starfi sínu að þeir teljist hæfir til að gegna stöðunni að mati nefndar skv. 1. gr.

8. gr.

Þegar fangavörður hefur lokið reynslutíma skv. 2. gr. skal hann stunda *framhaldsnám*, er fram fer á vorönn, þar sem bæði fer fram upprifjun, auk þess sem lögð skal áhersla á viðbótarmenntun á faglegum grundvelli. Nám þetta reiknist að lágmarki 300 kennslustundir. Heimilt er að skipuleggja það að hluta sem fjarnám, undir handleiðslu kennara, t.d. sem myndbandsnámsefni, þar sem nemandi leysir ákveðið verkefni, eftir atvikum jafnhliða starfi sínu, ef henta þykir. Tölvunotkun getur talist hluti fjarnáms, ef notaður er tölvupóstur, netkerfi eða önnur áþekk tölvuvinnsla.

Framhaldsnám á að miðast við að auka alhliða þekkingu, hæfni og fagmennsku starfsmanna og að stuðla að því að auka öryggi í fangelsum svo og styrkja aðstoðar- og

leiðsagnarhlutverk fangavarða gagnvart föngum. Sérstaka áherslu ber að leggja á að auka færni við úrlausn margvíslegra vandamála sem upp koma í fangelsum. Einnig ber að veita fangavörðum þjálfun í munnlegri og skriflegri tjáningu.

Æskilegt er að afmörkuðum þáttum verði gerð góð skil í framhaldsnámi, en námsgreinar skulu einkum vera:

Fangelsismálefni.

Afbrotافرæði.

Refsiréttur.

Meðferð opinberra mála.

Sálarfræði.

Öryggismál fangelsa.

Félagsleg samskipti.

Skrifleg tjáning.

Tölvupjálfun.

III. KAFLI

Um endurmenntun, sérnámskeið, yfirmannanám o.fl.

9. gr.

Hlutast skal til um, eftir því sem við verður komið, að fangaverðir eigi kost á *endurmenntunarnámskeiði* innan 5 ára frá því að þeir luku framhaldsnámi og síðan eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Á námskeiðinu skal rifja upp námsefni, kynna lagabreytingar og nýjungar er snerta fangelsismál og störf fangavarða.

10. gr.

Hlutast skal til um, eftir því sem við verður komið, að halda *sérnámskeið* varðandi ýmsa faglega þætti fangelsismála, s.s. öryggismál, uppbyggingarstarf með föngum, verkstjórn o.fl., samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar.

11. gr.

Stofna skal til *yfirmannanáms*, eftir því sem við verður komið, er taki mið af því að gera nemendur hæfari yfirmenn í fangelsum landsins. Námið verði ákveðið af fangelsismálastofnun ríkisins með samþykki skólanefndar. Heimilt er að skipuleggja nám fyrir varðandi yfirmenn sem nám hjá öðrum menntastofnunum, innanlands sem utan, eða hjá öðrum þeim er bjóða slíka fræðslu, s.s. Stjórnunarfélagi Íslands.

12. gr.

Þátttakendur í fornámskeiði fá greidd laun á námstímanum, sem eru byrjunarlaun fanga-
varða.

Þátttakendur sem sækja grunnnám, framhaldsnám, sérnámskeið, endurmenntunarnám-
skeið eða stunda yfirmannanám skulu halda föstum launum, þ.e. föstum mánaðarlaunum og vaktálagi. Þá skulu þeir fá greiddan dvalarkostnað sé heimili þeirra og vinnustaður utan höfuðborgarsvæðisins. Dvalarkostnaður skal greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðar-
nefndar, en reiknast nú 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

13. gr.

Fangavörðum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið, m.a. með námskeiðum og starfslegri þjálfun, og skulu ávallt vera vel á sig komnir hvað líkamlegt atgervi varðar. Trúnaðarlæknir fangelsismálastofnunar ríkisins getur reglubundið skoðað og metið fangaverði að því er snertir líkamlegt eða andlegt ástand.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald o.fl., með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 2. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir orðunum „til risnu“ í 3. og 7. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar komi: um borð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á reglum nr. 39, 3. febrúar 1992,
um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.**

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi málslíður er orðist svo:
Ráðuneytið getur falið stofnun að annast útgáfu slíkra heimilda.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Friðrik Sophusson.

Skarphéðinn Steinarsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Vestmannaeyjum á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, eftirtalin verkefni:

1. Teikningar vegna brunamála.
2. Teikningar vegna minniháttar útlits- og innréttingabreytinga.
3. Teikningar vegna minniháttar breytinga sem verða á mannvirki við framkvæmd.
4. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
5. Umsóknir um niðurrif húsa.
6. Útgáfa framkvæmdaleyfis.
7. Viðurkenning iðnmeistara.
8. Númerabreytingar á lóðum.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi um afgreiðslu máls skulu þó líða a.m.k. 7 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

3. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa, skv. samþykkt þessari gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingu nr. 47/1990.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu byggingarnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfissráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu gr. sbr. og 16. gr. laganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur látið reikna breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1996 er 205,5 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi 200.600 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 194.400 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglug. nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi 6.030 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 5.840 kr.
- C. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum.
Í stað 600.000 kr. komi 1.204.100 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 1.166.600 kr.
- D. 1. mgr. 5. gr. reglug. nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi 702.400 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 680.500 kr.
- E. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglug. nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi 802.800 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 777.800 kr.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 5/1996.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrminga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breytingu á þeim lögum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1996 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1994 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1995.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1995 telst 8% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,6% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1995. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1995 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 4. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um reglur um skattverð aðila sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt reglugerðum nr. 562/1989, 564/1989 og 248/1990.

1. Við ákvörðun á skattverði vegna starfsemi sem fellur undir 2. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi, með síðari breytingum, og 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, skal margfalda bein laun með hækkunarstuðlinum 1,3 vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar.
2. Liggi almennt gangverð ekki fyrir í sams konar viðskiptum og um ræðir í 1. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989 og 3. gr. reglugerðar nr. 248/1990 skal ákveða skattverð í umræddri starfsemi með hliðsjón af reglum um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.

Reglur þessar eru settar skv. 5. mgr. 2. gr. og 8. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 562/1989, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. júlí 1996.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 19

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993.

1. gr.

Síðari 5. gr. verði 6. gr. og orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. er 50.000 krónur og greiðist í ríkissjóð. Greiðslu skal fylgja beiðni um álit og er hún óendurkræf þótt nefndin kunnri að vísa máli frá sér.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 20

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 311/1992, orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar 20. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994 og 493/1994, komi 15. október.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Íslenska dansflokksins og einn þeirra formann. Skipunartími stjórnarinnar er tvö ár.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til áður nefndra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1996, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

2. Bifreiðahlunnindi.

2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, skutbifreið (station) eða jeppa-bifreið, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umræða, skulu metin

launamanni til tekna, miðað við afnot í heilt ár, með hliðsjón af verði og aldri bifreiðarinnar og skal miðað við verð á síðustu árgerð eins og það var 31. desember 1995.

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1994 og 1995, eða tekin verður í notkun á árinu 1996, skal meta hlunnindi til tekna sem 20% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir, sjá 2.2. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári þegar hún var framleidd.

2.2. *Kostnaðarverð.*

Kostnaðarverð er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á sams konar bifreið nýrri frá bifreiðaumboði af síðustu árgerð, að meðtöldum kostnaði vegna hvers konar auka- eða sérútbúnaðar. Sé eigi unnt að ákveða matsverð með þessum hætti vegna þess að síðasta árgerð er eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Einnig skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum ef sú bifreið sem meta þarf er eigi lengur á markaði. Hafi launamaður greitt hluta af verði bifreiðar skal lækka hlunnindamat miðað við heilt ár sem svarar til árlegrar meðalafskriftar bifreiðar þegar hún hefur verið lækkuð í réttu hlutfalli við eignarhluta launamanns í bifreiðinni. Árleg meðalafskrift reiknast kr. 141.837. Hafi launamaður greitt 30% af kostnaðarverði bifreiðar, eins og það er skilgreint hér að framan, lækkar því hlunnindamat um kr. 42.551, miðað við heilt ár, eða um kr. 3.546 á mánuði.

2.3. *Mánaðarleg hlunnindi.*

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum skv. 2.1. og 2.2. Hafi launamaður aðeins haft afnot af bifreið hluta af mánuði skulu bifreiðarhlunnindi hans metin í réttu hlutfalli við þann dagafjölda í mánuðinum sem hann hafði afnot af bifreiðinni. Sömu aðferð skal beitt við mat á hlunnindum ef skipt var um bifreið þannig að launþegi hafði afnot af fleiri en einni bifreið í sama mánuði.

2.4. *Afnot takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda.*

Séu endurgjaldslaus afnot launamanns takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda þannig að hann greiði launagreiðanda sínum fyrir ekna kílómetra umfram umsamið hámark skal reikna honum full mánaðarleg hlunnindi til tekna uns umsömdu hámarki aksturs er náð. Eftir þau tímamörk skal draga greiðslu launamanns frá fjárhæð mánaðarlegra hlunninda og falla þau niður sé greiðsla launamanns jafnhá þeim.

2.5. *Launamaður tekur þátt í rekstrarkostnaði.*

Greiði launamaður eldsneytiskostnað (og smurningu) bifreiðar sem hann hefur til fullra umráða frá launagreiðanda sínum skal lækka hlunnindamat um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% eftir aldri bifreiða. Greiði launamaður einnig annan rekstrarkostnað bifreiðar en eldsneytiskostnað má lækka hlunnindamat um fjárhæð þess kostnaðar, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Eigi má telja kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, með í slíkum kostnaði og eigi heldur sektir sem af akstri launþegans hljótag.

2.6. *Endurgjald fyrir afnot.*

Greiði launamaður launagreiðanda sínum endurgjald fyrir afnot af bifreið launagreiðanda, sem lægra er en hlunnindamat samkvæmt þeim reglum sem að framan er lýst, skal mismunurinn teljast launamanni til tekna.

2.7. *Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota launamanns.*

Hafi launamaður bifreið frá launagreiðanda sínum sem honum er heimilt að nota utan vinnutíma að takmörkuðu leyti skal meta slík takmörkuð afnot til hlunninda launamanns. Takmörkuð afnot eru eingöngu akstur milli heimilis og vinnustaðar og tilfallandi og einstök afnot. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar skv. 2.1.

Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.

Takmörkuð afnot skal meta launamanni til hlunninda á gildandi kílómetragjaldi á hverjum tíma sem nú er kr. 33,95 pr. ekinn km.

3. *Ökutækjastyrkir.*

3.1. *Almennt.*

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta endurgreiddan kostnað til launamanns, vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans, sem halda má utan staðgreiðslu.

Með tilvísun til áður nefndrar reglugerðargreinar metur ríkisskattstjóri endurgreiddan bifreiðakostnað sem halda má utan staðgreiðslu á árinu 1996 þannig:

3.2. *Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka.*

Mat samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, þ.e. á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka:

Fyrir	1 - 10.000 km	kr.	33,95 pr. km
"	10.001 - 20.000 km	"	30,40 pr. km
"	20.001 - >	"	26,80 pr. km

Þar eð kílómetragjald er lægra fyrir akstur umfram 10.000 km þarf launagreiðandi að fylgjast með heildarakstri launamanna í hans þágu.

Fái launamaður greitt kílómetragjald sem miðast við „sérstakt gjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður, má hækka viðmiðunarfjárhæðir fyrir 1 - 10.000 km akstur um kr. 5,25 pr. km og um kr. 16,00 pr. km miðist kílómetragjaldið við „torfærugjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður einnig. Fyrir akstur á bilinu 10.001 - 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,65 pr. km en kr. 14,30 pr. km vegna torfærugjalds. Fyrir akstur umfram 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,15 pr. km en kr. 12,60 vegna torfærugjalds, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

3.3. *Skilyrði fyrir heimild til frádráttar.*

Um heimild til frádráttar gilda almennar reglur um frádráttarbærni kostnaðar við akstur bifreiðar launþega vegna aksturs í þágu launagreiðanda, sbr. skattmat ríkisskattstjóra. Einungis er frádráttarbær sá sannanlegi kostnaður sem launþegi hefur orðið fyrir vegna rekstrar ökutækis hans.

3.4. *Sönnun akstursþarfur.*

Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk sem þeir fá greiddan á árinu 1996 þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver ferð í þágu launagreiðanda, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattfyrirvöldum þegar þau óska þess.

4. **Dagpeningar - ferðapeningar.**

4.1. *Dagpeningar erlendis*

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta fjárhæð dagpeninga sem launamaður fær greidda vegna ferða sinna á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Mat á fjárhæð slíkra dagpeninga til greiðslu á gistingu, fæði og fargjöldum frá og að flugvöllum og öðrum sambærilegum fargjöldum erlendis verður sem hér segir:

Almennir dagpeningar:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo.....	SDR	90	84
New York	SDR	87	58
Annars staðar.....	SDR	74	84

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo.....	SDR	58	54
New York	SDR	56	37
Annars staðar	SDR	48	54

Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga.

Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

4.2. *Dagpeningar innanlands.*

Mat samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 á dagpeningum innan viðmið-unarmarkna til greiðslu á gistingu og fæði innanlands:

Gisting og fæði í einn sólarhring	kr.	7.100
Gisting í eina nótt	"	3.600
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	"	3.500
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	"	1.750

Varðandi skilyrði fyrir því að heimilt sé að fella dagpeninga, sem greiddir eru samkvæmt framangreindri viðmiðun, undan staðgreiðslu er vísað til þeirra skilyrða sem um það eru sett í áður nefndri 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987.

4.3. *Dagpeningar umfram 30 daga.*

Fái launamaður greidda dagpeninga fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1996 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 740 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfelt. Samsvarandi fjárhæð vegna fæðisgreiðslu fyrir hálfan dag er kr. 370. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands.

5. **Fæðishlunnindi, fæðispeningar.**

Fæði, sem launagreiðandi lætur launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna og af því reiknast staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir fullt fæði, fullorðins	740 kr. á dag
Fyrir hálf t fæði, fullorðins	370 kr. á dag
Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára	593 kr. á dag
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	295 kr. á dag

Láti launagreiðandi launamanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launamanns og reikna af honum staðgreiðslu.

Af fjárhæð fæðisstyrks (fæðispeninga) í stað fulls fæðis eða fæðis að hluta ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Af öllu fæði, sem fjölskyldu launamanns er látið í té endurgjaldslaust hjá launagreiðanda hans, svo og fjárhæð fæðisstyrkja (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans vegna fjölskyldu launamannsins, ber að reikna staðgreiðslu á sama hátt.

Af sérhverjum öðrum fæðishlunnindum sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

6. **Húsnæðishlunnindi.**

Endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi lætur launamanni sínum í té, skulu metin launamanni til tekna og af þeim reiknuð staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á greiðslutímabil miðað við tímalengd þeirra.

Hafi launamaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna og reikna af honum staðgreiðslu eftir því sem hlutfall greiðslutímabils segir til um. Af þeim hluta orkukostnaðar launamanns sem launagreiðandi hans greiðir skal reiknuð full staðgreiðsla.

Af endurgjaldslausum afnotum launamanns á orku (rafmagni og hita) skal staðgreiðsla reiknuð af kostnaðarverði.

Af húsaleigustyrk, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 334/1982 við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

7. Fatapeningar.

Af fatnaði, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Af greiðslum launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt reikna staðgreiðslu af allri greiðslunni.

Reykjavík, 2. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um kaup og úthlutun á greiðslumarki sauðfjár vegna framleiðsluaðlögunar.

1. gr.

Ríkissjóður kaupir allt að 30 þúsund ærgildi af greiðslumarki sauðfjár samkvæmt umsóknum frá greiðslumarkshöfum. Greiða skal fyrir bústofn og greiðslumark sauðfjár skv. nánari ákvæðum í 2. gr. þessarar reglugerðar. Kaup ríkissjóðs takmarkast við 443 millj. kr. á verðlagi 1. október 1995.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga tekur við umsóknum og annast samninga um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár og skulu samningshafar undirgangast kvöð um að framleiða ekki sauðfjárafurðir á samningstímanum. Kvöð þessari skal þinglýst á lögþýli það sem greiðslumark er keypt af. Framkvæmdanefnd annast þinglýsingu samninga og greiðir kostnað sem af því leiðir.

2. gr.

Um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár og bústofni gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) Greiðslumarkshafi sem samdi fyrir 15. nóvember 1995 fær bætur sem svara til þriggja ára beingreiðslna. Gjald dagar skulu vera hinir sömu og um beingreiðslur væri að ræða. Greiða skal kr. 5.500 fyrir hverja á sem fargað er, allt að einni á fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Fyrir hverja á sem fargað er umfram selt greiðslumark skal greiða kr. 2.000, þó aðeins fyrir ær og gemlinga sem koma fram á ásetningsskýrslu 1994/95 hjá samningsaðila. Greiðsla skal innt af hendi í janúar 1996.

- b) Greiðslumarkshafi sem semur fyrir 1. júlí 1996 fær bætur sem svara til tveggja ára beingreiðslna. Gjald dagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða. Greiða skal kr. 5.500 fyrir hverja á sem fargað er, allt að einni á fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Greiðsla skal innt af hendi í janúar 1997.
- c) Greiðslumarkshafi sem semur 1. júlí 1996 eða síðar fær bætur sem svara til tveggja ára beingreiðslna. Gjald dagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða.

Greiðslur fyrir bústofn samkvæmt b-lið skulu verðtryggðar m.v. vísitölu neysluserðs 1. október 1995.

3. gr.

Greiðslumark sauðfjár sem ríkissjóður kaupir skal úthluta til framleiðenda sauðfjárafurða. Úthlutunin fer fram í tvennu lagi: Fyrst skal úthluta greiðslumarki sem keypt er skv. umsóknum sem bærust fyrir 15. nóvember 1995 og skal úthlutunin koma fram í greiðslumarksskrá 1. febrúar 1996, sem gildir fyrir það ár. Síðan skal úthluta greiðslumarki sem keypt er skv. umsóknum er berast fyrir 1. júlí 1996 og skal sú úthlutun koma fram í greiðslumarksskrá, sem miðast við 15. september 1996 og gildir fyrir árið 1997. Greiðslumarki sem losnar síðar á gildistíma samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995, verður úthlutað árlega.

4. gr.

Sé greiðslumark lögbýlis í sauðfé 180 ærgildi eða meira skal því úthlutað viðbótar-greiðslumarki, en þó því aðeins að heildargreiðslumark lögbýlisins í sauðfé og mjólk fari ekki umfram 450 ærgildi á hverja fjölskyldu sem stendur að búinu. Eitt ærgildi í mjólk jafngildir 174 lítrum. Standi fleiri en ein fjölskylda að búrekstri á lögbýlinu geta viðkomandi aðilar sótt um úthlutun á greiðslumarki með því að tilkynna hlutdeild sína í reiknuðu endurgjaldi af búrekstrinum. Skal aðili að lágmarki telja fram 2/3 hluta af meðaltals reiknuðu endurgjaldi á búinu samkvæmt skattframtali 1995 til að teljast fjölskylda í þessu sambandi.

Sé greiðslumark lögbýlis innan við 180 ærgildi í sauðfé getur greiðslumarkshafi sótt um úthlutun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, sem bæði skulu uppfyllt:

- a. Að tekjur af sauðfé skv. landbúnaðarskýrslu með skattframtali 1995 séu að lágmarki 67% af heildartekjum að frádregnum söluhagnaði. Til tekna af sauðfé skal telja fjárhæðir í reitum landbúnaðarskýrslu nr. 3.1-3.7, 9.5, 9.6, 10.1 og 10.2. Söluhagnaður er tilgreindur í reit 12.9.
- b. Að tekjur skv. reit 7.9 á skattframtali 1995 að frádregnum reiknuðum launum af landbúnaði skv. reit 7.5 og að frádregnum hreinum tekjum af landbúnaði skv. reit 7.7 séu lægri en kr. 500.000 hjá hjónum og sambúðarfólki sem telja fram sameiginlega eða kr. 250.000 hjá einhleyping.

Heimilt er vegna riðuniðurskurðar að veita undanþágu frá skilyrðum um tekjur og reiknað endurgjald.

5. gr.

Við útreikning vegna úthlutunar skal miða við greiðslumarksskrár mjólkur og sauðfjárafurða eins og þær voru 1. maí 1995. Úthlutun á greiðslumarki til þeirra sem eiga rétt til úthlutunar samkvæmt 4. gr. skal fara fram með eftirfarandi hætti:

- 1. Deilt er út sama fjölda ærgilda hverju sinni til hvers og eins lögbýlis sem hefur 180 ærgildi eða meira í sauðfé.
- 2. Jafnhliða því sem greiðslumarki er deilt út skv. 1. tl. er deilt út greiðslumarki til lögbýla sem falla undir skilyrði 2. mgr. 4. gr. Greiðslumark þeirra skal aukið um sama hlutfall hverju sinni og þeirra sem eru með 180 ærgildi í sauðfé.

3. Greiðslumark sauðfjár á hverju einstöku lögbýli verði aukið að hámarki um 10% þó þannig að samanlagt greiðslumark í mjólk og sauðfé að teknu tilliti til úthlutunar, verði ekki umfram 450 ærgildi á fjölskyldu miðað við greiðslumarksskrá 1. maí 1995.
4. Í þeim tilfellum sem sækja þarf um úthlutun, sbr. 4. gr. skal úthlutun vegna umsókna sem berast fyrir 25. janúar 1996 taka gildi fyrir beingreiðslu á árinu 1996. Úthlutanir vegna umsókna sem berast eftir þann tíma taka gildi fyrir beingreiðslur á árinu 1997.

6. gr.

Úthlutun á greiðslumarki sauðfjár samkvæmt reglugerð þessari er háð staðfestingu landbúnaðarráðherra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 24

AUGLÝSING

2. janúar 1996

ríkisskattstjóra nr. 2/1996 um vísitölu jöfnunarhlutabréfa.

Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. másl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri reiknað út vísitölu almennrar verðhækkunar í sambandi við útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1996 og er þá miðað við að vísitala 1. janúar 1979 sé **100**.

1. janúar 1980	vísitala	156
1. janúar 1981	vísitala	247
1. janúar 1982	vísitala	351
1. janúar 1983	vísitala	557
1. janúar 1984	vísitala	953
1. janúar 1985	vísitala	1.109
1. janúar 1986	vísitala	1.527
1. janúar 1987	vísitala	1.761
1. janúar 1988	vísitala	2.192
1. janúar 1989	vísitala	2.629
1. janúar 1990	vísitala	3.277
1. janúar 1991	vísitala	3.586
1. janúar 1992	vísitala	3.835
1. janúar 1993	vísitala	3.894
1. janúar 1994	vísitala	4.106
1. janúar 1995	vísitala	4.130
1. janúar 1996	vísitala	4.245

Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu frá 1. janúar 1979 eða frá 1. janúar næsta árs eftir stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma, en hins vegar við vísitölu 1. janúar þess árs sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Reykjavík, 2. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Kjötvörur úr vörulíð 1602:</i>		kg	%	kr/kg
Tollnúmer: (<i>Nánar vísast til texta í tollskrá</i>)		38.000		
1602.1001 Blönduð matv.meira en 60% af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	84
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	84
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	20.01.-30.06.	-	0	116
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	20.01.-30.06.	-	0	116
1602.2019 Annað	20.01.-30.06.	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af d. lifur	20.01.-30.06.	-	0	117
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	78
1602.2029 Annað	20.01.-30.06.	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnnum meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3102 Úr kalkúnnum meira en 20% til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3109 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3209 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.3901 Annað, meira en 60% úr alifuglum	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3902 Annað, 20% til og með 60% úr alifuglum	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3909 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissn.	20.01.-30.06.	-	0	521
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	343
1602.4109 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsn.	20.01.-30.06.	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	247
1602.4209 Annað	20.01.-30.06.	-	0	83
1602.4901 Annað, meira en 60% af kjöti, blöndur	20.01.-30.06.	-	0	511
1602.4902 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjö.	20.01.-30.06.	-	0	307
1602.4909 Annað	20.01.-30.06.	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	20.01.-30.06.	-	0	362
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	20.01.-30.06.	-	0	304
1602.5009 Annað	20.01.-30.06.	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	265

1602.9019	Annað	20.01.-30.06.	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjö.	20.01.-30.06.	-	0	265
1602.9029	Annað	20.01.-30.06.	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímahlís. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði Auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði sótt um meira magn en tilgreint er við neðantalda vöruliði, skal að lágmarki úthluta sem hér greinir:

vöruliðir	1602.10XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.20XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.3XXX	7.000 kg
vöruliðir	1602.4XXX	6.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	2.000 kg
vöruliðir	1602.90XX	2.000 kg

Gangi það magn sem tilgreint er í töflu hér að ofan ekki út verður það sem á vantar bætt við hina almennu úthlutun, sbr. 2. gr., þó þannig að heildarmagn fari ekki yfir 38.000 kg. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. gr. um úthlutun skv. þessari grein.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 4/1996 um skattmat tekjuárið 1995 (framtalsárið 1996).

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. l. nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum hefur ríkisskattstjóri gefið út svofelldar reglur um mat á búpeningi til eignar í árslok 1995, á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti á tekjuárinu 1995 (framtalsárinu 1996), sem meta þarf til verðs samkvæmt greindum lögum:

1.0.0. Búfé til eignar í árslok 1995 (framtalsár 1996).

	kr.
Mjólkurkýr.....	59.936
Holdakýr.....	22.831
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri.....	40.538
Geldneyti og naut.....	22.913
Kálfar, yngri en 1/2 árs.....	6.795
Ær og sauðir.....	6.215
Hrútar.....	8.370
Gemlingar.....	4.547
Hestar á 14. vetri og eldri.....	15.590
Hryssur á 14. vetri og eldri.....	15.590
Hestar á 5. - 13. vetri.....	27.770
Hryssur á 5. - 13. vetri.....	25.000
Tryppi á 2. - 4. vetri.....	9.650
Fölöld.....	5.935
Hænsni, eldri en 6 mánaða.....	664
Hænsni, yngri en 6 mánaða.....	337
Endur.....	725
Gæsir.....	948
Kalkúnar.....	1.147
Geitur.....	4.417
Kiðlingar.....	3.305
Gyltur.....	13.635
Geltir.....	20.948
Grísir, eldri en 1 mánaðar.....	4.873
Grísir, yngri en 1 mánaðar.....	0
Loðkanínur: Karldýr og kvendýr.....	2.000
Minkar: Karldýr.....	2.360
Kvendýr.....	1.230
Hvolpar.....	0
Refir: Karldýr og kvendýr.....	8.270
Hvolpar.....	0

Þar sem heimafengnar fóðurbirgðir eru verulega undir meðallagi er heimilt að lækka búfjármat nautgripa, sauðfjár og hrossa til eignar, þó ekki meira en um 10%.

2.0.0. Hlunninda- og teknamat á tekjuárinu 1995 (framtalsárið 1996).

2.1.0. Teknamat af landbúnaði.

Allt sem selt er frá búi skal talið með því verði, sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi vörur, vinnu eða þjónustu, sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Verðuppbætur á búsafurðir teljast til tekna þegar þær eru greiddar eða færðar framleiðanda til tekna í reikning hans.

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávextir, gróðurhúsaafurðir, hlunninda-afrakstur), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Verði ekki við markaðsverð miðað, t.d. í þeim hreppum þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal skattstjóri meta verðmæti þeirra til tekna með hliðsjón af notagildi.

Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástatt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda.

Mjólk, sem notuð er til búfjárfóðurs, skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fôðurbæti miðað við fôðureiningar.

Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Matsverð heimanotaðs kjöts af sauðfé sem telja skal til tekna er ákvarðað með hliðsjón af heildsöluverði þessara afurða.

Með hliðsjón af ofangreindum reglum hefur matsverð verið ákveðið á eftirtöldum búsafurðum til heimanotkunar:

2.1.1. Afurðir og uppskera: (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.
Mjólk þar sem mjólkursala fer fram.....	49,33 pr. ltr
Mjólk þar sem engin mjólkursala fer fram, miðað við 500 l neyslu á mann.....	49,33 pr.ltr
Mjólk til búfjárfóðurs	16,40 pr. ltr
Hænuegg (önnur egg hlutfallslega)	263,00 pr. kg
Sauðfjárslátur.....	189,00 pr. stk.
Kartöflur til manneldis	5.134,00 pr. 100 kg
Rófur til manneldis	7.973,00 pr. 100 kg
Kartöflur og rófur til skepnufóðurs	620,00 pr. 100 kg

2.1.2. *Búfé til frálags (slátur meðtalið):* (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.
Dilkar.....	5.217
Dilkar (lakara kjöt).....	4.701
Veturgamalt og sauðir.....	6.629
Geldar ær.....	5.668
Mylkar ær og hrútar.....	3.465
Naut I. og II. fl.....	52.362
Kýr I. og II. fl.....	34.945
Kýr III. og IV. fl.....	23.819
Eldri kálfar og ungneyti metist hlutfallslega miðað við naut.	
Ungkálfar.....	2.632
Folöld I. flokkur.....	9.350
Tryppi I. flokkur.....	13.215
Hross I. flokkur.....	14.850
Folöld II. flokkur.....	6.680
Tryppi II. flokkur.....	6.665
Hross II. flokkur.....	7.285
Hross III. flokkur.....	3.605
Svín 4 - 6 mánaða.....	18.297

2.1.3. *Veði og hlunnindi:* (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.
Lax.....	325 pr. kg
Sjóbirtingur.....	140 " "
Vatnasilungur.....	91 " "
Æðardúnn.....	34.260 " "

2.1.4. *Kindafóður:*

Metast 50 % af fullu eignarmati sauðfjár.

2.2.0. *Hlunnindamöt til tekna:*2.2.1. *Fatnaður:*

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

	kr.
Einkennisföt	15.018
Einkennisfrakki	11.013

3.0.0. Möt til frádráttar:

3.1.0. Frádráttur kostnaðar vegna öflunar ökutækjastyrks.

Frá ökutækjastyrkjum, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað vegna öflunar þessara tekna.

3.1.1. Sönnun akstursþarfar.

Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk, sem þeir fá greiddan á árinu 1995, þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skatt-yfirlögdum þegar þau óska þess.

Því aðeins telst ökutækjakostnaður sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á þar til gerðu eyðublaði (ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur RSK 3.04), eða á annan jafn fullnægjandi hátt, nákvæm sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar sem reiknast kr. 136.837. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverði). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Að fram sé lögð á sama eyðublaði og um ræðir í 1, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, greinargerð um heildarnotkun ökutækisins á árinu, þannig sundurliðuð:
 - a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.
 - b. Annar akstur í eigin þágu.
 - c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með kr. 33,54 þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 1995, þannig að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar, og sá akstur verið 2000 km eða minni þá er fallið frá kröfu um sannanlegan ökutækjakostnað og greinargerð frá launagreiðanda um ástæðu fyrir greiðslu vegna ökutækisins. Þetta er bundið þeim skilyrðum að launþegi hafi fært akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi og að kílómetragjald hafi verið greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra á árinu 1995 fyrir hvern ekinn km skv. akstursdagbók.

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 1995 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð frádráttar, kr. 33,54, fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan skv. „sérstöku gjaldi“ um kr. 5,11 og skv. „torfærugjaldi“ um kr. 15,59, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

3.2.0. *Fæðisfrádráttur.*

3.2.1. *Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.*

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 389 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 4. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 243/1989 fyrir heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.

1. gr.

Með gjaldskrá nr. 243/1989 komi ný flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi og gerð samkvæmt ákvæðum 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 2. gr. gjaldskrárinnar í samræmi við fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Breyting þessi, sem samin er af svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði og samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

**Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi og gerð samkvæmt ákvæðum
7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988:**

1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Bensinstöðvar (án neysluvörusölu)	Fangageymslur	Ísbúðir	Sundlaugar	Kjörbúðir
Búsáhalda-verslanir	Smurbrauðsstofur	Sumarhótel	Skemmtistaðir	Stórmarkaðir
Byggingavörverslanir	Veitingastofur (>50 gestir)	Matvöruverslanir (minni háttar)	Matvöruverslun með minniháttar vinnslu	Mjólkurstöðvar
Véla- og varahluta-verslanir	Félagsheimili (veitingasala)	Brauðgerðarhús	Veitingahús	Neysluvöruframleiðsla (meiri háttar)
Blómaverslanir	Tómstundamiðstöðvar	Sælgætisgerðir	Mötuneyti (> 100 manns)	Annar sambærilegur rekstur
Leikfangaverslanir	Sælgætisverslanir	Framleiðsla hreinlætisvara	Hjúkrunarheimili	
Leikskólar án mötuneyta	Leikskólar með eldhúsi	Framleiðsla snyrtivara	Sjúkrahús/Dvalarheimili	
Sumarbúðir/sumardvalarheimili	Brauð- og kökusala	Annar sambærilegur rekstur	Veislueldhús	
Ljósastofur	Mötuneyti (<100 manns)		Veitingaverslun	
Snyrtistofur	Frystigeymslur		Veitingahús	
Snyrtivöruverslanir	Matsöluvagnar		Skyndibitastaðir	
Hársnyrtistofur	Fiskverslanir		Pitsugerðir	
Læknastofur	Heilsuræktarstöðvar		Neysluvöruíðnaður	
Sjúkraþjálfun (minni háttar)	Sjúkraþjálfunarstöðvar		Tækifærisveitingar (mót, sýningar o.þ.h.)	
Tannlæknastofur	Íþróttahús		Vinnuheimili	
Neysluvörusala (minni háttar)	Læknastöðvar		Annar sambærilegur rekstur	
Torgsala	Íþróttahús			
Gufubaðstofur	Leiktækjasalur			
Samkomustaðir (minni háttar)	Knattborðsstofur			
Tækifærisveitingar	Heildverslanir með neysluvörur			
Veitingar (minni háttar)	Gistiheimili			
Vörugeymslur	Neysluvöruíðnaður (minni háttar)			
Íþróttavellir	Orlofsheimili			
Leikvöllir	Annar sambærilegur rekstur			
Gistiheimili (sumar gisting)				
Tjaldsvæði				
Fiskvinnsla án mötuneytis				
Heildverslanir með hreinlætis- og snyrtivörur				
Annar sambærilegur rekstur				

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal árlega greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 53.000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

4. janúar 1996

Nr. 29

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hólmavíkurbreppi 1996.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 595/1995 um hunda- og kattahald í Hólmavíkurbreppi, skal vera kr. 6.000 á árinu 1996.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. janúar og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. febrúar.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á árinu 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem virt er fasteignamati, skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerkta sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130 pr. poka og innifelur það kostnað við sorphreinsun og sorpeyðingu.

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla hreinsun og eyðingu sorps.

4. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.500.

5. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 31

4. janúar 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest svæðisskipulag 1992-2012 fyrir Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu.

Landnotkunarráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórna Dalabyggðar, Saurbæjarhrepps og Reykhólahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 322/1993 um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga í hálfleiðurum.

1. gr.

Reglugerð nr. 322/1993 um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Finnur Ingólfsson.

Porkell Helgason.

4. janúar 1996

Nr. 33

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Drangsness 1994-2014, Kaldrananeshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest aðalskipulag Drangsness, 1994-2014, Kaldrananeshreppi. Jafnframt fellur úr gildi áður staðfest aðalskipulag frá 12. júlí 1988, sbr. auglýsingu nr. 362 í B-deild Stjórnartíðinda.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjarreits nr. 5 í Keflavík.

Breytingin varðar tvær lóðir við Aðalgötu, þ.e. nr. 1 og 5, á þann veg að notkun þeirra breytist úr 2-ja hæða verslunar- og þjónustubyggingum í 3-ja til 4-ja hæða fjölbýlishús.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1996

19. janúar 1996

53

Nr. 35

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0704.9003	Kínakál	22.01.- 15.03.96	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. janúar 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um reglur um sóknardaga fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

Útgerð krókabáts, sem stundar veiðar með sóknardögum, eru heimilir alls 47 sóknardagar á öðru, þriðja og fjórða veiðitímabili fiskveiðiársins 1995/1996. Sóknardagarnir skiptast þannig eftir tímabilum:

- 2. tímabil; febrúar - apríl: 21 dagar
- 3. tímabil; maí - júní: 13 dagar
- 4. tímabil; júlí - ágúst: 13 dagar

2. gr.

Útgerð báts ræður hvaða daga innan hvers veiðitímabils hún nýtir til sóknar. Allar veiðar krókabáta eru þó bannaðar á föstum banndögum, sbr. þó 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996. Fastir banndagar á fiskveiðiarinu 1995/1996 eru eftirfarandi:

- Febrúar: 9., 10., 11., 23., 24., 25.
- Mars: 8., 9., 10., 22., 23., 24.
- Apríl: 2. til 8., að báðum dögum meðtöldum, 12., 13., 14., 26., 27., 28.
- Maí: 10., 11., 12., 24., 25., 26.
- Júní: 7., 8., 9., 21., 22., 23.
- Júlí: 12., 13., 14., 26., 27., 28., 30., 31.
- Ágúst: 1. til 5., að báðum dögum meðtöldum, 9., 10., 11., 23., 24., 25.

3. gr.

Skipstjóri krókabáts skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram um hvern dag eða samliggjandi daga, sem nýttir eru til sóknar. Tilkynning skal send á sama sólarhring og veiðiferð hefst, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996 og áður en lagt er úr höfn.

Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu um lok veiðiferðar. Það skal gert eftir að bátur er kominn til hafnar og fyrir lok sóknardags, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996.

Valdi vélarbilun, óveður eða aðrar óviðráðanlegar ástæður því að bátur kemur til hafnar eftir miðnætti á sóknardegi telst nýr sóknardagur þó ekki nýttur ef tilkynning um komu í höfn berst fyrir kl. 02 á þeim degi, enda hafi Fiskistofu borist skriflegar skýringar sem hún metur gildar, innan 7 daga frá tilkynningu.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan tveggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag, nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Tilkynningar og afturkallanir tilkynninga samkvæmt þessari grein og tilkynningar samkvæmt 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, skulu sendar Fiskistofu með því að hringja úr tónvalssíma í sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu, símanúmer 904 1010. Við tilkynningar og afturköllun tilkynninga skal nota sérstakt lyklnúmer, sem Fiskistofa úthlutar útgerðum krókabáta, sem stunda veiðar með sóknardögum.

4. gr.

Útgerð krókabáts, sem stundar veiðar með sóknardögum, er heimilt að flytja ónýtta sóknardaga frá öðru veiðitímabili yfir á þriðja og fjórða veiðitímabil. Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu skriflega um flutning sóknardaga fyrir upphaf þriðja veiðitímabils.

Sóknardagar, sem fluttir eru á þennan hátt, skulu margfaldaðir með stuðlinum 0,5 og broti sleppt. Þannig umreiknuðum sóknardögum skal skipt jafnt milli þriðja og fjórða veiðitímabils. Stakir dagar skulu falla á þriðja veiðitímabil, nema útgerð báts hafi óskað annars í flutningstilkynningu. Flutningur sóknardaga öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann skriflega.

5. gr.

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögsmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 403/1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febrúar 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994.

1. gr.

Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994 er með reglugerð þessari breytt þannig að á eftir viðauka IV kemur nýr viðauki, viðauki V, sem orðist svo:

VIÐAUKI V. FLOKKUN BYGGINGARVÖRU MEÐ HLIÐSJÓN AF VIÐBRÖGÐUM VIÐ BRUNA.

1. Þegar byggingarvara er notuð á þann hátt að hún er talin geta tekið þátt í myndun og útbreiðslu elds og reyks í upptakarymi, eða á nánar tilgreindu svæði, er varan flokkuð á grundvelli þess hvernig hún bregst við bruna samkvæmt flokkunarkerfi í töflum 1 og 2.
Byggingarvörur skulu metnar í notkunarástandi.
2. Gildissvið töflu 1.
Tafla 1 gildir um eftirfarandi:
 - byggingarvörur til nota í vegg og loft, þar með talin yfirborðsklæðning,
 - byggingareiningar,
 - byggingarvörur sem eru felldar inn í byggingareiningar,
 - íhluta fyrir pípulagnir og rásir,
 - byggingarvörur fyrir klæðningu á útveggi.
3. Gildissvið töflu 2.
Tafla 2 gildir um gólf og gólfefni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og með hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópska efnahagsvæðið, sem vísað er til í XXI. kafla, II. viðauka, tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB, frá 9. september 1994, um flokka yfir nothæfi byggingarvara með hliðsjón af viðbrögðum við bruna, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. janúar 1996.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.
Gutenberg

Tafla 1
Flokkar yfir nothæfi byggingarvara með hlíðsjón af viðbrögðum við bruna, að gólfefnum undanskildum.

Brunaáætlaður		Evró-flokkur	Vöruflokkur	Prófunaraðferð	
Fullþróaður brúni í rými	Stig brunaáraunar: meira en 60kW/m ²	A	<ul style="list-style-type: none"> Leiðir ekki til útbreiðslu elds 	<ul style="list-style-type: none"> Mjög takmarkað brennslu-gildi og hitalosun Brúni skapast ekki af lögum Takmarkað massatap 	<p>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</p> <p>CEN/TC 127/N 229 og CEN/TC 127/N 230 og skrá yfir eldtraust efni</p> <p> $\Delta T \leq 30^\circ\text{C}$ $\Delta m \leq 50\%$ $t_c \leq 5$ sekúndur $\text{PCS} \leq 1,7\text{-}2,4 \text{ MJ/kg}$ $e_{\text{ða}} \leq 1,4\text{-}2,0 \text{ MJ/m}^2$ </p>
		B	<ul style="list-style-type: none"> Leiðir mjög takmarkað til útbreiðslu elds 	<ul style="list-style-type: none"> Mjög takmarkað brennslu-gildi og/eða hitalosun Takmarkað massatap Í raun engin útbreiðsla lögum Mjög takmörkuð reyk-myndun Engir logandi dropar og/eða agnir eða blanda af þessum þáttum 	<p>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</p> <p>CEN/TC 127/N 229 og/eða CEN/TC 127/N 230</p> <p>EBH-prófun</p> <p> $\Delta T \leq 50^\circ\text{C}$ $\Delta m \leq 50\%$ $t_c \leq 20$ sekúndur $\square \leq \text{PCS} \leq \square \text{ MJ/kg}$ $\square \leq \text{PCS} \leq \square \text{ MJ/m}^2$ </p> <p>Útbreiðsla lögum } ákveða Reykmyndun } þarf gildi</p>
Einn brennandi hlumur í rými	Stig brunaáraunar: hámark um 40 kW/m ² á takmörkuðu svæði og minnkandi eftir yfirborðinu	C	<ul style="list-style-type: none"> Leiðir takmarkað til útbreiðslu elds 	<ul style="list-style-type: none"> Mjög takmörkuð útbreiðsla lögum (') Takmörkuð hitalosun Takmörkuð reykmyndun Stuðlar takmarkað að ikvinnun Mjög takmarkað magn logandi dropa og/eða agna eða blanda af þessum þáttum 	<p>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</p> <p>EBH-prófun</p> <p>CEN/TC 127/AH 2N156(')</p> <p>ISO/DIS 11925-2</p> <p>Tími að ikvinnun</p> <p> ΔT } Útbreiðsla lögum } ákveða Reykmyndun } þarf gildi Dropar/agnir } </p> <p>- Brunaáreittími: 30 sek. - Tími þar til logar ná tilteknum stað - Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir stremmdum - Brennandi dropum gefinn gaumur</p>

Brúnaðstæður	Evró-flokkur	Vörflokkur	Prófunarferð
	<p>Stuðlar að útbreiðslu elds í þolanlegu mæli</p>	<p>- Takmörkuð útbreiðsla loga¹⁾</p> <p>- Viðunandi hitalösun</p> <p>- Takmörkuð reykmyndun</p> <p>- Líkur á íkviknun viðunandi</p> <p>- Takmarkað magn logandi dropa/agna og/eða blanda af þessum þáttum</p>	<p>Fyrir-liggjandi tilvísunarskýjal:</p> <p>EBH-pröfun</p> <p>CEN/TC 127/AH 2/N156²⁾</p> <p>ISO/DIS 11925-2</p>
<p>Minniháttar bruna-áraun á takmörkuðu yfirborðssvæði byggingarvöru</p>	<p>D</p>	<p>Polanleg viðbrögð við eldi</p>	<p>Tími að íkviknun</p> <p>▲ T</p> <p>Útbreiðsla loga } þarf gildi</p> <p>Reykmyndun } þarf gildi</p> <p>Dropar/agnir } akveða</p> <p>- Brúnaðreititími: 30 sek.</p> <p>- Tími þar til logar ná tilteknum stað</p> <p>- Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdu</p> <p>- Brennaði dropum gefinn gaumur</p>
	<p>E</p>	<p>Leyfilegar líkur á íkviknun</p>	<p>Fyrir-liggjandi tilvísunarskýjal:</p> <p>CEN/TC 127/AH 2/N156²⁾</p> <p>ISO/DIS 11925-2</p> <p>- Brúnaðreititími: 15 sek.</p> <p>- Enginn logi í 150 mm fjarlægð eftir 20 sekúndur</p> <p>- Brennaði dropum gefinn gaumur</p>
	<p>F</p>	<p>Ekki kveðið á um nothæfi</p>	<p>Prófunarferð</p>

¹⁾ Þegar byggingarvörur eru notaðar lóðrétt er miðað við lóðrétta útbreiðslu loga.
²⁾ Þegar um er að ræða byggingarvörur sem t.d. skreppa saman við brúnaðreitir: hreyfanlegur lítill logi þar sem gaumur er gefinn að brennandi dropum.
 Gildir verða akveðin eftir útfærslu á EBH-pröfun (pröfun á einum brennandi hlut).

l_c = hve lengi logi varir
 PCS = brennslugildi
 Ath. Eiginleikarnir eru skilgreindir með tilliti til tilvísunarskýjalanna.

Tafla 2
Flokkar yfir nothæfi gólfefna með hlíðsjón af viðbrögðum við bruna.

Brunaaðstæður		Vöruflokkur		Prófunaraðferð
Fullþróaður brúni í rými	Stig brunaáraunar: meira en 60 kW/m ²	Leiðir ekki til útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennsliu-gildi og hitalosun - Takmarkað massatap - Brúni skapast ekki af loga	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> CEN/TC 127/N 229 og CEN/TC 127/N 230 $\Delta T \leq 30^\circ\text{C}$ $\Delta m \leq 50\%$ $t_c < 5$ sekúndur PCS $\leq 1,7-2,4$ MJ/kg eða $\leq 1,4-2,0$ MJ/m ²
	$A_n(^1)$	Leiðir mjög takmarkað til útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennsliu-gildi - Takmarkað massatap - Í raun engin útbreiðsla loga - Mjög takmörkuð reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> CEN/TC 127/N 229 og eða CEN/TC 127/N 230 $\Delta T \leq 50^\circ\text{C}$ $\Delta m \leq 50\%$ $t_c \leq 20$ sekúndur $\square \leq \text{PCS} \leq \square$ MJ/kg $\square \leq \text{PCS} \leq \square$ MJ/m ²
Fullþróaður brúni í aðliggjandi rými	Stig brunaáraunar: geislun á takmörkuðu svæði að hámarki 10 kW/m ²	Leiðir takmarkað til útbreiðslu elds	Mjög takmörkuð: - útbreiðsla loga - reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> CEN/TC 127/N 125 Áhættuvarmaflæði: 10 kW/m ² Tímalengd prófunar: 30 mínútur Gaumur gefinn að: - útbreiðslu loga - reykmyndun Mat: staðist/ekki staðist
	C_n	Leiðir til útbreiðslu elds í þolanlegu mæli	Takmörkuð: - útbreiðsla loga - reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> CEN/TC 127/N 125 Áhættuvarmaflæði: 4,5 kW/m ² Tímalengd prófunar: 30 mínútur Gaumur gefinn að: - útbreiðslu loga - reykmyndun Mat: staðist/ekki staðist
Minniáttar brunaárun á takmörkuðu yfirborðs- svæði byggingarvöru	Stig brunaáraunar: logandi vindlingur	Polanleg viðbrögð við eldi	Leiflegar líkur á íkvikun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> Meðanamin „þillu-prófun“ - stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum
	E_n	Ekki kveðib á um nothæfi		
	F_n			

t_c = hve lengi logi varir

PCS = brennstigildi

) Þegar prófunaraðferðin er fullmótað er unnt að setja flokka A_n og F_n saman í einn flokk með því að breyta umboðinu.

Δm = massatap

ΔT = hækkun hitastigs

) Þegar prófunaraðferðin er fullmótað er unnt að setja flokka A_n og F_n saman í einn flokk með því að breyta umboðinu.

REGLUGERÐ

um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins.

I. KAFLI

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og lánaflokkar.

1. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem verja má til veðlána, eru tekjur og lánsfé sjóðsins skv. 9. gr. laga nr. 97/1993. Útlánnum skal hagað eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Lánaflokkar eru þessir:

1. Lán til byggingar á heimilum fyrir aldraða og dagvistarstofnunum aldraða og leikskólum fyrir börn.
2. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
3. Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokkka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

3. gr.

Í tengslum við gerð fjárlaga, lánsfjárlaga og samninga skv. 9. gr. laga nr. 97/1993 skal húsnæðismálastjórn gera árlega áætlun um veitingu lána og styrkja skv. 2. gr.

II. KAFLI

Lánveitingar einstakra lánaflokka.

Lán til byggingar eða kaupa á heimilum fyrir aldraða, dagvistarstofnunum fyrir aldraða og leikskólum fyrir börn.

4. gr.

Lán skv. 1. tölul. 2. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja hjúkrunarheimili, dvalarheimili, dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða leikskóla fyrir börn. Fjárhæð lána skal nema að hámarki tilteknu hlutfalli af viðurkenndum byggingarkostnaði. Húsnæðismálastjórn skal ákveða þetta hámarkshlutfall við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Við ákvörðun lána til bygginga eða kaupa á heimilum fyrir aldraða og dagvistarstofnunum fyrir aldraða skal taka tillit til fjármagns frá Framkvæmdasjóði aldraðra og úr ríkissjóði til hlutaðeigandi framkvæmda þannig að lán úr Byggingarsjóði ríkisins og fjármagn frá Framkvæmdasjóði aldraðra eða framlag úr ríkissjóði verði samanlagt aldrei hærri en 80% af kaupverði eða byggingarkostnaði.

5. gr.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggja rökstuddar upplýsingar um þörf fyrir framkvæmdir, studdar gögnum frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þá skal umsögn frá heilbrigðisráðuneyti einnig fylgja umsókn þegar um er að ræða heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða.

6. gr.

Heimilt er að greiða allt að 95% af láninu á framkvæmdatímanum. Lánið kemur til greiðslu í samræmi við ákvæði samnings við framkvæmdaraðila, þó ekki umfram framkvæmdahraða né samningsbundnar greiðslur. Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda. Framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar útborguðu framkvæmdaláni á hverjum tíma og skal þinglýsa yfirlýsingu þar um við gerð framkvæmdalánasamnings. Þá skal, ef óskað er eftir því við veitingu lánsins, leggja fram sérstaka tryggingu fyrir endurgreiðslu þess, t.d. bankaábyrgð.

Framkvæmdalán skulu verðtryggð með vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12 frá 2. mars 1995 og lög nr. 13 frá 6. mars 1995.

Vextir skulu vera þeir sömu og af langtímalánum úr þessum lánaflakki. Verðbætur og vextir teljast til byggingarkostnaðar.

Greiðslur skv. þessari grein mega hefjast þegar staðfesting byggingarfulltrúa um gerð grunnplötu liggur fyrir.

7. gr.

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til skv. 4. gr., hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Byggingarsjóðs ríkisins greitt upp.

Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

8. gr.

Heimilt er að veita ellilífeyrisþegum og fötluðum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir, sérstök lán skv. 2. tölul. 2. gr.

Þegar upplýst er, með fullnægjandi hætti að mati Húsnæðisstofnunar, að sérþarfir ofangreindra einstaklinga leiði til aukins kostnaðar við byggingu eða kaup á íbúð er heimilt að þessi lán komi til viðbótar öðrum fasteignaveðlánnum frá Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 16. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á íbúðarhúsnæði ellilífeyrisþega og fatlaðra.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem orðið hafa fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálanefndar í viðkomandi sveitarfélagi.

9. gr.

Fjárhæð láns skv. 8. gr. má nema allt að 80% af viðbótar- eða endurbótakostnaði enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Ákvörðun um lánsfjárhæð skal liggja fyrir við upphaf framkvæmda.

Lánið er heimilt að greiða út í tvennu lagi: helming þess þegar 50% framkvæmda er lokið og seinni hlutann við lok framkvæmda. Sé lánið greitt út í einu lagi, verður a.m.k. 80% framkvæmda að vera lokið.

10. gr.

Ef lántaki er 70 ára eða eldri, eða er fatlaður, og fjárhag hans er þannig varið að sýnt þykir að hann ráði ekki við afborganir af láni skv. 8. gr., er heimilt að fresta greiðslum af því um óákveðinn tíma.

11. gr.

Lán skv. 8. gr. fellur í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Þinglýsa skal kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

12. gr.

Lán og/eða styrki til tækninýjunga eða annarra umbóta í byggingariðnaði skv. 3. tölul. 2. gr. má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði, styttingar byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

Sá sem óskar eftir láni eða styrk skv. 1. mgr. skal skila inn umsókn, á sérstöku eyðublaði, um verkefni það er vinna skal, til Húsnæðisstofnunar, sem leggur umsóknina fyrir stjórn stofnunarinnar til ákvörðunar með greinargerð og tillögu um afgreiðslu.

13. gr.

Fjárhæð láns eða styrks skv. 12. gr., svo og lánstíma, skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn. Lánið skal vera jafngreiðslulán (annuitet) og afborgun skal að jafnaði greiða þegar á fyrsta ári.

III. KAFLI

Lánumsóknir og lánskjör.

14. gr.

Umsækjendur um lán eða styrki skv. reglugerð þessari skulu senda umsóknir sínar til Húsnæðisstofnunar og leggja fram þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra.

15. gr.

Lántökugjald má vera allt að 1% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins. Einnig er heimilt að taka gjald vegna virðingar ef um sérstakar skoðanir er að ræða vegna einstakra lánveitinga.

16. gr.

Lán skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. skulu að jafnaði tryggð með 1. eða 2. veðrétti í þeirri fasteign sem lánað er til. Lán skv. 3. tölul. 2. gr. skulu tryggð með fullnægjandi veði í fasteign að mati Húsnæðisstofnunar skv. almennum reglum Byggingarsjóðs ríkisins um veðrými.

Veðrými miðast við 65% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 65% af brunabótamati ef það er lægra. Þó er heimilt að miða við 70% af brunabótamati við veitingu lána skv. 2. tölul. 2. gr.

17. gr.

Lánstími á lánum skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. skal vera allt að 25 ár, sbr. þó 10. gr. Lánstími lána skv. 3. tölul. 2. gr. er breytilegur, sbr. 13. gr.

Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Um lánskjör að öðru leyti fer eftir 16. gr. laga nr. 97/1993.

18. gr.

Lánskjör skv. 2. tölul. 2. gr. geta tekið breytingum skv. lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga nr. 63 frá 26. júní 1985, með síðari breytingum.

IV. KAFLI
Lagaheimild og gildistaka.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 6. mgr. 15. gr. laga nr. 97/1993, öðlast gildi þegar í stað. Fallin er úr gildi reglugerð um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nr. 54/1989, sbr. reglugerð nr. 14/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. janúar 1996.

Páll Pétursson.

Forgerður Benediktsdóttir.

15. janúar 1996

Nr. 39

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir		Sorphreinsigjald	Kr.	2.640
		Sorpeyðingargjald	"	1.500
B) Fyrirtæki		Sorphreinsigjald	"	5.280
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	"	5.175
	" 2	"	"	20.700
	" 3	"	"	41.400
	" 4	"	"	62.100
	" 5	"	"	82.800

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfisráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um meðferð úrgangs vegna hestahalds í Reykjanesbæ, Sandgerði, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malarborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyrinnslutæki, byggingaefni og aðra lausamuni.

2. gr.

Tað og moð skal geymt í taðþró. Þróin skal vera steinsteypt og þétt. Áætla skal 1,5 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti. Í þróna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

3. gr.

Eigendur skulu láta tæma taðþrær reglulega og áður en þær yfirfyllast.

4. gr.

Taðþrær skulu tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó ekki síðar en 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar, en að öðrum kosti flytja það á móttökustað, sem leyfi hefur til að taka á móti slíkum úrgangi.

6. gr.

Frárennsli frá salernum skal tengjast fráveitukerfi eða leiða í rotþró og siturlögn. Um frágang rotþróa og siturlagnir er vísað til leiðbeiningabæklings Hollustuverndar ríkisins og fyriræla heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Úrgangi skal safna saman og flytja á brott með þeim hætti að óhollusta eða óþrífnaður stafi ekki af.

8. gr.

Hættulegum úrgangi (t.d. útrunnin lyf og lyfjaleifar) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með broti gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988.

10. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Reykjanesbæjar, Sandgerðis, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

REGLUGERÐ

um starfsemi verkstæða með B-faggildingu til prófunar á ökuritum.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verkstæða sem hafa fengið B-faggildingu frá Löggingingastofnunni til prófunar á ökuritum. Hún byggir á ákvæðum í reglugerð um prófun á ökuritum og tekur mið af ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni.

Faggilding á prófunarverkstæðum er takmörkuð að því leyti að verkstæðin þurfa ekki að fullnægja öllum skilyrðum sem gilda við hefðbundna faggildingu og nefnist því B-faggilding.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Prófunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur B-faggildingu á sviði prófana á ökuritum og uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar og reglugerðar um prófun á ökuritum.

B-faggilding: Aðferð sem Löggingingastofnan beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að prófunarverkstæði búi yfir nægjanlegri hæfni til að starfa skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Tæknilegur stjórnandi: Yfirmaður á prófunarverkstæði sem ber tæknilega ábyrgð á því að prófanir séu framkvæmdar í samræmi við settar reglur og að öllum kröfum um B-faggildingu sé fullnægt.

Prófunarmaður: Starfsmaður prófunarverkstæðis sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um prófun á ökuritum um hæfniskröfur og annast prófanir á ökuritum og tengdum búnaði.

Umfang.

3. gr.

Faggildingarsvið til prófunar á ökuritum eru eftirfarandi:

- a. Prófun við viðgerð á ökuritum
- b. Prófun við ísetningu ökurita
- c. Prófun við skoðun.

Reglur um stjórnun.

4. gr.

Á prófunarverkstæði skal starfa maður sem er tæknilega ábyrgur fyrir því að prófun sé gerð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum þeim reglum sem um starfsemi þessa fjalla. Starfsmaðurinn skal vera fastráðinn, heyra beint undir yfirstjórn verkstæðisins og hafa viðhlítandi starfsréttindi og reynslu.

Prófunarverkstæði skal hafa skjalfesta lýsingu á þeirri starfsemi sinni sem faggilt er.

Sjálfstæði og ráðvendni.

5. gr.

Við prófun má prófunarmaður ekki þiggja afkastahvetjandi laun eða hliðstæðar greiðslur eða hafa fjárhagslegan ávinning af niðurstöðum prófana eða á annan hátt vera háður niðurstöðum prófana.

Prófunarverkstæði skal tryggja að utanaðkomandi aðilar hafi engin áhrif á niðurstöður prófana.

Gæðakerfi.

6. gr.

Prófunarverkstæði skal vegna prófunarstarfsemi sinnar hafa skýra stefnu í gæðamálum og beita virku gæðakerfi sem skjalfest er í gæðahandbók.

Tæknileg hæfni.*Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður.*

7. gr.

Tæknilegur stjórnandi og skoðunarmaður skulu hafa nægilega tæknikunnáttu í þeim viðgerðum og prófunum sem prófunarverkstæðið annast. Þeir skulu auk þess kunna skil á reglum dómsmálaráðuneytisins er varða prófun á ökuritum og uppfylla hæfniskröfur í reglugerð um prófun á ökuritum.

Prófunarverkstæðið skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem annast prófun á ökuritum. Í skránni skulu vera upplýsingar um grunnmenntun, þjálfun, tæknilega þekkingu og reynslu sérhvers starfsmanns.

Aðstaða og tækjabúnaður.

8. gr.

Prófunarverkstæði skal vera í húsnæði og hafa aðstöðu sem hentar til prófunar á ökuritum. Húsnæði skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

9. gr.

Prófunarverkstæði skal hafa yfir að ráða tækjakosti í samræmi við ákvæði í reglugerð um prófun á ökuritum.

Prófunarverkstæði skal ábyrgjast að búnaður sem notaður er við skoðun, fái viðhald og umhirðu samkvæmt skriflegri áætlun prófunarverkstæðisins.

Prófunarverkstæði skal skrá tæki sem notuð eru við prófun ökurita með upplýsingum um kvörðun og viðhald eftir því sem við á. Tæki sem verkstæðið tekur í notkun skulu kvörðuð og síðan endurkvörðuð eftir föstu skipulagi eftir því sem við á.

Prófunarverkstæði skal hafa reglur um kvörðun tækja og skal þeim reglum beitt þannig að mælingar sem gerðar eru megi rekja til mæligrunna ef unnt er og þegar þurfa þykir.

Mælitæki skulu athuguð milli reglubundinna kvarðana skv. skriflegri áætlun prófunarverkstæðisins.

Prófunarverkstæði skal taka biluð tæki úr notkun. Áhrif bilunar á fyrri prófanir skulu athuguð og bætt úr þeim.

Tækjakostur sem notaður er við prófanir skal vera greinilega merktur.

Tækjakostur skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

Vinnuskipan.*Verklagsreglur.*

10. gr.

Prófunarverkstæði skal útbúa eigin verklagsreglur um framkvæmd prófana og starfa samkvæmt þeim.

Ávallt skal sannreyna að réttan ökurita sé verið að prófa með því að bera saman númer ökuritans, vottorð um aðalskoðun, skráningarnúmer og verksmiðjunúmer ökutækisins.

Prófunarskýrslur.

11. gr.

Prófunarverkstæði skal skrá niðurstöður í prófunarskýrslu.

Prófunarskýrsla skal geyma upplýsingar um hver prófaði, niðurstöður prófunar svo og niðurstöður um mat á samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið gefur út ásamt öðrum upplýsingum sem með þarf, þannig að unnt sé að skilja og túlka niðurstöður. Upplýsingar skulu gefnar villulausar, nákvæmar og skýrar. Ef skýrsla hefur að geyma niðurstöður frá undirverktaka skulu þær greinilega merktar.

Prófunarskýrsla skal einungis undirrituð af þeim prófunarmanni sem prófaði ökuritann.

Prófunarverkstæði skal senda afrit af prófunarskýrslu samdægurs til skráningaraðila.

Prófunarverkstæði skal tilgreina faggildingarnúmer sitt á prófunarskýrslu.

Skjalavistun.

12. gr.

Prófunarskýrsla og önnur gögn skulu vistuð á öruggum stað í a.m.k. sex ár eftir að prófun fór fram. Með þessum gögnum skal einnig vista niðurstöður frá undirverktökum. Prófunarverkstæði sem tekur að sér prófun ökurita, en felur undirverktaka hluta skoðunarinnar, ber ábyrgð á skýrslunni og prófuninni í heild. Einungis skal gefa út eina skýrslu fyrir hvern ökurita.

Skýrslur og önnur gögn skulu tiltæk og auðfinnanleg þegar Löggildingarstofan eða viðeigandi stjórnvald óskar þess.

Undirverktakar.

13. gr.

Prófunarverkstæði skal að öllu jöfnu sjálft annast þær prófanir sem gera skal, en er heimilt að fela undirverktaka hluta prófunarinnar, enda sé fyrirkomulag í samræmi við reglugerð um prófun ökurita.

Halda skal ítarlega skrá yfir undirverktaka ásamt lýsingu á faglegum tengslum prófunarverkstæðis og undirverktaka.

Kvartanir.

14. gr.

Prófunarverkstæði skal setja sér skriflegar verklagsreglur um hvernig það fer með kvartanir vegna prófunar. Verkstæðið skal halda skrá um allar kvartanir sem beinast að prófunarstarfseminni og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar þeirra vegna.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Prófunarverkstæði skal:

- a. Á skýran hátt tilgreina á hvaða sviði það er faggilt.
- b. Því aðeins vísa til faggildingar sinnar í prófunarskýrslum að fram komi fyrir hvaða sviði það er faggilt.
- c. Ekki gefa yfirlýsingu um faggildinguna sem telja má villandi eða fer út fyrir heimild þess.
- d. Reyna að tryggja að enginn noti prófunarskýrslur eða hluta úr þeim á villandi hátt.
- e. Veita það samstarf sem nauðsynlegt telst til þess að gera Löggildingarstofunni kleift að annast eftirlit.
- f. Þegar í stað hætta að vísa til faggildingar sinnar ef hún er felld úr gildi eða rennur út.
- g. Taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarprófunum.

16. gr.

Prófunarverkstæði skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar hverja þá breytingu sem getur haft áhrif á heimild verkstæðisins til þess að starfa samkvæmt fyrirmælum um faggildingu.

17. gr.

Faggilding gildir til allt að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á prófunarverkstæði, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Löggildingarstofan gerir reglubundið eftirlit á árs fresti.

18. gr.

Ef prófunarverkstæði uppfyllir ekki almenn skilyrði um faggildingu, prófun er ófullnægjandi eða að prófunarmaður staðfestir prófun ranglega getur Löggildingarstofan þegar í stað krafist tafarlausra úrbóta af hálfu prófunarverkstæðis, ákveðið að breyta umfangi faggildingar eða ákveðið að afturkalla faggildingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst, skal greiddur af prófunarverkstæðinu.

19. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreint er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar skal prófunarverkstæðið greiða á gjalddaga.

20. gr.

Prófunarverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Kvikmyndahátíð í Reykjavík.**

1. gr.

Kvikmyndahátíð í Reykjavík er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn, heimili og varnarþing í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Kvikmyndahátíðar í Reykjavík eru: Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Félag íslenskra leikara. Auk þess geta átt aðild að hátíðinni önnur félög sem starfa á sviði kvikmyndamála.

Inntaka nýrra félaga er þó háð samþykki meirihluta stofnfélaga.

Stofnendur leggja fram 500 þús. kr. stofnframlag til stofnunarinnar sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. gr.

Kvikmyndahátíð í Reykjavík undirbýr og heldur árlega alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík þar sem sýndar eru athyglisverðar og listrænar kvikmyndir. Markmið Kvikmyndahátíðar í Reykjavík er:

Að efla almenna þekkingu og áhuga á kvikmyndum og kvikmyndagerð og vera vettvangur fyrir samskipti innlendra og erlendra aðila kvikmyndaiðnaðarins.

Að efla áhuga meðal yngra fólks á fjölbreytni kvikmyndalistarinnar og auka skilning þeirra á kvikmyndalist og myndlestri.

Auka skilning á mikilvægi íslenskrar kvikmyndalistar með því að auka þekkingu almennings á fjölbreytileika erlendra kvikmynda.

Efla menningarsamskipti þjóða í milli og auka þekkingu og virðingu almennings fyrir öðrum menningarsamfélögum.

4. gr.

Stjórn Kvikmyndahátíðar í Reykjavík er skipuð fjórum aðilum til tveggja ára í senn þannig að hver aðili að stofnuninni tilnefni einn fulltrúa til setu í stjórn hátíðarinnar.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.

Stjórn Kvikmyndahátíðar í Reykjavík skal vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eigum stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema meirihluti stjórnarmanna sé viðstaddur. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórn Kvikmyndahátíðar í Reykjavík ræður framkvæmdastjóra til tveggja ára í senn. Starfslýsing framkvæmdastjóra skal fylgja ráðningarsamningi hans. Endurráðning er heimil.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Kvikmyndahátíðar í Reykjavík, undirbýr gerð verkefna- og fjárhagsáætlunar og leggur fyrir stjórn til samþykktar. Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega nema að fengnu samþykki stjórnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar skal við það miðað að gjöld hátíðarinnar fari ekki fram úr tekjum hennar. Stjórn og framkvæmdastjóra ber við ákvarðanir varðandi útgjöld að gæta þess eins og kostur er að útgjöldin verði innan þess ramma sem samþykkt tekjuáætlun markar. Framkvæmdastjóri ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd hátíðarinnar.

7. gr.

Tekjur Kvikmyndahátíðar í Reykjavík auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum auk annars aflafjár.

Tekjum Kvikmyndahátíðar í Reykjavík má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Til þess að stofnunin geti náð markmiðum sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila þ.m.t. stofnaðila og gerast í því skyni aðili að starfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

9. gr.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum fjárreiður Kvikmyndahátíðar í Reykjavík og ber ábyrgð á þeim. Hann skal hafa fullt samráð við ríkisendurskoðun og borgarendurskoðun varðandi þau.

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksár. Framkvæmdastjóri skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Kvikmyndahátíðar í Reykjavík til afgreiðslu:

1. Skýrslu fyrir síðasta starfsár.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

11. gr.

Gera skal fjárhagsáætlun fyrir hvert ár og skal hún studd með greinargerð. Fjárhagsáætlun skal liggja fyrir samþykkt af stjórn eigi síðar en 6 mánuðum fyrir upphaf næsta reikningsárs.

12. gr.

Ársreikningur og fjárhagsáætlanir skulu gerðar í því formi, sem borgarendurskoðun og ríkisendurskoðun ákveða.

13. gr.

Reikningar Kvikmyndahátíðar í Reykjavík skulu endurskoðaðir hjá löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Skipulagsskránni verður aðeins breytt með samþykki allra stofnaðila og skulu þær hljóta staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stofnenda. Verði starfsemi Kvikmyndahátíðar í Reykjavík hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til kynningar á íslenski kvikmyndagerð.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. janúar 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands,
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að fenginni rökstuddri tillögu námsbrautaneftnda heilbrigðisdeildar getur rektor, með samþykki skólanefndar, ákveðið að takmarka fjölda nemenda á námsbrautum heilbrigðisdeildar þegar séð er að ekki er unnt að veita öllum umsækjendum, sem uppfylla viðkomandi inntökuskilyrði, inngöngu eða námsbrautir heilbrigðisdeildar eiga þess ekki kost að veita nema takmörkuðum fjölda þá kennslu sem nauðsynleg er.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

15. janúar 1996

Nr. 44

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.000 kr. á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald 3.000 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1996.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðis-samþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:	
Fyrsta leyfisveiting	kr. 8.400
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	" 12.600
Bráðabirgðaleyfi	" 2.100

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árið 1996 eftirlitsgjald að upphæð kr. 7.400.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 12.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	" 6.000
Önnur, þriðja o.fl. afhendingar	" 18.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lög taki.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á árinu 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 147/1991.

1. gr.

1. gr. samþykktar og gjaldskrár nr. 147/1991 orðist svo:

Innheimta skal sorphirðugjald fyrir hirðingu og förgun sorps og framleiðsluúrgang sem til fellur í atvinnuhúsnæði. Gjaldið miðast við vikulega tæmingu og gerð íláta samkvæmt eftirfarandi:

Ílát	240 lítrar	1,0 eining	7.800 kr/ári
Ílát	200 lítrar	1,0 eining	7.800 kr/ári
Gámur	660 lítrar	3,5 einingar	27.300 kr/ári
Poki	100 lítrar	0,45 einingar	3.510 kr/ári.

2. gr.

Breyting þessi, sem er samþykkt í borgarráði Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Skorradalshreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1996.

2. gr.

Gjaldið er kr. 1.800 á hvert sumarhús og hvert býli í hreppnum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi nr. 114/1995 skal vera kr. 6.300.

Gjaldið greiðist á gjalddögum 15. febrúar, 15. apríl og 15. júní ár hvert og er eindagi gjaldsins 30 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds, sbr. 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 2.500.

3. gr.

Gjald vegna töku hunds, sbr. 8. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 5.500.

Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 700 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 115/1995 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 49

17. janúar 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1996 skal vera kr. 6.615 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gildi árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Egilsstaðabæ árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald er kr. 5.500 á hverja íbúð.

b) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum.

Flokkur	a)	kr.	5.500
"	b)	kr.	16.500
"	c)	kr.	33.000
"	d)	kr.	66.000
"	e)	kr.	132.000
"	f)	kr.	220.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samnings, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinnar reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473.

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 17.12.94, bls. 39 - 41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en birtist í „Official Journal of the European Communities“, nr. L 332, 22.12.94, bls. 1 - 3.

3. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á ofantöldum reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 570 frá 21. október 1994.

Umhverfissráðuneytinu, 16. janúar 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reyðarfjarðarhreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hverja tunnu.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hverja tunnu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sígurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Neskaupstað árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hvert sorpílát.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Eskifirði árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hvert ílát.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 25,51 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 27,11 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 1. febrúar 1996 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. febrúar 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. febrúar 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. febrúar 1994. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. febrúar 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 56

15. janúar 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- A. Íbúðarhús hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 5.500 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeningu kr. 3.500.

- B. Atvinnuhúsnaði pokaeining kr. 7.500 fyrir hvern poka.
 C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
1. flokkur	kr. 5.000	kr. 20.000
2. flokkur	kr. 10.000	kr. 40.000
3. flokkur	kr. 20.000	kr. 80.000
4. flokkur	kr. 40.000	kr. 160.000
5. flokkur	kr. 80.000	kr. 320.000
6. flokkur	kr. 120.000	kr. 480.000

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi frá 1. janúar 1996.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 107 1995:

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 110,00

Aðrir liðir gjaldskrárinnar breytast ekki.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiðaleyfa eiga þeir bátar, sem leyfi til veiða í atvinnuskyni hafa, sbr. lög nr. 38/1990, og fengið hafa grásleppuveiðaleyfi á a.m.k. einu árána 1991, 1992, 1993 eða 1994, enda hafi grásleppuveiðaleyfið ekki verið flutt til annars báts. Óheimilt er að veita bátum, sem eru stærri en 12 brl., leyfi til grásleppuveiða, hafi þeir ekki haft leyfi til veiða á grásleppu vertíðina á undan. Heimilt er að binda úthlutun leyfa og leyfi til grásleppuveiða þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Flutningur grásleppuveiðaleyfis milli báta er bundinn eftirfarandi skilyrðum: a) að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, b) að bátur, sem grásleppuveiðaleyfi er flutt til, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni, c) að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur, sem veiðileyfið er flutt frá og d) að eigandi báts sem grásleppuveiðaleyfi hefur undirriti beiðni um flutning leyfis.

4. gr.

Við sölu báts, sem hefur leyfi til grásleppuveiða, fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi. Hafi seljandi báts, með grásleppuveiðaleyfi, tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuveiðaleyfið fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur seljandinn heimild til að flytja leyfið á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé innan stærðarmarka sbr. 2. og 3. gr. Tilkynna skal til Fiskistofu fylgi leyfi til grásleppuveiða ekki báti við sölu hans. Nýti seljandi ekki ofangreinda heimild til að flytja grásleppuveiðaleyfi á annan bát næstu tvær vertíðir frá sölu bátsins fellur leyfið niður. Ákvæði þessarar greinar taka eftir því sem við á einnig til þess tilviks, þegar bátur missir rétt til grásleppuveiðaleyfis vegna missis leyfis til veiða í atvinnuskyni.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Ekki er heimilt að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski.

Um grásleppuveiðar krókabáta vísast til ákvæða reglugerðar um veiðar krókabáta.

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.

- B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 10. maí -10 ágúst.
- C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.
- D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl - 1. júlí.
- E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.
- F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.
- G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 20. mars - 20. júní eða veiðitímabilsins 20. apríl - 20. júlí.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 8.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr. úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum sbr. 8. gr. frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 hrognkelsanet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet er að ræða teljast öll net grásleppunet, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlunga (216 mm).

Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga möskva og net dýpri en 20 möskva.

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur eigi netið.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt

að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 133, 1. mars 1995, um hrognkelsaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heimilisuppbót, sérstaklega heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð er heimilt að greiða skv. umsókn þeim sem eru búsettir hér á landi og eiga lögheimili hér enda uppfylli þeir önnur skilyrði fyrir greiðslu þessara bóta.

2. gr.

Umsækjendum er skylt að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og skila inn umbeðnum gögnum til þess að hægt sé að ákvarða bætur eða endurskoða bótarétt.

Um meðferð umsóknar og afgreiðslu gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

3. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar þriggja manna samráðsnefnd sem lífeyrisdeild stofnunarinnar getur leitað álits hjá áður en úrskurðað er um umsókn um uppbætur skv. reglugerð þessari.

Heimilisuppbót.

4. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambylí eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað heimilisuppbót að fjárhæð kr. 8.364 á mánuði.

Eigi einhleypingur rétt á skertri tekjutryggingu skv. lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbótina eftir sömu reglum og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna.

5. gr.

Heimilisuppbót verður ekki greidd til aðila sem svo er ástatt um sem hér segir:

1. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis, vegna sambýlis við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk.
2. Ef umsækjandi hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði, t.d. sambýli á vegum félagasamtaka eða ríkis og bæja.
3. Ef umsækjandi leigir herbergi/húsnæði með sameiginlegri eldunaraðstöðu með öðrum.

6. gr.

Nú vistast maki elli- eða örorkulífeyrisþega til frambúðar á stofnun og er þá heimilt, skv. umsókn að greiða makanum sem heima býr heimilisuppbót, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar skv. 4. og 5. gr.

Sérstök heimilisuppbót.

7. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga til viðbótar heimilisuppbót sérstaka heimilisuppbót að fjárhæð kr. 5.754 á mánuði enda uppfylli hann að öðru leyti öll skilyrði til greiðslu óskertrar heimilisuppbótar skv. 4. og 5. gr.

Aðrar tekjur einhleypingsins skerða sérstöku heimilisuppbótina krónu fyrir krónu uns hún fellur niður við tekjur að fjárhæð kr. 5.754.

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna, svo og annarra tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga eða annarra aðila og eignatekna.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Mikils umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálpi eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Verulegs sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti.

9. gr.

Fjárhæð frekari uppbótar getur numið allt að 120% af grunnlífeyri einstaklings. Hámark uppbótar skal þó vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 90%.
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 70%.
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar annarra en maka: 120%.
4. Lífeyrisþegi sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 35%.

10. gr.

Ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta skulu að jafnaði vera tímabundnar. Séu gögn ekki tiltæk Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fara þess á leit við þann sem nýtur

frekari uppbótar að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu frekari uppbótar séu fyrir hendi.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð nr. 490/1995. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur ákvæðis til bráðabirgða um almannatryggingar nr. 117/1993 sbr. 34. gr laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tólf mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar skal Tryggingastofnun ríkisins endurskoða allar ákvarðanir um frekari uppbætur. Við þá endurskoðun skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um rétt tiltekinna EES-ríkisborgara og EES-félaga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum, nr. 697 20. desember 1995.

1. gr.

2. málslíður 3. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. tölul. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, sbr. lög nr. 133 31. desember 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um skrár Reykjavíkurborgar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samþykkt til birtingar af borgarráði 23. janúar 1996.

A. Listi yfir þá sem falla undir 4. - 6. lið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Borgarbókavörður	Framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur
Borgarminjavörður	Garðyrkjustjóri
Deildarstjóri Vélamiðstöðvar	Rekstrarstjóri sorphirðu
Forstjóri Innkaupastofnunar	Rekstrarstjóri Trésmiðju Reykjavíkurborgar
Forstöðumaður byggingadeildar	Skrifstofustjóri Gjaldheimtunnar í Reykjavík
Forstöðumaður fjármála- og starfsmannasviðs SVR	Skrifstofustjóri H.R.
Forstöðumaður Húsdýragarðsins í Laugar- dal	Skrifstofustjóri Heilbrigðiseftirlits
Forstöðumaður listasafna Reykjavíkur	Skrifstofustjóri Vinnumiðlunar
Forstöðumaður Malbikunarstöðvar og grjótnáms	Skrifstofustjóri V.R.
Forstöðumaður Manntalsskrifstofu og skráningardeildar fasteigna	Starfsmenn launadeilda
Forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur	Varaslökkviliðsstjóri
Forstöðumaður tæknideildar Reykjavíkurhafnar	Yfirmaður fjármála- og rekstrardeildar Félagsmálastofnunar
Forstöðumaður Vélamiðstöðvar	Yfirmaður fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar
Framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlits	Yfirmaður öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar

B Listi yfir þá sem falla undir 3. tl. 1.mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Tölur í svigum miðast við starfsmenn í fullu starfi, stöðugildi. Ef engin tala er tilgreind er um eitt stöðugildi að ræða.

I SJÚKRAHÚS REYKJAVÍKUR - BORGARSPÍTALI (BSP) / LANDAKOTS- SPÍTALI (LKOT):

Framkvæmdastjóri þróunar- og gæðamála.
Lækningaforstjóri.
Hjúkrunarforstjóri.
Hjúkrunarframkvæmdastjóri á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).

Sviðstjórn slysasviðs.

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Slysa- og sjúkravakt, gæsludeild G-2, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Deildarlæknir slysavakt.
4. Deildarlæknir sjúkravakt (3).
5. Aðstoðarlæknir (5).
6. Deildarstjóri, hjúkrunarfr. (1).
7. Aðstoðardeildarstjóri (3).
8. Hjúkrunarfræðingur (27).
9. Deildarstjóri, lækningaritari.
10. Deildarlæknafulltrúi.
11. Fulltrúi.
12. Lækningaritari.
13. Móttökuritari (6).
14. Hjúkrunarritari.

(Gæsludeild opin á bráðavöktum, annars lokuð)

Endurkomudeild, G-3, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Móttökuritarafulltrúi.
3. Móttökustjóri.
4. Móttökuritari.

Sviðsstjórn skurðlækningasviðs,**BSP/LKOT:**

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri (2).
3. Lækningaritari (4).

Skurðlækningadeild, ein og hálf legudeild með 5 sérgr. skurðl. (A-4 að fullu og A-3 að hálfu)BSP

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Aðstoðarlæknir á bakvakt (2).
4. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (2) (A-4 og A-3).
5. Aðstoðardeildarstjóri (5) (HNE, bækl., alm.skurð., þvagf., heila- og taugad.).
6. Hjúkrunarfræðingur (16).
7. Sjúkraliði (15). (5 stöðugildi frá A-3, 5 stöðugildi frá A-4 og 5 stöðugildi frá A-5).
8. Hjúkrunarritari (2).

Bæklingalækningadeild.

1. Yfirlæknir (2).
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Aðstoðarlæknir (2).
4. Lækningaritari.

Þvagfæraskurðlækningadeild.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun á bakvakt.
3. Aðstoðarlæknir á bakvakt.

Heila- og taugaskurðlækningadeild.

1. Yfirlæknir (2).
2. Aðstoðarlæknir á bakvakt.

Háls-, nef- og eyrnadeild.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Deildarstjóri, lækningaritari.
4. Móttökuritari.

*Svæfinga- og gjörgæsludeild, BSP.**Svæfingadeild.*

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (3).
3. Aðstoðarlæknir (2).
4. Sérhæfður aðstoðarmaður.
5. Svæfingahjúkrunarfræðingur (3).
Starfa á reglubundinni vakt frá kl. 8.00-16.00 alla virka daga.
Svæfingahjúkrunarfræðingur (2).
Starfa á gæsluvakt frá kl. 16.30-8.00 alla virka daga og allan sólarhringinn á almennum og sérstökum frídögum á svæfingadeild.

Gjörgæsludeild, Bsp.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri (3).
3. Hjúkrunarfræðingur (28).
4. Sjúkraliði (5).
5. Hjúkrunarritari.
6. Sérhæfður starfsmaður (4).
„Vöknun“ er lokuð í verkfalli.

Skurðstofur, 3, BSP.

1. Hjúkrunarfræðingur (6).
Starfa á reglubundinni vakt frá kl. 8-16 alla virka daga á skurðstofu BSP.
Hjúkrunarfræðingur (4).
Starfa á gæsluvakt frá kl. 16.00-8.00 alla virka daga og allan sólarhringinn á almennum og sérstökum frídögum á skurðstofu.
2. Sérhæfður aðstoðarmaður (6).
3. Hjúkrunarritari.

Sóttbreinsun, BSP.

1. Deildarstjóri hjúkrunarfr.
2. Sérhæfður aðstoðarmaður (5).

Augndeild 1-B, LKOT.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (8).
3. Aðstoðarlæknir (3).
4. Hjúkrunarfræðingur (1 á gæsluvakt allan sólarhringinn).
5. Sjúkraliðar (2).

Augnskurðstofa, LKOT.

1. Hjúkrunarfræðingur (1 á gæsluvakt allan sólarhringinn).

Gangur 2B - handlæknisdeild, LKOT.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (5).
3. Aðstoðarlæknir (2).

Gangur 3A - dagdeild, LKOT.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfr. (1) vegna hjúkrunar krabbameinssjúklinga.
2. Hjúkrunarfræðingur (1) vegna hjúkrunar krabbameinssjúklinga.

Skurðstofa, LKOT.

1. Hjúkrunarfræðingur (1 á gæsluvakt allan sólarhringinn fyrir augnaðgerðir).

Svæfing, LKOT.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Aðstoðarlæknir.
4. Hjúkrunarfræðingur (1 á gæsluvakt allan sólarhringinn fyrir augnaðgerðir).

Sviðsstjórn lyflækninga- og endurhæfingarviðs BSP/LKOT.

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1).
3. Læknaritari (4).

Hjartadeild, B-7, BSP

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Læknir m/sérmenntun á bakvakt (2).
4. Aðstoðarlæknir (2).
5. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).

6. Aðstoðardeildarstjóri (2).
7. Hjúkrunarfræðingur (8).
8. Sjúkraliði (5,5).
9. Sjúkraliði - hjartalínurit.
10. Hjúkrunarritari (1,5).

EKG, LKOT (Hjartalínurit).

1. Sjúkraliði (1).

Barnadeild, B-5, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (4).
3. Aðstoðarlæknir (3).
4. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
5. Aðstoðardeildarstjóri (1).
6. Hjúkrunarfræðingur (6).
7. Sjúkraliði (2,5).
8. Hjúkrunarritari (1).

Lyflækningadeild, deild A-6 BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (4).
3. Læknir m/sérmenntun á bakvakt (4).
4. Aðstoðarlæknir (4).
5. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
6. Aðstoðardeildarstjóri (2).
7. Hjúkrunarfræðingur (14).
8. Sjúkraliði (8,5).
9. Hjúkrunarritari (1).

Lyflækningadeild A-7 BSP.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (6,5).
4. Sjúkraliði (4,5).
5. Hjúkrunarritari (0,5).

Smitsjúkdómadeild.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun.
3. Læknir m/sérmenntun á bakvakt.

Sýklarannsókn.

1. Meinataeknir (1 er starfandi á sýkla-deild kl. 8.00-16.00 alla daga vikunnar).

Endurhæfinga- og taugadeild, Grensási.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun á bakvakt (2).

3. Aðstoðarlæknir.
4. Fulltrúi/læknaritari.
5. Sjúkraliði - heilaritari.
6. Félagssráðgjafi.
7. Sjúkraþjálfarar vinna skv. stórhátíðarfyrirkomulagi.
8. Iðjuþjálfari.

Sjúkradeild, ein deild Grensás (deild E-61).

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (2).
3. Hjúkrunarfræðingur (6).
4. Sjúkraliði (11,5).
5. Hjúkrunarritari.

Húsumsjón

1. Umsjón fasteigna.

Hjúkrunar- og endurhæfingardeild (deild E-63), Heilsuverndarstöð.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (3).
4. Sjúkraliði (4).
5. Þroskaþjálfari.
6. Hjúkrunarritari.

Sviðsstjórn öldrunarsviðs BSP/LKOT.

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1).

Öldrunarlækningadeild B-4, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun.
3. Læknir m/sérmenntun á bakvakt.
4. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur
5. Aðstoðardeildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (2).
6. Hjúkrunarfræðingur (8).
7. Sjúkraliði (18).
8. Hjúkrunarritari.

Öldrunarlækningadeild 2-A, LKOT.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (2).

3. Hjúkrunarfræðingur (6).
4. Sjúkraliði (13,2).
5. Hjúkrunarritari.

Öldrunardeild 1-A, LKOT.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (5).
4. Sjúkraliði (14,4).
5. Hjúkrunarritari.

Öldrunardeild, Hvítabandi.

1. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
2. Aðstoðardeildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (3).
4. Sjúkraliði (6).
5. Hjúkrunarritari.

Sviðsstjórn geðlækningasviðs.

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Geðdeild, A-2, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Aðstoðarlæknir (2).
4. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur
5. Aðstoðardeildarstjóri (2).
6. Hjúkrunarfræðingur (12).
7. Sjúkraliði (5).
8. Deildarstjóri/læknaritari.
9. Hjúkrunarritari.

Sjúkradeildir, 3 deildir (deildir 33, 34, 35), Arnarholti.

1. Læknir m/sérmenntun (2).
2. Aðstoðarlæknir.
3. Deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur (3).
4. Hjúkrunarfræðingur (5).
5. Sjúkraliði (8).

Eldhús.

1. Forstöðumaður mötuneytis.
- Dagdeild geðdeildar, Hvítabandi, lokuð.*

Meðferðarheimilið við Kleifarveg.

1. Læknir m/sérmenntun.

2. Forstöðumaður.
3. Deildarstjóri.
4. Uppeldisfulltrúar (2).

Dagdeild í Templarahöll.

1. Læknir m/ sérmenntun.
2. Félagsráðgjafi.

Sviðsstjórn myndgreininga- og rannsóknarsviðs.

1. Forstöðulæknir.

Röntgendeild, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (2).
3. Deildarstjóri/hjúkrunarfræðingur (1).
Vinnur skv. stórhátíðarfyrirkomulagi.
4. Röntgentæknar vinna skv.
stórhátíðarfyrirkomulagi.
5. Skrifstofumaður (2).
6. Deildarstjóri/læknaritari.
7. Fulltrúi.
8. Móttökuritari.
9. Sérhæfður aðstoðarmaður (3).

Röntgendeild, LKOT.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (4).
3. Röntgengtæknar starfa skv.
stórhátíðarfyrirkomulagi.
4. Sérhæfður aðstoðarmaður (1 á
gæsluvakt allan sólarhringinn).
5. Læknaritari (1 á gæsluvakt allan
sólarhringinn).

Rannsóknardeild, BSP.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/sérmenntun (3).
3. Meinatæknar vinna skv.
stórhátíðarfyrirkomulagi.
4. Móttökuritari (2).
5. Deildarstjóri, læknaritari.

Rannsóknardeild, LKOT.

1. Yfirlæknir.
2. Meinatæknar vinna skv.
stórhátíðarfyrirkomulagi.
3. Sérhæfður aðstoðarmaður (1 á
gæsluvakt allan sólarhringinn).

4. Skrifstofumaður (1 á gæsluvakt allan
sólarhringinn).

Rekstrar- og viðhaldssvið.

1. Forstöðumaður.

Eldhús, BSP.

1. Matreiðslumaður (2).
2. Aðstoðarmatreiðslumaður (2).
3. Matarfræðingur.
4. Matartæknir/verkst. (2).
5. Næringarráðgjafi.

Eldhús, LKOT.

1. Yfirmatreiðslumaður.
2. Matartæknir (2).

Símavakt og upplýsingar, BSP.

1. Skrifstofumaður (6).
2. Móttökuritari (2).
3. Deildarfulltrúi.

Símavakt og upplýsingar, LKOT.

1. Símaverðir (3,5).

Innritun, LKOT.

1. Skrifstofumaður.

Upplýsinga- og tölvudeild, BSP.

1. Forstöðumaður.
2. Deildarstjóri.

Tölvudeild, LKOT.

1. Deildarstjóri.

Lín.

1. Línstjóri.

Þjónustudeild, LKOT.

1. Deildarstjóri.
2. Starfsmenn í þjónustudeild (4).

Ræstingadeild, BSP.

1. Ræstingarstjóri.

Ræstingadeild, LKOT.

1. Ræstingarstjóri.

Þvottahús, LKOT.

1. Verkstjóri.
2. Þvottamaður (0,4).

Húsumsjón, BSP.

1. Verkstjóri verkam.
2. Aðstoðarmaður BSP (7).
3. Skrifstofumaður.
4. Bifreiðarstjóri.

Fjármála- og áætlunarsvið.

1. Forstöðumaður.
2. Gjaldkeri.

Lager.

1. Deildarstjóri.
2. Birgðavörður.
3. Deildarfulltrúi.

Sjúklingabókhald.

1. Deildarstjóri.
2. Deildarfulltrúi.

Apótek.

1. Birgðavörður.

II SLÖKKVISTÖÐ REYKJAVÍKUR:

1. Fjórar vaktir að fullu skv. varðskrá helgidaga (vaktir A, B, C og D).

Hverja vakt skipa:

1. Aðalvarðstjóri.
 2. Varðstjóri (2).
 3. Innivarðstjóri.
 4. Aðstoðarvarðstjóri (3).
 5. Flokksstjóri (6).
 6. Slökkviliðsmaður (5).
2. Umsjónarmaður slökkvitækja.

III RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR:

1. Kerfisstjóri.
2. Varðstjóri.
3. Vaktmaður (4).
4. Stöðvarstjóri Elliðaárstöðvar (nóv. - apríl).
5. Starfsmannastjóri.
6. Umsjón fasteigna.
7. Bústjóri Úlfjótsvatni.

8. Fiskræktarfulltrúi.
9. Forstöðumaður tæknimála.

IV VATNSVEITA REYKJAVÍKUR:

1. Stöðvarstjóri.

V HITAVEITA REYKJAVÍKUR:

- A. *Skrifstofa Hitaveitu.*
 1. Starfsmannastjóri.
- B. *Aðalstjórnstöð.*
 1. Vélfræðingur (5).
 2. Vélfræðingur, rafeindasvið.
- C. *Dælustöð Reykjum, Mosfellsbæ.*
 1. Vélfræðingur á bakvakt (3).
- D. *Innanhúspjónusta (bilanþjónusta).*
 1. Vatns- og hitalagnamaður (3).
- E. *Nesjavallavirkjun.*
 1. Stöðvarstjóri.
 2. Vélfræðingur (2).
 3. Sérhæfður starfsmaður (4).
 4. Umsjónarmaður gufuveitu.

VI REYKJAVÍKURHÖFN:

1. Yfirhafnsögumaður.
2. Ein dagvakt skipaþjónustu (4 starfsmenn, nóv. - apríl).
 1. Varðstjóri.
 2. Skipstjóri hafnsögubáts.
 3. Bryggjувörður/háseti (2).
3. Umsjón fasteigna.

VII BORGARVERKFRÆÐINGUR:

- A. *Bílastæðasjóður.*
 1. Umsjónarmaður umferðarljósa.
- B. *Korpúlfsstaðir.*
 1. Umsjón fasteigna.
- C. *Skrifstofa borgarverkfræðings.*
 1. Starfsmannastjóri borgarverkfræðings.
 2. Umsjón fasteigna.

VIII SÖFN:**A. Árbæjarsafn.**

1. Ráðsmaður.

IX ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ:**A. Eignavarsla o.fl.**

1. Íþróttafulltrúi.
2. Deildarstjóri (2).

B. Húsdýragarður.

1. Yfirdýrahirðir.
2. Dýrahirðir (1).

X SKÓLAMÁL:**A. Eignavarsla (þar sem húsverðir búa á vinnustað).**

1. Umsjónarmaður Laugarnesskóla.
2. Umsjónarmaður Miðbæjarskóla.

XI FÉLAGSMÁLASTOFNUN:**A. Skrifstofa Félagsmálastofnunar.**

1. Starfsmannastjóri.

B. Í þágu aldraðra:**Furugerði 1.**

1. Forstöðumaður.

Langahlíð 3

1. Forstöðumaður.
2. Forstöðumaður mótuneytis.

Dalbraut 27: Þjónustuíbúðir.

1. Forstöðumaður.
2. Læknir (1/2).
3. Forstöðumaður mótuneytis (2).
4. Sjúkraliði (þjónustuíbúðir) (3).
5. Fulltrúi (símvarsla).
6. Vaktstjóri (flokkestjóri í heimaþjónustu).
7. Hjúkrunarfræðingur (dagdeild).

Droplaugarstaðir:

1. Forstöðumaður.
2. Forstöðumaður mótuneytis.
3. Fulltrúi (símavarsla) (1,5).

Hjúkrunardeildir I og II.

1. Hjúkrunarfræðingur (6,2).

2. Sjúkraliði (8,8).

Þjónustudeild (vistdeild).

1. Hjúkrunarfræðingur (4,1).

Seljahlíð:

1. Forstöðumaður.
2. Forstöðumaður mótuneytis.
3. Skrifstofumaður (símavarsla) (2).

Hjúkrunardeild.

1. Hjúkrunarfræðingur (3,7).
2. Sjúkraliði (3,1).

Þjónustudeild (vistdeild).

1. Hjúkrunarfræðingur (5,1).
2. Sjúkraliði (1,5).

Forstöðumenn heimaþjónustustöðva:

1. Forstöðumaður Aflagranda 40.
2. Forstöðumaður Bólstaðarhlíð 43.
3. Forstöðumaður Hvassaleiti 58.
4. Forstöðumaður Norðurbrún 1.
5. Forstöðumaður Vesturgötu 7.
6. Forstöðumaður Lindargötu 59.

C. Í þágu barna og unglinga:**Akurgerði 20:**

1. Forstöðumaður.
2. Uppeldisfulltrúi (0,5).
3. Þroskaþjálfari (2,5).

Álfaland 6:

1. Forstöðumaður.
2. Þroskaþjálfari (5,5).

Hraunberg 15:

1. Forstöðumaður.
2. Leikskólakennari (4,75).

Laugarásvegur 39:

1. Forstöðumaður.
2. Leikskólakennari (4,6).
3. Meðferðarfulltrúi (3).

Fjölskylduheimilið v/Sólvallagötu

1. Forstöðumaður.
2. Meðferðarfulltrúi (4).

D. Önnur heimili:

Húsvörðir í ýmsum húsum í eigu borgarinnar:

1. Austurbrún 6.
2. Húsvörður Fannarfelli 2-12.
3. Húsvörður Írabakka 2-16.
4. Húsvörður Jórufelli 2-12 og Unufelli 44-46 (1).
5. Húsvörður Skúlagötu 64-80.
6. Húsvörður Yrsufelli 1-15.
7. Húsvörður Kleppsvegi 66-76.
8. Húsvörður Meistaravöllum 19-29.

E. Heimilishjálp:

1. Deildarstjóri.

XII DAGVIST BARNNA.*A. Eignavarsla.*

1. Fulltrúi (2).

XIII SVR.*A. Eignavarsla.*

1. Deildarstjóri tækni- og innkaupa-deildar.

XIV BORGARSKRIFSTOFUR:*A. Skrifstofa borgarstjóra.*

1. Ritari (3).
2. Bílstjóri (2).
3. Fulltrúi (símavarsla).
4. Aðstoðarkona borgarstjóra.

B. Ráðhús Reykjavíkur.

1. Yfirumsjónarmaður Ráðhúss.
2. Umsjónarmaður Ráðhúss (4).
3. Forstöðumaður mötuneytis.

C. Viðey.

1. Ráðsmaður Viðey (1).

D. Höfði.

1. Umsjón fasteigna.

Reykjavík, 23. janúar 1996.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „4ra“ í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 5.

2. gr.

Í stað tölunnar „75“ í 3. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 70.

3. gr.

Í stað tölunnar „600“ í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: 335.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 11. gr. sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi, og gildir fyrsta sinni um úthlutun styrkja fyrir árið 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (21.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi efni bætist við upptalningu efna í 16. gr reglugerðarinnar:

Efni	Hámarks magn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Alprazolamum INN	Lyfjaform með forðaverkun: 60 mg	Tafil Retard, forðatöflur 0,5 mg; 120 stk. Tafil Retard, forðatöflur 1 mg; 60 stk. Tafil Retard, forðatöflur 2 mg; 30 stk.

2. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
<i>Í stað Coffeinum komi:</i>			
Coffeinum	Lyf í afmældum skömmtum í blöndu með öðrum lyfjum; einstakur skammtur mest 50 mg.	KOFFAZÓN, töflur.	Lyf við verkjum, t.d. höfuðverk tannpínu og tíðaverkjum. Hæfilegir skammtar handa fullorðnum eru 1-2 töflur í senn, allt að þrisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár og barnshafandi konur eiga ekki að taka lyfið.
<i>Á eftir Ergo-calciferolum komi:</i>			
Famotidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum; Einstakur skammtur 10 mg; mest 60 stk. handa einstaklingi.	PEPCID, tuggutöflur töflur.	Lyf við brjóstsviða og nábit og sem fyrirbyggjandi gegn þessum óþægindum, þegar þau tengjast máltíðum. Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun ráðuneytis.
<i>Í stað Heparinoidum komi:</i>			
Heparinoidum	Lyfjaform til útvortis notkunar.	HIRUDOID, krem.	Notið Hirudoid krem við grunna marbletti og bláæðabólgu nálægt yfirborði. <i>Notkun:</i> Berið kremið á einu sinni til tvisvar á dag. Nuddið kreminu varlega á svæðið þar til það hverfur inn í húðina. <i>Varúð:</i> Þeir sem hafa ofnæmi fyrir innihaldsefnum Hirudoid kreams noti það ekki.
		HIRUDOID, hlaup.	Notið Hirudoid hlaup við grunn (yfirborðs) haematom (mar/blóðhlaup) og við yfirborðs bláæðabólgu. <i>Notkun:</i> Berið hlaupið á einu sinni til tvisvar á dag. <i>Varúð:</i> Hirudoid hlaup inniheldur ísóprópýl alkóhól og má þess vegna ekki koma í opin sár, augu eða óvarða slímhúð. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir innihaldsefnum Hirudoid hlaups noti það ekki.

Á eftir Loperamidum komi:

Loratadinum.	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg; mest 10 stk. handa einstaklingi.	CLARITYN, freyðitöflur 10 mg.	Gegn ofnæmi. <i>Skammtar: Fullorðnir og börn 15 ára og eldri:</i> Ein freyðitafla á dag. <i>Börn 2-14 ára:</i> 30 kg eða þyngri: Ein freyðitafla á dag. Léttari en 30 kg: 1/2 freyðitafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Gefið lyfið ekki börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. <i>Athugið:</i> Hver freyðitafla skal leyst upp í 1/2 glasi af vatni fyrir inntöku. Gegn ofnæmi. <i>Skammtar: Fullorðnir og börn 15 ára og eldri:</i> Ein tafla á dag. <i>Börn 2-14 ára:</i> 30 kg eða þyngri: Ein tafla á dag. Léttari en 30 kg: 1/2 tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Gefið lyfið ekki börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.
	Mixtúrur; mest 1 mg/ml; mest 100 ml handa einstaklingi.	CLARITYN mixtúra 1 mg/ml.	Gegn ofnæmi. <i>Skammtar: Fullorðnir og börn 15 ára og eldri:</i> 10 ml (2 mæliskeiðar) einu sinni á dag. <i>Börn 2-14 ára:</i> 30 kg eða þyngri: 10 ml (2 mæliskeiðar) einu sinni á dag. Léttari en 30 kg: 5 ml (ein mæliskeið) einu sinni á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Gefið lyfið ekki börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

Á eftir Phenazonum komi:

Piroxicamum	Lyfjaform til útvortis notkunar	FELDEN GEL, hlaup 5 mg/g.	Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.
-------------	---------------------------------	---------------------------	---

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 327/1995.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan, lyf í eftirtöldum lyfja-flokkum, sem honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrá:

	ATC-flokkur
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 CC
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Lyf með verkun á renínangiótensín-kerfið	C 02 E
e. Beta-blokkarar	C 07
f. Kalsíumblokkarar	C 08
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Sterk geðlyf (neuroleptica)	N 05 A
n. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
o. Oxýklórókín	P01BA 02
p. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 600 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. greiðir sjúkratryggður 16%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 8%, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 600 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. greiðir sjúkratryggður 30%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaáviðun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 12,5%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð um sölu og meðferð
ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni eftir stafrófsröð:

Efni INN-nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar	Inn-/útfl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Aminorex	P IV			
Brotizolam	P IV			
Etryptamine	P I			
Mesocarb	P IV			
Methcathinone	P I			
Zipeprol	P II			

2. gr.

Efnið *Flunitrazepam* flokkast sem *P III* í stað *P IV*.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lista yfir efni, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, í viðauka 3:

á eftir orðinu Oxazepamum INN kemur:

Oxcarbazepinum INN

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

17. janúar 1996

Nr. 67

AUGLÝSING

um skrá Stykkishólmsbæjar um störf þau, sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Áhaldahús:

Bæjarverkstjóri.

Aðstoðarverkstjóri (staðgengill bæjarverkstjóra).

Dvalarheimili alraðra:

Forstöðumaður.

Stykkishólmshöfn:

Hafnarvörður (staðgengill hafnarstjóra).

Bæjarskrifstofa:

Launafulltrúi.

Grunnskóli:

Húsvörður (eignavarsla).

Íþróttamiðstöð:

Forstöðumaður (eignavarsla).

Stykkishólmi, 17. janúar 1996.

Ólafur Hilmar Sverrisson, bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

*Fagleg samskipti heilsugæslulækna,
heimilislækna og sérfræðinga.*

1. gr.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur, sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðingurinn skal ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðings án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðingur þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni viðkomandi læknaþréf. Komi sjúklingur til sérfræðings fyrir milligöngu annars sérfræðings skal síðari sérfræðingurinn ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

*Greiðsla sjúkratryggðra vegna þjónustu
á vegum almennrar heilsugæslu.*

2. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, börn sem njóta umönnunarbóta og önnur börn undir 16 ára aldri, kr. 300. Gjald þetta rennur til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum.

3. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17.00 og 8.00 og á laugardögum og helgidögum, skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, börn sem njóta umönnunarbóta og börn undir 16 ára aldri, kr. 500.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 2. gr.

Gjald þetta rennur einnig til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Vitjanir.

4. gr.

1. Fyrir vitjun á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 400.
2. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 600.

Hafi lækni sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

Heimilt er að ákveða að ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta greiði sama vitjanagjald og aðrir, en fái mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir.

10% sjóður heilsugæslustöðva.

5. gr.

Af gjaldi sem rennur til heilsugæslustöðvar skv. 2. og 3. gr. og renna skal til rekstursstöðvarinnar skal leggja 10% í sérstakan sjóð, sem stjórn stöðvarinnar annast. Úr sjóðnum má stjórnin ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, til viðhaldsmenntunar starfsmanna o.þ.h. Sjóðstjórn setur reglur um ráðstöfun fjárens, sem ráðherra staðfestir.

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu.

6. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 36 gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 11. gr., skal greiða sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu 1.400 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er. Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna glæraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 16-70 ára fullt verð samkvæmt gjaldskrá sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó b-lið.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, 500 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er.
2. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 11. gr. skal greiða sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.

- b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 300.
3. Fyrir hverja komu til röntgengreiningar skal greiða sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 300.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalds, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

Sérreglur fyrir atvinnulausa.

7. gr.

Einstaklingur sem verið hefur samfelld atvinnulaus í sex mánuði eða lengur skv. staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar þessarar.

Afsláttarskírteini.

8. gr.

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 16-70 ára hefur greitt kr. 12.000 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 16 ára aldri með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 6.000 vegna heimsóknna barna undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt kr. 3.000 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Greiðslur fyrir meðferð á glasafrjövgunardeild Landspítalans, sbr. 11. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

Greiðslur sjúkratryggðra með afsláttarskírteini.

9. gr.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 2. - 4. og 6. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 8. gr., sem lækkar greiðslu vegna

læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini skv. þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir læknisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, kr. 100.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, kr. 300.
3. Fyrir vitjun á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 700.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarbætur, kr. 300.
4. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 1.000.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarbætur, kr. 400.
5. Fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa:
 - a. Sjúkratryggðir, kr. 500 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 6. gr. þó að lágmarki kr. 300.
6. Fyrir rannsóknir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.
7. Fyrir röntgengreiningu:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. málsgr. renna til heilsugæslustöðva, sbr. og 2. og 3. gr. Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 4. gr.

*Greiðslur sjúkratryggðra fyrir læknisvottorð
vegna almannatrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar.*

10. gr.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 300 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 600 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna handarmeisla, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna utanfarar til lækninga, vegna vistunar sjúklings erlendis, vegna lýtalækninga, sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

*Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar og rannsókna
við ófrjósemisvandamálum á glasafrjövungunardeild Landspítalans.*

11. gr.

Fyrir meðferð á glasafrjövungunardeild Landspítalans skal greiða sem hér segir:

1. Par sem ekki á barn saman:
 - a) fyrsta meðferð 115.000
 - b) önnur til fjórða meðferð 65.000
 - c) fimmta meðferð eða fleiri 215.000
2. Par sem á eitt barn saman:
 - a) fyrsta til fjórða meðferð 170.000
 - b) fimmta meðferð eða fleiri 215.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrjövungunardeildinni.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar sé greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

3. Uppsetning frystra fósturvísa 35.000
4. Geymsla frystra fósturvísa 9.000 fyrir hvert byrjað geymsluár.
Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
5. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd:
 - a) Sæði maka 18.000
 - b) Gjafasæði 28.000

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjövungunardeild sem ekki tengjast glasafrjövungunarméðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

12. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. i-lið 1. málsg. 36. gr. laga nr. 117/1993 er kr. 2.400.

*Greiðsla vegna krabbameinsleitar á heilsugæslu-
stöðvum og hjá heimilislæknum.*

13. gr.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 1.500 fyrir hverja komu. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða þó kr. 500. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 1. febrúar 1996. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Frestun á gildistöku reglugerðar nr. 81/1995 sbr. auglýsingu nr. 235 frá 23. apríl 1995 heldur gildi sínu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

David Á. Gunnarsson.

29. janúar 1996

Nr. 69

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælikápa til heimilisnota.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Rafknúnum kælikápum, frystiskápum, frystikistum og sambyggðum skápum af því tagi, sem framleiddir eru til heimilisnota og nefndir eru tæki hér á eftir, skulu við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin gildir ekki um tæki sem nota aðra orkugjafa en raforku og hún nær ekki til endursölu notaðra tækja eða tækja sem hætt er að framleiða við gildistöku hennar.

II. KAFLI

Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi tækja, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi tækja eða sá sem markaðssetur tækin á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum tæki.

III. KAFLI

Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Tæki skal merkt með merkimiða sem sýnir orkunotkun þess o.fl. Merkimiðinn skal hafa að geyma nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/95, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar. Skal miðanum komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tæki sem boðið er til sölu eða leigu eða er til sýnis þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim tækjum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 1. mgr. má ekki setja á tæki ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að tækjum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi tæki. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal hafa að geyma upplýsingar samkvæmt og uppfylla formskilyrði II. og IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/95, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

Upplýsingablöð um tæki, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3. gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi tæki.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á tækinu sem nægir til að bera kennsl á það;
3. upplýsingar, þar með taldar teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa mikil áhrif á orkunotkun hennar;
4. skýrslur um viðeigandi mælingarpróf sem gerð hafa verið á grundvelli staðla skv. 1. gr. tilskipunar 94/2/EB;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá tæki, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI

Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3.-6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasalinn skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á tæki næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir tæki út til sýnis, skal festa merkimiða skv. 3. gr. við tækið. Seljandinn skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað skv. 4. gr. um tækið.

10. gr.

Séu tæki boðin til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið útstíllt og notendur eru hvattir til að panta tækið til afhendingar beint, skal orðsendingin hafa að geyma upplýsingarnar í 5. mgr. 2. gr. og III. viðauka (Póstverslun og almenn fjarsala) við tilskipun 94/2/EB, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablað skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi tæki.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala tækið sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákveðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. málsg. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram tæki til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);
2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB frá 21. janúar 1994 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafknúnum kælskápum, frystiskápum og sambyggðum skápum til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, hefti nr. 48/1995, bls. 23);
3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/95 frá 29. september 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, hefti nr. 48/1995, bls. 13).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. janúar 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. regnanna:

- a. b. liður orðast svo: Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynlegt lyf, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 327/1995, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 327/1995.
- b. c. liður falli brott.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málslíður, svohljóðandi: Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði við lyfjakaup, uppbót sem elli- og örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja skv. 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

3. gr.

5. gr. regnanna orðast svo:

Umsóknum um endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja hálf almanaksár í senn, annars vegar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní og hins vegar fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember ár hvert.

30. janúar 1996

107

Nr. 70

4. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

5. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

3. janúar 1996

Nr. 71

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 344/1990
um skírteini gefin út af Flugmálastjórn.**

1. gr.

Greinar 2.4.1.2.t, 2.5.1.2.z, 2.8.1.2.t og 2.9.1.2.y, falli brott.

2. gr.

Grein 7.2.10. orðist svo:

Flugmálastjórn fær viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt kennsluáætlun staðfestri af Flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannsskírteinis. Flugskóli sá sem hið bóklega nám annast, skal áður en nám hefst, sannreyna að umsækjandi hafi nægilega kunnáttu í ensku, stærðfræði og eðlisfræði til þessa að geta skilið það námsefni sem kennt er.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 34/1964 um loftferðir tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

24. janúar 1996

Nr. 72

AUGLÝSING

um áskriftargjald Lögbirtingablaðs.

Áskriftargjald Lögbirtingablaðs fyrir árið 1996 skal vera 1.500 krónur. Einstök blöð kosta 50 krónur í lausasölu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.

Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan í Garðabæ.

B. Sýslumenn:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.

Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

Launagreiðandi sem gerir skil á staðgreiðslu skal skila skilagreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili hvort sem er á skrifstofu innheimtumanns eða til banka.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 25. janúar 1996.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1996

5. febrúar 1996

109

Nr. 74

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skipa af ákveðinni stærð og gerð, eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar.

2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

3. gr.

Ákveði ráðuneytið, í leyfisbréfi eða með öðrum hætti, að nota skuli leggglugga við dragnótaveiðar á ákveðnum svæðum, skal glugginn útbúinn og komið fyrir í poka með eftirgreindum hætti:

1. Lengd gluggans skal vera minnst 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera minnst 5 metra frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans skal taka tvær upptökur á mótí einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu leystar slétt með neðra byrðinu í hliðarhúsi pokans.
4. Möskvastærð gluggans skal vera a.m.k. sú sama og í pokanum.

4. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. og 3. gr., en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til úþenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er

heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 326, 3. september 1992, um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu 5. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 8. febrúar 1996 eru allar tog- og dragnótaveiðar við Ingólfshöfða bannaðar frá fjörumarki meginlandsins á svæði sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°02'00 N - 16°11'20 V | 3. 63°46'74 N - 16°22'89 V |
| 2. 63°56'43 N - 16°02'70 V | 4. 63°48'00 N - 16°40'00 V |

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stunda dragnótaveiðar á eftirgreindu svæði enda sé dragnótin búin netglugga, sbr. 3. gr. reglugerðar um dragnótaveiðar frá 5. febrúar 1996:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°47'43 N - 16°31'84 V | 3. 63°53'00 N - 16°10'00 V |
| 2. 63°55'70 N - 16°16'12 V | 4. 63°46'74 N - 16°22'89 V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 8. febrúar 1996 felld úr gildi reglugerð nr. 400, 20. júlí 1995, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995,
um úthafsrækjuveiðar og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Með reglugerð þessari er fellt úr gildi ákvæði til bráðabirgða við reglugerð nr. 303/1995. Jafnframt er sett nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði út af Norðvesturlandi, sem markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67°14'30 N - 26°00'00 V | 4. 66°10'00 N - 28°20'00 V |
| 2. 66°30'00 N - 26°00'00 V | 5. 66°20'00 N - 27°40'00 V |
| 3. 66°10'00 N - 26°40'00 V | 6. 66°55'00 N - 27°00'00 V |

Ákvæði þetta gildir til 1. júlí 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um búnað og verndarkerfi til notkunar á sprengihættustöðum.

I. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frelsi til flutninga.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum.

Öryggis-, eftirlits- og stjórnþæki sem eru ætluð til notkunar utan við sprengihættustaði en sem eru nauðsynleg eða stuðla að því að búnaðurinn og verndarkerfin virki rétt hvað varðar sprengihættu falla einnig undir gildissvið þessarar tilskipunar.

Undanskilin ákvæðum reglugerðar þessarar eru:

1. lækningatæki sem á að nota við læknisfræðilegar aðstæður;
2. búnaður og verndarkerfi þar sem sprengihætta stafar einvörðungu af tilvist sprengiefna eða óstöðugra kemískra efna;
3. búnaður sem er ætlaður til notkunar á heimilum og annars staðar þar sem ekki er um viðskiptaumhverfi að ræða þar sem lítil sprengihætta er, og einungis vegna gas- eða olíuleka af slysi;
4. persónuhlífar sem falla undir tilskipun 89/686/EBE;
5. hafskip og hreyfanlegar haffærar einingar, (t.d. borþallar á sjó), ásamt búnaði um borð í slíkum skipum eða einungum;
6. flutningatæki, þ.e. ökutæki og eftirvagnar þeirra sem eru einungis ætlaðir til flutninga á farþegum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum og flutningatæki að svo miklu leyti sem þau eru hönnuð fyrir flutninga á vörum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum. Ökutæki sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum eru ekki undanskilin;
7. búnaður sem fellur undir b-lið 1. mgr. 223. gr. Rómarsáttmálans.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Búnaður: Vélar, tæki, fastur eða hreyfanlegur búnaður, stýribúnaður og tæki tengd honum, greiningar- eða varnarkerfi sem, hvert um sig eða sameiginlega, eiga að framleiða, flytja, geyma, mæla, stýra og umbreyta orku við efnavinnslu og geta valdið sprengingu með eigin íkveikjuvöldum.

Verndarkerfi: Útbúnaður sem er ætlað að stöðva þegar í stað sprengingu sem er að hefjast og/eða takmarka það svæði sem logar eða þrýstingur frá sprengingu verka á. Verndarkerfi geta verið hluti af öðrum búnaði eða verið sett á markað sem sjálfstæð kerfi.

Íhlutur: Hver sá hlutur sem er nauðsynlegur til að búnaðurinn og verndarkerfið verki örugglega en hefur ekki sjálfstætt hlutverk.

Sprengifimt loft: Blöndun lofts í andrúmslofti við eldfim efni í formi gastegunda, gufu, misturs eða ryks þar sem eldurinn breiðist út í alla blönduna sem óbrunnin er eftir að kviknað hefur í.

Sprengihættustaður: Andrúmsloft sem gæti orðið sprengifimt vegna aðstæðna eða rekstrarskilyrða.

Flokkar og undirflokkar búnaðar: Búnaðarflokkur I gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og um þá hluta af búnaði þeirra ofanjarðar þar sem hætta getur skapast vegna eldfims gass og/eða eldfims ryks.

Búnaðarflokkur II gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar á öðrum stöðum þar sem hætta er á sprengifimu lofti.

Undirflokkum búnaðar með skilgreiningum á kröfum um verndarstig er lýst í I. viðauka við reglugerð þessa.

Hægt er að hanna búnað og verndarkerfi fyrir tiltekinn sprengistað. Í því tilviki verða þau að vera sérstaklega merkt.

Fyrirhuguð not: Notkun búnaðar, verndarkerfa og tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. í samræmi við búnaðarflokk og -undirflokk og við allar upplýsingar sem framleiðandi veitir og eru nauðsynlegar til að búnaðurinn, verndarkerfin og tækin starfi örugglega.

3. gr.

Því aðeins er heimilt að markaðssetja og taka í notkun búnað, verndarkerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi reglugerð gildir um að heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra eða öryggi eigna, stafi ekki hætta af þeim þegar þau eru sett upp á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notuð í ráðgerðum tilgangi.

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki hafa áhrif á rétt yfirvalda til að setja fram, innan marka ákvæða Rómarsáttmálans, allar kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að menn og einkum þeir sem vinna á sprengihættustöðum, séu varðir þegar þeir nota umræddan búnað, verndarkerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér að slíkum búnaði, verndarkerfum og tækjum verði breytt á nokkurn hátt sem ekki er tilgreindur í reglugerð þessari.

Sýningar á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv. á búnaði, verndarkerfum eða tækjum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eru leyfðar, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að búnaðurinn, verndarkerfin og tækin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. séu ekki í samræmi við reglugerðir og séu ekki til sölu fyrr en framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu hefur fært þau til samræmis við ákvæðin. Skylt er að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi fólks meðan á sýningu stendur.

4. gr.

Búnaður, verndarkerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi reglugerð gildir um skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem um þau gilda og eru tilgreindar í II. viðauka, að teknu tilliti til fyrirhugaðra nota.

5. gr.

Óheimilt er að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu eða notkun búnaðar, verndarkerfa eða tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar.

Íhluti í búnað eða verndarkerfi sem þessi reglugerð gildir um, má setja á markað hér á landi ef þeim fylgir samræmisvottorð sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

6. gr.

Eftirtalið fullnægir öllum ákvæðum reglugerðar þessarar, að meðtöldum þeim samræmisáðferðum sem mælt er fyrir um í II. kafla:

1. búnaður, verndarkerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sem EB-samræmis-yfirlýsing skv. X. viðauka fylgir og CE-merking skv. 10. gr. hefur verið sett á;
2. íhlutir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. sem samræmisvottorð skv. 3. mgr. 9. gr. fylgir.

Þegar samhæfða staðla skortir, má í samráði við Rafmagnseftirlit ríkisins fylgja þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvægar eða viðeigandi til að rétt sé staðið að framkvæmd grunnkrafnanna í II. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

Þegar landsstaðall, sem birtur hefur verið í EES-deild Stjórnartíðinda ESB og er til framkvæmdar samhæfðum staðli, tekur til einnar eða fleiri af grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd má ganga út frá því að búnaður, verndarkerfi og tæki skv. 2. mgr. 1. gr., eða íhlutirnir skv. 2. mgr. 5. gr., sem eru smíðuð í samræmi við þennan staðal, fullnægi viðeigandi grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd.

7. gr.

Telji stjórnvöld að samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar, fullnægi ekki að öllu leyti viðkomandi grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd, sem um getur í 4. gr., getur reynst nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að eiginleg framkvæmd reglugerðar þessarar verði einsleit á Evrópska efnahagssvæðinu.

8. gr.

Verði þess vart að búnaður, verndarkerfi og tæki skv. 2. mgr. 1. gr., sem eru með CE-samræmismarkingu og notuð eins og ætlast er til, geti stofnað öryggi einstaklinga, og eftir því sem við á, húsdýra eða eigna í hættu skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að innkalla slíkan búnað eða verndarkerfi. Jafnframt er bannað að setja þau á markað, taka í notkun eða dreifa þeim á einhvern hátt.

Ef búnaður eða verndarkerfi sem fullnægir ekki settum ákvæðum er með CE-samræmismarkingu skal þegar í stað hefja viðeigandi aðgerðir gegn þeim sem setti merkunguna á og tilkynna það eftirlitsstofnun EFTA.

II. KAFLI

Aðferðir við samræmismat.

9. gr.

Aðferðir við samræmismat búnaðar, að meðtöldum tækjum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. ef með þarf, skulu vera sem hér segir:

1. *Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M 1 og 1.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkingu, ber að fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni, sem um getur í III. viðauka, í tengslum við:

- a. aðferð til gæðatryggingar framleiðslu sem um getur í IV. viðauka; eða
- b. aðferð til að sannprófa vöru sem um getur í V. viðauka.

2. *Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M 2 og 2.*

i) Með tilliti til brunahreyfla og rafbúnaðar úr þessum flokkum og undirflokkum skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkingu, fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni sem um getur í III. viðauka í tengslum við:

- a. aðferð til gerðarsamræmis sem um getur í VI. viðauka; eða
- b. aðferð til gæðatryggingar vöru sem um getur í VII. viðauka.

ii) Með tilliti til annars búnaðar í þessum flokkum og undirflokkum verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkingu, að fylgja aðferð til innra eftirlits með framleiðslu sem um getur í VIII. viðauka og senda tækniskjölín (skv. 3. tölulíð, VIII. viðauka) áfram til tilkynnts aðila sem skal staðfesta móttöku þeirra eins fljótt og unnt er og hafa þau í vörslu sinni.

3. *Búnaðarflokkur II, búnaðarundirflokkur 3.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkingu, verður að fylgja aðferð til innra eftirlits með framleiðslu (skv. VIII. viðauka).

4. *Búnaðarflokkur I og II.*

Til viðbótar við aðferðirnar sem um getur í 1., 2., og 3. tölulið getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkinguna, einnig fylgt aðferð til að sannprófa sýnishorn (skv. IX. viðauka).

Ákvæði 1. eða 4. töluliðar skulu gilda um samræmismat á sjálfstæðum verndarkerfum.

Framangreindar aðferðir skulu gilda um íhluti skv. 2. mgr. 5. gr. nema hvað varðar notkun CE-merkingar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal gefa út vottorð með yfirlýsingu um að íhlutirnir séu í samræmi við þau ákvæði reglugerðar þessarar sem gilda um þá og tilgreina einkenni þeirra og hvernig eigi að fella þá inn í búnað eða verndarkerfi svo að unnt sé að fullnægja grunnkröfum sem gilda um fullbúinn búnað eða verndarkerfi.

Auk þess getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem notar CE-merkingu, fylgt aðferð til innra eftirlits með framleiðslu (skv. VIII. viðauka) með hliðsjón af öryggisatriðum (skv. tölul. 1.2.7 í II. viðauka).

Ef búnaður, verndarkerfi og einstök tæki, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., eru ætluð til notkunar í öryggisskyni, getur Rafmagnseftirlit ríkisins heimilað, að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni, að þau séu sett á markað hér á landi og tekin í notkun þrátt fyrir að framangreindum ákvæðum hafi ekki verið beitt.

Skjöl og bréfaviðskipti viðvíkjandi samræmismati skulu vera á íslensku eða á tungumáli sem Rafmagnseftirlitið samþykkir.

Ef búnaður og verndarkerfi falla samtúmis undir önnur lög og reglugerðir, sem fjalla um aðra þætti og hafa einnig að geyma ákvæði um notkun CE-merkingarinnar sem um getur í 11. gr., skal í þeirri merkingu koma fram að gengið sé út frá því að búnaðurinn og verndarkerfin séu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga og reglugerða.

Gefi hins vegar ein eða fleiri þessara laga eða reglugerða framleiðanda kost á að velja, á aðlögunartímabili, það fyrirkomulag sem hann óskar að beitt verði táknað CE-merkið aðeins samræmi við ákvæði þeirra laga og reglugerða sem varan fullnægir. Þegar svo háttar til verður að veita upplýsingar um einstök atriði þessara laga og reglugerða eða tilskipana, eins og þær hafa birst í EES-deild Stjórnartíðinda ESB, í skjölum, auglýsingum eða leiðbeiningum sem krafist er í þessum lögum, reglugerðum eða tilskipunum og fylgja búnaði og verndarkerfum.

10. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins fer með mál varðandi reglugerð þessa. Fyrirmælum Rafmagnseftirlitsins getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra innan þriggja mánaða frá því að honum var kunnugt um fyrirmælin eða mátti vera um þau kunnugt. Skylt er þó að hlíta fyrirmælum Rafmagnseftirlitsins til bráðabirgða þar til úrskurður ráðherra liggur fyrir.

III. KAFLI

CE-samræmismerking.

11. gr.

CE-samræmismerkingin felur í sér bókstafina „CE“. Fyrirmynd að merkinu sem á að nota er sýnd í X. viðauka. Á eftir CE-merkingunni skal koma kenninúmer tilnefnda aðilans ef sá aðili tekur þátt í eftirliti á framleiðslustigi.

CE-merkingin skal sett þannig að hún sjáist greinilega, sé læsileg og óafmáanleg af búnaðinum og verndarkerfunum auk þess sem hún skal fullnægja ákvæðum tölul. 1.0.5 í II. viðauka.

Óheimilt er að setja merkingar á búnað og verndarkerfi sem geta leitt þriðja aðila á villigötur hvað varðar inntak og eðli CE-merkingarinnar. Setja má aðrar merkingar á búnaðinn og verndarkerfin, að því tilskildu að þær skyggi ekki á CE-merkinguna eða hún verði síður læsileg.

12. gr.

Hafi CE-merking verið ranglega sett á er framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skylt að sjá til þess að varan fullnægi samræmiskröfum ákvæða varðandi CE-merkingu og að binda enda á brotið samkvæmt skilyrðum sem Rafmagnseftirlitið setur.

Haldi varan áfram að brjóta gegn samræmisákvæðunum verða gerðar allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu umræddrar vöru eða séð til þess að hún verði tekin úr umferð í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

IV. KAFLI Lokaákvæði.

13. gr.

Allar ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt þessari reglugerð og takmarka eða banna markaðssetningu og/eða notkun eða fela í sér kröfu um að búnaður, verndarkerfi eða tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. séu tekin úr umferð verða tilkynntar þeim aðila sem hlut á að máli og verða honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur hagnýtt sér samkvæmt gildandi lögum og sá frestur sem hann hefur til þess.

14. gr.

Allir þeir sem hafa með framkvæmd þessarar reglugerðar að gera eru bundnir þagnarskyldu hvaða varðar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín. Þetta hefur þó ekki áhrif á skyldur yfirvalda að veita gagnkvæmar upplýsingar og viðvaranir.

15. gr.

Reglugerð um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar nr. 144/1994, frá 28. febrúar 1994, svo og reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar nr. 270/1995, frá 24. apríl 1995 falla úr gildi frá og með 1. júlí 2003.

EB-vottorð um samræmi við samhæfða staðla sem eru gefnir út í samræmi við ákvæði reglugerðanna sem um getur í 1. mgr. skulu gilda áfram allt til 30. júní 2003 nema þau falli úr gildi fyrir þann dag. Gildissvið þeirra verður áfram takmarkað við samhæfðu staðlana sem eru tilgreindir í framangreindum reglugerðum.

16. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu öðlast fullt gildi frá og með 1. mars 1996. Þó skal heimilt að setja á markað búnað og verndarkerfi sem eru í samræmi við framangreindar gildandi reglugerðir, nr. 144/1994 og 270/1995, ef þau eru tekin í notkun fyrir 30. júní 2003.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 13. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins og með hliðsjón af X. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum hefur verið breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/9/EB, um

samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem ætluð eru til notkunar á sprengihættusvæðum.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. janúar 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

I. VIÐAUKI.

FORSENDUR FYRIR SKIPTINGU BÚNAÐARFLOKKA Í UNDIRFLOKKA.

1. BÚNAÐARFLOKKUR I

- a) Undirflokkur M 1 tekur til búnaðar sem er hannaður og ef með þarf útbúinn með sérstakri viðbótarvernd þannig að hann virki í samræmi við þá breytilegu rekstrarþætti sem framleiðandi staðfestir og tryggir vernd á mjög háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem eldfimt gas og/eða eldfimt ryk getur myndast.

Þær kröfur eru gerðar til búnaðar í þessum undirflokki, að hann virki í sprengifimu lofti, jafnvel þegar sjaldgæfar truflanir verða í búnaðinum, auk þess sem hann skal útbúinn þannig vörnum, að:

- bregðist ein tegund öryggisverndar veiti minnst ein önnur óháð sambærilega vernd; eða
- fullnægjandi vernd sé tryggð, verði tvenns konar bilanir sem eru óháðar hvor annarri.

Búnaður í þessum undirflokki verður að fullnægja viðbótarkröfum sem um getur í tölulíð 2.0.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur M 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þá breytilegu rekstrarþætti sem framleiðandi staðfestir og tryggir vernd á háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem hætta er á að eldfimt gas og/eða eldfimt ryk geti myndast.

Við sprengihættu verður að vera unnt að rjúfa straum að þessum búnaði.

Verndaraðferðir, sem varða búnað í þessum undirflokki skulu tryggja fullnægjandi vernd í venjulegum rekstri og einnig við meira krefjandi rekstrarskilyrði, einkum við grófa umgengni eða breytilegar umhverfisaðstæður.

Búnaður í þessum undirflokki verður að fullnægja viðbótarkröfum sem um getur í tölulíð 2.0.2 í II. viðauka.

2. BÚNAÐARFLOKKUR II

- a) Undirflokkur 1 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þá breytilegu rekstrarþætti sem framleiðandi staðfestir og tryggir vernd á mjög háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er til notkunar á svæðum þar sem iðulega, um langan tíma eða að jafnaði er sprengifimt loft, sem stafar af blöndun lofts og gastegunda, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel þegar sjaldgæfar truflanir verða í búnaðinum, og skal hann útbúinn þannig vernd, að:

- bregðist ein tegund öryggisverndar veiti minnst ein önnur óháð sambærilega vernd; eða
- fullnægjandi vernd sé tryggð verði tvenns konar bilanir sem eru óháðar hvor annari.

Búnaður í þessum undirflokki verður að fullnægja viðbótarkröfum sem um getur í tölulið 2.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þá breytilegu rekstrarþætti sem framleiðandi staðfestir og tryggi vernd á háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er til notkunar á svæðum þar sem líklegt er að sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks geti myndast.

Verndaraðferðir, sem varða búnað í þessum undirflokki, skulu tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel þó að oft komi til truflana eða bilana í tækjum, sem að jafnaði verður að gera ráð fyrir.

Búnaður í þessum undirflokki verður að fullnægja viðbótarkröfum sem um getur í tölulið 2.2 í II. viðauka.

- c) Undirflokkur 3 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þá breytilegu rekstrarþætti sem framleiðandi staðfestir og tryggi venjulega vernd.

Búnaður í þessum undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem ólíklegt er að geti myndast sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks, eða, ef svo ber undir, þá gerist það sjaldan og aðeins í stuttan tíma í senn.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd við venjuleg rekstrarskilyrði.

Búnaður í þessum undirflokki verður að fullnægja viðbótarkröfum sem um getur í tölulið 2.3 í II. viðauka.

II. VIÐAUKI.

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HEILSUVERND Í TENGLUM VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐI BÚNAÐAR OG VERNDARKERFA SEM ERU ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM.

INNGANGUR

- A. Að svo miklu leyti sem unnt er ber að taka tillit til tæknilegrar þekkingar, sem getur fleygt ört fram, og nýta hana þegar í stað.
- B. Vegna sprengihættu skulu grunnkröfur til tækja, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., því aðeins gilda að þær séu nauðsynlegar til að tækin geti virkað vel og örugglega.

1. SAMEIGINLEGAR KRÖFUR TIL BÚNAÐAR OG VERNDARKERFA

1.0. Almennar kröfur

1.0.1. Frumatriði er varða samþætt öryggi við sprengingu

Búnaður og verndarkerfi sem eru notuð á sprengihættustöðum verða að vera hönnuð með samþætt öryggi í huga ef sprenging verður. Með tilliti til þessa ber framleiðanda að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- framar öllu, að koma í veg fyrir að búnaðurinn sjálfur eða verndarkerfin geti myndað eða gefið frá sér sprengifimt loft, ef nokkur kostur er;
 - til þess að ekki kvikni í sprengifimu lofti, að teknu tilliti til eðlis allra íkveikjuvalda, hvort sem þeir eru rafmagnslegs eðlis eða ekki;
 - til að sprenging, verði hún engu að síður, sem gæti beint eða óbeint stofnað fólki og, eftir atvikum, húsdýrum eða eignum í hættu, kafni þegar í stað og/eða takmarka útbreiðslu loga eða þrýstings frá sprengingunni þannig að viðunandi öryggi sé tryggt.
- 1.0.2. Búnaður og verndarkerfi verða að vera hönnuð og smíðuð eftir tilhlýðilega greiningu á hugsanlegum rekstrartruflunum, með það í huga að útiloka hættu-ástand, að svo miklu leyti sem unnt er.
- Taka ber tillit til misnotkunar sem ætla má að geti átt sér stað.
- 1.0.3. *Sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði*
Búnaður og verndarkerfi, sem sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði gilda um, skulu hönnuð og smíðuð með slík skilyrði í huga.
- 1.0.4. *Umhverfisskilyrði*
Búnaður og verndarkerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilliti til raunverulegra og fyrirsjáanlegra umhverfisaðstæðna.
- 1.0.5. *Merkingar*
Eftirfarandi lágmarksupplýsingar skulu koma fram á öllum búnaði og verndarkerfum og verða þær að vera læsilegar og óafmáanlegar:
- nafn og heimilisfang framleiðanda;
 - CE-merking (sjá A-lið í X. viðauka);
 - auðkenni raðar eða gerðar;
 - raðnúmer, ef það er fyrir hendi;
 - smíðaár;
 - sérstök merking um sprengivörn (sjá merki) ásamt tákni fyrir búnaðarflokk og -undirflokk;
 - fyrir búnaðarflokk II, stafurinn „G“ (sem táknar sprengifimt loft er stafar af gastegundum, gufu eða mistri);
 - og/eða stafurinn „D“ (sem táknar sprengifimt loft er stafar af ryki).
- Ef með þarf verður búnaður og verndarkerfi einnig að vera merkt með öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga notkun þeirra.
- 1.0.6. *Notkunarleiðbeiningar*
- a) Öllum búnaði og verndarkerfum verða að fylgja notkunarleiðbeiningar, sem í eru eftirfarandi lágmarksupplýsingar:
- sömu upplýsingar og fram koma á búnaðinum eða verndarkerfinu, að raðnúmerinu undanskildu (sjá lið 1.0.5), ásamt viðeigandi viðbótarupplýsingum er koma að gagni vegna viðhalds (t.d. heimilisfang innflytjanda, viðgerðarþjónusta o.s.frv.);
 - leiðbeiningar um örugga:
 - aðferð við að taka í notkun;
 - notkun;
 - samsetningu og hvernig búnaðurinn er tekinn sundur;
 - viðhald (viðgerðir og neyðarþjónusta);
 - uppsetningu;
 - stillingar;
 - ef með þarf, vísbending um hættusvæði fyrir framan þrýstingslosunar-búnað;

- ef með þarf, kennsluleiðbeiningar;
 - nauðsynlegar leiðbeiningar til að taka megi óyggjandi ákvörðun um hvort unnt sé að nota búnað í tilteknum undirflokki eða verndarkerfi án áhættu á þeim stað og við þau rekstrarskilyrði sem vænta má;
 - kennistærðir rafmagns og þrýstings, hámarksyfirborðshiti og önnur markgildi;
 - ef með þarf, sérstök notkunarskilyrði, að meðtöldum upplýsingum um hugsanlega misnotkun sem reynslan hefur sýnt að geti átt sér stað;
 - ef með þarf, einkenni verkfæra eða áhalda sem hæfa búnaðinum eða verndarkerfinu.
- b) Leiðbeiningarnar skulu samdar á tungumáli þjóðar á Evrópska efnahagssvæðinu af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á svæðinu. Öllum búnaði og verndarkerfum sem tekin eru í notkun hér á landi skal fylgja þýðing á leiðbeiningunum á íslensku auk leiðbeininganna á frummálinu. Þýðinguna skal annaðhvort framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu annast eða sá sem setur búnaðinn eða verndarkerfið á markað hér á landi.
- Þrátt fyrir þessa kröfu, er heimilt að viðhaldsleiðbeiningar sem eru ætlaðar sérfræðingum sem starfa á vegum framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu séu á einu tungumáli svæðisins sem viðkomandi starfsmenn skilja.
- c) Leiðbeiningunum skulu fylgja teikningar og skýringarmyndir sem hafa skal til hliðsjónar þegar búnaðurinn eða verndarkerfið er tekið í notkun, haldið við, skoðað, fylgst er með því að það starfi rétt og, eftir því sem við á, fram fara viðgerðir á búnaðinum eða verndarkerfinu, ásamt öllum gagnlegum upplýsingum, einkum er varða öryggi.
- d) Í bæklingum sem lýsa búnaði eða verndarkerfum mega ekki vera upplýsingar er stangast á við leiðbeiningarnar, hvað öryggissjónarmið varðar.

1.1. Val á efni

- 1.1.1. Efni sem eru notuð við smíði búnaðar og verndarkerfa mega ekki geta valdið sprengingu, auk þess sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs notkunarálags.
- 1.1.2. Innan marka þeirra notkunaraskilyrða er framleiðandi setur má ekki koma fram gagnverkun milli efniviðar sem notaður er og þeirra efnispátta á sprengihættustöðum sem gætu dregið úr vernd gegn sprengingum.
- 1.1.3. Efni skal velja þannig að fyrirsjáanlegar breytingar á eiginleikum þeirra og hvernig þau samhæfast öðrum efnum dragi ekki úr þeirri vernd sem er veitt. Einkum skal tekið tilhlýðilegt tillit til tæringar og slitþols efnisins, rafmagnsleiðni, höggþols, endingar og afleiðinga breytilegs hitastigs.

1.2. Hönnun og smíði

- 1.2.1. Búnaður og verndarkerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilhlýðilegu tilliti til tæknilegrar þekkingar á sprengivörnum svo að unnt sé að nota þau af öryggi allan áætlaðan endingartíma þeirra.
- 1.2.2. Íhlutir sem settir verða í eða notaðir sem varahlutir í búnað og verndarkerfi verða að vera þannig hannaðir og smíðaðir að unnt sé að nota þá af öryggi í samræmi við fyrirhuguð not þeirra sem sprengivörn, þegar gengið er frá þeim samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- 1.2.3. *Umluktar samsettar einingar og lekavarnir*
Í búnaði sem getur losað eldfimar gastegundir eða ryk verður undir öllum kringumstæðum að nota umluktar samsettar einingar.

Ef op eða óþétt samskeyti eru á búnaði verður að vera þannig gengið frá þeim að gastegundir eða ryk sem myndast leiði ekki til þess að sprengifimt loft myndist utan við búnaðinn.

Að svo miklu leyti sem unnt er verða staðir sem eru notaðar til áfyllingar eða tæmingar að vera hannaðir og útbúnir þannig að leki eldfimra efna við áfyllingu og tæmingu sé takmarkaður.

1.2.4. *Ryksöfnun*

Búnað og verndarkerfi sem á að nota á svæðum þar sem ryksöfnun er, verður að hanna þannig að ekki kvikni í ryki sem sest á yfirborð þeirra.

Almennt ber að draga úr rykmyndun eins og kostur er. Auðvelt þarf að vera að hreinsa búnað og verndarkerfi.

Yfirborðshiti hinna ýmsu hluta búnaðarins á að vera vel undir glóhitamörkum ryklagsins.

Taka ber tillit til þykktar ryklagsins og, ef með þarf, gera ráðstafanir til að takmarka hitann til að koma í veg fyrir aukna hitamyndun.

1.2.5. *Viðbótarverndarbúnaður*

Búnaður og verndarkerfi sem geta orðið fyrir ákveðnum tegundum af utanaðkomandi álagi skulu útbúnir með viðbótarverndarbúnaði ef með þarf.

Búnaðurinn verður að standast það álag sem hann verður fyrir án þess að sprengivörn minnki.

1.2.6. *Áhættulaus opnun*

Ef búnaður og verndarkerfi eru í lokuðu rými eða hylki sem er hluti af sprengivörminni sjálfri má einungis vera unnt að opna slíkt rými eða hylki með sérstöku verkfæri eða með viðeigandi varnaráðstöfun.

1.2.7. *Vernd gegn annars konar áhættu*

Búnaður og verndarkerfi verða að vera hönnuð og framleidd þannig að:

- a) ekki sé hætta á líkamsmeiðingum eða öðrum skaða er getur hlotist af beinni eða óbeinni snertingu;
- b) aðgengilegir hlutar hvorki hitni á yfirborðinu né áhættusöm geislun myndist;
- c) komist sé hjá annarri hættu en af völdum rafmagns sem reynslan hefur sýnt að geti orðið;
- d) fyrirjáanlegar aðstæður þar sem álag verður of mikið leiði ekki til hættuástands.

Þegar fjallað er í öðrum reglugerðum um áhættu í tengslum við búnað og verndarkerfi sem um getur hér á undan skal ekki beita reglugerð þessari á slíkan búnað og verndarkerfi og slíka áhættu frá þeim tíma er fyrrnefndar sérreglugerðir koma til framkvæmda.

1.2.8. *Yfirálag á búnað*

Þegar á hönnunarstigi skal koma í veg fyrir að búnaðurinn verði fyrir of miklu álagi með innbyggðum mæli-, stilli- og stýritækjum, eins og yfirstraumsrofum, yfirhitatakmörkurum, mismunaprýstingsrofum, streymismælum, tímaliðum, yfirhraðaskynjurum og/eða svipuðum gæslubúnaði.

1.2.9. *Eldvarin hylki*

Ef hlutum sem geta kveikt í sprengifimu lofti er komið fyrir í hylki skal gera ráðstafanir til að tryggja að hylkið standist þrýsting sem myndast í sprengingu sprengifimrar blöndu hið innra í hylkinu og hindra að sprengingin berist í sprengifima loftið umhverfis hylkið.

1.3. Hugsanlegir íkveikjuvaldar

1.3.1. *Áhætta vegna ólíkra íkveikjuvalda*

Hugsanlegir íkveikjuvaldar eins og neistar, logar, rafmagnsljósbogar, hár yfirborðshiti, hljóðorka, sjónræn geislun, rafsegulbylgjur og aðrir íkveikjuvaldar mega ekki vera fyrir hendi.

1.3.2. *Áhætta vegna stöðurafmagns*

Komið skal í veg fyrir stöðurafmagn sem getur leitt til hættulegrar úrhleðslu með viðeigandi ráðstöfunum.

1.3.3. *Áhætta af völdum flökku- og lekastrauma*

Komið skal í veg fyrir flökku- og lekastrauma í rafleiðandi hlutum búnaðar sem gætu til dæmis leitt til hættulegrar tæringar, að yfirborð ofhitnaði eða myndunar neista sem gætu valdið íkveikju.

1.3.4. *Áhætta af völdum ofhitnunar*

Að svo miklu leyti sem unnt er skal á hönnunarstigi komið í veg fyrir ofhitnun sem stafar til dæmis af núningi eða höggi á milli efna og hluta sem komast í snertingu hver við annan við snúning eða vegna aðskotahluta.

1.3.5. *Áhætta af völdum þrýstingsjöfnunar*

Búnaður og verndarkerfi skulu hönnuð þannig eða vera útbúin innbyggðum mæli-, stýri- og stillibúnaði sem sjá til þess að þrýstingsjöfnun fari þannig fram að ekki myndist höggbylgjur eða samþjöppun sem getur valdið íkveikju.

1.4. Áhætta vegna ytri áhrifa

1.4.1. Búnaður og verndarkerfi skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau gegni fyrir-huguðu hlutverki sínu af fyllsta öryggi, með hliðsjón af þeim notkunarskilyrðum sem framleiðandi setur, jafnvel við breytilegar umhverfisaðstæður sem geta stafað af utanaðkomandi rafspennu, raka, hristingi, mengun og öðrum ytri þáttum.

1.4.2. Hlutar búnaðar skulu hæfa fyrirhugaðri krafrænni spennu og hitaspennu og geta staðist ágang niðurrifsefna sem eru fyrir hendi eða fyrirsjáanleg.

1.5. Kröfur til búnaðar sem stuðlar að öryggi

1.5.1. Verndarbúnaður verður að starfa óháður öllum mæli- eða stýribúnaði sem er nauðsynlegur til reksturs.

Að svo miklu leyti sem kostur er skal vera unnt að greina bilun í öryggis-búnaði nógu fljótt með viðeigandi tæknibúnaði, til að tryggt sé að einungis mjög litlar líkur séu á að hættuástand geti skapast.

Að jafnaði skal meginregla um rafrásir vera sú, að þær búi yfir varaöryggi.

Ef rjúfa þarf af öryggisástæðum, skal það almennt gert beint með viðkomandi stýribúnaði en ekki með hugbúnaðarskipun.

1.5.2. Komi fram bilun í öryggistækni skal þess gætt að búnaði og verndarkerfi sé haldið starfandi, sé þess nokkur kostur.

1.5.3. Neyðarstöðvunarroffar öryggistækja verða, eftir því sem unnt er, að vera með loka sem kemur í veg fyrir endurræsing. Ný ræisiskipun má einungis verða til þess að tækið fari í gang eftir að endurræsingarlokar hafa verið endurstílltir með meðvituðum hætti.

1.5.4. *Stýri- og skjábúnaður*

Ef stýri- og skjábúnaður er notaður skal hann hannaður í samræmi við vinnu-vistfræðilegar meginreglur til að unnt sé að tryggja öryggi á hæsta stigi með tilliti til sprengihættu.

1.5.5. *Kröfur til tækja sem eru notuð við mælingar í tengslum við sprengivarnir*
Að svo miklu leyti sem þau varða búnað sem er notaður í sprengifimu lofti skulu tæki notuð til mælinga hönnuð og smíðuð þannig að þau geti fullnægt fyrirjáanlegum notkunarkröfum og sérstökum notkunarskilyrðum.

1.5.6. Ef með þarf verður að vera unnt að hafa eftirlit með álestrarnákvæmni og virkni tækja sem eru notuð til mælinga.

1.5.7. Við hönnun tækja sem eru notuð til mælinga verður að gera ráð fyrir öryggisþætti sem tryggir að viðvörunarmörk séu nógu langt undir sprengi- og/eða kveikimörkum loftins sem á að skrá, einkum að teknu tilliti til notkunarskilyrða búnaðarins og hugsanlegra frávíka í mælikerfinu.

1.5.8. *Áhætta vegna galla í hugbúnaði*

Við hönnun forritaðs búnaðar, verndarkerfa og öryggistækja skal sérstaklega gefa gaum að áhættu sem getur stafað af galla í hugbúnaði.

1.6. Öryggiskröfur sem eru gerðar til kerfisins

1.6.1. Það verður að vera unnt að stöðva handvirkt búnað og verndarkerfi, ef þau eru felld inn í sjálfvirk ferli sem víkja frá ráðgerðu rekstrarástandi, að því tilskildu að það stofni ekki öryggi í hættu.

1.6.2. Þegar neyðarstöðvunarbúnaður er settur í gang skal leiða uppsafnaða orku í burt eins fljótt og örugglega og unnt er eða einangra hana svo að hún valdi ekki hættu.

Þetta gildir ekki um orku sem er geymd í rafefnalegu formi.

1.6.3. *Hætta vegna straumrofs*

Þegar búnaður og verndarkerfi geta valdið því að ný hætta skapist við straumrof, skal vera unnt að halda þeim gangandi svo að öruggt sé, óháð öðrum hlutum búnaðarins.

1.6.4. *Hætta vegna tenginga*

Búnaður og verndarkerfi verða að vera búin viðeigandi strengja- og leiðsluinn tökum.

Þegar nota á búnað og verndarkerfi í tengslum við annan búnað og verndarkerfi verða skilin að vera örugg.

1.6.5. *Notkun viðvörunarbúnaðar sem hluta annars búnaðar*

Þegar búnaður og verndarkerfi eru útbúin með greiningar- eða viðvörunarbúnaði, sem á að skynja myndun sprengifims andrúmslofts, skulu nauðsynlegar leiðbeiningar fylgja með svo að hann verði settur á rétta staði.

2. VIÐBÓTARKRÖFUR TIL BÚNAÐAR

2.0. Kröfur til búnaðar í undirflokki M í búnaðarflokki I

2.0.1. *Kröfur til búnaðar í undirflokki M 1 í búnaðarflokki I*

2.0.1.1. Þessi búnaður verður að vera þannig hannaður og smíðaður að íkveikjuvaldar hans verði ekki virkir. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaðinum í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal búinn vernd á þann hátt að:

- bregðist ein tegund verndar veiti minnst ein önnur óháð sambærilega vernd; eða
- fullnægjandi vernd sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Ef með þarf verður þessi búnaður að vera búinn sérstakri viðbótarvernd.

Hún verður að geta gegnt hlutverki sínu í sprengifimu lofti.

2.0.1.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti ekki komist inn í hann.

2.0.1.3. Yfirborðshiti hinna ýmsu hluta búnaðarins skal, til að ekki sé hætt á að kvikni í ryki sem þyrlast upp, vera vel undir kveikimörkum ryk/loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.0.1.4. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé unnt að opna þá hluta hans sem geta verið íkveikjuvaldar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu (sjálftryggur). Þegar ekki er unnt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skulu fylgja búnaðinum viðeigandi viðbótarmillilæsingar.

2.0.2. Kröfur til búnaðar í undirflokki M 2 í búnaðarflokki I

2.0.2.1. Þessi búnaður skal vera búinn vernd sem tryggir að íkveikjuvaldar hans verði ekki virkir í venjulegum rekstri og heldur ekki við erfið notkunaraskilyrði, svo sem þegar áraun á búnaðinn er mikil og umhverfisáðstæður breytilegar.

Unnt verður að vera að rjúfa afl til þessa búnaðar ef sprengihætta er á ferðum.

2.0.2.2. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé unnt að opna hluta hans sem geta verið íkveikjuvaldar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi millilæsingarkerfi. Þegar ekki er unnt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að setja viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

2.0.2.3. Fullnægja verður sömu kröfum og gilda um undirflokk M 1 varðandi sprengihættu, sem stafar af ryki.

2.1. Kröfur til búnaðar í undirflokki 1 í búnaðarflokki II

2.1.1. Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku

2.1.1.1. Búnað á að hanna og smíða þannig að íkveikjuvaldar hans verði ekki virkir. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaðinum í undantekningartilvikum. Búnaðurinn á að vera verndaður á þann hátt að:

- bregðist ein tegund verndar veiti minnst ein önnur óháð sambærilega vernd; eða
- fullnægjandi vernd sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annari.

2.1.1.2. Gera þarf ráðstafanir vegna búnaðar með yfirborði sem getur hitnað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir tilgreindan hámarkshita, jafnvel við óhagstæðustu skilyrði.

Einnig skal tekið tillit til hitaaukningar sem stafar af hitauppsöfnun og efnahvarfa.

2.1.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé unnt að opna þá hluta hans sem geta verið íkveikjuvaldar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu (sjálftryggur). Þegar ekki er unnt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að setja viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skulu viðeigandi viðbótarmillilæsingar fylgja búnaðinum.

2.1.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*

2.1.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki geti kviknað í ryk/loftblöndum. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaðinum í undantekningartilvikum. Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund verndar veiti minnst ein önnur óháð sambærilega vernd; eða
- fullnægjandi vernd sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

2.1.2.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti aðeins komist inn í hann og út úr honum á sérstaklega merktum stöðum. Þessi krafa á einnig við um strengjainntök og tengihluta.

2.1.2.3. Yfirborðshiti hinna ýmsu hluta búnaðarins skal, til að ekki sé hætta á að kvikni í ryki sem þylast upp, vera vel undir kveikimörkum ryk/loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.1.2.4. Krafan í tölulið 2.1.1.3 gildir á sama hátt þegar hlutar búnaðarins eru opnaðir.

2.2. Kröfur til búnaðar í undirflokki 2 í búnaðarflokki II

2.2.1. *Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku*

2.2.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætta á að íkveikjuvaldar myndist, jafnvel við síendurtekna röskun í rekstri eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði verður að gera ráð fyrir.

2.2.1.2. Hlutar búnaðarins skulu vera þannig hannaðir og smíðaðir að ekki sé farið yfir tilgreindan yfirborðshita, jafnvel þegar um undantekningartilvik er að ræða sem framleiðandi hefur séð fyrir.

2.2.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé unnt að opna þá hluta hans sem geta verið íkveikjuvaldar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi millilæsingarkerfi. Þegar ekki er unnt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að setja viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

2.2.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*

2.2.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að komið sé í veg fyrir að geti kviknað í loft/rykblöndu, jafnvel við síendurtekna röskun í rekstri eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði má gera ráð fyrir.

2.2.2.2. Krafan í tölulið 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.

2.2.2.3. Krafan í tölulið 2.1.2.2 gildir á sama hátt um rykvarnir.

2.2.2.4. Krafan í tölulið 2.2.1.3 gildir á sama hátt um áhættulausa opnun á hlutum búnaðar.

2.3. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 3 í búnaðarflokki II

2.3.1. *Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku*

2.3.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætta á að íkveikjuvaldar myndist við venjuleg notkunarskilyrði.

2.3.1.2. Yfirborðshiti má ekki fara yfir tilgreindan hámarksyfirborðshita við fyrirhugaðar notkunaraðstæður. Einungis er leyfilegt að hitinn verði hærri í undantekningartilvikum ef framleiðandi gerir sérstakar viðbótarverndarráðstafanir.

2.3.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*

2.3.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að íkveikjuvaldar, sem ætla má að séu til staðar í venjulegum rekstri, geti ekki kveikt í loft/rykblöndum.

2.3.2.2. Krafan í tölulíð 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.

2.3.2.3. Við smíði búnaðar, að meðtöldum strengjainntökum og tengihlutum, verður að taka tilliti til stærðar rykagna þannig að ekki myndist sprengifimar ryk/loftblöndur og ekki verði hættuleg ryksöfnun í búnaðinum.

3. VIÐBÓTARKRÖFUR TIL VERNDARKERFA

3.0. Almennar kröfur

3.0.1. Umfang verndarkerfa skal ákvarða þannig að dregið sé svo úr áhrifum sprengingar að viðunandi sé frá öryggissjónarmiði.

3.0.2. Verndarkerfi skulu hönnuð þannig og þeim verður að vera unnt að koma fyrir á þann hátt að ekki sé hætt á að sprenging breiðist út með hættulegri keðjuverkun eða yfirlætti og að byrjunarsprenging verði ekki að stórsprengingu.

3.0.3. Við straumrof verða verndarkerfi að geta haldið hæfni sinni svo lengi að ekki skapist hættuástand.

3.0.4. Verndarkerfi mega ekki bregðast vegna utanaðkomandi truflana.

3.1. Skipulagning og hönnun

3.1.1. Efniseiginleikar

Hámarksþrýstingur og -hitastig sem miða skal við á hönnunarstigi, með tilliti til efniseiginleika, eru áætlaður þrýstingur sem myndast við sprengingu við afbrigðileg rekstrarskilyrði og áætluð hitaáhrif logans.

3.1.2. Verndarkerfi sem eru hönnuð til að standast eða taka við („gleypa“) sprengingu verða að geta staðist höggbylgjuna sem myndast við sprenginguna án þess að starfshæfni þess skerðist.

3.1.3. Aukabúnaður verndarkerfa verður að geta staðist áætlaðan hámarkssprengiþrýsting án þess að starfshæfni hans skerðist.

3.1.4. Við hönnun og skipulagningu verndarkerfa skal tekið tillit til hugsanlegrar svörunar við þrýstingi í jaðartækjum og viðtengdum röralögnum.

3.1.5. Þrýstingslosunarbúnaður

Ef líkur eru á að álag á verndarkerfi verði meira en styrkleiki þeirra þolir skal við hönnun gera ráð fyrir viðeigandi þrýstingslosunarbúnaði sem stofnar ekki fólki í námunda við kerfið í hættu.

3.1.6. Kerfi til að draga úr sprengimætti

Kerfi til að draga úr sprengimætti verða að vera þannig skipulögð og hönnuð að þau bregðist við eins fljótt og nokkur kostur er eftir að sprenging hefur hafist og dragi úr henni eins og best verður á kosið með tilhlýðilegu tilliti til hámarksþrýstingsaukningar og hámarkssprengiþrýstings.

3.1.7. Sprengiaftengingarkerfi

Aftengingarkerfi sem er ætlað með viðeigandi tækjum að aftengja vissan búnað eins snögg og unnt er, fari sprenging af stað, verða að vera hönnuð og smíðuð þannig að kveiking geti ekki breiðst út innan þeirra og að þau standist þá kraftáraun sem þau geta orðið fyrir í rekstri.

3.1.8. Verndarkerfi verða að vera þannig úr garði gerð að þau falli inn í rás sem gefur viðvörðun á viðeigandi stigi svo að vinnsluferlar stöðvist, ef með þarf, og þeir hlutar búnaðarins, sem ekki starfa lengur örugglega, aftengist.

III. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN EB-GERÐARPRÓFUN.

1. Í þessari einingu samræmismatsins er lýst þeim hluta aðferðarinnar þar sem tilnefndur aðili gengur úr skugga um og vottar að ákveðið eintak sé dæmigert fyrir viðkomandi vöru og fullnægi viðeigandi ákvæðum reglugerðar þessarar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilnefndum aðila að vali framleiðandans. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:
 - nafn og heimilisfang framleiðandans og einnig nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans, ef hann leggur inn umsóknina;
 - skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilnefndum aðila;
 - tækniskjöl eins og lýst er í 3. tölulið.
 Umsækjandinn skal hafa tiltækt sýnishorn fyrir tilnefnda aðilann sem er dæmigert fyrir viðkomandi vöru, hér eftir nefnt „gerð“. Tilnefndi aðilinn getur farið fram á að fá fleiri sýnishorn sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.
3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi vöru við kröfur reglugerðarinnar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar þar sem fram koma:
 - almenn gerðarlýsing vörunnar;
 - lýsing á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, rásum o.fl.;
 - lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og rekstrarleiðbeiningar með vörunni;
 - skrár yfir staðla sem um getur í 5. gr. og beitt er að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja grunnkröfum reglugerðarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt;
 - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.;
 - prófunarskýrslur.
4. Tilnefndi aðilinn skal:
 - rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðin hafi verið framleidd í samræmi við þau og staðfesta hvaða hlutar hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 5. gr., svo og hvaða íhlutir hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla;
 - gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir, sem framleiðandinn hefur valið, fullnægja grunnkröfum reglugerðarinnar þegar stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt;
 - gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort viðeigandi stöðlum hefur í raun verið beitt þegar framleiðandinn hefur kosið að beita þeim;
 - semja við umsækjandann um það hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.
5. Fullnægi gerðin viðkomandi ákvæðum þessarar reglugerðar skal tilnefndi aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Í vottorðinu skal vera nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilnefnda aðilanum.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu er sýnað um gerðarvottorð skal tilnefndi aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum synjunarinnar.

Fyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var kunnugt um fyrirmælin eða mátti vera um þau kunnugt. Aðila er þó skylt að hlíta fyrirmælum Rafmagnseftirlitsins til bráðabirgða þar til úrskurður ráðherra liggur fyrir.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilnefnda aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunavottorðið, um allar breytingar á hinum samþykka búnaði eða verndarkerfi sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða skilyrði um notkun viðkomandi vöru. Þetta auka-samþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.
7. Sérhver tilnefndur aðili skal senda öðrum tilnefndum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð, sem gefin hafa verið út eða afturkölluð, og viðbætur við þau.
8. Aðrir tilnefndir aðilar geta fengið árit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltækir öðrum tilnefndum aðilum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal, auk tækniskjala, geyma afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbótum við þau í minnst tíu ár eftir að viðkomandi búnaður eða verndarkerfi voru síðast framleidd.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu hvílir sú skylda á þeim aðila, sem setur vöruna á markað á Evrópska efnahagssvæðinu, að hafa tækniskjöl tiltæk.

IV. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN GÆÐATRYGGING FRAMLEIÐSLU.

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. tölulið, ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi vara sé í samræmi við þá gerð hennar sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglugerðar þessarar sem um hana gilda. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á sérhvern hluta búnaðarins og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilnefnda aðilans sem ber ábyrgð á ESB-eftirlitinu sem lýst er í 4. tölulið hér á eftir.
 2. Framleiðandanum ber að nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaeftirlit og prófun eins og lýst er í 3. tölulið og vera háður eftirliti eins og lýst er í 4. tölulið.
 3. **Gæðakerfi**
 - 3.1. Framleiðandanum ber að leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar hjá tilnefndum aðila að eigin vali. Í umsókninni skulu vera:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan vöruflokk;
 - gögn um gæðakerfið;
 - tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
 - 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að búnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.
- Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir,

-skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt. Í gögnum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða búnaðarins;
- aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal;
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, í og að framleiðslu lokinni, og hversu oft þær verða gerðar;
- gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.;
- hvernig fylgst er með því að tilskildum vörugæðum hafi verið fullnægt og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilnefndi aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í tölulið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á. Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu vera niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilnefnda aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilnefndi aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í tölulið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu vera niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilnefnda aðilans

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilnefnda aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum, þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit og prófun, og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið;
- gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

4.3. Tilnefndi aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum úttektarskýrslu.

4.4. Að auki getur tilnefndi aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir, ef með þarf, til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilnefndi aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandinn skal í minnst tíu ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt hafa tiltækt fyrir innlend yfirvöld:

- skjölin sem um getur í öðrum undirlið töluliðar 3.1;

- gögn um þær breytingar sem um getur í 2. mgr. töluliðar 3.4;
 - ákvarðanir og skýrslur frá tilnefnda aðilanum sem um getur í lokamálsgrein töluliðar 3.4, sem og í töluliðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilnefndur aðili skal veita öðrum tilnefndum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

V. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN SANNPRÓFUN VÖRU.

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu prófar og vottar að búnaður sem fellur undir ákvæði 3. töluliðar sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi viðeigandi kröfum reglugerðar þessarar.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggji að búnaðurinn sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við kröfur reglugerðarinnar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á allan búnað og gefa samræmisýfirlýsingu.
3. Tilnefndi aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að athuga samræmi búnaðarins, verndarkerfisins eða tækisins sem um getur í 2. mgr. 1. gr. við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar með því að athuga og prófa sérhvert eintak búnaðarins eins og tilgreint er í 4. tölulið.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.

4. Sannprófun með athugun og prófun á sérhverju eintaki búnaðar.
 - 4.1. Allur búnaður skal sérstaklega athugaður og gerðar skulu viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða jafngildar prófanir til að sannreyna samræmi hans við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur reglugerðar þessarar.
 - 4.2. Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað og gefa skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem hafa verið gerðar.
 - 4.3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal sjá til þess, að hann geti útvegað samræmisvottorð tilnefnda aðilans, ef óskað er eftir því.

VI. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN GERÐARSAMRÆMI.

1. Í þessari einingu er því lýst, hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgist og lýsir yfir, að viðkomandi búnaður sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglugerðar þessarar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á sérhvert eintak búnaðarins og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggji að framleiddur búnaður eða verndarkerfi sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur reglugerðar þessarar.
3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur. Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu hvílir sú skylda á þeim aðila sem setur búnaðinn eða verndarkerfið á markað á Evrópska efnahagssvæðinu að hafa tækniskjöl tiltæk.

Á vegum framleiðanda skulu fara fram prófanir á tæknilegum þáttum er varða sprengivarnir á sérhverju eintaki búnaðarins sem framleitt er. Prófanirnar skulu gerðar á ábyrgð tilnefnds aðila sem framleiðandi velur.

Tilnefndi aðilinn ber ábyrgð á því að framleiðandinn setji kenninúmer hans á búnaðinn á framleiðsluferlinu.

VII. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN GÆÐATRYGGING VÖRU.

1. Í þessari einingu er gerð grein fyrir því hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem kveðið er á um í 2. tölulið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilnefnda aðilans sem ber ábyrgð á eftirliti eins og um getur í 4. tölulið.
2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaeftirlit og prófun búnaðar eins og kveðið er á um í 3. tölulið hér á eftir og skal vera háður eftirlitinu sem um getur í 4. tölulið hér á eftir.
3. **Gæðakerfi**
 - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar og verndarkerfa hjá tilnefndum aðila að eigin vali. Í umsókninni skulu vera:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan vöruflokk;
 - gögn um gæðakerfið;
 - tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
 - 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu skal athuga sérhvert eintak búnaðarins og gera prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða gera jafngildar prófanir til að tryggja að hann samrýmist viðeigandi kröfum reglugerðarinnar. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt. Í gögnunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:
 - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vöru-gæða;
 - þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni;
 - hvernig fylgst er með því að gæðakerfið sé skilvirkt;
 - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
 - 3.3. Tilnefndi aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í tölulið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu vera niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
 - 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilnefnda aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilnefndi aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í tölulið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu vera niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilnefnda aðilans

- 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilnefnda aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum, þar sem er framleiðsla, eftirlit og prófun, og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
 - gögn um gæðakerfið;
 - tækniskjöl;
 - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Tilnefndi aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því, að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum úttektarskýrslu.
- 4.4. Að auki getur tilnefndi aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilnefndi aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandinn skal í minnst tíu ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur geyma tiltækt fyrir innlend yfirvöld:
 - skjöl sem um getur í þriðja undirlíð töluliðar 3.1;
 - gögn um þær breytingar sem um getur í 2. mgr. töluliðar 3.4;
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilnefnda aðilanum sem um getur í lokamálgrein töluliðar 3.4, sem og í töluliðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilnefndur aðili skal veita öðrum tilnefndum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

VIII. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN INNRA EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU.

1. Í þessari einingu er gerð grein fyrir því hvernig framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem rækir þær skyldur sem kveðið er á um í 2. tölulið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn fullnægi þeim kröfum reglugerðarinnar sem um hann gilda. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á sérhvert eintak búnaðarins og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal útbúa tækniskjölin sem lýst er í 3. tölulið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal geyma þau tiltæk fyrir viðkomandi innlend yfirvöld í minnst tíu ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu hvílir sú skylda á þeim aðila sem setur búnaðinn á markað á Evrópska efnahagssvæðinu að hafa tækniskjölin tiltæk.

3. Markmið með tækniskjölunum er að gera mönnum kleift að meta samræmi búnaðarins við viðkomandi kröfur reglugerðarinnar. Þau skulu taka til hönnunar, framleiðslu og vinnslu búnaðarins, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir matið. Í þeim skulu vera:

- almenn lýsing á búnaðinum;
 - lýsing á heildarhönnun ásamt framleiðsluteikningum og skrár og skýringar á fyrir-
komulagi íhluta, samsettra eininga, rása o.fl.;
 - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn vinnur;
 - skrá yfir staðla sem er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja öryggiskröfum reglugerðarinnar þar sem stöðlunum hefur ekki verið beitt;
 - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.;
 - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmis-
yfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.
5. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið tryggi að framleiddur búnaður sé í samræmi við tæknilegu skjölin sem um getur í 2. tölulið og við kröfur reglugerðarinnar til slíks búnaðar.

IX. VIÐAUKI.

AÐFERÐAREININGIN SANNPRÓFUN EINTAKA.

1. Í þessari einingu er gerð grein fyrir því hvernig framleiðandi ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn eða verndarkerfið sem hefur fengið vottorð eins og um getur í 2. tölulið fullnægi viðeigandi kröfum reglugerðar þessarar. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, skal setja CE-merkið á búnaðinn eða verndarkerfið og gefa samræmisyfirlýsingu.
2. Tilnefndi aðilinn skal athuga búnaðinn eða verndarkerfið og gera viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að tryggja samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar.
- Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað eða verndarkerfi og gefa samræmisvottorð varðandi prófanir sem hafa verið gerðar.
3. Markmið með tækniskjölnum er að gera kleift að meta samræmi við kröfur reglugerðarinnar og skilja hönnun, framleiðslu og notkun búnaðarins. Í skjölnum skulu vera:
- almenn lýsing á vörunni;
 - lýsing á heildarhönnun ásamt framleiðsluteikningum og skrár og skýringar á fyrir-
komulagi íhluta, samsettra eininga, rása o.fl.;
 - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn eða verndarkerfið vinnur;
 - skrá yfir staðla sem um getur í 5. gr. og er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að fullnægja grunnkröfum reglu-
gerðarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt;
 - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.;
 - prófunarskýrslur.

X. VIÐAUKI.

A. CE-MERKING.

CE-samræmismerkingin felur í sér bókstafina „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef merkingin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkingarinnar skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

Falla má frá kröfu um lágmarksmál ef um minni háttar búnað, verndarkerfi eða tæki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er að ræða.

B. EB-samræmisyfirlýsing

Í EB-samræmisyfirlýsingunni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn eða auðkenni og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu;
- lýsing á búnaðinum, verndarkerfinu eða tækinu sem um getur í 2. mgr. 1. gr.;
- öll viðeigandi ákvæði sem búnaðurinn, verndarkerfið eða tækið sem um getur í 2. mgr. 1. gr. fullnægir;
- eftir atvikum, nafn, kenninúmer og heimilisfang tilnefnda aðilans og númer EB-gerðarprófunarvottorðsins;
- eftir atvikum, tilvísun í samhæfða staðla;
- eftir atvikum, staðlar og tækniforskriftir sem hafa verið notaðar;
- eftir atvikum, tilvísun í þær tilskipanir bandalagsins sem hafa komið við sögu;
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að gera skuldbindandi samkomulag fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

XI. VIÐAUKI.

LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR AÐILAR ERU TILNEFNDIR.

1. Aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn sem annast sannprófanir mega hvorki vera hönnuðir, framleiðendur né birgjar og ekki vinna við uppsetningu búnaðar, verndarkerfa eða tækja samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi búnaðarins, verndarkerfanna eða tækjanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og aðilans.
2. Aðilinn og skoðunarmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður sannprófana.
3. Aðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem er nauðsynlegur til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
 - trausta tækni- og fagmenntun;
 - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum;
 - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.

6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum ríkisins.
7. Starfsmenn aðilans skulu bundnir þagnarskyldu hvað varðar allar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín (nema gagnvart þar til bærum stjórnvöldum) í samræmi við reglugerð þessa eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum um framkvæmd hennar.

20. janúar 1996

Nr. 78

REGLUR

um kaupskrárnefnd varnarsvæða.

1. gr.

Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd varnarsvæða til að ákveða ráðningarkjör og vinnuskilyrði starfsmanna varnarliðsins.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar og gefur Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands kost á því að tilnefna hvoru um sig einn fulltrúa í nefndina og einn til vara.

2. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal hafa fasta starfsaðstöðu í Reykjanesbæ skv. nánari ákvörðun utanríkisráðherra. Fundarritari, tilnefndur af utanríkisráðherra, er nefndinni til aðstoðar og bókar alla fundi hennar.

3. gr.

Hlutverk kaupskrárnefndar varnarsvæða er að sjá til þess að Íslendingar, sem starfa hjá varnarliðinu eða erlendum verktökum þess á varnarsvæðum, fái kaup og kjör og njóti þess öryggis og aðbúnaðar á vinnustað sem íslensk lög, kjarasamningar og venjur segja til um á hverjum tíma. Þá skal nefndin sjá til þess að þeir njóti sambærilegra kjara og almennt gerist í sömu eða hliðstæðum störfum utan varnarsvæða.

4. gr.

Þegar um er að ræða starf, sem gildandi kjarasamningar taka ekki til, getur kaupskrárnefnd við ákvörðun launa og annarra starfskjara fyrir umrætt starf, valið viðmiðunarstarf eða viðmiðunarstörf sem að dómi nefndarinnar eru hliðstæð enda séu ákvæði um þau störf að finna í viðurkenndum kjarasamningum. Slík viðmiðun getur gilt að hluta eða öllu leyti eftir ákvörðun nefndarinnar.

5. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal í kjölfar almennra kjarasamninga meta áhrif þeirra á kjör hlutaðeigandi starfshópa á varnarsvæðum og fella úrskurð um hvernig framkvæma eigi breytingar. Úrskurðir um breytingar, sem einvörðungu byggjast á framkvæmd kjarasamninga utan varnarsvæða, skulu að jafnaði hafa sama gildistíma og hlutaðeigandi samningar. Telji nefndin ástæðu til breytinga umfram það sem leiðir beint af samningsbundinni launaþróun viðmiðunarhópa skulu slíkar ákvarðanir nefndarinnar að jafnaði gilda frá þeim tíma er úrskurður er upp kveðinn, nema rök standi til annars.

6. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal hafa samband og eftir atvikum samráð við þær stofnanir og nefndir sem starfa á vegum aðila vinnumarkaðarins eða hins opinbera að rannsóknum á kjaramálum.

7. gr.

Kaupskrárnefnd skal koma saman eins oft og þörf er á og ef einhver nefndarmanna óskar þess sérstaklega. Formaður nefndarinnar boðar til funda hennar. Nefndin skal hraða störfum sínum svo sem kostur er.

8. gr.

Fundur kaupskrárnefndar varnarsvæða skulu haldnir í Reykjanesbæ eða Reykjavík eftir því sem hentugast þykir hverju sinni. Einstakir nefndarmenn, fulltrúar þeirra eða ritari nefndarinnar fyrir hennar hönd skulu hafa reglulegan viðtalstíma í Reykjanesbæ þar sem aðilar að málum, sem fyrir nefndinni liggja, eða varnarliðið geta leitað upplýsinga og komið athugasemdum á framfæri.

9. gr.

Nefndin skal halda sérstaka gerðarbók og færa þar til bókar alla fundi nefndarinnar svo og öll þau erindi sem henni berast og afgreiðslu á þeim.

10. gr.

Kaupskrárnefnd skal tafarlaust taka til meðferðar allar fyrirspurnir, erindi og kærur sem henni berast um ráðningarkjör og vinnuskilyrði á varnarsvæðum frá hlutaðeigandi stéttarfélagi einstakra starfsmanna eða starfshópa á varnarsvæðum eða vinnuveitanda þeirra.

11. gr.

Tilkynna skal aðila að máli fyrirfram hvenær erindi hans verður tekið fyrir í nefndinni. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast skal nefndin skýra aðilum máls frá slíkri töf, ástæðum hennar og hvenær vænta megi niðurstöðu.

12. gr.

Nefndinni er heimilt, í samráði við utanríkisráðherra, að kveðja til sérfróða aðila nefndinni til aðstoðar, þegar nauðsyn þykir til við úrlausn umfangsmikilla og flókinna mála.

13. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal rannsaka vandlega og sem best hvert það mál sem nefndinni berst. Nefndin skal gæta þess að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir um ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, áður en ákvörðun er tekin eða úrskurðað um ágreiningsefni.

14. gr.

Viðkomandi verkalýðsfélag eða varnarliðið skulu eiga þess kost að skýra viðhorf sín til málsatvika, eftir atvikum bæði skriflega og munnlega, fyrir nefndinni, með vætti vitna og sérfræðinga, og tjá sig um öll gögn er úrskurður kann að verða byggður á áður en hann er kveðinn upp.

Nefndin getur vísað frá erindum ef áður hefur verið fjallað um kæruefni og ekki liggja fyrir ný gögn eða röksemdir sem taka þarf afstöðu til.

15. gr.

Nefndin skal eins fljótt og kostur er svara skriflega fyrirspurnum og kærum sem henni berast. Í úrskurðum nefndarinnar skulu koma fram málavextir og forsendur. Niðurstaða úrskurðar skal rökstudd.

16. gr.

Til afgreiðslu einstakra mála í kaupskrárnefnd varnarsvæða þarf samþykki allra nefndarmanna. Samhljóða úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. reglna þessara.

17. gr.

Komist kaupskrárnefnd varnarsvæða ekki að samhljóða niðurstöðu um lyktir einstakra mála skal formaður nefndarinnar og varamaður hans víkja sæti úr nefndinni. Við þær aðstæður og til úrlausnar í einstökum málum sem þannig er ástatt um skal í stað formanns taka sæti í nefndinni, sem formaður hennar, sérfróður og óvilhallur einstaklingur, tilnefndur af héraðsdómi Reykjaness, til tveggja ára í senn. Sami aðili skal tilnefna varaformann formanns sem þannig er skipaður. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu einstakra mála í kaupskrárnefnd varnarsvæða þannig skipaðri.

Til kaupskrárnefndar varnarsvæða, skipaðri skv. 1. mgr. þessarar greinar, má í sérstökum, óvenjulegum og fordæmislausum tilvikum, þrátt fyrir ákvæði 16. gr., einnig skjóta úrskurðum og ákvörðunum kaupskrárnefndar varnarsvæða, þó að samhljóða séu, ef þær fela í sér nýja stefnumörkun og grundvallarbreytingu við ákvörðun launa eða annarra kjara og hafa veruleg og ófyrirséð útgjöld í för með sér. Kaupskrárnefnd varnarsvæða, skipuð nefndarmönnum í ágreiningsmálum skv. 1. mgr. þessarar greinar, metur hverju sinni hvort uppfyllt eru skilyrði til málsskots.

18. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal tafarlaust senda allar afgreiðslur sínar, tilkynningar og úrskurði um ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins til varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem sér um að upplýsa aðila um niðurstöður og úrskurði nefndarinnar.

Nefndin skal jafnframt kom á framfæri við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins upplýsingum um alla helstu kjarasamninga og allar breytingar sem kunna að verða gerðar á launum og öðrum kjörum launþega hér á landi og áhrif geta haft á kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur milligöngu um að koma slíkum upplýsingu á framfæri við varnarliðið með formlegum hætti svo og varnarmálanefnd.

19. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal í lok hvers árs senda utanríkisráðherra skýrslu um störf sín.

20. gr.

Um hæfi nefndarmanna og málsmeðferð fyrir nefndinni að öðru leyti en í reglum þessum greinir fer skv. ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

21. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 4. tölul. 6. gr. viðbættis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1991, lögum nr. 110/1991, um lagagildi varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, svo og lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur nr. 708 frá 30. desember 1994 um kaupskrárnefnd varnarsvæða.

Utanríkisráðuneytinu, 20. janúar 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Grétar Már Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.

1. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun á amalgammenguðu vatni og amalgammenguðum úrgangi frá tannlæknastofum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Amalgam: málmblendi sem inniheldur kvikasilfur. Hér er einkum átt við silfuramalgam, þ.e.a.s. málmblendi úr silfri og kvikasilfri.

Amalgammengað: lýsing á efni eða hlut sem inniheldur amalgam og hefur ekki verið hreinsað í viðurkenndum hreinsibúnaði fyrir amalgam. Ennfremur efni eða hlutur sem inniheldur amalgam og getur valdið skaða á umhverfinu og/eða er flokkað sem amalgamspilliefni.

2. KAFLI

Amalgammengað vatn.

3. gr.

Meðferð amalgammengaðs vatns.

Tannlæknastofur og aðrir aðilar sem losa amalgam í vatn, skulu frá og með 1. janúar 1997 nota viðurkenndan hreinsibúnað, sbr. 5. gr., til að hreinsa amalgam úr vatninu áður en það berst í fráveitu.

4. gr.

Halda skal hreinsibúnaði fyrir amalgam í góðu ástandi, tæma hann reglulega og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hann virki ávallt eins og til er ætlast.

5. gr.

Viðurkenning á hreinsibúnaði til að hreinsa amalgam úr vatni.

Með viðurkenndum hreinsibúnaði til að hreinsa amalgam úr vatni, sbr. 3. gr., er átt við amalgamskiljur, -síur eða annan búnað af þeirri gerð sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt og samþykkt til slíkra nota.

6. gr.

Þegar sótt er um viðurkenningu Hollustuvermdar ríkisins fyrir ákveðna gerð hreinsibúnaðar skv. 5. gr. skal veita allar markverðar upplýsingar um búnaðinn, gerð hans og virkni. Ef þörf krefur getur Hollustuvernd ríkisins krafist frekari upplýsinga áður en umsóknin er afgreidd. Að lokinni athugun á fyrirliggjandi gögnum og, ef þess er talin þörf, prófunum á virkni hreinsibúnaðarins, viðurkennir Hollustuvernd ríkisins búnaðinn eða hafnar honum.

7. gr.

Viðurkenningar á hreinsibúnaði skv. 6. gr. skal veita til 3 ára í senn.

8. gr.

Gjald fyrir afgreiðslu umsókna, viðurkenningu og/eða prófun hreinsibúnaðar skal greiða Hollustuvernd ríkisins í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar.

3. KAFLI

Amalgammengaður úrgangur.

9. gr.

Allur amalgammengaður úrgangur, þ.m.t. amalgammengaðir vökvar eða eðja og menguð ílát undan amalgami, telst til spilliefna sem ber að skila til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Sótthreinsa ber amalgammengaðan úrgang áður en honum er skilað til móttökustöðvar.

10. gr.

Skila skal amalgammenguðum úrgangi til móttökustöðvar við hverja tæmingu hreinsibúnaðar fyrir amalgammengað vatn, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Til staðfestingar á því að úrgangi hafi verið skilað skal halda eftir kvittun frá móttökustöð. Kvittanir skal geyma í a.m.k. fjögur ár, og ber að sýna þær eftirlitsaðila, óski hann þess. Að öðru leyti er vísað til 47. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

4. KAFLI

Framkvæmd eftirlits.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd hlutaðeigandi sveitarfélags hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Hollustuvernd ríkisins annast þó viðurkenningar á hreinsibúnaði, sbr. 5.-8. gr.

5. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, veitt tíma- bundnar undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar ef ríkar ástæður eru til slíks.

13. gr.

Viðurlög.

Um málsmeðferð að öðru leyti, dagsektir og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

14. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum eftirlitsaðila innan tiltekins frests, getur eftirlitsaðillinn ákveðið honum dagsektir allt að kr. 10.000 á dag, þar til úr er bætt.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins Björnssonar.

1. gr.

Mannréttinda- og mannúðarmál eru hornsteinar í starfsemi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Til að stuðla að frekari rannsóknum og þróun á þessum sviðum hefur stjórn Rauða kross Íslands ákveðið að stofna sjóð sem kenndur er við minningu Sveins Björnssonar, ríkisstjóra, fyrsta forseta lýðveldisins Íslands og fyrsta formanns Rauða kross Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveins Björnssonar. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 13.000.000, stofnfé frá Rauða krossi Íslands (RKÍ), fjárfraðlög skv. 3. gr. svo og fraðlög og gjafir sem sjóðnum kann að áskotnast nema gefendur mæli fyrir um annað, sbr. 6. gr. Aldrei má skerða höfuðstólinn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af höfuðstóli hans. Af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að fráðregnum stjórnumarkostnaði) skulu 10% lögð við höfuðstólinn.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á mannréttinda- og mannúðarsamningum og framkvæmd þeirra sem og rannsóknir og starfsemi sem stuðla að þekkingu og þróun á mannréttinda- og mannúðarmálum.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins sitja framkvæmdastjóri RKÍ og tveir fulltrúar skipaðir af stjórn RKÍ til tveggja ára í senn. Jafnframt skipar stjórn RKÍ þrjá fulltrúa til vara til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega úthluta styrkjum af tekjum sjóðsins í samræmi við tilgang hans svo og þeim fraðlögum sem gefendur mæla fyrir um að skuli koma til úthlutunar. Skulu þeir auglýstir í byrjun marsmánaðar og fari úthlutun þeirra fram þann 8. maí.

Einstaklingar skulu að jafnaði ganga fyrir stofnunum um styrki ef umsóknir þeirra teljast sambærilegar. Að öðru leyti skal stjórn sjóðsins semja úthlutunarreglur sem væntanlegum umsækjendum gefst kostur að kynna sér.

8. gr.

Reikningar og reikningsskil sjóðsins fylgja reikningsári og reikningsskilum RKÍ. Bók-hald sjóðsins og reikningshald fer eftir gildandi lögum og góðum reikningsskilavenjum. Ársreikningur sjóðsins skal sendur ríkisendurskoðun.

9. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari verða aðeins gerðar ef meirihluti stjórnar sjóðsins gerir tillögu þar um og skulu breytingar hljóta samþykki meirihluta stjórnar RKÍ.

10. gr.

Ef stjórn sjóðsins og stjórn RKÍ samþykkja einróma að sjóðurinn skuli lagður niður skal allt fé sjóðsins renna til annarra verkefna á vegum RKÍ samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. janúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Dalabyggð.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalabyggðar er árlega heimil álagning sérstaks sorphirðugjalds (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjalds) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir og fyrirtæki í þéttbýli

sorphirðugjald hver eining (160 ltr.) kr. 8.250

Íbúðir í dreifbýli, sumarbústaðir og hús og hjólhýsi

sem notuð eru eins og sumarbústaðir kr. 3.300

Fyrirtæki sem ekki hafa sorpílát kr. 3.300

Þeir sem leigja eða reka eigin sorpílát samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar um sorphirðu í Dalabyggð nr. 171/1995 eru gjaldfrjálsir.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Dalabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 178/1995 vegna sorphirðu í Dalabyggð.

Umhverfissráðuneytinu, 29. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stöðvarhreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hvert ílát.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Hornafirði fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar nr. 382/1995 um hundahald á Hornafirði er kr. 5.000 fyrir árið 1996, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklingsins er kr. 2.500.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí 1996.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hornafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að gilda á árinu 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 29. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um innflutning, notkun og förgun PCB efna, PCT efna og umhverfisskaðlegra staðgengilefna.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til að takmarka notkun tiltekinnar efnasambanda sem eru hættuleg heilsu manna og skaðleg umhverfinu.

2. gr.

Óheimilt er að flytja inn og nota PCB og PCT efni eða efnablöndur. Óheimilt er að flytja inn og nota varning eða tæki sem inniheldur PCB og PCT efni. Ákvæði þessarar reglugerðar eiga ekki við ef styrkur PCB eða PCT efna í efnablöndum, varningi eða tækjum er lægri en 0,005%.

Óheimilt er að flytja inn og nota staðgengilefniin Ugilec 141, Ugilec 121 (21) og DBBT. Ákvæði reglugerðarinnar taka einnig til efnablandna, véla og tækja sem innihalda þessi efni.

3. gr.

Með *PCB* efnum er átt við fjöklóruð bifénylsambönd (polychlorinated biphenyls), önnur en ein- og díklóruð bifényl.

Með *PCT* efnum er átt við fjöklóruð terfénylsambönd (polychlorinated terphenyls).

Ugilec 141 er viðskiptaheitið fyrir mónómetyltetraklórdífenýlmetan, ¹CAS nr. 76253-60-6.

Ugilec 121 eða *Ugilec 21* eru viðskiptaheitið fyrir mónómetyldíklórdífenýlmetan.

DBBT er viðskiptaheitið fyrir mónómetyldíbrómdífenýlmetan, CAS nr. 99688-47-8.

4. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur, að höfðu samráði við eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágur frá ákvæðum 2. gr. um bann við innflutningi og notkun PCB og PCT efna og efnablandna, sem innihalda þessi efni. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni geti ekki komið í stað þeirra. Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 2. gr. taka fram til hverra nota efnin, eða varningur eða tæki sem hafa þau að geyma, eru ætluð.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins um veitingu undanþágu samkvæmt 2. gr., sker umhverfisráðherra úr.

Um notkun og alla meðhöndlun PCB og PCT efna á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir umhverfisráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 2. gr.

5. gr.

Á vélum og búnaði sem inniheldur PCB eða PCT efni skulu vera merkingar með upplýsingum um það hvernig farga skal búnaðinum þegar að því kemur og hvernig standa skal að viðhaldi og notkun búnaðarins. Merkingin skal vera á íslensku, með greinilegu auðlæsilegu letri, sem sker sig greinilega frá grunninum.

¹) CAS: Chemical Abstract - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

6. gr.

Efni, efnablöndur, varningur og tæki sem reglugerðin nær til flokkast sem spilliefni. Þegar notkun þeirra er hætt skulu þau flutt til móttökustöðva, sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi, sbr. ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar.

7. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema að þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins.

Einnig var höfð hliðsjón af þeim ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 4. tl., tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 85/467/EBE, 89/677 og 91/339/EBE. Jafnframt er tekið mið af ákvæðum sammingsins í XX. viðauka, V. kafla, 26. tl., tilskipun 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs ásamt breytingum í tilskipun 87/101/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 489/1988 um innflutning, notkun og förgun PCB efna.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hornafirði 1996.

1. gr.

Hornafjarðarbæ er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hornafjarðar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1996 er sem hér greinir:

Sorphreinsgjald	kr. 5.300
Sorpeyðingargjald	kr. 2.200
Samtals sorphirðugjald	kr. 7.500.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfisiráðuneytinu, 29. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Almennir taxtar.

A1	Almenn notkun:	
	Orkugjald kr/kWh	5,48
	Fast gjald kr/ár.....	2.443,00
A2	Víkjandi orka:	
	Orkugjald kr/kWh	3,93
	Fast gjald kr/ár.....	10.607,00
A3	Mannvirkjagerð:	
	Orkugjald kr/kWh	5,48
	Fast gjald kr/ár.....	10.744,00

Afltaxtar.

B1	Afl- og orkumæling:	
	Orkugjald kr/kWh vetur	3,19
	Orkugjald kr/kWh sumar.....	1,59
	Aflgjald kr/kW/ár.....	6.939,00
	Fast gjald kr/ár.....	49.697,00
B2	Afl- og orkumæling 11 kV:	
	Orkugjald kr/kWh vetur	2,95
	Orkugjald kr/kWh sumar.....	1,47
	Aflgjald kr/kW/ár.....	6.465,00
	Fast gjald kr/ár.....	49.697,00
B3	Aflmæling, útilýsing:	
	Útilýsing rofin, viðhaldsgjald kr/kW/ár	20.400,00
	Útilýsing rofin, aflgjald kr/kW/ár	19.800,00
	Útilýsing órofin, aflgjald kr/kW/ár	31.100,00
B4	Hemill:	
	Aflgjald kr/A/ár	1.535,00
B5	Mælaleiga 1-fasa mælir	700,00
B6	Mælaleiga 3-fasa mælir	1.400,00

Aðrir taxtar.

C1	Rofin daghitun. Rofítími 2x1½ klst.:	
	Orkugjald kr/kWh	2,65
	Fast gjald kr/ár.....	7.071,00
C3	Rofin næturhitun. Rofítími 15 klst.:	
	Orkugjald kr/kWh	2,22
	Fast gjald kr/ár.....	7.071,00
C4	Rofin iðnaðarhitun. Rofítími 2x1½ klst.:	
	Orkugjald kr/kWh	2,88
	Fast gjald kr/ár.....	7.071,00
C5	Órofin iðnaðarhitun:	
	Orkugjald kr/kWh	5,42
	Fast gjald kr/ár.....	7.071,00
C6	Rofin iðnaðarnæturhitun. Rofítími 15 klst.:	
	Orkugjald kr/kWh	2,42
	Fast gjald kr/ár.....	7.071,00
C7	Blönduð notkun:	
	Orkugjald kr/kWh	3,41
	Fast gjald kr/ár.....	10.744,00

Aðalheimtaugar.

220 V

25 A	1 fasa kr. heimtaug.....	20.882,00
63 A	3 fasa kr. heimtaug.....	49.632,00
125 A	3 fasa kr. heimtaug.....	77.822,00
200 A	3 fasa kr. heimtaug.....	116.732,00
260 A	3 fasa kr. heimtaug.....	147.860,00
315 A	3 fasa kr. heimtaug.....	199.063,00
400 A	3 fasa kr. heimtaug.....	252.926,00

380 V

25 A	1 fasa kr. heimtaug.....	20.882,00
63 A	3 fasa kr. heimtaug.....	49.632,00
125 A	3 fasa kr. heimtaug.....	81.714,00
200 A	3 fasa kr. heimtaug.....	162.454,00
260 A	3 fasa kr. heimtaug.....	208.173,00
315 A	3 fasa kr. heimtaug.....	272.375,00
400 A	3 fasa kr. heimtaug.....	350.197,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

63 A	1 fasa kr. heimtaug.....	9.027,00
63 A	3 fasa kr. heimtaug.....	12.640,00
100 A	3 fasa kr. heimtaug.....	13.316,00

Lengdargjald.

63 A	kr/m	1.333,00
100 A	kr/m	1.760,00

Lokunargjald	810,00
---------------------	-------	--------

Raforkuverð/skýringar:

- A1 Taxti fyrir heimili, iðnað, verslanir, skrifstofur, skóla og alla notkun sem ekki er getið um annars staðar.
- A2 Víkjandi taxti eða rofin orkuafhending á mesta álagstíma rafveitunnar. Sé orkunotkun meiri en 200.000 kWh á ári er hægt í stað rofs að kaupa orku á háalagsgjaldi á roftíma samkvæmt sérstökum samningi við rafveituna. Ef þessi taxti er notaður ásamt öðrum töxtum í sömu neysluveitu er ekki heimilt að hafa tengla á honum.
- A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósá og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumarorkugjald reiknast á mældu orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mældu orku í janúar-apríl og október-desember.
- a) Iðnaðartaxti. Þar sem afl er sem lágmark 15 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári. Þessi taxti er fyrir alla raforkunotkun um sömu heimtaug. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.
- b) Notendum sem greiða fyrir 1 kW afl eða meira er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.
- B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumarorkugjald reiknast á mældu orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mældu orku í janúar-apríl og október-desember.
- B3 Taxti fyrir útilýsingu. Gildir fyrir alla útilýsingu, roftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu. Aflgjald (kr/kW/ár) er greitt fyrir uppsett afl ljósabúnaðar. Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) er greitt fyrir viðhald og eftirlit á viðkomandi ljósabúnaði. Ef notandi vill getur hann sjálfur annast viðhald og eftirlit á ljósabúnaði. Ljósabúnaður skal fullnægja kröfum rafveitunnar og skal notandi greiða stofnkostnað að fullu.
- B4 Taxti fyrir verbúðir og skepnuhús.
- B5, B6 Taxtar fyrir leigu á raforkumælum. Óski notandi þess leigir rafveitan honum mælitæki til innra uppgjör. Ársleiga skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, sama gildir um önnur tæki.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C3 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 06-24.
- C4 Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en ½ klst. í senn.
- C5 Órofin iðnaðarhitun.
- C6 Rofin næturhitun ekki notuð sem húshitun.
- C7 Taxti fyrir verbúðir, skepnuhús og sumarbústaði. Gildir bæði sem almenn notkun og rafhiti. Öll raforka er afhent órofin. Einnig geta notendur keypt orku til þessara nota samkvæmt A1.

Heimtaugargjöld/skýringar:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
3. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.
4. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38, 16. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. janúar 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Eskifjarðarkaupstað, sbr. c lið 2. gr. samþykktar nr. 685/1994 um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað, skal verða kr. 6.500 á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundi, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 685/1994 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum auk bandormahreinsunar einu sinni á ári.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88/1995 fyrir hundahald í þéttbýli á Eskifirði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi árið 1996 er 15. febrúar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir tölunni „4“ í b. lið 2. gr., sbr. a. lið 1. gr. reglna nr. 70/1996, kemur: 6.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar framleiðslu, vinnslu, flutninga, geymslu og dreifingar á sértækt gæðastýrðum íslenskum landbúnaðarafurðum með áherslu á umhverfisvernd.

Sértækt gæðastýrð íslensk landbúnaðarafurð er framleidd af búfé, þar með taldir laxfiskar, sem hvorki hefur fengið sýkla- né sníklalyf eftir tveggja vikna aldur, aldrei verið gefnir hormónar eða vaxtarhvetjandi efni né alið á fóðri, sem hefur verið meðhöndlað með skordýraeitri eða illgresiseyði. Einnig tekur reglugerðin til nytjajurta og afurða þeirra þar sem notkun áburðar, lyfja eða varnarefna er í samræmi við viðurkennd sjónarmið um hreinleika og hollustu afurða og verndun umhverfis með tilliti til mengunarvarna.

2. gr.

Markmið.

Í reglugerð þessari er lýst sértækri gæðastjórnun og eftirliti til að tryggja uppruna búfjár og nytjajurta þannig að afurðirnar uppfylli kröfur sem gerðar eru til „vistrænna landbúnaðarafurða“. Nánari ákvæði eru um framleiðslu og afurð hvernar búgreinar í viðaukum með reglugerð þessari.

3. gr.

Vinnuferli.

Allar landbúnaðarafurðir, sem framleiddar eru samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skulu merktar sérhverjum framleiðanda. Sláturfénaður skal einstaklingsmerktur strax eftir fæðingu og skráður í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands eða annað samþærilegt skráningarkerfi sem eftirlitsaðilar viðurkenna. Eftir afhendingu í sláturhús skulu gripirnir sérstaklega auðkenndir frá afhendingu og í gegnum sláturferilinn og skal hver skrokkur merktur sérstaklega. Við hlutun og úrbeiningu skal vinnsla fara fram fyrir hvern framleiðanda fyrir sig og afurðin merkt honum þannig að ávallt skal vera hægt að rekja afurð til viðkomandi framleiðanda. Afurðum nytjajurta skal fylgja vottorð um uppruna og meðferð á vaxtartímanum og skulu þær merktar einstökum framleiðendum í gegnum vinnslu og dreifingu.

4. gr.

Gæðaeftirlit.

Gæðaeftirlit á tilteknu sviði er til þess að tryggja að framleiðsla á íslenskum sláturafurðum, öðrum búfjárafurðum og afurðum nytjajurta, sem merkt er „sértækt gæðastýrð íslensk landbúnaðarafurð“, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar. Sérhver framleiðandi, afurðastöð og dreifingaraðili skal sækja um viðurkenningu til viðkomandi búnaðarsambands. Eftirlitsaðilar með gæðastjórnun samkvæmt reglugerð þessari eru búnaðarráðunautar og dýralæknar, sem hlotið hafa viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins. Þeir skulu annast úttekt á aðstöðu og búnaði til framleiðslu, vinnslu og dreifingar í hverju tilviki.

Allur kostnaður við úttekt, eftirlit og viðurkenningu greiðist af viðkomandi framleiðslu- vinnslu- og dreifingaraðilum.

5. gr.

Viðurkenning.

Landbúnaðarráðuneytið viðurkennir framleiðsluna að fenginni umsögn eftirlitsaðila og heimilar notkun sérstaks vörumerkis. Aðeins viðurkenndum framleiðendum er heimil notkun þess. Landbúnaðarráðuneytið eða aðili sem það samþykkir heldur skrá yfir viðurkennda framleiðendur samkvæmt reglugerð þessari. Landbúnaðarráðherra úrskurðar

um ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd reglugerðarinnar og gerist framleiðandi, vinnslu- eða dreifingaraðili brotlegur við ákvæði hennar er heimilt að svipta hann rétti til að nota hið sérstaka vörumerki.

6. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 124 6. desember 1995 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

I. VIÐAUKI

1. HLUTI: SAUÐFJÁRAFURÐIR

GÆÐAEFTIRLIT - YFIRLIT:

Verkþáttur	Ábyrgur aðili	Tilvísunarnr.
Sauðfé dæmt hæft:		
Vottorð eftirlitsaðila	Eftirlitsaðili	1.1
Staðfesting	Móttökustjóri	1.2
Fé bónda/auðkenning skrokka:		
Hjörð við komu	Móttökustjóri	2.1
Hjörð sem bíður slátrunar	Móttökustjóri	2.2
Slátrunarferli	Móttökustjóri	3.1, 3.2
Hjörð eftir slátrun	Matsmaður	3.3
Frágangur eftir slátrun	Verkstjóri í kæli	3.4
Talning skrokka	Umsjónarmaður	4.1
Auðkenning afurða fjárbónda:		
Hlutunaráætlun	Framleiðslustjóri	4.2
Afurðaskráning	Verkstjóri	4.3
Eftirlitsstörf:		
Störf matsmanna	Sláturhússtjóri/tölvubókari	5.1
Uppgjör slátrunar	Tölvubókari	5.2
Merking kassa	Sögunar-/úrbeiningarstjóri eða framleiðslustjóri	5.3
Birgðaskráning	Framleiðslustjóri og yfirmaður frystingar	5.4
Eftirlitsaðilar	Búnaðarráðunautar Dýralæknar	
Vísun til skjala:		
1. Vottorð eftirlitsaðila		-1.1
2. Móttökukvittun, stúkort, afhendingarkvittun		-2.1
3. Slátrunaráætlun		-3.1
4. Merking skrokks		-3.3
5. Kassamerking, bráðabirgðamerking		-4.2, 5.3
6. Afskurður		-4.3

1. VERKÞÁTTUR: Framleiðsla á býli.

1.1 Viðurkenning eftirlitsaðila.

Verklýsing:

Sauðfé sem hvorki hefur fengið sýkla- né sníklalyf eftir tveggja vikna aldur, aldrei verið gefnir hormónar eða vaxtarhvetjandi efni né alið á fóðri, sem hefur verið meðhöndlað með skordýraeitri eða illgresiseyði. Aðeins fé sem alið hefur verið frá burði til slátrunar af sauðfjárbónda sjálfum.

Sé notaður fóðurbætir ber að gera grein fyrir honum. Sérhverri tegund fóðurbætis skal fylgja vottorð þar sem framleiðandi ábyrgist að fóðurbætirinn innihaldi hvorki sýkla- né sníklalyf, hormóna, vaxtarhvetjandi efni, skordýraeitur eða illgresiseyði. Sauðfjárbonði fellst á að heimila fulltrúum eftirlitsaðila að skoða býlið og ganga úr skugga um að rétt sé staðið að fóðrun og aðbúnaði.

Bókun:

Vottorð sem eftirlitsaðili gefur út með hverjum sláturfjórðungi skal afhent viðeigandi aðilum í slátruhúsinu við afhendingu fjárins.

Viðurlög:

Verði eftirlitsaðili uppvís að því að gefa rangar upplýsingar í vottorði verður ekki aftur tekið við gripum frá viðkomandi framleiðanda.

1.2 Sauðfé dæmt hæft

Verklýsing:

Hverri hjörð skal fylgja vottorð eftirlitsaðila; allt sauðfé skal eyrnamerkt sauðfjárbonðanum, auk einstaklingsmerkingar; sérhvert vottorð skal undirritað af eftirlitsaðila og viðkomandi sauðfjárbónda: vottorðið á aðeins við það sláturfé sem afhent er hverju sinni.

Bókun:

Slátruhúsið annast skrásetningu vottorða. Öll gögn skulu varðveitt í eitt ár og er eftirlitsaðilum heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

Viðurlög:

Sé vottorð ófullnægjandi eða gallað er gripum hafnað. Sauðfé sem komið er með, en ekki auðkennt eða ranglega merkt á vottorði, er hafnað. Sé gripum hafnað skal þeim slátrað sér og þeir merktir með öðrum hætti en gripir sem þetta eftirlit tekur til.

2. VERKÞÁTTUR: Fyrir slátrun.

2.1 Móttaka sauðfjár.

Verklýsing:

Gildu vottorði er framvísað til móttökustjóra við afhendingu sauðfjárins. Móttökustjóri útbýr afhendingarkvittun, þar sem eftirfarandi kemur fram: nafn og heimilisfang sauðfjárbónda; komudagur og komutími, fjöldi sláturfjár, staðfesting að gildu vottorði hafi verið framvísað; einnig er gefið út númer fyrir sauðfjórðungina á þessari kvittun. Farið er eftir hlaupandi númeraröð. Móttökustjóri áritar kvittunina.

Bókun:

Móttökukvittun fyrir sauðféð, í þríriti til kaupanda, matsmanna og slátruhúss. Afhendingarkvittun skal vera í þríriti: eitt eintak til sauðfjárbónda, eitt eintak til bókhalds slátruhússins (ef vill), eitt fylgi vottorði bónda til varðveislu í skjalsafni slátruhúss og aðgengilegt eftirlitsaðilum.

Viðurlög:

Sauðfé sem dæmt er óhæft skal við slátrun auðkennt og haldið aðskildu frá þeim gripum sem dæmdir voru hæfir og getið er í vottorði eftirlitsaðila.

2.2 *Auðkenning sauðfjár.*

Verklýsing:

Þegar tekið hefur verið við vottorði eftirlitsaðila og gefin út afhendingarkvittun þarf að merkja gripina þeim bónda sem afhenti þá. Stúkort skal gefið út til þess að auðkenna hjörð sem vottorð eftirlitsaðila á við með númeri afhendingarkvittunar; þar skal enn fremur getið stíunúmers hjarðarinnar, komudags og tíma, fjölda, einnig nafns eða viðskiptanúmers viðkomandi innleggjanda.

Bókun:

Stúkort skal gefið út í þríriti af móttökustjóra. Eitt eintak fylgir hjörðinni í móttöku og vinnslu, eitt eintak fylgir vottorði til skjalasafns fyrir eftirlitsaðila, eitt eintak fer í bókhald slátruhússins.

Viðurlög:

Ekki má slátra gripum nema gengið hafi verið frá útgáfu stúkorts.

3.0 **VERKÞÁTTUR: Auðkenning skrokka.**

3.1 *Slátrunaráætlun.*

Verklýsing:

Gripum er slátrað eftir hlaupandi númeraröð hjarðanna.

Bókun:

Númer hjarðar. Nafn eða númer viðskiptavinar (sauðfjárþónða). Númer stíu. Fjöldi og tegund gripa. Vakthafandi verkstjóri ábyrgur.

Viðurlög:

Engin slátrun skal fara fram fyrr en allt fé sem komið er í móttöku að morgni dags hefur verið bókað í slátrun.

3.2 *Auðkenning hjarðar.*

Verklýsing:

Eintök af öllum skilríkjum fylgi fyrsta skrokki hjarðarinnar.

Bókun:

Vottorð eftirlitsaðila (1.2). Afhendingarkvittun gripa (2.1). Stúkort (2.2). Vakthafandi verkstjóri ábyrgur.

Viðurlög:

Beri skilríkjum ekki saman eða verði vikið frá númeraröð við slátrun er viðkomandi hjörð ekki hæf samkvæmt þessu eftirliti og skal slátrað með öðrum auðkennum.

3.3 *Merking skrokks.*

Verklýsing:

Hver skrokkur fyrir sig er merktur með sértækum og almennum upplýsingum. Einstaklingsmerki gripsins fylgja skrokknum þar til skrokkurinn er metinn. Einstaklingsmerki tekin burt, en þess í stað kemur matsmiði með sértækum og almennum upplýsingum.

Bókun:

Sértækar upplýsingar. Upplýsingar á matsmiða. Gæðaflokkur skrokks, nafn eða númer sauðfjárbónda, hópnúmer, auðkennisnúmer skrokks, matsmaður.

Viðurlög:

Skrokkar sem ekki eru sérstaklega merktir skulu ekki teknir með (sjá 3.4).

3.4 *Auðkenning eftir slátrun.*

Verklýsing:

Í kæli skal skrokkum raðað sér á brautum eftir innleggjendum.

Bókun:

Matsmiði á hverjum skrokki. Tákn fyrir staðsetningu í kæli. Vakthafandi verkstjóri í kæli ábyrgur.

Viðurlög:

Eftir venjubundið eftirlit skrokka skulu felldir skrokkar fjarlægðir. Engin frekari vinnsla fari fram fyrir en að eftirlitsstörfum loknum (sjá 5.2).

4.0 **VERKÞÁTTUR: Merktar vörur.**

4.1 *Talning skrokka.*

Verklýsing:

Nafn eða númer sauðfjárbónda. Dagsetning slátrunar. Fjöldi og flokkun skrokka.

Bókun:

Gögn um afurðir slátrunar. Umsjónarmaður.

Viðurlög:

Engin frekari vinnsla fyrir en að lokinni viðurkenningu (sjá 5.2).

4.2 *Hlutunaráætlun.*

Verklýsing:

Þegar að sögun eða þökkun og merkingu kemur skulu aðeins viðurkenndar afurðir vera á sögunarsvæði. Nafn eða númer viðkomandi sauðfjárbónda ásamt samþykktu vottorði. Fjöldi og flokkun skrokka. Leiðbeiningar um sögun eftir því hvernig hluta skal skrokkinn. Leiðbeiningar um merkingu.

Bókun:

Hlutunaráætlun hjá slátruhúsi nr. _____. Vakthafandi framleiðslustjóri ábyrgur.

Viðurlög:

Engin bókun vegna sögunar eða úrbeiningar fyrir kaupanda skal fara fram nema leiðbeiningar um sögun og merkingar séu tiltækar og gildar.

4.3 *Afurðaskráning.*

Verklýsing:

Framleiðsludagur. Fjöldi kassa skv. tegund afurða.

Bókun:

Afurðaskráning. Verkstjóri. Framleiðslustjóri.

Viðurlög:

Nauðsynlegt vegna vottunar. Engar afurðir skulu afgreiddar fyrr en að lokinni viðurkenningu (sjá 5.4).

5.0 VERKÞÁTTUR: Viðurkenning.

5.1 *Gæðaflokkun.*

Verklýsing:

Aðgangur einungis heimill tölvuráðgjöfum og tveimur starfsmönnum.

Bókun:

Í hverju tilviki má einungis skrá færslur skv. heimild. Ábyrgð: sláturhússtjóri, tölvubókari.

Viðurlög:

Færslur í heimildarleysi. Kaupandi setur bann á allar merktar afurðir þar til eftirlit hefur verið viðurkennt.

5.2 *Uppgjör slátrunar.*

Verklýsing:

Fjöldi gripa frá hverjum sauðfjárbónda verður að svara til fjölda skrokka sem kemur úr flokkun að viðbættum skrokkum sem vísað er frá.

Bókun:

Afurðaskráning. Tölvubókari.

Viðurlög:

Séu skrokkarnir, að meðtöldum þeim sem vísað er frá, fleiri en fjöldi afhentra gripa má ekki viðurkenna viðkomandi hóp.

5.3 *Kassamerking.*

Verklýsing:

Takmarkaður aðgangur að tölvugögnum. Skyldubundnar upplýsingar. Nöfn og/eða auðkenni sauðfjárbónda.

Bókun:

Færsluskrá eftirlitsins; heimild til bókar hafa: sögunar- og úrbeiningarstjóri eða framleiðslustjóri.

Viðurlög:

Ólögmat færsla; bann gegn flutningi úr sláturhúsi þar til eftirlitskerfi hefur verið vottað.

5.4 *Birgðaskráning.*

Verklýsing:

Fjöldi kassa eftir (skrokk) hlutum, merkjum og/eða nafni sauðfjárbónda, auk þess ný framleiðsla að frátöldum útfluttum kössum.

Bókun:

Birgðaskráning endurskoðuð daglega á ábyrgð framleiðslustjóra. Rauntalning. Framleiðslustjóri og yfirmaður frýstingar ábyrgir.

Viðurlög:

Séu kassar merktir samkvæmt þessu kerfi fleiri en framleiðslutölur segja til um, skulu allar fyrirleggjandi birgðir af merktum kössum dæmdar óhæfar til flutnings úr sláturhúsi.

2. HLUTI: AÐRAR SAUÐFJÁRAFURÐIR OG AFURÐIR GEITFJÁR

Heimilt er að viðurkenna aðrar sauðfjárafurðir en kjöt svo sem innmat, gætur, ull, mjólk og sauðatað, svo og samsvarandi afurðir geitfjár sem hlotið hefur þá meðferð sem kveðið er á um í reglugerð þessari og 1. hluta I. viðauka.

II. VIÐAUKI GRAS OG GRASAFURÐIR

1. Hráefni.

Viðauki þessi tekur til hvers konar afurða úr grasi og öðrum íslenskum tún- og engjagróðri, þar með talið þurrhey, vothey, gras í loftþéttum umbúðum, grasmjöl, graskögglar og heykögglar sem framleitt er samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

2. Ræktun.

Gætt skal hófs við áburðarnotkun þannig að hún samræmist umhverfisvernd. Öll notkun lyfja og varnarefna er óheimil, þar með talin eiturefni gegn illgresi, skordýrum og sveppum. Við staðlaða framleiðslu grasmjöls, grasköggla og grass í loftþéttum umbúðum skal taka jarðvegssýni til rannsóknar hjá viðurkenndum aðilum með reglubundnum hætt. Hráefni skal vera af tünnum, sem eru varin gegn ágangi búfjár.

3. Vinnsla.

Grasið skal slegið þegar viðunandi þroskastigi er náð með tilliti til uppskeru og gæða. Við framleiðslu grasmjöls og grasköggla skal grasið saxað og flutt samdægurs til þurrkunar við 500-1.000 °C blástur þar til a.m.k. 90% þurrferni er náð. Einungis er heimilt að nota hreint vatn við pressun grasmjöls í köggla.

4. Þökkun.

Grasafurðum skal pakka með þeim hætti sem best henta til flutnings og geymslu. Velja skal plastumbúðir með tilliti til umhverfisverndar. Miða skal við að votheysrúllur séu vafðar sex vafningum hið minnsta. Við framleiðslu grass í loftþéttum umbúðum skal hráefnið vera án rigningarvatns og skal rakastig vera 35-55% við þökkun.

5. Gæðavottun.

Við geymslu og flutning skal þess gætt að grasafurðum, sem viðurkenndar eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, sé haldið aðskildum og þær merktar einstökum framleiðendum. Merkja skal hverja pakkningu grasmjöls, grasköggla, heyköggla og grass í loftþéttum umbúðum en votheys- og þurrheysrúllur skal merkja hverja fyrir sig ef því verður við komið. Að öðru leyti er heimilt að auðkenna vothey og þurrhey eftir gámum eða förmum. Á hverri pakkningu skal vera innihaldslýsing þar sem fram koma upplýsingar um næringargildi, sbr. gildandi reglur um fóðurmat. Auk sérstaks opinbers vörumerkis, með tilvísun í vistræna framleiðsluhætti samkvæmt reglugerðinni, er framleiðanda heimilt að nota eigin merki eða vöruheit svo fremi að þau brjóti ekki í bága við ákvæði hennar. Verði framleiðandi uppvis að því að gefa eftirlitsaðila rangar upplýsingar er heimilt að svipta hann rétti til að nota vörumerkið. Eftirlitsaðilum skal ætíð heimill aðgangur að fyrirtækjum og öðrum framleiðslustöðum grass og grasafurða.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1996

9. febrúar 1996

157

Nr. 90

AUGLÝSING

um að línuafli skuli að fullu reiknast til aflamarks.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 406, 20. júlí 1995, tilkynnir ráðuneytið, að línuafli, sem landað er eftir 15. febrúar 1996 til loka fiskveiðiárs, skuli að fullu reiknast til aflamarks fiskiskipa.

Sjávarútvegráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

9. febrúar 1996

Nr. 91

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo: Við útreikning á rúmtölum fiskiskipa vegna endurnýjunar, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands.

2. gr.

14. gr. orðist svo: Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eða fleiri fiskiskipa til eins fiskiskips, enda megi ætla að afkastageta aukist ekki við skiptin. Miðað skal við að eitt skipanna sem veiðileyfi lætur sé a.m.k. 45% af rúmtölu þess skips sem veiðileyfi fær. Leyfileg rúmtala þess skips sem veiðileyfi fær skal miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er veiðileyfi látar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

B 12
Gutenberg

Endurprentað blað.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.230 frá 12. febrúar 1996 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 12. febrúar 1996.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1996

13. febrúar 1996

159

Nr. 93

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i> 0706.1000	Gulrætur og næpur	19.02.-15.03.96	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

14. febrúar 1996

Nr. 94

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1996 vera 453.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.
Gutenberg

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu-, Arnarnes-, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Grímseyjar-, Svarfaðardals-, Árskógs-, og Hríseyjarhreppar myndi eina almannavarnanefnd og myndi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um samstarf um almannavarnir nr. 507 30. ágúst 1994.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 96

31. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig skal litið svo á að vátryggingarskyldunni hafi verið fullnægt að því er varðar ökutæki sem skráð eru í ríkjum sem ekki eiga aðild að marghliða ábyrgðarsamningi þeim sem greinir í 3. mgr. og koma hingað til lands frá öðru ríki sem er aðili Evrópska efnahagssvæðisins. Heimilt skal þó í einstaka tilvikum að kanna hvort vátryggingarskyldunni hafi verið fullnægt.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 8., 9. og 10. tölul. IX. viðauka við EES samninginn (tilskipun 72/166/EBE með breytingum með tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE og ákvörðunum 91/323/EBE og 93/43/EBE).

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1996

26. janúar 1996

161

Nr. 97

REGLUR

um úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972
með síðari breytingum.

1. gr.

Úrskurðarnefnd, skipuð skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum, sker úr ágreiningi um þóknun til réttihafa í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að réttihafa sé greidd þóknun sbr. 14. gr., 15.a, 16., 17., 20., 21., 23., 23.a, 25. og 47. gr. laganna. Þá skal nefndin sinna þeim verkefnum öðrum, sem henni kunna að vera falin í höfundalögum.

2. gr.

Úrskurðarnefnd tekur deilu til meðferðar, er aðilum hefur verið gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir um ágreiningsefnið. Áður en til úrskurðar kemur skal nefndin leita sátta með aðilum.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefnin séu. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Úrskurðarnefndinni er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

3. gr.

Þóknun til úrskurðarnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við störf nefndarinnar skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Verði ágreiningur um þóknun nefndarmanna er heimilt að beita ákvæðum 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma, til lausnar ágreiningsefninu.

4. gr.

Reglur þessar eru settar að höfðu samráði við höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 800/1982 um gerðardóma skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUR

um úðabrusa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar gilda um úðabrusa sem ætlaðir eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um úðabrusa hvort sem þeir eru til notkunar við atvinnurekstur eða til einkanota almennings.

2. Reglur þessar gilda um úðabrusa eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. að frátöldum þeim sem hafa annars vegar innan við 50 ml hámarksrúmtak og hins vegar þeim sem hafa hámarksrúmtak umfram það sem er tilgreint í liðum 3.1, 4.1.1, 4.2.1, 5.1 og 5.2 í viðauka reglna þessara.

2. gr.

Að því er reglur þessar varðar merkir *úðabrusi* einnota hylki úr málm, gleri eða plasti sem inniheldur lofttegund sem er samþjöppuð, fljótandi eða uppleyst undir þrýstingi, með eða án vökva, krems eða dufts og með losunarbúnaði sem gerir kleift að losa innihaldið sem fastar eða fljótandi agnir í úðaformi, sem froðu, krem, duft eða vökva.

3. gr.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu úðabrusa skal setja táknið **3** (spegilmynd af stafnum epsilon) á brúsana til sönnunar því að þeir séu í samræmi við kröfurnar í reglum þessum og viðaukanum við þær.

4. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana úðabrusa sem eru í samræmi við kröfurnar í þessum reglum og viðaukanum við þær, sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

5. gr.

1. Merkingar skulu vera á öllum úðabrusum eða á merkimiða sem festur er við þá, ef ekki er hægt að koma áletrunum fyrir á umbúðunum vegna smæðar þeirra (hámarksrúmtak 150 ml eða þar undir), þar sem tekin eru fram a. m. k. eftirfarandi atriði með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

- a. nafn og heimilisfang eða vörumerki þess sem ber ábyrgð á markaðssetningu úðabrusans;
- b. táknið **3** (spegilmynd af epsilon) til staðfestingar því að kröfurnar í reglum þessum séu uppfylltar;
- c. stafamerkingar sem gefa upplýsingar um áfyllingu;
- d. upplýsingarnar sem um getur í lið 2.2 og 2.3 í viðaukanum;
- e. nettóinnihald samkvæmt þyngd og rúmmáli.

2. Vinnueftirlitið setur sem skilyrði fyrir sölu úðabrusa hér á landi að nauðsynlegustu merkingar séu á íslensku.

6. gr.

1. Óheimilt er að setja á markað úðabrusa með merkingum eða áletrunum sem hægt er að taka í misgripum fyrir táknið **3** (spegilmynd af epsilon).

2. Ef sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu úðabrúsa hefur undir höndum prófniðurstöður eða önnur gögn sem sýna að jafnvel þó innihald úðabrúsa sé eldfimt, hafi þeir ekki í för með sér íkvikunarrhættu við venjulega eða fyrirsjáanlega notkun efnisins, er honum heimilt á eigin ábyrgð að ákveða að beita ekki ákvæðum í b-lið í tölulið 2.2 og b-lið í tölulið 2.3 í viðaukanum. Í slíku tilviki verður að tilgreina á merkimiða úðabrusans, með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum, magn eldfimra efna í honum: „X % af massa innihalds er eldfimt“.

II. KAFLI Ýmis ákvæði.

7. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgst þá með því.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 75/324/EBE, sem vísað er til í 1. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

III. KAFLI Áfrýjun úrskurða.

8. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI Refsiákvæði.

9. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI Gildistaka.

10. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 1. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samkvæmt tilskipun 75/324/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 94/1/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. september 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI

1. SKILGREININGAR

- 1.1. Þrýstingur
„Þrýstingur“ er innri þrýstingur mældur í börum (yfirþrýstingur).
- 1.2. Prófunarþrýstingur
„Prófunarþrýstingur“ er sá þrýstingur sem tómur úðabrúsi þolir í 25 sekúndur án þess að leki komi að honum eða, ef um er að ræða málm- eða plasthylki, án þess að hann aflagist sýnilega eða varanlega að frátöldum þeim misfellum sem eru leyfðar samkvæmt lið 6.1.1.2.
- 1.3. Sprengiþrýstingur
„Sprengiþrýstingur“ er minnsti þrýstingur sem veldur því að úðabrúsi springur eða rifnar.
- 1.4. Heildarrúmtak hylkis
„Heildarrúmtak“ er rúmtak opins hylkis upp að brún opsins, mælt í millilítrum.
- 1.5. Nettórrúmtak
„Nettórrúmtak“ er rúmtak hylkis sem er fyllt og lokað, mælt í millilítrum.
- 1.6. Rúmmál vökva
„Rúmmál vökva“ er rúmmál efna, annarra en loftefna, í fylltum og lokuðum úðabrúsa.
- 1.7. Prófunarskilyrði
„Prófunarskilyrði“ er prófunar- og sprengiþrýstingur með vökvakrafti við 20°C ($\pm 5^\circ\text{C}$).
- 1.8. Eldfim efni
„Eldfim efni“ eru efni og efnablöndur sem samsvara viðmiðunum sem mælt er fyrir um í flokkunum „gífurlega eldfimt“, „afar eldfimt“ og „eldfimt“ sem eru skráð í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE.
Eldfimi og kveikjumark úðabrusainnihaldsins er ákveðið með sérstökum aðferðum sem er lýst í A-hluta V. viðauka við ofangreinda tilskipun.

2. ALMENN ÁKVÆÐI

- 2.1. Smíði og útbúnaður
 - 2.1.1. Úðabrúsar skulu uppfylla ákvæði þessa viðauka við öll venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.
 - 2.1.2. Loki skal vera nægilega traustur til að tryggja að úðabrusinn sé alveg loftþéttur við venjulegar aðstæður í geymslu eða flutningi og hann skal vera varinn, til dæmis með hlífðarloki, gegn því að hann opnist fyrir slysi og gegn hvers konar skemmdum.
 - 2.1.3. Efni sem höfð eru í úðabrúsa mega ekki draga úr styrkleika hans, jafnvel þótt þau séu geymd þar lengi.
- 2.2. Áletranir
Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:
 - a) Allar tegundir innihalds: „*Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.*“;
 - b) Ef innihaldið er eldfimt í skilningi liðar 1.8: táknið „*Eldfimt*“ þar sem við á, upplýsingar um efnin og/eða efnablöndurnar sem úðabrusinn inniheldur, þar með talin drifefni, séu eldfim og viðeigandi hættusetningar sem eru ákvarðaðar

í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 2.2.3, 2.2.4 eða 2.2.5 í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og að því er varðar táknið „*Eldfimt*“ og upplýsingar um hættu, í samræmi við ákvæði II. viðauka við ofangreinda tilskipun.

- c) „*Eldfimt*“ eða táknið fyrir opinn eld ef eldfim efni eru yfir 45% af þyngd innihalds eða meira en 250 g.

2.3. Sérstök fyrirsmáli um notkun

Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:

- a) Allar tegundir innihalds: viðbótarvarúðarráðstafanir sem vekja athygli neytenda á sérstakri hættu sem varan hefur í för með sér;
- b) Ef innihaldið er eldfimt eftirfarandi varúðarsetningar:
- „*Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.*“
 - „*Geymist fjarri hita- og neistagjöfum.*“
 - „*Reykingar bannaðar.*“
 - „*Geymist þar sem börn ná ekki til.*“

3. SÉRÁKVÆÐI UM ÚÐABRÚSA ÚR MÁLMÍ

3.1. Rúmtak

Heildarrúmtak þessara hylkja má ekki fara yfir 1.000 ml.

3.1.1. Prófunarþrýstingur hylkisins

- a) Prófunarþrýstingur hylkja sem eru fyllt við þrýsting undir 6,7 börum við 50°C skal vera að minnsta kosti 10 bör.
- b) Prófunarþrýstingur hylkja sem eru fyllt við þrýstinginn 6,7 bör eða þar yfir við 50°C skal vera 50% hærri en innri þrýstingur við 50°C.

3.1.2. Áfylling

Þrýstingur í úðabrusum má ekki vera meiri en 12 bör við 50°C, án tillits til þess hvaða lofttegund er notuð við áfyllingu.

3.1.3. Rúmmál vökva

Rúmmál vökva má ekki fara yfir 87% af nettórúmtaki hylkis við 50°C. Þó má rúmmál vökva fara upp í 95% af nettórúmtaki við 50°C þegar hylkið er með íhvolfum botni sem spennist út áður en það springur.

4. SÉRÁKVÆÐI UM ÚÐABRÚSA ÚR GLERI

4.1. Hylki með plathúð eða annarri varanlegri hlíf

Heimilt er að fylla á hylki af þessari gerð með samþjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.

4.1.1. Rúmtak

Heildarrúmtak þessara hylkja má ekki fara yfir 220 ml.

4.1.2. Hlíf

Hlífin skal vera varnarhylki úr plasti eða öðru heppilegu efni, ætlað til að koma í veg fyrir að glerbrot dreifist um ef hylkið brotnar fyrir slysi, og skal það gert á þann hátt að engin glerbrot dreifist um þótt fullur úðabrusi falli niður á steinsteyppt gólf úr 1,8 m hæð við hitastigið 20°C.

4.1.3. Prófunarþrýstingur hylkisins

- a) Hylki sem eru fyllt með samþjöppuðum eða uppleystum lofttegundum skulu að minnsta kosti standast prófunarþrýstinginn 12 bör.
- b) Hylki sem eru fyllt með fljótandi lofttegundum skulu að minnsta kosti þola prófunarþrýstinginn 10 bör.

4.1.4. Áfylling

- a) Úðabrúsar sem eru fylltir með samþjöppuðum lofttegundum mega ekki vera undir meiri þrýstingi en 9 börum við 50°C.
- b) Úðabrúsar sem eru fylltir með uppleystum lofttegundum mega ekki vera undir meiri þrýstingi en 8 börum við 50°C.
- c) Úðabrúsar sem innihalda fljótandi lofttegundir eða blöndur fljótandi lofttegunda mega ekki vera undir meiri þrýstingi við 20°C en sýnt er í eftirfarandi töflu:

Heildarrúmtak	Hlutfall lofttegundar sem hefur þést af heildarþyngd loftblöndu		
	20%	50%	80%
50 – 80 ml	3,5 bör	2,8 bör	2,5 bör
<80 – 160 ml	3,2 bör	2,5 bör	2,2 bör
<160 – 220 ml	2,8 bör	2,1 bör	1,8 bör

Taflan sýnir leyfðan hámarksþrýsting við 20°C með tilliti til hundraðshluta lofttegundar.

Leyfður hámarksþrýstingur fyrir aðra hundraðshluta lofttegunda en fram koma í töflunni skal fundinn með framreikningi.

4.1.5. Rúmmál fljótandi efnis

Við 50°C má rúmmál fljótandi efnis í fullum úðabrúsa ekki fara yfir 90% af nettórúmtaki.

4.2. Óvarðir úðabrúsar úr gleri

Hylki úr óvörðu gleri má eingöngu fylla með fljótandi eða uppleystum lofttegundum.

4.2.1. Rúmtak

Heildarrúmtak þessara hylkja má ekki fara yfir 150 ml.

4.2.2. Prófunarþrýstingur hylkisins

Prófunarþrýstingur hylkisins skal vera að minnsta kosti 12 bör.

4.2.3. Áfylling

- a) Úðabrúsar, fylltir með uppleystum lofttegundum, mega ekki vera undir meiri þrýstingi en 8 börum við 50°C.
- b) Úðabrúsar, fylltir með fljótandi lofttegundum mega ekki vera undir meiri þrýstingi við 20°C en sýnt er í eftirfarandi töflu:

Heildarrúmtak	Hlutfall lofttegundar sem hefur þést af heildarþyngd loftblöndu		
	20%	50%	80%
50 – 70 ml	1,5 bör	1,5 bör	1,25 bör
<70 – 150 ml	1,5 bör	1,5 bör	1,0 bar

Taflan sýnir leyfðan hámarksþrýsting við 20°C með tilliti til hundraðshluta fljótandi lofttegundar.

Leyfður hámarksþrýstingur fyrir aðra hundraðshluta lofttegunda en fram koma í töflunni skal fundinn með framreikningi.

4.2.4. Rúmmál fljótandi efna

Við 50°C má rúmmál fljótandi eða uppleystra lofttegunda í úðabrúsa ekki fara yfir 90% af nettórúmtaki.

5. SÉRÁKVÆÐI UM ÚÐABRÚSA ÚR PLASTI

- 5.1. Úðabrúsar úr plasti sem geta splundrast þegar þeir springa skulu meðhöndlaðir á sama hátt og úðabrúsar úr óvörðu gleri.
- 5.2. Úðabrúsar úr plasti sem splundrast ekki þegar þeir springa skulu meðhöndlaðir á sama hátt og úðabrúsar úr gleri með hlíf.

6. PRÓFANIR

- 6.1. Kröfur um prófanir sem aðilinn er sér um markaðssetningu skal ábyrgjast
 - 6.1.1. Vökvaprýstingsprófun á tómunum hylkjum
 - 6.1.1.1. Úðabrúsar úr málmi, gleri eða plasti skulu standast vökvaprýstingsprófanirnar sem mælt er fyrir um í 3.1.1, 4.1.3 og 4.2.2.
 - 6.1.1.2. Málmhylki sem eru ósamhverf, illa aflöguð eða hafa aðra viðlíka galla skulu tekin úr umferð. Lítilsháttar misfellur á útlínunum botns eða efri brúnar hylkisins eru ásættanlegar að því tilskildu að hylkið standist sprengiprófunina.
 - 6.1.2. Sprengiprófun á tómunum málmhylkjum
Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu skal ganga úr skugga um að sprengiprýstingur hylkjanna sé að minnsta kosti 20% hærri en prófunarprýstingur.
 - 6.1.3. Fallprófun á glerhylkjum með hlíf
Framleiðandi skal sjá til þess að hylkin uppfylli prófunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í 4.1.2.
 - 6.1.4. Skoðun einstakra úðabrúsa eftir áfyllingu
 - 6.1.4.1. a) Sérhverjum áfylltum úðabrúsa er sökkt í vatnsbað. Ákveða skal hitastig vatnsins og tímenn sem brúsarnir eru hafðir niðri í vatninu með tilliti til þess að:
 - allt innihald úðabrúsans nái hitastiginu 50°C, eða
 - prýstingur í úðabrúsanum nái því marki sem innihaldið segir til um við sama hitastig eða 50°C.
 - b) Úðabrúsar sem eru sýnilega og varanlega aflagaðir eða sem leki hefur komið að skulu teknir úr umferð.
 - 6.1.4.2. Þó getur sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu notað aðrar prófunaraðferðir, sem gefa jafn góða raun og vatnsbaðið, á eigin ábyrgð og með samþykki nefndarinnar sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar.
- 6.2. Dæmi um eftirlitsprófanir sem aðildarríkin geta látið framkvæma
 - 6.2.1. Prófun tómrar hylkja
Prófunarprýstingi er beitt í 25 sekúndur á fimm hylki, valin af handahófi úr 2.500 hylkja framleiðslulotu sams konar hylkja, þ.e. hylkja sem eru framleidd úr sama efni og með sömu aðferð, eða úr einnar klukkustundar framleiðslu.
Ef eitthvert þessara hylkja stenst ekki prófun skal velja tíu hylki til viðbótar af handahófi úr sömu framleiðslulotu og prófa þau á sama hátt.
Ef eitthvert þessara hylkja stenst ekki prófunina dæmist öll lotan óhæf til notkunar.
 - 6.2.2. Prófun áfylltra úðabrúsa
Prófanir á því hvort úðabrúsar séu loft- og vatnspéttir skulu framkvæmdar á þann hátt að tilteknum fjölda úðabrúsa er sökkt í vatnsbað. Ákveða skal hitastig vatnsins og tímenn sem brúsarnir eru hafðir niðri í vatninu með tilliti til þess að innihald úðabrúsanna haldi sama hitastigi eða 50°C í nægilega langan tíma til að ganga úr skugga um að engin hylki springi eða rifni.
Ef framleiðslulota úðabrúsa stenst ekki þessar prófanir dæmist hún óhæf til notkunar.

REGLUR

um einföld þrýstihylki.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar gilda um fjöldaframleidd, einföld þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um einföld þrýstihylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings, séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Í reglum þessum merkir einfalt þrýstihylki öll soðin hylki sem þola meiri yfirþrýsting innan frá en 0,5 bör, eru ætluð undir loft eða köfnunarefni en ekki til brennslu. Enn fremur:

- þeir hlutar og samsettir hlutar sem stuðla að styrk þrýstihylkisins skulu annaðhvort gerðir úr hreinu gæðastáli, hreinu áli eða álblöndu sem hefur verið hert án öldrunar-meðferðar,
- hylkið skal búið til úr:
- sívölum hluta með hringlaga þverskurðarfleti, sem lokað er með kúptum og/eða flötum endum sem hverfast um sama ás og sívalningshlutinn, eða
- tveimur kúptum endum sem hverfast um sama ás,
- hámarksvinnuþrýstingur hylkisins skal ekki fara yfir 30 bör og margfeldi þess þrýstings og rúmtaks hylkisins ($PS \times V$) má ekki fara yfir 10.000 bar-l,
- lágmarkshitastig við vinnu má ekki vera undir -50°C og hámarkshitastig við vinnu ekki herra en 300°C fyrir stál og 100°C fyrir hylki úr áli eða álblöndu.

3. Reglur þessar gilda ekki um eftirtalin hylki:

- hylki sem eru sérhönnuð til notkunar á sviði kjarnorku þar sem bilun gæti haft geislavirkni í för með sér,
- hylki sem eru sérstaklega ætluð til notkunar í skipum og loftförum eða til að knýja þau áfram,
- slökkvitæki.

2. gr.

1. Hylki þar sem margfeldið $PS \times V$ fer yfir 50 bar-l verða að uppfylla þær grundvallarkröfur um öryggi sem eru settar fram í I. viðauka.

2. Hylki þar sem margfeldið $PS \times V$ er 50 bar-l eða minna skulu framleidd í samræmi við trausta verkfræðipækkingu í einhverju aðildarríkjanna og bera merkingar sem mælt er fyrir um í 1. tölul. II. viðauka, að undanskildu CE-merkinu sem um getur í 13. gr.

3. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana hylki sem eru í samræmi við kröfurnar í þessum reglum og viðaukunum við þær, sbr. þó 2. mgr. 13. gr.

4. gr.

1. Hylki sem bera CE-merkið teljast uppfylla öll ákvæði reglna þessara, þar með taldar reglur um samræmismat sem um getur í II. kafla. Hylki sem framleidd eru í samræmi við innlenda staðla sem fela í sér samræmda Evrópustaðla (EN) teljast uppfylla grunnkröfur um öryggi sem um getur í 2. gr.

2. Hylki sem ekki hafa verið framleidd samkvæmt stöðlunum sem um getur í 1. mgr. eða aðeins að hluta til eða hylki sem engir slíkir staðlar eru til um teljast vera í samræmi við grundvallarkröfumar sem um getur í 2. gr. þegar EBE-gerðarprófunarvottorð hefur verið veitt og samræmi við samþykktu fyrirmynd hefur verið staðfest með CE-merkinu.

3. a. Ef hylkin falla undir ákvæði annarra reglna sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur, gefur þetta merki til kynna að viðkomandi hylki teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglna.

b. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið gefa til kynna að samræmi sé aðeins við þær reglur sem framleiðandinn beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem beitt er, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglunum og fylgja slíkum hylkjum.

II. KAFLI

Tilhögun vottunar.

5. gr.

1. Áður en framleiðsla er hafin á þrýstihylkjum þar sem margfeldið PS x V fer yfir 50 bar-l og sem:

a. eru framleidd í samræmi við staðlana sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal framleiðandi, eða fulltrúi hans sem hefur staðfestu innan EES, að eigin vali:

– tilkynna það samþykktum skoðunaraðila samkvæmt 8. gr. sem að lokinni athugun á hönnunar- og framleiðsluteikningunni sem um getur í 3. tölul. II. viðauka gefur út vottorð um að þessi gögn séu fullnægjandi, eða

– leggja fram frumgerð hylkis til gerðarprófunarinnar sem um getur í 9. gr.:

b. eru ekki eða aðeins að hluta til í samræmi við staðlana sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal framleiðandinn eða fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan EES, leggja fram frumgerð hylkis til gerðarprófunarinnar sem um getur í 9. gr.

2. Hylki sem eru framleidd samkvæmt stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. eða í samræmi við viðurkenndar frumgerðir skulu fá eftirfarandi meðferð áður en þau eru sett á markað:

a. EB-sannprófun sem um getur í 8. gr. þegar margfeldið PS x V fer yfir 3.000 bar-l;

b. að vali framleiðanda, þegar margfeldið PS x V fer ekki yfir 3.000 bar-l en er meira en 50 bar-l:

– EB-samræmisýfirlýsingu sem um getur í 9. gr., eða

– EB-sannprófun sem um getur í 8. gr.

3. Skýrslur og bréfaskipti varðandi vottunaraðferðirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu fara fram á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem samþykkti skoðunaraðilinn hefur staðfestu, eða á tungumáli sem þessi aðili hefur samþykkt.

6. gr.

Í III. viðauka eru tiltekin þau lágmarksskilyrði sem samþykktur aðili þarf að uppfylla.

EB-gerðarprófun.

7. gr.

1. EB-gerðarprófun er aðferð sem samþykktur aðili notar til að ákvarða og votta að frumgerð af hylki uppfylli þau ákvæði reglna þessara sem gilda um það.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES leggur fram umsókn til eins samþykks aðila um EB-gerðarprófun á frumgerð hylkis eða einni tegund hylkja. Í umsókninni skal koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans og framleiðslustaður hylkjanna,
- hönnunar- og framleiðsluáætlunin sem um getur í 3. tölul. II. viðauka.
Umsókninni skal fylgja hylki sem er sýnishorn af fyrirhugaðri framleiðslu.

3. Samþykktur aðili skal framkvæma EB-gerðarprófunina á þann hátt sem lýst er hér á eftir. Hann athugar hönnunar- og framleiðsluáætlunina með tilliti til þess að samræmis sé gætt og rannsakar einnig hylkið sem lagt er fram. Við athugun á hylkinu skal samþykkti aðilinn:

- a. sannprófa að hylkið hafi verið framleitt í samræmi við hönnunar- og framleiðsluáætlunina og að hættulaust sé að nota það við þau skilyrði sem ráð er fyrir gert;
- b. framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að hylkið sé í samræmi við þær grundvallarkröfur sem það á að uppfylla.

4. Ef frumgerðin uppfyllir ákvæðin sem gilda um það skal samþykkti aðilinn gefa út EB-gerðarprófunarvottorð sem er afhent umsækjanda. Í vottorðinu skulu koma fram niðurstöður prófunarinnar og tilgreind skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, ásamt þeim lýsingum og teikningum sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á viðurkennda sýnishornið.

EB-sannprófun.

8. gr.

1. EB-sannprófun er ferlið sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að hylkin sem hafa verið prófuð samkvæmt 3. mgr. séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða við hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. lið II. viðauka og gefið hefur verið út vottorð um að þau uppfylli kröfur.

2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að hylkin séu í samræmi við gerð þá sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. tölul. II. viðauka. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal setja CE-merkið á hvert hylki og gefa út samræmisyfirlýsingu.

3. Samþykktur aðili skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að hylkin séu í samræmi við kröfur þessara reglna með því að rannsaka og prófa þau í samræmi við eftirfarandi:

1. Framleiðandinn skal afhenda hylki sín í einsleitum framleiðslulotum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hver lota í framleiðsluferlinu sé einsleit.
2. Framleiðslulotunum skal fylgja EB-gerðarprófunarvottorðið sem um getur í 8. gr. eða, ef hylkin eru ekki framleidd í samræmi við viðurkennda frumgerð, hönnunar- og framleiðsluáætlunin sem um getur í 3. tölul. II. viðauka. Í því tilviki rannsakar samþykkti aðilinn áætlunina áður en EB-sannprófunin fer fram til að votta að hún sé í samræmi við reglur.
3. Þegar framleiðslulota er rannsökuð skal samþykkti aðilinn ganga úr skugga um að hylkin hafi verið framleidd og prófuð í samræmi við hönnunar- og framleiðsluáætlunina, og til að prófa styrk þeirra skal hann framkvæma vökvaþrýstingsprófun eða jafngilda loftþrýstingsprófun á öllum hylkjum í lotunni við þrýsting þar sem P_h er jafnt og 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur. Loftþrýstingsprófunin er háð því að stjórnvald aðildarríkisins þar sem hún er framkvæmd samþykki öryggisákvæðin sem farið er eftir við prófunina. Enn fremur skal samþykkti aðilinn prófa gæði suðu á prófunarsýnum sem að vali framleiðanda eru tekin úr efni eða hylki. Prófunin er gerð á suðu eftir endilöngu. Þar sem notaðar eru mismunandi aðferðir við að sjóða eftir endilöngu og á hringferli skal þó endurtaka prófunina á soðnum hringingsamskeytum.

Hylkin sem um getur í tölul. 2.1.2 í I. viðauka skulu prófuð með vökvaprýstingsprófun, í stað prófunar á prófunarsýnum, og er hún framkvæmd á fimm hylkjum sem eru tekin af handahófi úr hverri framleiðslulotu til að ganga úr skugga um að þau séu í samræmi við kröfurnar í tölul. 2.1.2 í I. viðauka.

4. Viðurkenndur aðili setur eða lætur setja kenninúmer sitt á sérhvert hylki í viðurkenndum framleiðslulotum og gefur út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem fram hafa farið. Öll hylkin í lotunni má markaðssetja að undanskildum þeim sem ekki hafa staðist vökvaprýstingsprófun eða loftþrýstingsprófun. Ef framleiðslulotu er hafnað gera tilkynntur aðili eða lögbær stjórnvöld viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú lota verði markaðssett. Ef framleiðslulotum er oft hafnað getur tilkynntur aðili frestað tölfræðilegri sannprófun. Framleiðandi má á ábyrgð tilkynnts aðila setja kenninúmer hins síðarnefnda á vöruna meðan á framleiðslu stendur.
5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geta lagt fram þau samræmisvottorð viðurkennds aðila sem um getur í 4. undirlið, sé þess óskað.

EB-samræmisyfirlýsing.

9. gr.

1. Framleiðandi sem innir af hendi skyldur samkvæmt 10. gr. skal setja CE-merkið sem kveðið er á um í 12. gr. á hylki sem samkvæmt yfirlýsingu hans eru í samræmi við:
 - hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. tölul. II. viðauka og vottorð hefur verið gefið út um að kröfum sé fullnægt, eða
 - viðurkennda frumgerð.

2. Tilgangur eftirlits samkvæmt 2. mgr. 11. gr. er að sjá til þess að framleiðandinn inni af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. Eftirlitið er á hendi samþykktá skoðunaraðilans sem hefur gefið út EB-gerðarprófunarvottorðið sem um getur í 7. gr. Þegar hylkið er framleitt í samræmi við viðurkennda frumgerð, eða að öðrum kosti á hendi samþykktá aðilans sem hönnunar- og framleiðsluáætlunin var send til í samræmi við fyrsta undirlið a-liðar 1. mgr. 5. gr.

10. gr.

1. Þegar framleiðandinn beitir aðferðinni sem um getur í 9. gr. verður hann, áður en framleiðsla hefst, að senda samþykktá skoðunaraðilanum sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið, eða vottorðið um að kröfum hafi verið mætt, skjalfesta lýsingu á framleiðsluferlinu og öllum kerfisbundnum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið fyrir fram til að tryggja að þrýstihylkin séu í samræmi við staðlana sem um getur í 1. lið 4. gr. eða viðurkennda frumgerð. Þetta skjal skal innihalda:

- a. lýsingu á viðeigandi framleiðslu- og prófunaraðferðum í samræmi við gerð hylkjanna,
- b. skoðunarskjal þar sem lýst er viðeigandi rannsóknnum og prófunum sem ber að framkvæma á meðan á framleiðslunni stendur, svo og hvernig og hve oft þær skulu framkvæmdar,
- c. skuldbindingu um að framkvæma rannsóknirnar og prófanirnar í samræmi við áður nefnt skoðunarskjal, svo og vökvaprýstingsprófun eða, með samþykki aðildarríkisins, loftþrýstingsprófun á öllum hylkjum við prófunarþrýstinginn sem er 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur. Sérmenntaðir starfsmenn, sem eru óháðir starfsmönnum sem vinna við framleiðsluna, skulu vera ábyrgir fyrir þessum rannsóknum og prófunum og skal taka þær saman í skýrslu,
- d. heimilisföng á framleiðslu- og geymslustöðum og dagsetninguna þegar framleiðsla á að hefjast.

2. Þegar margfeldið PS x V er meira en 200 bar-l skulu framleiðendur auk þess veita

aðilanum sem annast eftirlit aðgang að áðurnefndum framleiðslu- og geymslustöðum þar sem eftirlitið fer fram, heimila sama aðila að velja hylki sem sýnishorn og veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum varðandi:

- hönnunar- og framleiðsluáætlunina,
- skoðunarskýrsluna,
- EB-gerðarprófunarvottorðið eða vottorð um að kröfum hafi verið fullnægt,
- skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

11. gr.

1. Samþykkti aðilinn sem hefur gefið út EB-gerðarprófunarvottorðið eða vottorð um að kröfum hafi verið fullnægt skal, áður en framleiðslan hefst, athuga skjalið sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og einnig hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. tölul. II. viðauka til að votta að skjölin samrýmist kröfum, þegar ekki er um að ræða hylki sem eru framleidd í samræmi við viðurkennda frumgerð.

2. Á framleiðslutímanum, þegar margfeldið PS x V er meira en 200 bar-l, skal sami aðili þar að auki:

- ganga úr skugga um að framleiðandinn hafi eftirlit með raðframleiddum hylkjum í samræmi við c-lið 1. mgr. 10. gr.
- velja sýnishorn af handahófi til skoðunar úr hylkjum á framleiðslu eða geymslu-staðnum.

III. KAFLI CE-merkið.

12. gr.

1. CE-merkið og áritanirnar sem um getur í 1. tölul. II. viðauka skal festa þannig að þau séu greinileg, læsileg og óafmáanleg á hylkið eða á merkiplötu sem er fest við hylkið á þann hátt að ekki sé hægt að taka hana af. Á CE-samræmismarkinu skulu vera hástafirnir „CE“ með því formi sem sýnishornið í II. viðauka gefur til kynna. Á eftir CE-merkinu skal koma kenninúmerið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og táknað samþykktu skoðunaraðilann sem sér um EB-sannprófun eða EB-efirlit.

2. Óleyfilegt er að setja á hylki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á hylkin eða merkiplötu, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsi-legt.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

13. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgst þá með eftirliti þeirra.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 87/404/EEC, sem vísað er til í 6. tölul., VIII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

V. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

14. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI
Refsiákvæði.

15. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VII. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 6. tölul., VIII. kafla, II. viðauka, tilskipun 87/404/EEC eins og henni var breytt með tilskipunum 90/488/EEC og 93/68/EEC. Reglurnar öðlast gildi þann 1. september 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1996.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

Hér á eftir fara grundvallarkröfur um öryggi hylkjanna:

1. EFNI

Efni skal velja með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar hylkjanna og í samræmi við lið 1.1 til 1.4.

1.1. Hlutar undir þrýstingi

Efnin sem um getur í lið 1 og notuð eru í framleiðslu á hlutum undir þrýstingi skulu:

- henta til suðu,
- vera sveigjanleg og seig svo að þau brotni ekki í smátt eða sundrist ef þau brotna við lægsta vinnuhitastig,
- vera öldrunarþolin.

Efni í stálhylkjum verða þar að auki að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 1.1.1 og kröfurnar í lið 1.1.2 þegar um er að ræða hylki úr áli eða álblöndu.

Þessum efnum skal fylgja skoðunarskjal frá framleiðanda efnisins eins og lýst er í II. viðauka.

1.1.1. Stálhylki

Hreint gæðastál skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) það skal vera róað og afhent að lokinni jöfnun eða í tilsvarende ástandi;

- b) kolefnisinnihald efnisins skal vera innan við 0,25% og brennisteins- og fosfór-
magn innan við 0,05% af hvoru um sig;
- c) aflfræðilegir eiginleikar efnisins skulu vera sem hér segir:
 - hámarkstogþol $R_{m,max}$ skal vera innan við 580 N/mm²,
 - brotlenging skal vera:
 - ef prófunarhlutarnir eru teknir í völsunarstefnu efnisins:
 - $A \geq 22\%$ þegar þykkt efnisins er ≥ 3 mm,
 - $A_{80\text{ mm}} \geq 17\%$ þegar þykkt efnisins er < 3 mm,
 - ef prófunarhlutarnir eru teknir hornrétt á völsunarstefnu:
 - $A \geq 20\%$ þegar þykkt efnisins er ≥ 3 mm,
 - $A_{80\text{ mm}} \geq 15\%$ þegar þykkt efnisins er < 3 mm,
 - meðalgildi brotorku KCV þriggja prófunarhluta sem teknir eru á langveginn má ekki vera undir 35 J/sm² við lágmarksvinnuhitastig. Aðeins eitt gildi af þessum þremur má vera minna en 35 J/sm² og undir engum kringumstæðum minna en 25 J/sm².

Þessir eiginleikar skulu kannaðir þegar um er að ræða stál sem notað er til framleiðslu á hylkjum sem eru ætluð fyrir lægra vinnuhitastig en -10°C og eru meira en fimm mm að þykkt.

1.1.2. Álhylki

Hreint ál skal hafa að minnsta kosti 99,5% álinnihald og álblöndurnar sem lýst er í 2. mgr. 1. gr. skulu hafa nægilegt þol gegn kornamarkatæringu við hæsta vinnuhitastig.

Þessi efni skulu enn fremur uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) þau skulu afhent í glóðuðu ástandi, og
- b) skulu hafa eftirfarandi aflfræðilega eiginleika:
 - hámarkstogþol $R_{m,max}$ má ekki vera meiri en 350 N/mm²,
 - brotlenging skal vera:
 - $A \geq 16\%$ ef prófunarhlutinn er tekinn í völsunarstefnu efnisins,
 - $A \geq 14\%$ ef prófunarhlutinn er tekinn hornrétt á völsunarstefnu.

1.2. Suðuefni

Efnin sem notuð eru við suðu þrýstihylkja eða til að sjóða á þau skulu vera af rétttri gerð og hafa eiginleika, sambærilega við efnin sem á að sjóða saman.

1.3. Aukahlutir sem stuðla að styrk hylkis

Þessir aukahlutir (t.d. boltar og rær) skulu gerðir úr efni sem er tilgreint í lið 1.1 eða öðrum tegundum stáls, áls eða álblöndu sem eru samsvarandi efnunum sem notuð eru til framleiðslu á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi. Síðarnefndu efnin skulu vera hæfilega seig og hafa hæfilega brotlengingu við lægsta vinnuhitastig.

1.4. Hlutar sem eru ekki undir þrýstingi

Allir hlutar hylkis sem eru ekki undir þrýstingi skulu gerðir úr efnum sem hafa eiginleika, sambærilega við efnin sem þeir eru soðnir við.

2. HÖNNUN HYLKIS

Við hönnun hylkis skal framleiðandinn ákveða notkun þeirra með því að velja:

- lágmarksvinnuhitastig T_{min} ,
- hámarksvinnuhitastig T_{max} ,
- hámarksvinnuþrýsting PS.

Jafnvel þótt lágmarksvinnuhitastig sé ákveðið neðan við -10°C skulu þeir efnis-eiginleikar sem krafist er vera fullnægjandi við -10°C .

Framleiðandinn skal enn fremur taka tillit til eftirfarandi:

- hægt á að vera að skoða hylkin að innanverðu,
- hægt á að vera að tæma hylkin af þéttivatni,
- aflfræðilegir eiginleikar hylkjanna skulu haldast óbreyttir í þann tíma sem hylkið er í notkun eins og til er ætlast,
- hylkin skulu hafa fullnægjandi vörn gegn tæringu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, og til þess að við fyrirhuguð notkunarskilyrði sé tryggt:
- að hylkin verði ekki fyrir álagi sem getur dregið úr öryggi við notkun þeirra,
- að innri þrýstingur sé ekki að jafnaði yfir hámarksvinnuþrýstingi PS; hann má þó vera hærri í stuttan tíma eða 10% mest.

Samskeyti eftir endilöngum hylkjum og á hringferli þeirra skulu soðin með fullri gegnumsuðu eða öðrum suðuáðferðum sem hafa sömu virkni. Kúptir endar aðrir en hálfkúluendar skulu vera með kanti hringinn í kring.

2.1. Þykkt hylkisveggja

Ef margfeldið $PS \times V$ er minna eða jafnt og 3.000 bar·l skal framleiðandinn velja eina af aðferðunum sem lýst er í liðum 2.1.1 og 2.1.2 til að ákvarða þykkt hylkisveggjanna; ef margfeldið $PS \times V$ er meira en 3.000 bar·l eða ef mesta vinnuhitastig er yfir 100°C verður að reikna þessa þykkt samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 2.1.1. Þykkt veggja og enda hylkis má þó aldrei vera minni en 2 mm á stálhylkjum og ekki innan við 3 mm á hylkjum úr áli eða álblöndu.

2.1.1. Reikniáðferð

Lágmarksþykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi skal reiknuð með tilliti til álagspátta og eftirfarandi ákvæða:

- þrýstingurinn sem er lagður til grundvallar í útreikningum skal vera meiri en eða jafn hámarksvinnuþrýstingnum sem hefur verið ákveðinn,
- leyfilegt álag á hylkisskelina skal vera minna eða jafnt því sem hefur lægra gildi, $0,6 R_{ET}$ eða $0,3 R_m$. Við ákvörðun leyfilegs álags skal framleiðandinn nota lægstu gildi sem framleiðandi efnisins gefur upp fyrir R_{ET} og R_m .

Þegar ein eða fleiri samskeyti eru soðin eftir endilöngum sívalningshluta hylkisins með öðrum suðuáðferðum en sjálfvirkum skal þykktin sem er reiknuð samkvæmt framansögðu þó margfölduð með stuðlinum 1,15.

2.1.2. Tilraunaáðferð

Þykkt hylkisins skal ákveðin með tilliti til þess að hylkið geti við stofuhita staðist þrýsting sem er að minnsta kosti fimmfaldur hámarksvinnuþrýstingur, með stuðulinn 1% eða þar undir fyrir varanlega aflögun á hringferli.

3. FRAMLEIÐSLUFERLI

Framleiðsla og eftirlit með framleiðslu hylkja skal vera í samræmi við hönnunar- og framleiðslugögnin sem um getur í 3. lið II. viðauka.

3.1. Undirbúningur einstakra hluta hylkisins

Undirbúningur einstakra hluta hylkisins (t.d. mótun og snið) má ekki hafa í för með sér skemmdir á yfirborði, sprungur eða breytingu á aflfræðilegum eiginleikum, sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

3.2. Suða á hlutum undir þrýstingi

Eiginleikar suðunnar og aðliggjandi svæða skulu vera hliðstæðir því efni sem soðið er og ekki mega vera í þeim neinir gallar, á yfirborði eða innri gallar, sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

Suða skal framkvæmd af lærðum suðumönnum eða til þess hæfum mönnum í samræmi við viðurkenndar suðuáðferðir. Samþykktir skoðunaraðilar skulu sjá um slíka viðurkenningu og hæfnispróf.

Framleiðandinn skal einnig ganga úr skugga um jöfn gæði suðunnar með því að framkvæma viðeigandi prófanir með réttum aðferðum meðan á framleiðslunni stendur. Gefa skal skýrslu um þessar prófanir.

4. HYLKIN TEKIN Í NOTKUN


Hverju hylki skulu fylgja leiðbeiningar frá framleiðanda samkvæmt 2. lið í II. viðauka.

II. VIÐAUKI

1. CE-MERKI OG ÁLETRANIR

1.a) CE-samræmismerking

- CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



- Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.
- Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

1.b) Áletranir

Á hylkinu eða merkiplötunni skulu að minnsta kosti koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- hámarksvinnuþrýstingur (PS í bar),
- hámarksvinnuhitastig (T_{\max} í °C),
- lágmarksvinnuhitastig (T_{\min} í °C),
- rúmtak hylkisins (V í l),
- nafn eða merki framleiðanda,
- tegund og rað- eða lotunúmer hylkisins,
- tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var sett á.

Ef merkiplata er notuð skal hún vera þannig hönnuð að ekki sé hægt að endurnota hana og á henni skal vera nægilegt autt rými svo hægt sé að gefa aðrar upplýsingar.

2. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Í leiðbeiningunum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- upplýsingarnar í 1. lið hér á undan að frátöldu raðnúmeri hylkisins,
- fyrirhuguð notkun hylkisins,
- upplýsingar um viðhald og uppsetningu sem eru nauðsynlegar fyrir örugga notkun hylkisins.

Leiðbeiningarnar skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem hylkin verða sett á markað.

3. HÖNNUNAR- OG FRAMLEIÐSLUÁÆTLANIR

Í hönnunar- og framleiðsluáætlunum skal koma fram lýsing á þeirri tækni og þeim

aðgerðum sem beitt er til að uppfylla grundvallarkröfurnar sem um getur í 3. gr. eða staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr., einkum:

- a) nákvæm framleiðsluteikning af gerð hylkisins;
- b) notkunarleiddæiningar;
- c) skjal með lýsingu á:
 - efnunum sem eru notuð,
 - suðuaðferðinni sem er beitt,
 - eftirlitinu sem er viðhaft,
 - öllu því sem skiptir máli varðandi hönnun hylkisins.

Þegar aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 9. til 12. gr. eru notaðar skal áætlunin einnig ná til:

- 1) vottorða um gæði suðu og hæfni lærðra suðumanna eða annarra sem gegna starfinu;
- 2) skoðunarskjalsins fyrir efni sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og samsettum hlutum sem stuðla að því að styrkja hylkið;
- 3) skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið gerðar eða lýsingar á fyrirhuguðu eftirliti.

4. SKILGREININGAR OG TÁKN

4.1. Skilgreiningar

- a) Hönnunarþrýstingur P er mældur þrýstingur sem framleiðandinn velur og notaður er til að ákvarða þykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi.
- b) Hámarksvinnuþrýstingur PS er mesti mældi þrýstingur sem er leyfður í notkun við venjulegar aðstæður.
- c) Lágmarksvinnuhitastig T_{\min} er lægsta stöðuga hitastig sem má vera á hliðum hylkisins í notkun við venjulegar aðstæður.
- d) Hámarksvinnuhitastig T_{\max} er hæsta stöðuga hitastig sem má vera á hliðum hylkisins í notkun við venjulegar aðstæður.
- e) Flotstyrkurinn R_{ET} er gildið við hæsta stöðuga vinnuhitastig T_{\max}
 - við efri flotmörk R_{eH} þegar um er að ræða efni með bæði efri og neðri flotmörk,
 - eða við spennuna R_p 0,2,
 - eða við spennuna R_p 1,0 þegar um er að ræða hreint ál.
- f) Tegundir hylkja:

Hylki teljast sömu tegundar ef eingöngu þvermál þeirra er frábrugðið frumgerðinni, að því tilskildu að leyfileg mörk sem um getur í lið 2.1.1 eða 2.1.2 í I. viðauka séu virt, og/eða lengd sívalningshluta hylkisins innan eftirfarandi marka:

- þegar frumgerðin hefur einn eða fleiri hringi á endum sívalningshlutans skal að minnsta kosti einn hringur vera á öðrum afbrigðum,
- þegar frumgerðin hefur aðeins tvo kúpta enda skulu engir hringir vera á sívalningshluta annarra afbrigða.

Lengdarafbrigði sem hafa í för með sér breytingar á lokum og/eða opum skulu tilgreind á teikningum fyrir hvert afbrigði.

- g) Í hverri framleiðslulotu skulu vera í mesta lagi 3.000 hylki af sömu gerð.
- h) Í skilningi reglna þessara er um fjöldaframleiðslu að ræða ef fleiri en eitt hylki af sömu gerð er framleitt á tilteknu tímabili í samfelldu framleiðsluferli eftir sömu hönnun og með sömu framleiðsluaðferðum.
- i) Skoðunarskjal: Skjal þar sem framleiðandi vottar að framleiðsla hans sé í samræmi við settar reglur og gerir grein fyrir niðurstöðum af reglubundnu eftirliti og prófunum á framleiðslunni, einkum að því er varðar efnasamsetningu og aflfræðilega eiginleika, sem hægt er að framkvæma á sýnishorni framleiddu með sömu aðferð og varan sem send er á markað, en ekki nauðsynlega á henni sjálfri.

4.2.	Tákn		
	A	brotlenging ($L_o = 5,65 \sqrt{S_o}$)	%
	A 80 mm	brotlenging ($L_o = 80$ mm)	%
	KCV	brotorka	J/sm ²
	P	hönnunarþrýstingur	bar
	PS	vinnuþrýstingur	bar
	P _h	prófunarþrýstingur með vökva eða lofti	bar
	R _p 0,2	0,2% spenna	N/mm ²
	R _{ET}	flotstyrkur við hæsta vinnuhitastig	N/mm ²
	R _{eH}	efri flotmörk	N/mm ²
	R _m	togþol við stofuhita	N/mm ²
	T _{max}	hæsta vinnuhitastig	°C
	T _{min}	lægsta vinnuhitastig	°C
	V	rúmtak hylkisins	L
	R _{m,max}	mesta togþol	N/mm ²
	R _p 1,0	1,0% spenna	N/mm ²

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSSKILYRÐI SEM STJÓRNVÖLD AÐILDARRÍKJANNA ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR ÞAU TILNEFNA SKOÐUNARAÐILA

1. Skoðunaraðilinn, stjórnandi eða starfsmenn, sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar og ekki vinna við uppsetningu hylkjanna sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu, eða viðhaldi hylkjanna. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á að framleiðandi og skoðunaraðili skiptist á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði.
2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
 - trausta tækni- og fagmenntun,
 - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
 - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem krafist er til að unnt sé að staðfesta niðurstöður prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.
6. Skoðunaraðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.
7. Starfsmenn skoðunaraðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við reglur þessar eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum til að framfylgja þeim.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis, Kjósarhreppi

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. febrúar 1996 staðfest deiliskipulag fyrir Harðbalahverfi í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Kjósarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

8. febrúar 1996

Nr. 101

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hólmavíkur 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Hólmavíkur 1994-2014. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hólmavíkur 1985-2005 sem staðfest var 19. nóvember 1985.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

8. febrúar 1996

Nr. 102

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Flatey á Breiðafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. febrúar 1996 staðfest deiliskipulag fyrir 8 íbúðarhúsaloðir á 2,5 ha svæði sunnan og vestan við húsín Byggðarenda og Læknishús.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Reykhólahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Höfn í Hornafirði 1978-1998.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hornafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 20. desember 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1978-1998 frá 4. ágúst 1983 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að opið óbyggt svæði austan þjóðveggar, við norðurmörk gildandi aðalskipulags breytist í stofnun/þjónustu. Nánar tiltekið er um að ræða að byggja mælingaaðstöðu á svokölluðum Mið-Fjórhuðól á vegum Landmælinga Íslands.

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 104

8. febrúar 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 8. febrúar 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012 frá 6. maí 1994 með síðari breytingum.

Breytingarnar varða fyrirhugaða færslu Vesturlandsveggar auk eftirfarandi landnotkunarbreytinga vegna færslu vegarins:

- Helgunarsvæði gatnamóta Vesturlandsveggar og Skarhólaveggar er stækkað.
- Verzlunar- og þjónustusvæði sunnan Þverholts stækkar til suðurs og vesturs að Langatanga.
- Verzlunar- og þjónustusvæði norðan Þverholts stækkar. Landnotkun á svæðinu norðan til, þar sem landhelli er mestur er breytt í útivistarsvæði til sérstakra nota.
- Svæðið meðfram gamla Vesturlandsveginum frá Hlégarði að Varmá breytist úr verzlunar- og þjónustusvæði í íþróttasvæði.
- Verzlunar- og þjónustusvæði austan Vesturlandsveggar fellur niður og í staðinn er gert ráð fyrir aukinni íbúðabyggð.
- Athafnasvæði norðaustan í Lágafelli gegnt miðbænum minnkar.
- Helgunarsvæði gatnamóta Vesturlandsveggar og Þingvallaveggar stækkar vegna áförmu um mislæg gatnamót. Íbúðasvæði í næsta nágrenni minnkar að sama skapi.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum þessara breytinga á Vesturlandsvegi.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

REGLUGERÐ

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að greiða sveitarfélögunum framlög samkvæmt III. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem aflar upplýsinga á vegum hans, greiðir framlög úr sjóðnum og sér um bókhald hans. Handbært fé sjóðsins skal geymt í banka með ríkisábyrgð.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 7. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 4. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga, fræðsluskrifstofur og landshlutasamtök sveitarfélaga skulu annast upplýsingaöflun og útreikninga, sem úthlutun framlaga byggist á, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum kostnað þann sem til kann að falla við upplýsingaöflun og útreikninga skv. 2. mgr.

4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum, önnur en bundin framlög skv. 7. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr sjóðnum.

II. KAFLI

Tekjur Jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- c. Vaxtatekjur.

III. KAFLI

Framlög úr Jöfnunarsjóði.

6. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

7. gr.

Bundin framlög.

Bundin framlög eru svo sem hér greinir:

- a. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
- b. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins, og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna.
- c. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
- d. Framlag til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1984.

Greiðslur framlaga samkvæmt þessari grein skulu inntar af hendi mánaðarlega í samræmi við greiðsluáætlun sem gera skal í byrjun hvers árs.

8. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 10,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 9. gr.
- d. Til að aðstoða sveitarfélög við að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 18,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 10. gr.

Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

9. gr.

Stofnframlög.

Framlögum skv. c-lið 8. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við eftirtaldar framkvæmdir:

- a. allt að 50% af stofnkostnaði við meiri háttar vatnsveituframkvæmdir í þéttbýli, þ.e. vatnstökuvirki, aðveituæðar og miðlunargeyma,
- b. allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja og kostnaði við byggingu eða kaup á húsnæði fyrir dagvistun barna,
- c. allt að 20% af byggingarkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag, og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma.

Hundraðshluti framlaga skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal reiknaður af eðlilegum stofnkostnaði framkvæmdar (normkostnaði) framreiknuðum skv. byggingarvísitölu.

10. gr.

Framlög til rekstrar grunnskóla.

Framlögum skv. d-lið 8. gr. skal varið til að standa undir rekstrarkostnaði grunnskóla sveitarfélaga með innan við 2000 íbúa vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, þ.e. kostnaði við akstur, heimavistir, mötuneyti og gæslu barna úr dreifbýli. Framlög skulu miðuð við fjölda starfsvikna í skóla og akstursvegalengd milli skóla og heimilis nemanda samkvæmt eftirfarandi reglu:

3-4,9 km	1.893 kr. á viku á nemanda.
5-14,9 km	3.107 kr. á viku á nemanda.
15-29,9 km	4.732 kr. á viku á nemanda.
30 km og yfir	6.506 kr. á viku á nemanda.

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í ágúst 1995 og breytast 1. september ár hvert í samræmi við breytingar á neysluverðsvísitölu án húsnæðisþáttar (177,3 í ágúst 1995).

Þegar nemendur ferðast með öðrum farartækjum en bifreiðum til og frá skóla má miða framlag samkvæmt þessari grein við áætlun fræðslustjóra um ferðakostnað.

Fræðslustjórar senda félagsmálaráðuneytinu við upphaf skólaárs upplýsingar og útreikninga um framlög samkvæmt þessari grein og áætlun um framlög næsta skólaár.

Framlög samkvæmt þessari grein skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um skóla og skulu greiðslur berast mánaðarlega á starfstíma skóla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða framlag til reksturs grunnskóla í sveitarfélagi sem hefur yfir 2000 íbúa eftir sameiningu sveitarfélaga. Þetta er þó háð því að framlag hafi áður verið greitt viðkomandi sveitarfélögum og þau hafi verulegan kostnað af nemendum úr dreifbýli.

Heimilt er að leiðrétta útreiknað framlag til sveitarfélags samkvæmt þessari grein til samræmis við áðurgildandi reglur um kostnaðarþátttöku ríkis í rekstri viðkomandi skóla.

Heimilt er að greiða grunnskólaframlag til sveitarfélags er sendir frá sér nemendur í héraðsskóla vegna þess að ekki er grundvöllur fyrir að fullnægja skólaskyldu í sveitarfélaginu. Framlagið miðist við fjölda nemenda og viðmiðunartaxta menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11. gr.

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts, sérstaks fasteignaskatts á verslunar- og skrifstofu- húsnæði og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

- meðaltal á hvern íbúa í Reykjavík,
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 10.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavík,
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300-9.999 íbúa,
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við ákvörðun meðaltals í sveitarfélögum skv. c- og d-lið skal meiri háttar fasteignaskattsálagningu vegna virkjana og stórfyrirtækja sleppt í viðmiðuninni, enda hafi slík álagning veruleg áhrif á viðmiðunartekjur viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 96% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr. skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

Heimilt er að miða tekjujöfnunarframlög til þéttbýlissveitarfélaga með færri en 300 íbúa við c-lið 2. mgr.

Fjárhæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af þeim fjármunum sem Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga hverju sinni.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert.

12. gr.

Þjónustuframlög.

Við úthlutun þjónustuframlaga til sveitarfélaga skal nota eftirfarandi viðmiðunarflokka og skal hlutfallsleg skipting þess fjár, sem varið er til framlaganna, vera sem hér segir:

Viðmiðanir:	Hlutfall af heild:
1. Íbúafjöldi 0 - 5 ára	33%
2. Íbúafjöldi 6 - 15 ára	21%
3. Íbúafjöldi 70 - 80 ára	10%
4. Íbúafjöldi 81 árs og eldri	10%
Samtals íbúatengd framlög:	74%
5. Snjómokstur	10%
6. Fjarlægðir/vegakerfi (kmfjöldi)	16%
Samtals	100%

A. Íbúatengd framlög.

Við útreikning íbúatengdra framlaga skal miða við að öll sveitarfélög fái ákveðið lágmarksframlag. Þau sveitarfélög, þar sem viðkomandi aldurshópar veга þungt í heildaríbúafjölda sveitarfélagsins, reiknast með hlutfallslega hærra framlag en önnur. Framlöggin reiknast þannig (sjá fylgiskjal I):

1. Íbúafjöldi 0 - 5 ára.

Fjárhæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- 81,5% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 0 - 5 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- 18,5% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 0 - 5 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

2. Íbúafjöldi 6 - 15 ára.

Fjárhæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- 75,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 6 - 15 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- 25,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 6 - 15 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

3. Íbúafjöldi 70 - 80 ára.

Fjárhæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 70,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 70 - 80 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- b. 30,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 70 - 80 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

4. Íbúafjöldi 81 árs og eldri.

Fjárhæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 75,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 81 árs og eldri þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- b. 25,0% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 81 árs og eldri þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

B. Stærðarhagkvæmni.

Þegar lokið er útreikningi íbúatengdra framlaga samkvæmt reglum þessarar greinar skal umreikna þau með tilliti til stærðarhagkvæmni hvers sveitarfélags. Við umreikninginn skal nota stuðla sem byggjast á íbúafjölda sveitarfélags. Stuðlarnir eru fundnir þannig (sjá nánar fylgiskjal II):

Sveitarfélög með 50 íbúa og færri fá stuðulinn 0.

Sveitarfélög með 50 - 2.000 íbúa fá stuðulinn 1,0.

Sveitarfélög með 2.000 - 3.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0 - 0,92.

Sveitarfélög með 3.000 - 4.750 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,92 - 0,45.

Sveitarfélög með 4.750 - 6.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,45 - 0,36.

Sveitarfélög með 6.000 - 8.500 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,36 - 0,27.

Sveitarfélög með 8.500 - 21.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,27 - 0.

C. Snjómokstur.

Útgjaldabörf sveitarfélaga vegna snjómoksturs skal meta þannig:

Mæla skal vegalengdir þeirra gatna og vega þar sem sveitarfélagið ber kostnað af snjómokstri. Eftirfarandi götur skal mæla:

- a. Götur í þéttbýli sveitarfélaga.
- b. Safnvegir allra sveitarfélaga.
- c. Aðrir vegir þar sem sveitarfélög bera kostnað af snjómokstri.

Einungis skal reikna með 5% af vegalengdum safnvega og allt að 5% annarra vega en þeirra sem eru í þéttbýli.

Sveitarfélögum skal skipt upp í þrjú svæði eftir snjóþunga. Sunnanvert landið, miðbik landsins og nyrsti hluti landsins (sjá fylgiskjal III). Syðsti hluti landsins fær stuðulinn 0. Sveitarfélög á því svæði fá engin framlög. Sveitarfélög í miðhluta landsins fá stuðulinn 1,0 og sveitarfélög í nyrsta hluta landsins fá stuðulinn 2,0. Framlög reiknast þannig (sjá nánar fylgiskjal I):

Framangreindar gatna- og vegalengdir sveitarfélaga skal margfalda með viðeigandi stuðli. Ef hlutfallið vegalengd á móti íbúafjölda í sveitarfélagi er herra en landsmeðaltal fær sveitarfélagið framlag sem nemur ákveðnu hlutfalli af því sem til skipta er.

Vegalengdir samanlagt á öllu landinu er lengd vega í þéttbýli, lengd safnvega og annarra vega þar sem sveitarfélög hafa kostnað af snjómokstri. Safnvegir og aðrir vegir eru reiknaðir með 5% vægi en vegir í þéttbýli með 100% vægi.

D. Fjarlægðir, vegakerfi.

Taka skal tillit til hlutfalls íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Fjarlægðir í sveitarfélögum skulu mældar á eftirfarandi hátt:

- a. Settir skulu punktar á ystu mörk sveitarfélags, þó aldrei lengra en á ystu mörk byggðar, í norðri, austri, suðri og vestri eða annars staðar eftir aðstæðum.
- b. Vegalengdir skulu mældar frá þessum punktum miðað við stystu akstursleið að stærsta þéttbýliskjarna sveitarfélags eða miðpunkti þess ef enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu.

Þannig mældar vegalengdir skal síðan margfalda með stuðlum sem eru misjafnir eftir sveitarfélögum miðað við hlutfall íbúafjölda í þéttbýli og dreifbýli. Stuðlana skal reikna þannig (sjá nánar fylgiskjal IV):

Þéttbýli 0% - 50%

Sveitarfélög með 0% þéttbýli (alger dreifbýlissveitarfélög) fá stuðulinn 0,1, þ.e. 10% af vegalengd sinni og þar með skerðingu um 90%.

Sveitarfélög með 50% þéttbýli fá stuðulinn 1,0, þ.e. enga skerðingu.

Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis er liggur á milli 0% og 50% fá hlutfallslegan stuðul þar á milli.

Þéttbýli 50% - 90%

Sveitarfélög fá stuðul frá 1,0 (50% þéttbýli) upp í 1,2 (90% þéttbýli).

Sveitarfélög þar á milli fá hlutfallslegan stuðul.

Þéttbýli 90% - 100%

Sveitarfélög fá stuðulinn 1,2 (90% þéttbýli) niður í stuðulinn 0 (100% þéttbýli) og hlutfallslega þar á milli.

Í þeim sveitarfélögum þar sem fleiri en einn þéttbýliskjarni er og annar eða einn þeirra er verulega stór skal eingöngu litið á stærri eða stærsta þéttbýliskjarnann sem þéttbýli en á hinn eða hina sem dreifbýli.

Í þeim sveitarfélögum þar sem einn þéttbýliskjarni er og hlutfall íbúafjölda í þeim kjarna er verulega lágt skal líta á það sem dreifbýli (sjá nánar fylgiskjal I).

Nýttist framlög samkvæmt viðmiðun um fjarlægðir/vegakerfi ekki að fullu er heimilt að verja því fé sem óráðstafað er til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr.

E. Skerðing þjónustuframlaga.

Þjónustuframlögin skal skerða hjá sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög. Skerðingin hefst þegar meðaltekjur á íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 15% yfir viðmiðunartekjum, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar. Þjónustuframlög falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

F. Greiðslufyrirkomulag.

Fyrir 10. desember ár hvert skal gerð áætlun um úthlutun þjónustuframlaga á næsta ári. Áætlunin skal byggð á jöfnunarsjóðskafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga, upplýsingum um tekjur sjóðsins í fjárlagafrumvarpi næsta árs og íbúaskrá sveitarfélaganna 1. desember á sama ári, ásamt ákvæðum þessarar greinar. Áætlun þessi skal endurskoðuð ef eða þegar fyrir liggja upplýsingar um breyttar tekjur eða útgjöld sjóðsins sem hafa áhrif á það heildarfjármagn sem til ráðstöfunar er til þjónustuframlaga.

Framlöggin skulu greidd sveitarfélögum í lok hvers ársfjórðungs. Þó skal haldið eftir 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef tekjur sjóðsins verða minni eða útgjöld meiri en áætlað var. Endanlegt uppgjör á framlögum skal fara fram í desember.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 390/1991, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Áætlun um úthlutun þjónustuframlaganna 1996 skal gerð fyrir 15. mars 1996.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Reglugerð þessa skal endurskoða fyrir árslok 1996 í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. janúar 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

Leiðbeiningar um útreikning þjónustuframlaga.

Íbúatengd framlög.

Gefnar forsendur:

Íbúafjöldi alls landsins 0-5 ára er 27.200 börn.

Heildaríbúafjöldi alls landsins er 267.800.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda er því 10,2%, þ.e. landsmeðaltal.

Sú fjárhæð, sem skiptist á börn þar sem fjöldi þeirra í sveitarfélaginu er undir landsmeðaltali, 10,2%, er 155 millj. kr.

Fjöldi barna í þeim hópi er 26.240.

Fjárhæð á hvert barn er því 5.907 kr.

Sú fjárhæð, sem skiptist á börn þar sem fjöldi þeirra í sveitarfélaginu er yfir landsmeðaltali, 10,2%, er 35 millj. kr.

Fjöldi barna í þeim hópi er 960.

Fjárhæð á hvert barn er því 36.458 kr.

Sveitarfélag A, íbúafjöldi 1.000.

Í aldurshópnum 0-5 ára í sveitarfélaginu eru 100 börn.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda sveitarfélagsins er 10%, þ.e. undir landsmeðaltali.

Reiknað framlag sveitarfélagsins (óháð stærðarhagkvæmni eða skerðingu vegna tekna) yrði því:

100 börn/26.240 börn => 0,381%

0,381% * 155 millj. kr. => 90.700 kr. eða 5.907 kr. á hvert barn.

Sveitarfélag B, íbúafjöldi 1.000.

Í aldurshópnum 0-5 ára í sveitarfélaginu eru 150 börn.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda er 15%, þ.e. yfir landsmeðaltali.

Fjöldi barna undir landsmeðaltali er 102 börn (10,2% af 1.000).

Reiknað framlag sveitarfélagsins (óháð stærðarhagkvæmni og skerðingu vegna tekna) yrði því:

Þar sem fjöldi barna er undir landsmeðaltali:

102 börn/26.240 börn => 0,389%

0,389% * 155 millj. kr. => **602.514 kr. eða 5.907 kr. á hvert barn.**

Þar sem fjöldi barna er yfir landsmeðaltali:

48 börn/960 börn => 5,0%

5,0% * 35 millj. kr. => **1.749.984 kr. eða 36.458 kr. á hvert barn.**

Samtals 2.352.498 kr. eða 15.683 kr. á hvert barn.

Snjómokstursframlög.

Gefnar forsendur:

Vegalengdir samanlagt á öllu landinu, þegar búið er að margfalda þær með vægi vegalengda og viðkomandi stuðlum vegna snjóþyngdar, eru 700 km.

Hlutfall þessara vegalengda miðað við íbúafjölda landsins er um 0,26%, þ.e. landsmeðaltal (700 km/267.800 íbúar).

Af þessum 700 km eru samtals 540 km sem liggja yfir landsmeðaltali.

Fjárhæð í þessum flokki þjónustuframlaga er 55 millj. kr. eða 101.852 kr. á hvern km yfir landsmeðaltali.

Íbúafjöldi sveitarfélags er 1.000.

Sveitarfélagið er á norðanverðu landinu, þ.e. með snjóþyngdarstuðulinn 2.

Vegalengdir í þéttbýli: 10 km

Vegalengdir safnvega: 10 km

Aðrir vegir: 0 km

Þar sem aðeins er reiknað með 5% af vegalengd safnvega og annarra vega er útkoman 10,5 km.

Vegalengdir margfaldaðar með snjóþyngdarstuðli eru: 10,5 * 2 => 21 km.

Dæmi um útreikning:

Vegalengdir sem eru undir landsmeðaltalinu 0,26%:

0,26% * 1.000 íbúafjöldi => 2,6 km.

Vegalengdir yfir landsmeðaltali eru því: 21 km – 2,6 km => **18,4 km.**

18,4 km/540 km => **3,41%**

3,41% * 55 millj. kr. => **1.874.077 eða 101.852 kr. á hvern km.**

Fjarlægðarframlög.

Gefnar forsendur:

Sveitarfélag 1.000 íbúar.

Mældar fjarlægðir í sveitarfélagi skv. 1. mgr. d-liðar 12. gr. er 20 km.

Hlutfall þéttbýlis er 40% og fær sveitarfélagið því stuðulinn 0,82.

Fjarlægðir margfaldaðar með stuðli: 20 km * 0,82 => 16,4 km.

Samtals fjarlægðir á öllu landinu eftir margföldun með stuðli eru: 2.840 km.

Fjárhæð í þessum flokki þjónustuframlaga er 55 millj. kr.


Dæmi um útreikning.

Framlag:


16,4 km/2.840 km => 0,577%

0,577% * 55 millj. kr. => **317.602 kr. eða 19.366 kr. á hvern km.**

Fylgiskjal II.




Fylgiskjal III.



Eftirtalin sveitarfélög teljast einnig með nyrsta hluta landsins:
 5504 Hvammstangahreppur, 5505 Kirkjuhvammshreppur, 5506 Þverárhreppur, 5507 Skútustaðahreppur, 6606 Báraðælahreppur, 6607 Skútustaðahreppur, 7000 Seyðisfiörður og 7504 Jökuldalshreppur

Fylgiskjal IV.



AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 95/1995 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Undir lið B. Þjónusta í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Flugstöðvar, stórar	4. fl.
Flugstöðvar, litlar	5. fl.
Hópfæðastöðvar	5. fl.

2. gr.

Við lið B. Þjónusta í fylgiskjali með gjaldskránni bætist:	
Nuddstofur	4. fl.

3. gr.

Undir lið C. Verslun í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Búsáhaldaverslanir	5. fl.
Blómaverslanir	5. fl.
Leikfangaverslanir	5. fl.

4. gr.

Í stað Véla- og varahlutaverslana	5. fl. undir lið C. Verslun
í fylgiskjali með gjaldskránni komi:	
Varahlutaverslanir sem selja vörur er innihalda hættuleg efni	5. fl.

5. gr.

Undir lið E. Vinnsla úr járn og öðrum málum í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Rafherðing málma	4. fl.

6. gr.

Í stað Vinnslu á málum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðja, raftækjaverkstæða o.þ.h.	4. fl. í lið E. Vinnsla úr járn og öðrum málum í fylgiskjali með gjaldskránni komi:
Vinnsla á málum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðjur, starfsleyfis-skyld raftækjaverkstæði o.þ.h.	4. fl.

7. gr.

Undir lið F. Jarð- og steinefnavinnsla í viðauka með gjaldskránni falli brott:	
Jarðvegsgerð	5. fl.

8. gr.

Undir lið H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu í viðauka með gjaldskránni falli brott:	
Sögunarmyllur	5. fl.

9. gr.

Undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni falli brott:

Hjólbarðaverkstæði 5. fl.
Bílasölur..... 5. fl.

10. gr.

Flugvellir og flugbrautir4. fl. undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni verði:

Flugvellir 4 fl.

11. gr.

Breyting þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonntölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,50 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlend-
um fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,20 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 29,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.105,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.030,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliða skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 111,00 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 213,00 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 230,50 pr. tonn:
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, úngerðarvörur, smurmingsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 635,50 pr. tonn:
 - a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
 - b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,00%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.420,00 pr. tonn.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 59,00.

Einstökum hafnarstjórnnum eru þó heimiluð frávik til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávaraflla.

13. gr.

Hafnarstjórnum ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði ú íflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjármámi. Skipagjöldin eru tryggð með löngveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávíka frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

19. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 20. febrúar 1996, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 161/1995.

Ákvæði til bráðabirgða

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasambýkktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 7,85 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 3,90 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 15. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUR

um tæki sem brenna gasi.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreining.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um tæki sem brenna gasi og ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um slík tæki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Reglurnar ná yfir:

- tæki sem brenna gasi og eru notuð til eldunar, upphitunar, hitavatnsframleiðslu, kælingar, lýsingar eða þvotta og hafa, þegar um það er að ræða, vatnshitastig sem fer ekki yfir 105°C, hér á eftir kölluð tæki. Blástursbrennarar og hitunarbúnaður sem notar slíka brennara flokkast einnig undir tæki,
- öryggisbúnað, eftirlitsbúnað eða stjórnþúnað ásamt fylgihlutum, að frátöldum blástursbrennurum og hitunarþúnaði sem notar slíka brennara, sem er sérstaklega markaðssettur fyrir fagmenn og hannaður til að setja í gastæki eða mynda hluta af slíku tæki og kallast hér á eftir tengibúnaður.

3. Sérhönnuð tæki til nota við iðnað í iðnfyrirtækjum eru undanþegin gildissviði 2. mgr.

4. Í þessum reglum merkir gas hvers konar eldsneyti sem er í loftkenndu ástandi við hitastigið 15°C og þrýstinginn 1 bar.

5. Í þessum reglum merkir venjuleg notkun tækis að það sé:

- rétt uppsett og yfirfarið reglulega í samræmi við fyrirmæli framleiðanda,
- notað með gasi sem er innan leyfilegra marka hvað varðar gæði og þrýsting, og
- notað í samræmi við fyrirhugaðan tilgang eða á þann hátt sem hægt er að ætlast til að sjá megi fyrir.

2. gr.

Í þessum reglum er samræmdur staðall texti sem inniheldur tækniforskriftir samkvæmt evrópskum staðli eða samhæfingarskjali sem Evrópsku staðlasamtökin (CEN) eða Evrópsku rafstaðlasamtökin (CENELEC) hafa samþykkt.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

1. Tæki sem um getur í 1. gr. má því aðeins setja á markað og taka í notkun að þau ögni ekki öryggi manna, eða eigna við venjulega notkun.

2. Tæki og tengibúnaður sem um getur í 1. gr. skulu uppfylla grundvallarkröfurnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

3. Gera skal ráð fyrir að tengibúnaður og tæki sem eru framleidd, prófuð og merkt samkvæmt samræmdum staðli uppfylli þær grundvallarkröfur sem um getur í I. viðauka.

4. gr.

1. Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana þau tæki sem samræmast ákvæðum þessara reglna, þar með taldar reglur um aðferðir við samræmismat sem kveðið er á um í III. kafla, og bera CE-merkið sem kveðið er á um í 7. gr.

2. Heimilt er ennfremur að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana tengibúnað sem um getur í 1. gr. ef honum fylgir vottorð samkvæmt 4. mgr. 5. gr.

III. KAFLI

Samræmisvottun.

5. gr.

1. Samræmisvottun fjöldaframleiddra tækja skal framkvæmd á eftirfarandi hátt:
 - a. með EB-gerðarprófuninni sem um getur í 1. lið II. viðauka, og
 - b. fyrir markaðssetningu að vali framleiðanda:
 - með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi sem um getur í 2. lið II. viðauka, eða
 - með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslunnar) sem um getur í 3. lið II. viðauka, eða
 - með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslunnar) sem um getur í 4. lið II. viðauka, eða
 - með EB-sannprófuninni sem um getur í 5. lið II. viðauka.
2. Ef tæki er framleitt sem stök einingu eða í litlu upplagi getur framleiðandi valið EB-sannprófun á stakri einingu, eins og um getur í 6. lið II. viðauka.
3. Að lokinni meðferðinni sem um getur í b-lið 1. mgr og 2. mgr. skal CE-samræmismerkið fest á viðurkennd tæki í samræmi við 7. gr.
4. Tengibúnaðurinn sem um getur í 1. gr. skal fá meðferð samkvæmt 1. mgr. að áfestingu CE-samræmismerkisins undanskilinni og, eftir því sem við á, útgáfu samræmis-yfirlýsingarinnar. Gefa skal út vottorð um að tengibúnaðurinn sé í samræmi við þau ákvæði þessara reglna sem gilda um hann, þar skal eiginleikum hans lýst og hvernig hann skal innbyggður í tæki eða festur á þann hátt að stuðli að samræmi við grundvallarkröfumar sem gilda um fullbúin tæki.

Vottorðið skal fylgja með tengibúnaðinum.

5. a. Ef tækin falla undir ákvæði annarra reglna sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur gefur þetta merki til kynna að viðkomandi tæki teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara annarra reglna.

b. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma sýnir CE-merkið að það sé eingöngu samræmi við ákvæði þeirra reglna sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem beitt er koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglunum og fylgja slíkum tækjum.

6. Gögn og bréfaskipti varðandi samræmisvottun skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem aðilinn sem ber ábyrgð á meðferðinni hefur staðfestu eða á tungumáli sem þessi aðili hefur viðurkennt.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir þá aðila sem hafa verið tilnefndir til að framfylgja reglunum sem um getur í 8. gr. og eru á skrá hjá stjórnvöldum aðildarríkjanna innan EES.

2. Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í V. viðauka.

Aðilar sem uppfylla matsskilyrðin sem kveðið er á um í viðkomandi samræmdum stöðlum teljast uppfylla skilyrðin í þeim viðauka.

3. Viðurkenning sem um getur í 1. mgr. fellur úr gildi uppfylli viðkomandi aðili ekki lengur skilyrðin sem eru sett fram í V. viðauka.

IV. KAFLI
CE-samræmismarki.

7. gr.

1. CE-merkið og áletranirnar sem um getur í III. viðauka skal festa greinilega, læsilega og óafmáanlega á tækið eða á merkiplötu sem er fest við það. Merkiplatan skal hönnuð á þann hátt að ekki sé hægt að nota hana oftast en einu sinni.

2. Óleyfilegt er að setja á tæki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á tækin eða merkiplötuna, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 90/396/EBE sem vísað er til í 2. mgr., V. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VI. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

9. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

10. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. mgr., V. kafla, II. viðauka, tilskipun 90/396/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um tæki sem brenna gasi, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. september 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

GRUNDVALLARKRÖFUR

Upphafsaðgæmsend

Skyldur vegna grundvallarkrafna um tæki í þessum viðauka gilda einnig um tengibúnað þegar samsvarandi áhætta fylgir honum.

1. ALMENN SKILYRÐI

- 1.1. Tæki skulu hönnuð og smíðuð á þann hátt að þau séu örugg í notkun og af þeim stafi engin hættu fyrir menn, húsdýr eða eignir við venjulega notkun sbr. 5. mgr. 1. gr. reglnanna.
 - 1.2. Við markaðssetningu skulu fylgja tækinu:
 - tæknilegar leiðbeiningar til þess sem setur tækið upp,
 - leiðbeiningar um notkun og meðferð,
 - viðeigandi viðvaranir, einnig á umbúðunum.Leiðbeiningar og viðvaranir skulu ritaðar á að minnsta kosti opinberu máli eða málum þess aðildarríkis sem senda á þær til.
 - 1.2.1. Í tæknilegu leiðbeiningunum til þess sem setur tækið upp skulu gefnar allar upplýsingar um uppsetningu, stillingu og nauðsynlegt viðhald til að tryggja að þetta sé gert á réttan hátt og að notkun tækisins sé hættulaus. Í leiðbeiningunum skal m.a. koma fram:
 - gastegundin sem er notuð,
 - þrýstingur á gasinu,
 - nauðsynlegt magn af fersku lofti:
 - fyrir bruna,
 - til að komast hjá því að hættulegar óbrunnar gasblöndur myndist við notkun tækja sem hafa ekki búnað samkvæmt lið 3.2.3,
 - skilyrðin um útblástur brunaefna,
 - blástursbrennarar og hitatæki sem eru ætluð til að nota með slíkum brennurum, eiginleikar þeirra, kröfur um uppsetningu svo að gætt sé samræmis við grundvallarkröfurnar sem gilda um fullbúin tæki og, eftir því sem við á, skrá yfir samsetningar sem framleiðandinn mælir með.
 - 1.2.2. Notkunar- og viðhaldsleiðbeiningar fyrir notanda skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um örugga notkun og skulu einkum beina athygli notandans að takmörkunum á notkun ef einhverjar eru.
 - 1.2.3. Í viðvörðunum á tækinu og umbúðunum skal taka skýrt fram gastegund, gasþrýsting og allar takmarkanir á notkun, einkum þær sem útheimta að tækinu sé eingöngu komið fyrir á svæðum þar sem loftræsting er góð.
 - 1.3. Tengibúnaður sem er ætlaður til að vera hluti af tæki skal hannaður og smíðaður á þann hátt að hann starfi rétt við fyrirhugaða notkun þegar hann er settur upp í samræmi við leiðbeiningar um uppsetningu. Leiðbeiningar um uppsetningu, stillingu, notkun og viðhald skulu fylgja tengibúnáðinum.
2. EFNI
 - 2.1. Efni skulu hæfa fyrirhugaðri notkun og verða að standast álag af völdum efnasambanda, hita og aflrænna orsaka sem þau verða fyrir að staðaldrí.
 - 2.2. Eiginleika efnisins, sem eru þýðingarmiklir vegna öryggis, verður framleiðandi eða seljandi tækisins að ábyrgjast.

3. HÖNNUN OG SMÍÐI

3.1. *Almennt*

- 3.1.1. Tæki skulu smíðuð á þann hátt að við venjulega notkun komi ekki fram neinn óstöðugleiki, breytingar á lögum, brot eða slit sem dregið getur úr öryggi.
- 3.1.2. Þétting sem verður þegar kveikt er á tæki og/eða unnið með það má ekki draga úr öryggi þess.
- 3.1.3. Tæki skulu hönnuð og smíðuð á þann hátt að hætta á sprengingu sé í lágmarki ef eldur verður laus af ytri ástæðum.
- 3.1.4. Tæki skulu smíðuð á þann hátt að vatn og óæskilegt loft komist ekki inn í þá hluta tækisins sem gas streymir um.
- 3.1.5. Ef sveiflur verða innan eðlilegra marka á aðstreymi varaorku skal tækið starfa áfram án þess að hætta skapist.
- 3.1.6. Ef óeðlilegar sveiflur verða á aðstreymi varaorku eða þegar það stöðvast eða kemst á aftur má það ekki skapa hættu.
- 3.1.7. Tæki skulu hönnuð og smíðuð á þann hátt að hætta geti ekki skapast af völdum rafmagns. Ef samræmis er gætt við öryggiskröfur vegna hættu af völdum rafmagns í tilskipun 73/23/EBE telst þessi krafa uppfyllt.
- 3.1.8. Allir hlutar tækis sem eru undir þrýstingi eiga að geta staðist spennu sem stafar af aflrænum orsökum og hita án þess að aflagast svo að öryggi skerðist.
- 3.1.9. Tæki skulu hönnuð og smíðuð á þann hátt að bilun í öryggis-, stjórn- eða stillingarbúnaði skapi ekki hættu.
- 3.1.10. Ef tæki er búíð öryggis- og stillingarbúnaði má stillingarbúnaðurinn ekki torvelda starfsemi öryggisbúnaðarins.
- 3.1.11. Allir hlutar tækis, sem eru settir upp eða stilltir á framleiðslustiginu og ekki er ætlast til að notandi né uppsetningarmaður hreyfi neitt við, skulu vandlega varðir.
- 3.1.12. Handföng og annar stjórn- eða stillingarbúnaður skal greinilega afmarkaður og með upplýsingum til að koma í veg fyrir ranga notkun. Slíkan búnað skal hanna á þann hátt að ekki sé hægt að hreyfa við honum fyrir slysi.

3.2. *Útblástur á óbrunnu gasi*

- 3.2.1. Tæki skulu smíðuð á þann hátt að gasleki sé innan hættumarka.
- 3.2.2. Tæki skulu smíðuð á þann hátt að gasútstreymi þegar kveikt er á tækinu, eða við endurteknar tilraunir til að kveikja á því, svo og þegar loginn slokknar sé í svo litlum mæli að hættulegt magn af óbrunnu gasi geti ekki safnast fyrir í tækinu.
- 3.2.3. Tæki sem eru ætluð til nota innandyra skulu hafa sérstakan búnað sem kemur í veg fyrir að óbrunnið gas geti safnast upp í herbergjum.
Tæki sem hafa ekki slíkan búnað skal nota eingöngu á svæðum þar sem nægileg loftræsting er til að koma í veg fyrir hættulega uppsöfnun á óbrunnu gasi.
Stjórnvöld aðildarríkja innan EES geta sett skilyrði, á eigin yferráðasvæði, um nægilega loftræstingu innanhúss vegna uppsetningar tækja og með tilliti til eiginleika þeirra.
Tæki sem eru notuð í stór eldhús og tæki sem brenna gasi sem eittraðar lofttegundir eru í skulu hafa áðurnefndan búnað.

3.3. *Kveikt á tæki*

- Tæki skulu smíðuð á þann hátt að við venjulega notkun:
- kvikni og endurkvikni á tækinu með jöfnum loga,
 - dreifist loginn jafnt yfir eldstæðið.

3.4. *Brennsla*

- 3.4.1. Tæki skal smíðað á þann hátt að við venjulega notkun sé loginn stöðugur og að brunaefni innihaldi ekki heilsuspillandi efnasambönd í svo miklum mæli að óviðunandi sé.
- 3.4.2. Tæki skulu smíðuð á þann hátt að ófyrirsjáanlegt útstreymi brunaefna geti ekki orðið við venjulega notkun.
- 3.4.3. Tæki sem eru tengd við loftrör sem leiða brunaefnin út skulu framleidd á þann hátt að við óvenjuleg blástursskilyrði geti ekki komist brunaloft í hættulegu magni inn í viðkomandi herbergi.
- 3.4.4. Einstök hitunartæki án loftröra í íbúðarhúsum og hraðvatnshitarar án loftröra mega ekki valda uppsöfnun heilsuspillandi kolsýrings í herbergi eða rými þar sem fólk dvelur, að teknu tilliti til þess tíma sem líklegt er að það dvelji þar.

3.5. *Skynsamleg orkunýting*

Tæki skulu smíðuð með tilliti til skynsamlegrar orkunýtingar og á þann hátt að svari til vísindalegrar og tæknilegrar stöðu greinarinnar og með hliðsjón af öryggis-sjónarmiðum.

3.6. *Hiti*

- 3.6.1. Hlutar af tækjum sem er ætlaður staður nærri gólfi eða öðrum flötum mega ekki verða svo heitir að valdi hættu á svæðinu umhverfis.
- 3.6.2. Stjórnhnappar og -handföng tækja mega ekki vera svo heit að hætta stafi af fyrir notandann.
- 3.6.3. Yfirborðshiti utanáliggjandi hluta á tæki sem er ætlað til nota í íbúðarhúsnæði, að frátöldum þeim hlutum sem eiga að leiða hita, má ekki vera svo mikill að hætta stafi af fyrir notendur, einkum börn, sem taka verður hæfilegt tillit til að því er varðar viðbragðstíma.

3.7. *Matvæli og vatn til hreinlætisþarfa*

Í samræmi við reglur aðildarríkjanna innan EES á þessu sviði mega efni og efnishlutar, sem notaðir eru við smíði tækis sem getur komist í snertingu við matvæli eða vatn til hreinlætisþarfa, ekki draga úr gæðum matvællanna eða vatnsins.

II. VIÐAUKI TILHÖGUN SAMRÆMISVOTTUNAR

1. EB-GERÐARPRÓFUN

- 1.1. EB-gerðarprófunin er sá hluti meðferðarinnar þar sem samþykktur aðili athugar og vottar að tæki, sýnishorn af fyrirhugaðri framleiðslu, uppfylli þau ákvæði þessara reglna sem eiga við um þau.
- 1.2. Framleiðandi, eða fulltrúi hans innan EES skal leggja fram beiðni um gerðarprófun til eins samþykks aðila.
- 1.2.1. Í umsókninni skal koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef beiðnin er lögð fram af fulltrúa, nafn hans og heimilisfang,
 - skrifleg yfirlýsing um að beiðnin hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum samþykktum aðila,
 - hönnunarlýsing samkvæmt IV. viðauka.

- 1.2.2. Framleiðandinn skal afhenda samþykkt aðilanum tæki, sýnishorn af framleiðslunni, hér á eftir kallað „gerð“. Samþykkti aðilinn getur krafist fleiri sýnishorna sömu gerðar ef prófunarferlið krefst þess.
Innan hvernar gerðar geta rúmast fleiri afbrigði af framleiðsluvörinni að því tilskildu að þessi afbrigði skeri sig ekki úr hvað varðar áhættu.
- 1.3. Samþykkti aðilinn skal:
- 1.3.1. athuga hönnunarlýsinguna og ganga úr skugga um að gerðin hafi verið framleidd í samræmi við hana og bera kennsl á þá hluta framleiðslunnar sem hafa verið hannaðir í samræmi við viðkomandi ákvæði staðlanna sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og grundvallarkröfur þessara reglna;
- 1.3.2. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um að lausnirnar sem framleiðandinn velur séu í samræmi við grundvallarkröfurnar þegar staðlarnir sem um getur í 3. mgr. 3. gr. hafa ekki verið notaðir;
- 1.3.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um að viðkomandi staðlar hafi verið notaðir í reynd, þegar framleiðandinn hefur kosið að nota þá, svo að samræmi við grundvallarkröfurnar sé tryggt.
- 1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessara reglna skal samþykkti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir gildistöku þess, ef einhver eru, nauðsynleg gögn til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina og lýsingu á virkni hennar ef þess gerist þörf. Tæknileg atriði svo sem teikningar og myndir skulu fylgja í viðauka með vottorðinu.
- 1.5. Samþykkti aðilinn skal án tafar tilkynna hinum samþykktu aðilunum um útgáfu EB-gerðarprófunarvottorðsins og þær viðbætur sem um getur í lið 1.7. Þeir geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og/eða viðbæturnar við það og, samkvæmt rökstuddri beiðni, afrit af viðaukum við vottorðið og skýrslu um athuganir og prófanir sem hafa verið gerðar.
- 1.6. Samþykktur aðili sem neitar að gefa út eða afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð skal tilkynna það öðrum samþykktum aðilum innan EES og hlutaðeigandi stjórnvaldi í aðildarríkinu sem veitti samþykkið ásamt rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun.
- 1.7. Umsækjandinn skal láta samþykktu aðilann sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið vita um allar þær breytingar á viðurkenndu gerðinni sem hafa áhrif á samræmi við grundvallarkröfurnar.
Sé viðurkenndri gerð breytt skulu breytingarnar öðlast viðurkenningu samþykktu aðilans sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, hafi slíkar breytingar áhrif á samræmi við grundvallarkröfurnar eða fyrirskipuð skilyrði við notkun tækisins. Þessi viðurkenning skal gefin í formi viðbótar við upprunalega EB-gerðarprófunarvottorðið.
2. EB-YFIRLÝSING UM GERÐARSAMRÆMI
- 2.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi er sá hluti meðferðarinnar þar sem framleiðandinn lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og að þau uppfylli grundvallarkröfur þessara reglna. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal setja CE-merkið á hvert tæki og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Samræmisyfirlýsingin getur náð til eins eða fleiri tækja og skal geymd hjá framleiðanda. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer samþykkt aðila sem ber ábyrgð á þeim handahófskenndu athugunum sem um getur í lið 2.3.
- 2.2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið, þar á meðal skoðun og prófanir á fullbúinni framleiðslu, tryggi einsleita framleiðslu

og samræmi við kröfur þessara reglna. Samþykktur aðili sem framleiðandi velur skal gera handahófskenndar athuganir á tækjunum eins og mælt er fyrir um í lið 2.3.

- 2.3. Samþykkti aðilinn skal gera handahófskenndar athuganir á tækjum á framleiðslustað einu sinni á ári eða oftar. Skoða verður nægilegan fjölda tækja og framkvæma þær prófanir sem um getur í viðkomandi stöðlum samkvæmt 3. mgr. 3.gr. eða sambærilegar prófanir til að tryggja að tækin uppfylli grundvallarkröfur þessara reglna. Samþykkti aðilinn skal í hverju tilviki ákvarða hvort framkvæma skuli þessar prófanir að fullu eða að hluta til. Ef einu eða fleiri tækjum er hafnað skal tilkynnti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þau verði sett á markað.
3. EB-YFIRLÝSING UM GERÐARSAMRÆMI (ábyrgð á framleiðslugæðum)
 - 3.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á framleiðslugæðum) er sá hluti meðferðarinnar þar sem framleiðandi sem uppfyllir skilyrðin í lið 3.2 lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli grundvallarkröfur þessara reglna. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal setja CE-merkið á hvert tæki og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Þessi yfirlýsing getur náð til eins eða fleiri tækja og skal geymd hjá framleiðanda. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer samþykksaðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu.
 - 3.2. Framleiðandinn skal taka upp gæðakerfi til að tryggja að tækin séu í samræmi við gerðina eins og henni er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og grundvallarkröfur þessara reglna. Framleiðandinn er háður EB-eftirlitinu sem fjallað er um í lið 3.4.
 - 3.3. *Gæðakerfi*
 - 3.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til samþykksaðila sem hann velur varðandi þau tæki sem um er að ræða. Í umsókninni skal koma fram:
 - lýsing á gæðakerfinu,
 - skuldbinding um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
 - skuldbinding um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins,
 - lýsing á viðurkenndu gerðinni og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
 - 3.3.2. Öll þau atriði, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skulu skráð, skýrt og kerfisbundið, í formi greinargerða um ráðstafanir, meðferð og rituð fyrirmæli. Í þessari lýsingu á gæðakerfinu skal koma fram sams konar túlkun á gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum. Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:
 - gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þessa á gæði tækja,
 - framleiðsluferli, gæðaeftirliti og gæðatryggingu ásamt þeim kerfisbundnu aðgerðum sem fyrirhugaðar eru,
 - rannsóknnum og prófunum sem verða framkvæmdar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,
 - aðferðir við eftirlit með gæðum tækisins og skilvirkni gæðakerfisins.
 - 3.3.3. Samþykkti aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 3.3.2. Hann gerir ráð fyrir að samræmis sé gætt við þessar kröfur þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samræmdum stöðlum á þessu sviði.

Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum samþykktu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningu til framleiðanda skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar, nafn og heimilisfang samþykktu aðilans og rökstudd ákvörðun varðandi tækið sem um ræðir.

- 3.3.4. Framleiðandinn skal gera samþykktu aðilanum sem viðurkenndi gæðakerfið kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra hugmynda um gæði.
Samþykkti aðilinn skal athuga fyrirhugaðar breytingar og ákveða hvort breytta gæðakerfið samrýmist viðkomandi ákvæðum eða hvort ný athugun sé nauðsynleg. Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.
- 3.3.5. Samþykktur aðili sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi skal gera hinum samþykktu aðilunum viðvart um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.
- 3.4. *EB-eftirlit*
- 3.4.1. Tilgangurinn með EB-eftirliti er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.
- 3.4.2. Framleiðandinn skal veita samþykktu aðilanum aðgang að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum vegna skoðunar og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- lýsingu á gæðakerfinu,
 - gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um hæfi starfsfólks o.s.frv.
- 3.4.3. Samþykkti aðilinn skal gera könnun að minnsta kosti annað hvert ár til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um könnunina.
- 3.4.4. Samþykkti aðilinn getur einnig komið til framleiðandans án þess að gera boð á undan sér. Í þessum heimsóknum getur samþykkti aðilinn prófað eða látið prófa tækin. Hann skal láta framleiðanda í té skoðunarskýrslu og, eftir því sem við á, prófunarskýrslu.
- 3.4.5. Framleiðandinn skal geta lagt fram skýrslu samþykktu aðilans samkvæmt beiðni.
4. *EB-YFIRLÝSING UM GERÐARSAMRÆMI (ábyrgð á vörugæðum)*
- 4.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á vörugæðum) er sá hluti meðferðarinnar þar sem framleiðandi sem uppfyllir skilyrðin í lið 4.2 lýsir því yfir að viðkomandi tæki sé í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli grundvallarkröfur þessara reglna. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal setja CE-merkið á hvert tæki og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Þessi yfirlýsing getur náð til eins eða fleiri tækja og skal geymd hjá framleiðanda. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer samþykktu aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu.
- 4.2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaskoðun og -prófun tækjanna samkvæmt lið 4.3 og er háður EB-eftirlitinu sem fjallað er um í lið 4.4.
- 4.3. *Gæðakerfi*
- 4.3.1. Í þessum hluta meðferðarinnar skal framleiðandinn leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til samþykktu aðila að eigin vali varðandi þau tæki sem um er að ræða.

Í umsókninni skal koma fram:

- lýsing á gæðakerfinu,
- skuldbinding um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
- skuldbinding um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins,
- lýsing á viðurkenndu gerðinni og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

4.3.2. Í gæðakerfinu felst að hvert tæki er athugað og gerðar viðeigandi prófanir eins og kveðið er á um í viðkomandi staðli (stöðlum) sem um getur í 3. mgr. 3. gr. eða framkvæmdar jafngildar prófanir þar sem gengið er úr skugga um að það samrýmist grundvallarkröfum þessara reglna.

Oll þau atriði, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skulu skráð, skýrt og kerfisbundið, í formi greinargerða um ráðstafanir, meðferð og rituð fyriræli. Í þessari lýsingu á gæðakerfinu skal koma fram sams konar túlkun á gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum.

Í lýsingu gæðakerfisins skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:

- gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þess á gæði tækja,
- athugunum og prófunum sem framkvæma á eftir að framleiðslu lýkur,
- aðferðum við athugun á skilvirkni gæðakerfisins.

4.3.3. Samþykkti aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 4.3.2. Hann gerir ráð fyrir að samræmis sé gætt við þessar kröfur þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samræmdum stöðlum á þessu sviði. Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum samþykktu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningunni til framleiðandans skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar, nafn og heimilisfang samþykktu aðilans og rökstudd ákvörðun varðandi tækið sem um ræðir.

4.3.4. Framleiðandinn skal gera samþykktu aðilanum sem viðurkenndi gæðakerfið kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra hugmynda um gæði.

Samþykkti aðilinn skal athuga fyrirhugaðar breytingar og ákveða hvort breytta gæðakerfið samrýmist viðkomandi ákvæðum eða hvort ný athugun sé nauðsynleg. Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

4.3.5. Samþykktur aðili sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi skal gera hinum samþykktu aðilunum viðvart um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

4.4. *EB-eftirlit*

4.4.1. Tilgangurinn með EB-eftirliti er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.

4.4.2. Framleiðandinn skal veita samþykktu aðilanum aðgang að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum vegna skoðunar og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- lýsingu á gæðakerfinu,
- gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um hæfi starfsfólks o.s.frv.

4.4.3. Samþykkti aðilinn skal gera könnun að minnsta kosti annað hvert ár til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um könnunina.

4.4.4. Samþykkti aðilinn getur einnig komið til framleiðandans án þess að gera boð á undan sér. Í þessum heimsóknum getur samþykkti aðilinn prófað eða látið prófa

tækin. Hann skal láta framleiðanda í té skoðunarskýrslu og, eftir því sem við á, prófunarskýrslu.

4.4.5. Framleiðandinn skal geta lagt fram skýrslu samþykktu aðilans samkvæmt beiðni.

5. EB-SANNPRÓFUN

5.1. EB-sannprófun er ferlið sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að tækin sem falla undir ákvæði 3. liðar séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessara reglna sem gilda um þær.

5.2. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að tækin séu í samræmi við kröfur um gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessara reglna. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal setja CE-merkið á allar vörur og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu. Samræmisýfirlýsingin má taka til eins eða fleiri tækja og skal varðveitt af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans innan EES.

5.3. Samþykktur aðili skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að tækið uppfylli samræmiskröfur þessara reglna með því að rannsaka og prófa hvert tæki samkvæmt fyrirmælum í lið 5.4, eða með því að rannsaka og prófa tæki með tölfræðilegum hætti eins og tilgreint er í lið 5.5, samkvæmt ósk framleiðanda.

5.4. *Sannprófun með athugun og prófun á hverju tæki*

5.4.1. Hvert tæki skal athuga og prófanirnar sem eru skilgreindar viðkomandi staðli eða stöðlum sem um getur í 3. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að tryggja að tækin séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og þær kröfur þessara reglna sem um þau gilda.

5.4.2. Samþykkti aðillinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á hvert tæki til að staðfesta að það samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru. Samræmisvottorðið getur tekið til eins eða fleiri tækja.

5.4.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð samþykktu aðila sé þess óskað.

5.5. *Tölfræðileg sannprófun*

5.5.1. Tækin skulu koma frá hendi framleiðanda sem einsleitar framleiðslulotur og hann skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi einsleitni hverrar framleiðslulotu.

5.5.2. Tölfræðilegt eftirlit er sem hér segir:

Tæki skulu sett í tæknilegt eftirlit á grundvelli eiginleika þeirra. Þau skulu flokkuð í merktar framleiðslulotur sem í eru einingar, framleiddar eftir sömu fyrirmynd við sömu skilyrði. Lota er tekin til prófunar með óreglulegu millibili. Prófunartækin eru athuguð hvert um sig og gerðar á þeim viðeigandi prófanir, eins og kveðið er á um í viðkomandi staðli eða stöðlum sem um getur í 3. gr., eða jafngildar prófanir til að ákveða hvort framleiðslulotan verður samþykkt eða henni hafnað.

Beitt er eftirfarandi kerfi til að velja prófunartæki:

- staðlað gæðastig samsvarandi 95% líkum á viðurkenningu með ósamræmishlutfall á bilinu 0,5 til 1,5%,
- gæðamörk samsvarandi 5% líkum á viðurkenningu með ósamræmishlutfall á bilinu 5 til 10%.

5.5.3. Ef framleiðslulota er viðurkennd setur samþykktur aðili eða lætur setja kenninúmer sitt á sérhvert tæki og gefur út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem hafa

verið gerðar. Setja má öll tækin úr framleiðslulotunni á markað að frátöldum tækjum úr úrtakinu þar sem ósamræmi hefur fundist.

Ef lotu er hafnað skal samþykktur aðili gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú lota verði markaðssett. Ef lotum er oft hafnað getur samþykktur aðili frestað tölfraðilegri sannpröfun.

Framleiðandi má á ábyrgð samþykks aðila setja kenninúmer hins síðarnefnda á vöruna meðan á framleiðslu stendur.

- 5.5.4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geta lagt fram samræmisvottorð samþykks aðila sé þess óskað.


6. EB-EININGARSANNPRÓFUN

- 6.1. EB-einingarsannpröfun er ferli sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að tækið sem er venjulega hannað fyrir tiltekna notkun og vottorðið sem um getur í lið 2 hefur verið gefið út fyrir, sé í samræmi við kröfur þessara reglna sem við hana eiga. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal setja CE-merkið á tækið og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu sem hann varðveitir.
- 6.2. Samþykktur aðili skal skoða tækið og gera viðeigandi prófanir á grundvelli hönnunarlýsingarinnar til að ganga úr skugga um að tækið samræmist grundvallarkröfum þessara reglna. Samþykkti aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á hvert tæki til að staðfesta að hún samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru.
- 6.3. Markmiðið með tæknilegri lýsingu á hönnun tækisins, eins og um getur í IV. viðauka, er að gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessara reglna og skilja hönnun, framleiðslu og virkni tækisins. Hönnunarlýsingin sem um getur í IV. viðauka skal vera aðgengileg samþykktum aðila.
- 6.4. Ef samþykkti aðilinn telur það nauðsynlegt er hægt að framkvæma athuganirnar og prófanir eftir að tækið hefur verið sett upp.
- 6.5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hægt sé að leggja fram samræmisvottorð samþykks aðila sé þess óskað.

III.VIÐAUKI

CE-SAMRÆMISMERKI OG ÁLETRANIR

1. CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Á eftir CE-merkinu skal fylgja kenninúmer samþykks aðila sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar.

2. Tækið eða merkiplatan skal bera CE-merkið ásamt eftirfarandi áletrunum:
- nafn eða auðkenni framleiðandans,
 - viðskiptaheiti tækisins,

- tegund rafstraums sem nota skal, ef þörf krefur,
- flokkur sem tækið fellur undir,
- tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var sett á.

Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

IV. VIÐAUKI HÖNNUNARLÝSING

Í hönnunarlýsingunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir mat samþykktu aðilans:

- almenn lýsing á tækinu,
 - hönnunaráætlun, framleiðsluteikningar og myndir af íhlutum, aukahlutum, rafrásam o.s.frv.,
 - lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á ofan nefndu, þar með talin lýsing á því hvernig tækin vinna,
 - skrá yfir staðlana sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og gilda að öllu eða einhverju leyti og lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grundvallarkröfurnar þegar staðlarnir sem um getur í 3. mgr. 3. gr. eru ekki notaðir,
 - prófunarskýrslur,
 - handbækur fyrir uppsetningu og notkun.
- Hönnunarlýsingin getur, eftir því sem við á, falið í sér eftirfarandi:
- vottanir varðandi búnað sem er innbyggður í tækið,
 - vottanir og vottorð varðandi framleiðsluaðferðir og/eða skoðun og/eða eftirlit með tæki,
 - öll önnur skjöl sem gera tilkynnta aðilanum kleift að endurbæta matsaðferðir.

V. VIÐAUKI LÁGMARKSSKILYRÐI VIÐ MAT Á SAMÞYKKTUM AÐILUM

Samþykktu aðilarnir sem eru tilnefndir af aðildarríkinu skulu uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

- þeir skulu hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og starfsmönnum,
- starfsmenn skulu búa yfir tæknilegri og faglegri færni,
- stjórnendur og tæknilærðir starfsmenn skulu, við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit samkvæmt þessum reglum, vera óháðir öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem eiga beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta á því sviði sem tækin falla undir,
- starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu,
- ábyrgðartrygging skal vera fyrir hendi nema ríkið taki á sig þessa ábyrgð samkvæmt landslögum.

Stjórnvöld aðildarríkjanna innan EES eða aðilar sem aðildarríkin tilnefna skulu með reglubundnu millibili ganga úr skugga um að skilyrðum fyrstu tveggja undirliðanna sé fullnægt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 37/1989, um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. reglugerð nr. 37/1993.

1. gr.

Í stað orðsins „verðbóta“ í 1. málslíð 1. mgr. reglugerðarinnar kemur: álags.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Maður skal skila greiðslu skv. reglugerð þessari ásamt skilagrein í því umdæmi þar sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíröreikning:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.

Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan í Garðabæ.

B. Sýslumenn:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.

Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn í Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mismun, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágrri staðgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi. Við mismun, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal með sama hætti bæta 2,5% álagi.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

SAMBÝKKT

um kattahald í Akureyrarbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingi.

2. gr.

Ef köttur veldu nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Katta eigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári, eða oftari eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarinn ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

7. gr.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 12. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggiltri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms, starfsþjálfunar og réttindaveitingar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar Iðnfræðsluráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði 22. gr., sbr. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 112

13. febrúar 1996

AUGLÝSING

um sameiningu Sléttuhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt lögum nr. 131/1995 um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, með síðari breytingum, skal Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Af því tilefni tilkynnir félagsmálaráðuneytið eftirfarandi:

Ísafjarðarkaupstaður tekur yfir allt það land sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem hugsanlega hafa tilheyrir Sléttuhreppi skulu falla til Ísafjarðarkaupstaðar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fer með stjórn á því svæði sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Sameining þessara sveitarfélaga skal taka þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1996

8. febrúar 1996

213

Nr. 113

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1996
til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Á árinu 1996 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja skv. 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrkja.

Hámarksfjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðs-greiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%, enda sé hann ráðinn í fullt starf.

Annar kostnaður við verkefnið, svo sem launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og um-sýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Almenn skilyrði.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga atvinnutækifærum, við sem flestra hæfi.

2. Vera unnið hjá sveitarfélagi eða þriðja aðila. Sveitarfélagi er ekki heimilt að fela öðrum, svo sem verktaka, að sjá um framkvæmd verkefnis fyrir sig. Ef verkefni er unnið hjá þriðja aðila skal sveitarfélag gefa umsögn um umsókn hans og bera ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.

3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði og skal unnið í einu lagi.

4. Nota vinnuafll á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá skulu hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur verið um að ræða verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrði um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefst sérhæfðs starfskrafts.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði, eru ekki styrkhæf.

II. KAFLI

Styrkhæf verkefni.

4. gr.

Tímabundin verkefni umfram venjuleg umsvif.

Heimilt er að veita styrki til að atvinnulausir einstaklingar verði ráðnir hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum til sérstakra tímabundinna verkefna umfram venjuleg umsvif. Hefðbundin verkefni sveitarfélaga, svo sem gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsagagnir, viðhald og viðgerðir eigna sveitarfélagsins, eru ekki styrkhæf, nema um sérstakt tíma- og staðbundið verkefni sé að ræða.

5. gr.

Verkefni fyrir námsmenn og fólk með skerta starfsorku.

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands, enda njóti þeir bótaréttar. Enn fremur sérstök verkefni sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku sem nýtur bótaréttar.

6. gr.

Styrkir til atvinnulausra einstaklinga til eigin reksturs.

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg, enda verði starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur.

7. gr.

Varanleg atvinnusköpun.

Heimilt er að veita styrk til þess að aðstoða fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu, enda sé það ekki talið fela í sér röskun á samkeppnisstöðu. Það er forsenda styrkveitingar að atvinnulausir einstaklingar séu ráðnir ótímabundið í störfin og styrkhafi skuldbindi sig til þess að viðhalda störfunum eftir að styrktímabil rennur út, í a. m. k. jafnlangan tíma og styrkur náði til. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að endurkrefja styrkhafa um styrk ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt.

8. gr.

Verkefni sem ella væru ekki framkvæmd í launaðri vinnu.

Heimilt er að veita íþróttafélögum, líknaðfélögum, skógræktarfélögum, góðgerðarstofnunum, og öðrum sambærilegum aðilum styrk til að ráða atvinnulausan einstakling til starfa við verkefni sem ella væri ekki framkvæmt í launaðri vinnu.

9. gr.

Starfsþjálfun og skiptistörf.

Heimilt er að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysissskrá í starfsþjálfun þar sem fræðsla og vinna er samþætt enda feli ráðning hans í sér aukningu á starfsmannafjölda. Enn fremur er heimilt að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysissskrá til þess að leysa af fastan starfsmann sem fengið hefur launað leyfi til endurmenntunar eða til þess að sinna nýsköpun fyrir atvinnulífið, enda sé starfsmanni ekki tryggður réttur til endurmenntunar í kjarasamningi.

III. KAFLI

Ráðningar- og starfskjör.

10. gr.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu að ráðningar og kjör starfsfólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Að jafnaði er ekki heimilt að veita styrki til að ráða sama starfsmann til lengri tíma en sex mánaða í sama eða sams konar verkefni.

Við ráðningu skal gerður skriflegur samningur milli starfsmanns og styrkhafa. Ef styrkveiting er til þriðja aðila skal sveitarfélag vera aðili að slíkum samningi. Í samningi skal kveðið á um ráðningar- og starfskjör. Í honum skal vera lýsing á verkefnum starfsmanns og kveðið á um þá leiðsögn og fræðslu sem hann á rétt á. Afrit samnings skal sent skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Starfsmanni er skylt að tilkynna skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs ef framkvæmd verkefnis er ekki í samræmi við ákvæði samnings.

IV. KAFLI

Umsóknir og meðferð þeirra.

11. gr.

Umsóknarfrestir.

Styrkjum er úthlutað þrisvar á ári. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir 15. mars vegna fyrstu úthlutunar, fyrir 15. maí vegna annarrar úthlutunar og fyrir 15. september vegna þriðju úthlutunar. Heimilt er að víkja frá þessum frestum, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Sveitarfélög skulu hafa milligöngu um að koma umsóknum frá þriðja aðila á framfæri við skrifstofu sjóðsins, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

12. gr.

Upplýsingar og gögn sem fylgja skulu umsókn.

Með umsókn skulu fylgja sem nákvæmastar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni, svo sem kostnað við þau, markmið þeirra og væntanleg áhrif þeirra á atvinnuástand í sveitarfélaginu og á atvinnumöguleika hins atvinnulausa. Fjárhagsáætlun sveitarfélags fyrir árin 1995 og 1996 skal enn fremur fylgja, ásamt nýjustu upplýsingum um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysisskráningu.

Umsókn um styrk vegna afleysingar, sbr. 9. gr., skulu fylgja upplýsingar um kjör starfsmanns í launuðu leyfi og tilgang leyfis.

Umsækjendur um styrki skv. 6. og 7. gr. skulu gefa yfirlýsingu um þá ríkisaðstoð sem þeir hafa notið á síðastliðnum þremur árum, sbr. EES-reglur um ríkisaðstoð.

13. gr.

Umsagnarnefnd.

Áður en umsóknir eru lagðar fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal nefnd sem skipuð var samkvæmt yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmála- og fjármálaráðherra frá 12. desember 1994, fjalla um umsóknir og gefa umsögn um þær. Nefndin skal undirbúa afgreiðslu umsókna í hendur stjórnarinnar. Hún skal sjá um að afla viðbótarupplýsinga og -gagna frá sveitarfélögum, ef þörf er á, og getur beint tillögum og ábendingum til þeirra.

Nefndin skal sjá um að notuð séu sérstök stöðluð umsóknareyðublöð og form fyrir samninga skv. 2. mgr. 10. gr.

14. gr.

Afgreiðslutími.

Hraða skal umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er.

Að jafnaði skal umsókn lögð fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til afgreiðslu eigi síðar en tveimur vikum eftir að frestur til að leggja fram umsókn rann út.

15. gr.

Meðferð stjórnar og staðfesting ráðherra.

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur afgreitt umsóknir af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um styrkveitingar fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar. Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsókna.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá í tillögu til ráðherra gera grein fyrir hvernig atkvæði féllu og rökstuðningi fyrir atkvæðum.

Félagsmálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

V. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd verkefna.

16. gr.

Gögn og upplýsingar.

Þegar verkefni hefst skal sveitarfélag senda tilkynningu þar að lútandi til skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tilkynningu skal fylgja listi með nöfnum fólks á atvinnuleysissskrá, ásamt upplýsingum um hversu lengi það hefur verið á skrá og skýringum á því hvers vegna þeir sem lengst hafa verið á skrá fá ekki störf við verkefni, ef við á. Einnig skulu fylgja upplýsingar um þá sem hafnað hafa þátttöku í verkefni með viðeigandi skýringum og gögnum, svo sem læknisvottorðum. Afrit samninga skv. 2. mgr. 10. gr. skulu fylgja. Eftir að þessar upplýsingar hafa borist greiðist styrkfjárhæð með mánaðarlegum greiðslum eftir á þann tíma sem verkefnið stendur yfir.

17. gr.

Hlutverk umsagnarnefndar.

Nefnd skv. 13. gr. skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við forsendur styrkveitingar og getur hún að eigin frumkvæði óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum og gögnum.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar skal nefndin tilkynna það stjórn sjóðsins sem er heimilt að stöðva greiðslu styrksins. Jafnframt getur það, samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, haft áhrif á framtíðarstyrkveitingar til átaksverkefna á vegum sama aðila.

18. gr.

Reikningshald.

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og haldið aðskildum frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þriðja aðila.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

19. gr.

Greinargerð um framkvæmd.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um framkvæmd verkefnis sem unnið er hjá sveitarfélagi eða á ábyrgð þess. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að stöðva greiðslur, eða synja frekari umsóknum frá sveitarfélögum sem ekki sinna skýrslugerð skv. 1. mgr.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.
 20. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í V. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, sbr. 27. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, nr. 144/1995, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir gildistöku þessara reglna skal skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs hlutast til um að vinnumiðlanir kynni hlutaðeigandi aðilum þær. Sérstaklega skal vekja athygli á umsóknarfrestum, sbr. 11. gr.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

7. febrúar 1996

Nr. 114

GJALDSKRÁ
um sorphirðu fyrir Skútustaðahrepp árið 1996.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 2.500 á íbúð.

B) *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a) kr. 2.500
"	b) kr. 15.000
"	c) kr. 30.000
"	d) kr. 60.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

SAMÞYKKT

um stjórn Neskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn Neskaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Neskaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa bæjarbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarins með útgáfu fréttabréfs og með því að halda almenna borgarafundi. Þá skulu bæjarbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum bæjarstjórnar gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Þriggja ára áætlun.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár, sbr. 76. gr. laga nr. 8/1986.

8. gr.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Fundartími bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það. Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Boðsending fundarboða.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu. Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málslíði hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Kjör skrifara.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Meðan ákvæðum 1. málslíðar er ekki fullnægt, skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund. Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

24. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Fundarsköp, málfrelsi.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Fundarsköp, vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Fundarsköp, meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Fundarsköp, afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Fundarsköp, úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Fundarritun – fundargerð.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða. Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundu.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hagsmunir bæjarins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venlamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að vilja-afstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Fjarvera vegna veikinda, varamenn.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfund.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Kosning í bæjarráð, ráð, nefndir og stjórnir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leyfilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjú bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Heimilt er að kjósa bæjarstjóra sem formann bæjarráðs. Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila, sem sæti á í bæjarstjórn, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í mánuði á fimmtudögum frá kl. 16.00. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. sex klukkustundum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn, að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyrja málefni vatnsveitu, vegamál, holræsamál, fasteignamál, brunamál sem og önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum/ráðum í samþykkt þessari eða ályktunum bæjarstjórnar. Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Heimilt er að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Kjör formanna og varaformanna nefnda og ráða.

Bæjarstjórn kýs nefndum/ráðum formann, varaformann, en nefndin/ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður nefndar/ráðs boðar eða lætur boða fundi í nefnd/ráði með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni/ráðsfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni/ráðinu. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðal-

mann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Lokaðir fundir.

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Fundargerðarbækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin/ráðið getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar/ráðs. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn/ráðsfulltrúar undirrita hana.

60. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum/ráðsfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, embættismenn: Tilnefningar og kosningar.

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- (i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir, sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka, sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.
 1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kys þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð, skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð, rétt á að tilnefna sinn fulltrúa hver listi og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 54. gr. samþykktar þessarar en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur bæjarráð

með höndum vinabæjarsamskipti og ferða- og kynningarmál. Bæjarráð fer með verkefni samstarfsnefndar þjónustusvæðis SSA, rekstur Egilsbúðar og veitna eða tilnefnir fulltrúa á fundi eftir því sem við á hverju sinni.

2. *Fræðslumálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Ráðið er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess þá hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslumálaráð fer með málefni leikskóla skv. leikskólalögum, grunnskóla skv. grunnskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamlinga um rekstur hans hverju sinni og framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfssamninga, sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Ráðið fer með íþrótt- og æskulýðsmál í bæjarfélaginu. Fræðslumálaráð fer með málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Ráðið tilnefnir fulltrúa í stjórn héraðsskjalasafns og Náttúrustofu Austurlands skv. ákvæðum laga og samninga þar um. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Auk verkefna sem fræðsluráð hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Félagsmálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálaráð, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Félagsmálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess þá hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvararnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálaráð hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum. Ráðið tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Ráðið tilnefnir fulltrúa bæjarfélagsins í rekstrarstjórn Breiðabliks og í stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúss skv. lögum og samningum þar um. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
4. *Umhverfismálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálaráð sem fer með verkefni byggingarnefndar skv. byggingarlögum. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Umhverfismálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess þá hið sama og bæjarstjórnar. Ráðið fer með skipulagsmál skv. skipulagslögum. Umhverfismálaráð sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu, náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og umferðarnefndar skv. umferðarlögum. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Ráðið skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Ráðið tilnefnir fulltrúa í heilbrigðisnefnd skv. ákvæðum laga um hoilustuvernd og heilbrigðiseftirlit. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Auk verkefna sem umhverfismálaráð hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum.
5. *Hafnarmálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarmálaráð skv. lögum um hafnamál. Bæjarstjórn kýs hafnarmálaráði formann og varaformann. Ráðið er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarmálaráð hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum.
6. *Kjörstjórn.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn. Kjörstjórn er fyrst kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár

hvert. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.

- (ii) **Stjórnir og samstarfsráð.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd.* Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almanna-varna kýs bæjarstjórn tvo aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Stjórn vinnumiðlunar.* Samkvæmt ákvæðum laga um vinnumiðlun kýs bæjarstjórn þrjá aðal- og varafulltrúa í stjórn vinnumiðlunar skv. tilnefningum bæjarráðs.
 3. *Stjórn Náttúrustofu Austurlands.* Eftir tilnefningu fræðslumálaráðs kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Náttúrustofu Austurlands skv. ákvæðum laga og reglugerða um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
 4. *Starfskjaranefnd.* Bæjarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í starfskjaranefnd. Starfsmannafélag Neskaupstaðar kýs tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara.
 5. *Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.* Samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.
 6. *Stjórn Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.* Félagsmálaráð tilnefnir þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara í stjórn Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar. Bæjarstjórn staðfestir tilnefningar ráðsins.
 7. *Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.* Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar kýs bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og annan til vara í stjórn sjóðsins.
 8. *Rekstrarstjórn Breiðabliks.* Félagsmálaráð tilnefnir tvo aðalfulltrúa og tvo til vara í rekstrarstjórn Breiðabliks og íbúar Breiðabliks kjósa einn aðalfulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn staðfestir tilnefningar ráðsins.
- (iii) **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana, sem bærinn á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans þá hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi skv. lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
 4. *Skíðamiðstöðin í Oddskarði.* Bæjarstjórn kýs sex aðal- og varafulltrúa á aðalfund Skíðamiðstöðvarinnar í Oddskarði skv. ákvæðum samstarfssamnings eigenda Skíðamiðstöðvarinnar. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
- (iv) **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:

1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga*. Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. sveitarstjórnarlögum. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi ársreikninga.
2. *Búfjárefntirlitsmaður*. Bæjarstjórn kýs einn búfjárefntirlitsmann og annan til vara skv. lögum um búfjárhald. Búfjárefntirlitsmaður er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans þá hið sama og bæjarstjórnar.
- (v) **Verkefnabundnar nefndir**. Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

62. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

63. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Fjármálastjóri gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum.

64. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

65. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 64. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna

starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfs-
svið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup
og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum
3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög um reynslusveitarfélög nr.
82/1994, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1996 og gildir til 1. janúar 2000.
Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar
nr. 520/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 116

9. febrúar 1996

REGLUGERÐ

fyrir almannavarnaráð.

1. gr.

Almannavarnaráð stýrir starfsemi almannavarna, hefur með höndum heildarskipulagn-
ingu almannavarna í landinu, svo sem nánar greinir í 6. gr. laga um almannavarnir, og er til
ráðuneytis um framkvæmd laga um almannavarnir. Það fer og með þau mál önnur er lög
ákveða.

2. gr.

Í almannavarnaráði eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn
í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Dómsmálaráðherra skipar í ráðið og
skipar einn ráðsmanna formann ráðsins til þriggja ára í senn.

Í forföllum formanns skal sá ráðsmanna sem lengst hefur átt sæti í almannavarnaráði
gegna starfi formanns.

3. gr.

Landsbjörg, Rauði kross Íslands og Slysavarnafélag Íslands skulu eiga einn sameigin-
legan áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs.

Dómsmálaráðherra skipar áheyrnarfulltrúann til tveggja ára í senn að fenginni sam-
eiginlegri tillögu samtakanna. Áheyrnarfulltrúi skal annað hvort vera forseti/formaður eða
framkvæmdastjóri hlutaðeigandi samtaka. Ráðherra skipar og varamann með sama hætti.

4. gr.

Áheyrnarfulltrúi skv. 3. gr. hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum almannavarnaráðs en
ekki atkvæðisrétt.

Áheyrnarfulltrúinn skal gæta þagnarskyldu um það sem hann verður áskynja um í
störfum almannavarnaráðs og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls eða samkvæmt
sérstakri ákvörðun almannavarnaráðs.

Áður en áheyrnarfulltrúinn tekur til starfa skal hann undirrita þagnarheit.

Endurprentað blað.

5. gr.

Þeir sem sæti eiga í almannavarnaráði skv. 1. gr. skulu tilnefna varamann er sæti tekur á fundum ráðsins í forföllum þeirra. Tilkynna skal formanni um tilnefningu varamanns.

6. gr.

Fundi almannavarnaráðs skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til funda.

Almannavarnaráð getur við sérstakar aðstæður haldið fund án viðveru áheyrnarfulltrúa. Að fundi loknum skal formaður greina áheyrnarfulltrúanum frá fundinum og tilefni hans.

7. gr.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal sitja fundi almannavarnaráðs og gegna þar starfi fundarritara.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

Við upptalninguna bætast Hitaveita Akraness með endurgreiðsluhlutfallið 54% og Hitaveita Borgarness með endurgreiðsluhlutfallið 48%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum gildir frá 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 12. febrúar 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilyrði atvinnuskírteina.

Hver íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum reglugerðar þessarar um menntun, siglingatíma og aldur á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður á íslenskum skipum. Enginn getur öðlast skírteini til skipstjórnar eða vélstjórnar nema sá sem er fær um að gegna starfinu af heilsufars- ástæðum samkvæmt læknisvottorði, sbr. reglugerð nr. 304/1993.

Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja, sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, enda fullnægi þeir skilyrðum reglugerðar þessarar og STCW alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöðu farmanna.

Skipstjóri og yfirvélstjóri á íslensku skipi skulu þó ávallt vera íslenskir ríkisborgarar eða njóta atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari og bera fulla ábyrgð á framkvæmd laga þeirra og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum. Til að geta starfað sem skipstjóri eða yfirvélstjóri á íslenskum skipum verða ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að geta sýnt fram á þekkingu á íslensku og íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.

2. gr.

Útgáfa atvinnuskírteina.

Atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna til íslenskra ríkisborgara skulu gefin út af sýslumönnum og tollstjóranum í Reykjavík á þar til gerðum eyðublöðum eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn.

Sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík gefa einnig út atvinnuskírteini til ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar, laga um atvinnuréttindi útlendinga og hafa lokið prófi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla. Áður en atvinnuskírteini er gefið út skal umsækjandi leita umsagnar Stýrimannaskólans í Reykjavík eða Vélskóla Íslands eftir því sem við á, hvaða stigi skipstjórnar- eða vélstjórnarmenntunar prófgögn og menntun hans samsvarar.

Um útgáfu atvinnuskírteina samkvæmt STCW alþjóðasamþykktinni fer eftir ákvæðum 12. gr. reglugerðar þessarar.

Um útgáfu atvinnuskírteina til ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins fer eftir ákvæðum 1. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Erlend atvinnuskírteini.

Skipstjórnar- og vélstjórnarmenn sem leggja fram atvinnuskírteini gefið út í landi þar sem STCW alþjóðasamþykktin með síðari breytingum hefur tekið gildi, skulu fá sérstaka áritun á þar til gerð vottorð, sem eru gerð og gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins í samræmi við fyrirmynd og fyrirmæli STCW alþjóðasamþykktarinnar.

II. KAFLI

Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna.

4. gr.

Til að öðlast skírteini stýrimanns eða skipstjóra þarf viðkomandi að vera 20 ára eða eldri og hafa siglingatíma og menntun í samræmi við eftirfarandi stig stýrimannaskóla:

1. stig:

1. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum.

Siglingatími: 24 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni.

(Skírteini A-3)

2. Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

Verður að vera handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

(Skírteini A-4)

3. Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

Skipstjóra- eða stýrimannstími: 12 mánuðir á skipi yfir 30 rúmlestum.

(Skírteini A-4)

2. stig:

1. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Siglingatími: 27 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

(Skírteini A-5)

2. Yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum.

Siglingatími: 27 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

(Skírteini A-5)

3. Undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Siglingatími: 27 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

(Skírteini A-5)

4. Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Skipstjóra- eða stýrimannstími: 24 mánuðir á skipi stærra en 30 rúmlestir, þar af a.m.k. 6 mánuðir yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum yfir 100 rúmlestum.

(Skírteini A-6)

5. Skipstjóri á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum.

Skipstjóra- eða stýrimannstími: 24 mánuðir á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuðir sem yfirstýrimaður/1. stýrimaður.

(Skírteini B-1)

3. stig:

1. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Siglingatími: 36 mánuðir, þar af a.m.k. 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestum.

(Skírteini B-2)

2. Skipstjóri á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum.

Skipstjóra- eða stýrimannstími: 24 mánuðir á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður.

(Skírteini B-3)

3. Skipstjóri á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Skipstjóra- eða stýrimannstími: 24 mánuðir á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður á skipi í utanlandssiglingum.

(Skírteini B-4)

4. stig:

1. Skipstjóri á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

Stýrimannstími: 30 mánuðir á skipum yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.

(Skírteini B-5)

Þegar talað er um önnur skip í grein þessari er átt við skip sem ekki eru fiskiskip, kaupskip eða varðskip.

5. gr.**11 rúmlesta réttindi:**

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa skipstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna. Þegar skilyrði þessi eru uppfyllt á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur réttindi til að annast skipstjórn á skipi 11 rúmlestir og minna í innanlandssiglingum*“. (Skírteini T)

Ótímabundin takmörkuð réttindi:

Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur er samgönguráðherra heimilt að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað höfðu undangengin 10 ár fyrir gildistöku laga nr. 112/1984 á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi. Þegar skilyrði þessi eru uppfyllt á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur réttindi til að gegna stöðu*“ á _____ *í innanlandssiglingum*“.

(Skírteini T)

Breyting á skipi:

Nú hefur skipstjórnarmaður notið undanþágu frá ákvæðum laganna til skipstjórnarstarfa á sama skipi sem vegna breytinga á því mælist meira en 200 rúmlestir eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi sem taldar hafa verið fullgildar ástæður fyrir undanþágu og er þá heimilt að veita honum þau atvinnuréttindi óskert til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum. Í tilvikum þessum skal áritað á atvinnuskírteini hver séu atvinnuréttindi viðkomandi og á hvaða skipi. (Skírteini T)

30 rúmlesta réttindi:

Sá sem hefur setið 30 rúmlesta námskeið og lokið prófum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið hefur sett um 30 rúmlesta réttindanam, hefur rétt til að vera skipstjóri á skipum 30 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.

Siglingatími: 18 mánuðir háseti á skipi.

(Skírteini A-1)

Ákvæði til bráðabirgða:

Fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 og fyrr og annast hefur skipstjórn lengur en 8 ár fengið réttindi sem skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna, þegar viðkomandi hefur setið námskeið í sjómanna- og skipstjórnarfræðum, sem haldið er á vegum viðurkennds skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Í stað þess að gangast undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hafa setið námskeiðið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara. Þegar skilyrði þessi eru uppfyllt

á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur setið námskeið fyrir 30 rúmlesta skipstjórnarréttindi án próftöku og hefur réttindi til að vera skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna í innanlandssiglingum*“. (Skírteini T)

80 rúmlesta réttindi:

Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 rúmlestir, í innanlandssiglingum. Siglingatími: 24 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni. Til að öðlast skipstjórnarréttindi þarf 12 mánaða stýrimannstíma á skipi yfir 30 rúmlestir.
(Skírteini A-2)

6. gr.

Siglingatími.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í rekstri og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns. Af siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf á skipi en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Nám eða störf í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á viðurkenndum námskeiðum má meta sem siglingatíma í allt að einn mánuð.

Lögskráning sem 1. stýrimaður fyrir gildistöku laga nr. 112/1984 jafngildir yfirstýrimannstíma.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði lögskráningarstjóra. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja valinkunnra manna.

7. gr.

Endurnýjun atvinnuskírteina.

Við endurnýjun atvinnuskírteina til skipstjórnar á skipum stærri en 30 rúmlestir skal siglingatími umsækjanda vera að minnsta kosti 1 ár á næstliðnum 5 árum. Að öðrum kosti verður umsækjandi að gangast undir hæfnispróf eða námskeið sem skipulögð verða af Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Enginn getur fengið endurnýjun atvinnuskírteinis til skipstjórnar nema sá sem er fær um að gegna starfinu af heilsufarsástæðum samkvæmt læknisvottorði, sbr. reglugerð nr. 304/1993.

III. KAFLI

Atvinnuskírteini vélstjórnarmanna.

8. gr.

Til að öðlast skírteini vélstjórnarmanns þarf viðkomandi að vera 18 ára eða eldri og hafa starfstíma og menntun í samræmi við eftirfarandi stig vélskóla:

1. stig:

1. Vélavörður á skipi.
(Skírteini VV)
2. Yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kW. og minni
Starfstími: 6 mánuðir sem vélavörður á skipi.
(Skírteini VVy)

2. stig:

1. Vélavörður á skipi.
(Skírteini VV)
2. Yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kW. og minni
Starfstími: 5 mánuðir sem vélavörður á skipi.
(Skírteini VVy)
3. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW. vél og minni.
Starfstími: 9 mánuðir sem vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 5 mánuði á skipi með 401-750 kW. vél.
(Skírteini VS.III)

3. stig:

1. Vélavörður á skipi.
(Skírteini VV)
2. Yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kW. og minni
Starfstími: 4 mánuðir sem vélavörður á skipi.
(Skírteini VVy)
3. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW. vél og minni.
Starfstími: 6 mánuðir sem vélavörður á skipi með 401 - 750 kW. vél.
(Skírteini VS.III)
4. 1. vélstjóri á skipi með 1500 kW. vél og minni.
Starfstími: 12 mánuðir sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 401 kW. vél og stærri.
(Skírteini VS.II)
5. Yfirvélstjóri á skipi með 1500 kW. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Starfstími: 18 mánuðir sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 6 mánuðir sem vélavörður, en 12 mánuði sem vélstjóri. Af vélstjóratímanum, vélstjóri a.m.k. 3 mánuði við 751 kW. vél og stærri.
(Skírteini VS.I)

4. stig ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein, þ.e. vélfræðingur:

1. 1. vélstjóri á skipi með 1500 kW. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
(Skírteini VF.IV)
2. Yfirvélstjóri á skipi með 1500 kW. vél og minni.
Starfstími: 6 mánuðir sem vélstjóri á skipi með 751 kW. vél og stærri.
(Skírteini VS.I)
3. 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Starfstími: 12 mánuðir sem vélstjóri á skipi með 751 kW. vél og stærri.
(Skírteini VF.III)
4. Yfirvélstjóri á skipi með 3000 kW. vél og minni.
Starfstími: 24 mánuðir sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuðir sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kW. vél og stærri og rétt til að öðlast atvinnuskírteini VF.III.
(Skírteini VF.II)
5. Yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Starfstími: 36 mánuðir sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuðir sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kW. vél og stærri.
(Skírteini VF.I)

9. gr.

Vélgæsluréttindi:

Vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum með aðalvél 220 kW. og minni (Skírteini VM).

Þessi réttindi öðlast viðkomandi eftir að hafa setið viðurkennt nám í vélgæslufræðum og lokið prófum samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 og fyrr og annast hefur vélgæslu á bátum í 5 ár fengið réttindi sem vélgæslumaður, þegar viðkomandi hefur setið nám í vélgæslufræðum. Í stað þess að gangast undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið vélgæslumannánám og sé hæfur til vélgæslustarfa að mati námskeiðshaldara. Þegar skilyrði þessa tölulíðar eru uppfyllt á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur setið námskeið í vélgæslufræðum án próftöku og hefur réttindi til að vera vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum í innanlandssiglingum*“. (Skírteini T).

11 rúmlesta réttindi:

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa vélgæslu á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna. Þegar skilyrði þessi eru uppfyllt á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur réttindi til að annast vélstjórn á skipi 11 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum*“. (Skírteini T)

Ótímabundin takmörkuð réttindi:

Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur er samgönguráðherra heimilt að veita þeim vélstjórum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað höfðu undangengin 10 ár fyrir gildistöku laga nr. 113/1984 á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi. Þegar skilyrði þessi eru uppfyllt á viðkomandi rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini með árituninni „*Hefur réttindi til að gegna stöðu _____ á _____ skipi*“. (Skírteini T).

10. gr.

Starfstími.

Starfstími vélstjóra til atvinnuréttinda telst sá tími sem hann er lögskráður á skip sem vélstjóri eða vélavörður, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma vegna atvinnuréttinda má einnig telja störf við vélaviðgerðir um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur 1/4 hluta starfstíma til atvinnuréttinda.

Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en 8. gr. tilgreinir.

Starfstíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði lögskráningarstjóra. Til staðfestingar starfstíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja valinkunnra manna.

11. gr.

Endurnýjun atvinnuskírteina.

Við endurnýjun atvinnuskírteina skal siglingatími umsækjanda vera að minnsta kosti 1 ár á næstliðnum 5 árum. Að öðrum kosti verður umsækjandi að gangast undir hæfnispróf eða námskeið sem skipulögð verða af Vélskóla Íslands.

Enginn getur fengið endurnýjun atvinnuskírteinis til vélstjórnar nema sá sem er fær um að gegna starfinu af heilsufarsástæðum samkvæmt læknavottorði, sbr. reglugerð nr. 304/1993.

IV. KAFLI

Alþjóðleg atvinnuskírteini.

12. gr.

Atvinnuskírteini samkvæmt STCW alþjóðasamþykktinni skulu gefin út af Siglinga-málastofnun ríkisins í samræmi við lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984 með síðari breytingum og alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna (STCW).

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði sýslumanna, tollstjórans í Reykjavík eða Siglinga-málastofnunar ríkisins um útgáfu atvinnuskírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

14. gr.

Samgönguráðuneytið getur að fengnum umsögnum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélskóla Íslands og Vélstjórafélags Íslands, heimilað ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins og ríkja sem ekki eru aðilar að STCW alþjóðasamþykktinni, og lokið hafa skipstjórnar- og vélstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, eftir því sem við á, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa skipstjórnar- eða vélstjórnarnámi við erlenda skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

15. gr.

Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við skipstjórn og vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 með síðari breytingum og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið í X. viðauka komi nýir töluliðir 6-8 sem orðist svo:

- 6) CTR 4 - BM: ISDN-stofntenging (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/796/EBE) um notendabúnað, sem á að tengja með stofntengingu við almenna ISDN samnetið við T-viðmiðunartengipunkt eða samliggjandi S- og T-viðmiðunartengipunkt. Samhæfði staðallinn er:
NET 5 (ISDN-stofntenging); Stjtið. EB nr. C 53, 24.2.1993, bls. 6.
Hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem skal endurskoða fyrir árslok 1996.
- 7) CTR 3 - BM: ISDN-grunntenging (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/797/EBE) um notendabúnað, sem á að tengja með grunntengingu við almenna ISDN samnetið við T-viðmiðunartengipunkt eða samliggjandi S- og T-viðmiðunartengipunkt. Samhæfði staðallinn er:
NET 3 (ISDN-grunntenging); Stjtið. EB nr. C 53, 24.2.1993, bls. 6.
Hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem skal endurskoða fyrir árslok 1996.
- 8) CTR 14: ONP 64 kb/s óskipulagt (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/821/EBE) um notendabúnað sem á að tengja við nettengipunktinn fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kb/s flutningsgetu í almenna fjarskiptanetinu. Samhæfði staðallinn er:
Tæknilegar kröfur í tengslum við frjálsan aðgang að netum (ONP)
Stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kb/s flutningsgetu (D64U)
Tengikröfur sem eru gerðar til skilflata fyrir endabúnað:
TBR 14 - janúar 1994 (að formála undanskildum).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. 1. nr. 32/1993 og með hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 31. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

6. febrúar 1996

Nr. 120

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í V. kafla um flutninga á sjó í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 54. lið:
54a. Tilskipun ráðsins 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarkspjálfun sjómanna.
2. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55a. lið:
55b. Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda.
3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55b. lið:
55c. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A.747 (18) um beitingu mælingareglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olíuflutningaskipum.
4. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 59a. lið:
59b. Ályktun ráðsins nr. 94/C 379/05 frá 22. desember 1994 um öryggi á ekju-
farþegaferjum.

2. gr.

Ofantaldar ESB-gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, hefti 43/1995: 1. tölul. bls. 8 - 43, 2. tölul. bls. 45 - 52, 3. tölul. bls. 54 - 59 og 4. tölul. bls. 61 - 62.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum, lögum um ætirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, lögum um skipamælingar nr. 50/1970 með síðari breytingum og lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 6. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:
Vatnsgjald kr. 865,20 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)		Heimæðargjald
400 - 2000 m ³	=	95.020,00 kr. f. 400 m ³ 73,00 kr/m ³ þar yfir
2000 - 6000 m ³	=	215.274,00 kr. f. 2000 m ³ 67,00 kr/m ³ þar yfir
6000 - 10000 m ³	=	477.788,00 kr. f. 6000 m ³ 64,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000 m ³	=	719.361,00 kr. f. 10000 m ³ 46,00 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.
Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 39,40.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla ¾"	kr. 359,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - 2½"	kr. 805,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 1.635,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mínútulíttra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. mars 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 15. mars 1993.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. febrúar 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 122

15. febrúar 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 181/1995.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónsustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Við viðauka 1, yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks, bætist:

Nr. 93 Útgáfa ADR-bráðabirgðavottorða2,4

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING

um ökutækjatriyggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 473 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 19 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatriyggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 81.000 kr. fyrir einstakling og 172.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 29.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1996.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatriyggingar, nr. 130 2. mars 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Dagsetning í B-deild Stjórnartíðinda
12	Vallaneslegat.....	19/4 1793
25	Legat Eiríks Ólafssonar.....	18/8 1835
38	Sjóður af árgjöldum brauða	6/6 1870
40	Stsj. Örum og Wulf.....	18/7 1874
41	Stsj. Jóhannesar Kristjánssonar.....	3/7 1874
48	Styrktarsjóður W. Fischers.....	13/9 1889
49	Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra er í sjó drukkana.....	31/5 1890
56	Stsj. handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu	25/3 1895
63	Msj. Sigurðar Melsted, lektors.....	1/4 1898
71	Stsj. handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga	26/6 1903
72	Styrktarsjóður gamalla formanna í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	9/6 1904
84	Msj. Guðmundar Jónssonar frá Grænavatni.....	7/9 1909
88	Stsj. Péturs skipstjóra Björnssonar.....	12/4 1910
89	Búnaðarsjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu	29/4 1910
93	Msj. Sighvats Ámasonar alþingismanns	30/6 1910
95	Minningarsjóður Kristjáns læknis Jónssonar	15/4 1910
105	Msj. Stephans Jónssonar	13/9 1912
112	Msj. Baldvins Benediktssonar	31/10 1913
118	Stsj. Gísla Jóns Nikulásssonar	23/12 1914
123	Framfararsjóður Seyluhrepps	8/6 1915
132	Msj. Ragnheiðar Thorarensen	4/12 1915
137	Ekkna- og munaðarleysingjasjóður Patrekshrepps.....	6/10 1916
140	Msj. Árna Flóventssonar	6/10 1916
142	Minningarsjóður Sigurðar Þórðarsonar.....	14/9 1916
145	Msj. Kjartans prófests Einarssonar	18/4 1917
155	Msj. Hannesar Guðmundssonar	22/2 1918
161	Msj. Þorsteins Magnússonar og Önnu Bjarnadóttur	24/6 1918
164	Msj. Valdimars biskups Briem og frú Ólafar Briem	5/9 1918
169	Minningarsjóður Magnúsar Andrésssonar og Sigríðar Pétursdóttur	4/11 1918
174	Ekkna- og munaðarleysingjaskóli Rauðasandshrepps	8/7 1919
182	Verðlaunarsjóður Barnaskóla Kirkjuhvammshrepps.....	27/10 1919
191	Stsj. Christíans konungs hins Tíunda og Alexandrínu drottningar.....	30/12 1921
195	Gjafasjóður Þóru Melsted	9/2 1921
200	Framtíðarsjóður Mýrasýslu	15/6 1921
209	Stsj. Þórarins Tulínus	3/3 1922
216	Styrktarsjóður gamalmenna í Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu	10/10 1922
217	Msj. Guðríðar Jónsdóttur og Guðbjargar Jónsdóttur.....	20/12 1922
223	Msj. Huldu Árnadóttur.....	10/12 1923
227	Gjafasjóður Einars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna	28/3 1924
230	Msj. Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur	11/9 1924
232	Girðingasjóður Runólfs Halldórssonar.....	26/1 1925
233	Gullbrúkaupssjóður Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur	26/1 1925
234	Vigdísarminning	21/2 1925
239	Msj. Elínar Guðmundsdóttur á Brúnastöðum	30/9 1925
242	Minningarsjóður Árgerðisfólksins	24/11 1925

244	Msj. Ásgeirs Jónssonar og Þuríðar Einarsdóttur	20/2 1926
246	Msj. Halldórs Benediktssonar og Ambjargar Sigfúsdóttur	27/12 1926
248	Stsj. N. Dalhoffs, prests til eflingar líknarstarfsemi	9/3 1926
258	Minningarsjóður Eiríks prófessors Briem	6/8 1926
260	Sjóður Björns Þorlákssonar.....	29/3 1927
264	Msj. Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal	19/4 1927
269	Msj. Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli.....	29/9 1927
270	Gjafasjóður Jóns prófests Halldórssonar	3/11 1927
277	Msj. Margrétar Sölvadóttur og Regínu M. Jónasdóttur.....	10/5 1928
281	Sjúkrasjóður Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteð	2/10 1929
291	Söfnunarsjóður Rauðasandshrepps	18/3 1929
292	Láns- og styrktarsjóður séra Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteð	19/3 1929
294	Þúfnavallalegat.....	6/5 1929
296	Menningarsjóður Vestfirðinga	31/7 1929
298	Msj. Þórarins Þórðarsonar og Arnleifar Árnadóttur	22/8 1929
299	Trjárektarsjóður kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði.....	1/9 1929
306	Málfundasjóður Svalbarósstrandar	6/5 1930
314	Framkvæmdasjóður V-Húnavatnssýslu	13/12 1930
315	Stsj. Guðlaugar Hjálmarsdóttur.....	21/1 1931
319	Minningarsjóður cand. theol. Gunnlaugs Briem	28/3 1931
320	Minningarsjóður Sr. Einars Pálssonar og Jóhönnu K.K. Eggertsdóttur Briem.....	28/3 1931
331	Minningarsjóður Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg	14/4 1932
332	Minningarsjóður Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar.....	14/4 1932
336	Engihlíðarsjóður	23/6 1932
340	Lýðfræðslusjóður Landmannahrepps.....	18/8 1932
344	Msj. Einars Jónssonar og Úlfhildar Guðmundsdóttur	15/11 1932
346	Fræðslusjóður Nauteyrarhrepps	13/12 1932
347	Minningarsjóður hjónanna Björns Sigfússonar og Ingunnar Jónsdóttur	16/12 1932
354	Fræðslusjóður Ljósavatnshrepps	6/4 1933
357	Fræðslusjóður Landmannahrepps	26/4 1933
359	Kvenmenntunarsjóður Ytreyjar skóla	30/5 1933
364	Stsj. sjúklinga á sjúkraskýlinu Hvammstanga.....	31/10 1933
365	Minningarsjóður Hannesar Jónssonar frá Stóra-Ási.....	31/10 1933
376	Msj. Ólafs Gissurarsonar og Kristínar Pálsdóttur.....	19/6 1934
378	Barnasjóður Stafholtstunga.....	30/6 1934
381	Sjúkrasjóður Súgfirðinga	28/9 1934
385	Stsj. Landmannahrepps.....	29/4 1933
387	Ekknasjóður Árneshrepps	28/2 1935
398	Msj. Guðrúnar Helgadóttur.....	10/8 1936
401	Msj. Eyjólf Þorleifssonar	18/1 1937
402	Msj. Margrétar Sigurðardóttur, ljósmóður	26/1 1937
405	Msj. Sæmundar Sæmundssonar og Guðrúnar Gísladóttur	12/3 1937
406	Msj. Guðríðar Sigurðardóttur Lindal	7/4 1937
412	Menningarsjóður Ljósvefninga	25/2 1938
414	Verðlaunasjóður bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri í Borgarfirði.....	8/4 1938
416	Stsj. handa ekkjum og munaðarleysingjum í Svalbarósstrandarhreppi	25/4 1938
417	Menningarsjóður Barnaskóla Svalbarósstrandar.....	28/4 1938
422	Landvarnarsjóður Hjörseyrar	20/6 1938
424	Minningarsjóður Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.....	20/6 1938
433	Vegasjóður Fellahrepps.....	26/11 1938
435	Msj. Oddnýjar Jóhannesdóttur	19/1 1939
447	Styrktarsjóður Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen héraðslæknis á Akranesi.....	18/7 1939
453	Msj. Guðrúnar Sigurðardóttur, Kristbjargar Marteinsdóttur og Sigríðar Hallgrímsdóttur ..	2/1 1940
462	Skógræktarsjóður Borgarfjarðar.....	24/6 1940
463	Msj. Steinunnar A. Jónsdóttur	28/6 1940
464	Gjafasjóður Björns Guðmundssonar og Gróu Jónsdóttur frá Hjarðarholti	8/7 1940
469	Ræktunarsjóður Birtingaholts	5/11 1940
470	Hjónasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps.....	13/11 1940
478	Msj. Bjargar Magnúsdóttur.....	8/4 1941
487	Msj. Jóns Lárusar Hanssonar	6/8 1941
527	Jarðyrkju sjóður Björns Halldórssonar.....	28/1 1943

531	Msj. Kristínar J. Pálsdóttur	7/4 1943
538	Msj. Ána Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur.....	26/6 1943
540	Msj. Ragnheiðar Bjarnadóttur.....	27/7 1943
546	Námssjóður Thor Jensen.....	31/10 1943
558	Skógræktarsjóður Gnúpverja	16/5 1944
559	Kornræktarsjóður Gnúpverja	16/5 1944
579	Minningarsjóður Kjartans prófests Helgasonar.....	23/1 1945
583	Msj. um Amfirðinga	12/4 1945
588	Námssjóður hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólstöðum, Álftanesi.....	8/6 1945
591	Styrktar- og menningarsjóður starfsmanna hf. Egill Vilhjálmsson	24/7 1945
596	Msj. Sigurðar Z. Gíslasonar	4/8 1945
600	Stsj. Jóhannesar Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans Ásu J. Norðfjörð.....	3/10 1945
601	Dánarbótasjóður Barðastrandarsýslu	17/10 1945
607	Msj. Sigurðar E. Guðmundssonar.....	8/1 1946
621	Msj. Sigurðar á Núpi og Sæmundar á Stóru-Mörk	2/5 1946
625	Sængurkvennasjóður Saurbæjarhjóna.....	27/5 1946
628	Msj. Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum.....	27/6 1946
631	Msj. Þorbergs Þorleifssonar alþm. frá Hólum	16/7 1946
632	Msj. hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar frá Hólum.....	30/7 1946
636	Menningarsjóður Landmannahrepps.....	25/9 1946
637	Msj. Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur	27/9 1946
644	Msj. Kristjáns Helgasonar.....	20/4 1947
652	Msj. Sigurbjörns Andrésónar frá Þórisstöðum.....	12/9 1947
654	Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar	3/10 1947
656	Msj. Sigrúnar Jónatansdóttur	25/11 1947
658	Msj. Jensinu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar	8/1 1948
661	Sjúkrahússjóður Staðarfellssóknar	9/2 1948
665	Gjafasjóður Keldnahjóna	12/2 1948
675	Msj. Halldórs K. Haraldssonar.....	12/5 1948
680	Msj. Björns Halldórssonar á Rangá	26/7 1948
681	Mæðrasjóður Norðdælinga	31/8 1948
684	Bindindismálasjóður Sigurgeirs Gíslasonar	9/11 1948
685	Msj. Möðruvallaklausturskirkju.....	18/11 1948
689	Msj. hjónanna Sigríðar Friðriksdóttur og Þorvalds Gissurarsonar og sonar þeirra Gissurar Þorvaldssonar.....	1/2 1949
692	Msj. Gunnlaugs Þorsteinssonar.....	8/3 1949
695	Verðlaunasjóður Búnaðarsambands Strandamanna	25/4 1949
698	Msj. Brynju Hlíðar	9/11 1948
703	Blóma- og trjáræktarsjóður Súgfirðinga	21/9 1949
709	Msj. Þórunnar Hafstein	12/12 1949
714	Msj. Krístrúnar Hallgrímsdóttur o.fl.	25/1 1950
721	Ekknasjóður bakameistara	14/3 1950
733	Msj. Einars Magnússonar og Matthildar Finnisdóttur.....	25/8 1940
736	Msj. Sveins Bjarnasonar	2/10 1950
755	Msj. Konrad Maurers	28/9 1951
761	Msj. Þorbjargar Pálsdóttur	21/11 1951
771	Msj. Árnesinga.....	5/5 1952
778	Msj. Indriða og Guðrúnar frá Skarði.....	14/10 1952
782	Msj. Ástríðar Þórarinsdóttur	29/10 1952
789	Msj. Ragnheiðar Kjartansdóttur.....	30/1 1952
804	Stsj. Starfsmannafélags Akraness	7/9 1953
811	Námssjóður hjónanna Péturs Jenssonar og Ragnheiðar Árnadóttur frá Krísvík	4/3 1954
814	Fóðurtúnasjóður.....	17/3 1954
829	Msj. Jóhanns Ellertssonar	10/1 1955
841	Msj. Guðmundar Péturssonar.....	7/2 1957
851	Ræktunarsjóður Kjalarnesþings	30/4 1957
856	Msj. hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar hreppsstjóra á Veðramóti....	30/8 1957
857	Willardssjóður.....	15/10 1957
861	Minningarsjóður Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar.....	13/1 1958
880	Minningarsjóður forustumanna K.N.Þ. Kópaskerti.....	20/5 1959

889	Msj. Ingibjargar og Margrétar Þorkelsdætra	14/10 1959
899	Msj. Sigfúsar Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur.....	23/3 1960
903	Msj. Björgheiðar Gísladóttur	16/5 1960
909	Msj. ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur	30/6 1960
910	Msj. Stefáns Haraldssonar	5/8 1960
923	Stsj. munaðarlausra barna	24/4 1961
926	Stsj. Rauðasandshrepps.....	27/7 1961
928	Meningarsjóður Marteinstungukirkju	10/8 1961
937	Msj. Jónfríðar Andrésdóttur og Guðbjargar Gísladóttur	26/2 1962
944	Sólheimakapella.....	6/7 1962
949	Msj. Símonar Bjarnasonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttur	7/9 1962
954	Msj. Guðrúnar Ólafsdóttur.....	10/12 1962
959	Msj. Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum.....	2/4 1963
976	Msj. Málfríðar Jónasdóttur	16/4 1964
996	Msj. Helga Aðalsteinssonar	22/12 1964
1015	Msj. Breiðfirskra mæðra	20/6 1966
1021	Msj. Jóns Ó. Samúelssonar, Önnu Bjarnadóttur og Jóns Þórðarsonar frá Hvítadal	31/8 1967
1023	Gullbrúðkaupssjóður Þorbjargar Halldórsdóttur og Jóns Sölvasonar.....	26/10 1967
1024	Minningarsjóður Halldóru I. Sigmundsdóttur.....	21/12 1967
1025	Grafreitsjóður Jónasar Þorbergssonar	1/2 1968
1031	Msj. Sveinbjörns Þiðrandasonar	28/3 1968
1055	Msj. Sigríðar Þorvaldsdóttur.....	7/3 1968
1056	Msj. hjónanna í Múla í Landssveit.....	2/1 1969
1061	Msj. Jóhannesar Kjartanssonar og Marenu Ellertsdóttur.....	2/4 1969
1080	Msj. Guðrúnar S. Þorleifsdóttur	29/1 1970
1081	Msj. Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar	24/2 1970
1083	Verðlaunasjóður Gunnlaugs Jónssonar	25/3 1970
1093	Msj. Jónatans Líndal á Holtastöðum.....	8/7 1971
1133	Msj. Árna Jónssonar söngstjóra, frá Víðimel.....	24/4 1974
1148	Líknarsjóður Margrétar Arnadóttur, Alviðru	20/4 1975
1164	Minningarsjóður hjónanna Sveins Guðmundssonar bónda frá Bjarnastaðahlíð og Þorbjargar Ólafsdóttur	20/4 1976
1177	Msj. Sigurðar Gunnarssonar	3/3 1977
1183	Sjóður til fræðslu um áfengismál	12/7 1977
1209	Msj. Svövu Finsen	6/6 1979
1219	Minningarsjóður Peder Jakobs Steffensen	25/9 1979
1274	Minningarsjóður um Kristján Á. Ásgeirsson	15/8 1983
1299	Tónlistarskóli Ragnars Jónssonar.....	4/7 1985
1314	Líknarfélagið Sporið	25/6 1986
1337	Tónlistarsjóður Ármanns Reynissonar	18/6 1984

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá

Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á B-hluta gjaldskrár Veitustofnana Hveragerðis er taki gildi 1. mars 1996.

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 279, 19. maí 1994:

2.8 Innheimtugjald

Innheimtugjald rafveitu verði kr. 450 var kr. 200

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu verði kr. 450 var kr. 200

Aðrir gjaldskrárliðir verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. febrúar 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING**um (4.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.**

Ákveðin hefur verið eftirfarandi hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, með síðari breytingum:

11,5% hækkun á tímagjaldi á ferðalögum og 6,5% hækkun á öðrum liðum gjaldskrárinnar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá
Hitaveitu Ólafsfjarðar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. mars 1996.

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 295 23. maí 1995.

Gjaldskráin hækkar um 3,52% frá og með 1. mars 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. febrúar 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjaldskrá fyrir hafnir nr. 107/1996.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,20 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 30,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.215,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.100,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr., 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

23. febrúar 1996

Nr. 129

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c) í 2. gr. samþykktar nr. 635/1995 skal vera kr. 6.000 á ári. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald og ábyrgðartrygging hunds.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar á næsta ári. Gjald-dagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti, kr. 4.000 í annað skipti og kr. 6.500 í þriðja skipti.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 5.500 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.
Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	6.800	6	103.200
2	13.800	7	137.500
3	20.700	8	171.500
4	41.300	9	206.300
5	68.800	10	240.700

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 201/1995 fyrir sorphirðu á Selfossi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1996

1. mars 1996

253

Nr. 131

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Ísafjarðardjúpi.

1. gr.

Frá og með 4. mars 1996 til og með 10. maí 1996 eru allar rækjuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi:

- | | | |
|----|----------------------------|----------------------------|
| A. | 1. Æðeyjarviti | 5. 66°07'60 N - 22°48'10 V |
| | 2. 66°05'00 N - 22°40'00 V | 6. 66°09'60 N - 22°56'40 V |
| | 3. 66°05'10 N - 22°43'70 V | 7. 66°11'50 N - 23°03'10 V |
| | 4. 66°06'60 N - 22°47'40 V | 8. 66°13'80 N - 22°58'60 V |
| B. | 1. 65°58'60 N - 22°26'80 V | |
| | 2. 65°55'80 N - 22°25'40 V | |
| | 3. 65°58'10 N - 22°30'20 V | |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Kjalarneshrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnamannvirkjum og fleira, hefur hreppsnefnd Kjalarneshrepps samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Bergvík	fastanr.	208-5585	þjóðskr.nr.	1600-0010
Bergvík	landnr.	125777	þjóðskr.nr.	1600-0010
Hof	fastanr.	208-5244	þjóðskr.nr.	0003-0000
Hof	landnr.	125689	þjóðskr.nr.	0003-0000
Í Hofslandi	landnr.	125847	þjóðskr.nr.	3000-0010
Krókur	fastanr.	208-5303	þjóðskr.nr.	0004-2000
Krókur	landnr.	125712	þjóðskr.nr.	0004-2000
Krókur	fastanr.	208-5305	þjóðskr.nr.	0004-2000
Krókur	fastanr.	208-5314	þjóðskr.nr.	0004-2000
Krókur	fastanr.	208-5315	þjóðskr.nr.	0004-2000.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. laga nr. 22/1932 til að öðlast gildi þegar í stað og gildir í fimm ár frá staðfestingardegi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 1996.

F. h. r

Ingimar Sigurðsson.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á hliðargötu Sægarða við innkeyrslu á athafnasvæði Eimskips í Sundahöfn.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. febrúar 1996.

Böðvar Bragason.

e.u.

Sturla Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1996

1. mars 1996

255

Nr. 134

REGLUGERÐ um skil og birtingu ársreikninga.

Almennt.

1. gr.

Á árunum 1996 og 1997 skal ríkisskattstjóri annast þau störf félagaskrár, sbr. VIII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, sem varða móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga, úrtakskannanir og athuganir.

Skilaskyldir aðilar.

2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, ber að skila til ríkisskattstjóra gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

Birtingarskyld gögn.

3. gr.

Ársreikning eða eftir atvikum samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ríkisskattstjóra.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er félagi, sem tvö ár í röð fer ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum á reikningsskiladegi, heimilt að senda ríkisskattstjóra samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema 200 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 400 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Heimild þessi nær þó hvorki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi né til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

5. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent ríkisskattstjóra samandreginn rekstrarreikning eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema 500 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 1.000 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

6. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, skal senda ríkisskattstjóra með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

Form birtingar og fyrirvarar.

7. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi og með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Vekja skal athygli á hvers konar fyrirvara endurskoðenda eða fyrirvarsmanna og tilgreina ástæður þeirra.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild, sbr. 4. og 5. gr., skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritun var með fyrirvara og hvers efnis hann er.

Heimilt er að birta ársreikning á tölvutæku formi. Skal þá fylgja með yfirlýsing frá endurskoðanda eða skoðunarmanni um að skjalið sé í samræmi við frumrit ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Skilafrestur.

8. gr.

Félagi sem skylt er að gera ársreikninga eða samstæðureikning skv. lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, skal eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, senda ríkisskattstjóra gögn samkvæmt 3. gr.

Félag, sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal senda ársreikning sinn þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Aðgangur að gögnum.

9. gr.

Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilað er samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að afhenda ljósrít af gögnum þessum gegn gjaldi, sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Skoðun gagna.

10. gr.

Ríkisskattstjóri skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við

ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Hann getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Hafi ársreikningur verið tekinn til skoðunar samkvæmt þessari grein skal það koma fram í gögnum ásamt athugasemdum og niðurstöðum ríkisskattstjóra.

Erlend félög og sameignar- og samlagsfélög.

11. gr.

Útibú erlendra félaga, erlend dótturfélög og sameignar- og samlagsfélög sem skráð eru hér á landi skulu með sama hætti senda ríkisskattstjóra ársreikninga sína eða eftir atvikum samstæðureikninga eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 73. - 76. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Skattstjórar.

12. gr.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að ákveða að félög skv. 2. gr. megi skila þessum gögnum til skattstjóra þess umdæmis þar sem félögin eru framtalsskyld.

Viðurlög og málsmeðferð.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 83. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ríkisskattstjóri senda skattrannsóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau félög, sem falla undir skilyrði 4. og 5. gr. og vilja nýta sér þá heimild að leggja fram til birtingar samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum, mega fresta framlagningu þessara gagna þar til gefnar hafa verið út nánari reglur um þá útgáfu.

Fjármálaráðuneytinu, 1. mars 1996.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur um innkaup og sölu áfengis.

Áfengi er deilt í 5 söluflokka:

- | | | |
|-----------------|-----------------|----------------|
| 1. Kjarna | 3. Sérflokk | 5. Sérpantanir |
| 2. Reynsluflokk | 4. Mánaðarflokk | |

Í *kjarna* eru sölutegundir (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 1. mars 1994 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu áfengis. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Nái sölutegund í kjarna ekki 1% af heildarsölu vöruflokks¹ (í lítrum) á undanförunum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Verði sú breyting á smásöluverði án aðgerða birgis að vara flytjist milli vöruflokka (verðflokka) byrjar varan nýtt 12 mánaða tímabil í nýja vöruflokknum. Birgðir þeirrar sölutegundar má þó selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem mest hefur selst, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir skulu falla úr kjarna.

Áfengi í kjarna er til sölu í öllum aðalverslunum ÁTVR. Í verslunum ÁTVR í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Blönduósi, Siglufirði, Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað og Höfn skulu a.m.k. 5 mest seldu sölutegundir af bjór vera falar. Í sömu verslunum skulu a.m.k. 3 mest seldu sölutegundir úr öðrum vöruflokkum vera falar.

Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 20% af tölu þeirra áfengistegunda sem eru í kjarna. Áfengi í reynsluflokki er selt í Kringlunni, Heiðrúnu, á Seltjarnarnesi og á Akureyri. Áfengi í þessum flokki er í reynslusölu 8 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna hafi hún náð 1% af heildarsölu² vöruflokksins í þeim verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Við útreikning skal miða við sölu í 6 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans. Sé vöruflokki deilt í verðflokka skal sölutegundin vera í sama verðflokki allan reynslusölutímamann. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til reynslu getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

Sérflokkur tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða áfengi verði í sérvalsflokki.

Í *mánaðarflokk* fer áfengi sem ætlað er til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október, jólamánuður. Sölutími mánaðavöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR. Tekið verður við mánaðavöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í *kjarna*. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda.

¹ Með heildarsölu er átt við samanlagða sölu í þeim vínúðum sem hafa allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu á vöru í sérflokki og sérpöntunum. Við mat á sölu í kjarna eða reynsluflokki er farið með verðflokka á sama hátt og vöruflokka.

² Sölu í sérflokki og sérpantanir skal ekki telja með.

Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til sölu í mánaðarflokki getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til sölu frá sama birgi.

Áfengi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má *sérpanta*.

Orðskýringar:

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir meginieinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.

Verðflokkur: Undirflokkur vöruflokks. Dæmi: Rauðvín á 1200 til 1666 kr. smásöluverði.

Áfengistegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.

Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

01 (1)	Rauðvín, verð undir 1200 kr. á lítra	14	Snafs
01 (2)	Rauðvín, verð frá 1200 að 1666 kr. á ltr.	15	Vodka
01 (3)	Rauðvín, verð yfir 1666 kr. á lítra	16	Gin
02 (1)	Hvítvín, verð undir 1200 kr. á lítra	17	Séniver
02 (2)	Hvítvín, verð frá 1200 að 1666 kr. á lítra	18	Romm
02 (3)	Hvítvín, verð yfir 1666 kr. á lítra	20 (A)	Líkjörar, minna eða jafnt og 22%
03	Rósavín	20 (B)	Líkjörar, meira en 22% m.v.r.
04 (1)	Freyðivín, verð undir 1200 kr. á lítra	21	Bitterar
04 (2)	Freyðivín, verð frá 1200 að 1666 kr. á lítra	22 (A)	Ávaxtabrennivín
04 (3)	Freyðivín, verð yfir 1666 kr. á lítra	22 (B)	Brennivín ótalið annars staðar
		22 (C)	Ávaxtavín
05	Styrkt vín	23	Vínblandaðir drykkir
08	Kryddvín	26	Ávextir lagðir í vínanda
10	Þrúgnabrennivín	60 (A1)	Þjór, undirgerjaður, verð undir 380 kr. á lítra
13	Viskí	60 (A2)	Þjór, undirgerjaður, verð yfir 380 kr. á lítra
		60 (B)	Þjór, annar

Vöruflokkum er unnt að fjölga með því að deila þeim upp í verðflokka. Upplýsingar um deilingu í verðflokka liggja frammi á skrifstofu ÁTVR.

Nái heildarsala á tiltekinni sölutegund ekki 50 alkóhóllítrum á ári má fella hana úr kjarna.

Nái heildarsala í tilteknum vöruflokki ekki 500 alkóhóllítrum á ári má fella hann úr kjarna.

Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

1. Tilboð á að færa á skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggja frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar, sem óska.
2. Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.
3. Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, gengur innkaupastjóri frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en birgir hefur boðist til að afhenda vöru.
4. Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 3.

Um sérflokk.

Vöruvalsnefnd ákveður hvaða tegundir áfengis eru falar í sérflokk. Skrá um áfengi sem selja á í sérflokk skal liggja frammi á skrifstofu ÁTVR í sex vikur áður en ákvörðun er tekin um kaup. Á skránni skal getið þess magns sem áformað er að kaupa. Verðboð berist frá birgjum fyrir lok áðurgreindra sex vikna. Berist ekki verðboð leitar ÁTVR eftir verðboði.

Um sérpantanir.

ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum sölu-flokkum.

Allar verslanir ÁTVR veita pöntunum á áfengi frá innlendum birgjum viðtöku enda sé vara sú sem eftir er leitað á verðskrá yfir sérpantanir. Fyrir hverja pöntun greiðir kaupandi 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fánæg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Varan verður afhent kaupanda í þeirri verslun sem hún var pöntuð í.

Þjónustudeild Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, sérpantar áfengi af frísvæði eða erlendis frá gegn greiðslu á 400 kr. pöntunarkostnaði og með sömu skilmálum og frá er greint í 2. mgr. þessa kafla. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingafé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar. ÁTVR afhendir vöruna í þjónustudeild Heiðrúnar eða í þeirri verslun ÁTVR utan Reykjavíkursvæðis er kaupandi tilgreinir.

Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna, til reynslu eða í mánaðarflokk.

1. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublaðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.

2. Innihaldslýsing fylgi bréfi skv. 1. tl. Litarefna skal getið og brennisteinstvívildis (SO_2) séu efni þessi í vörunni. Lausir merkimiðar fylgi umbúðum. Merkimiðar beri með sér magn vínanda miðað við rúmmál. Sýnishorn a.m.k. 8 lítrar af bjór og 3 flöskur af öðru áfengi berist ÁTVR án endurgjalds a.m.k. fjórum mánuðum áður en vara fer í reynslusölu. Sömu reglur gilda um mánaðarvöru að því frátöldu að dagsetning skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.
3. Sölueining bjórs í smásölu innihaldi a.m.k. 1,5 lítra. Sama gildi um sölueiningu annars áfengis sem er undir 6% m.v. rúmmál. Hámarksstærð sölueiningar er 5 lítrar. Dósir verða að vera úr endurvinnanlegu áli með föstum flipa.
4. Tilgreint verði hvenær afhending vöru til ÁTVR geti hafist.
5. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímann. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Taki birgir eigi við vörunni innan tveggja vikna frá því sölu í reynsluflokki lauk er ÁTVR heimilt að eyða vörunni á kostnað birgis. Reglur þessar gilda eftir því sem við á um vörur í mánaðarflokki. ÁTVR kaupir flestar vörur frá erlendum birgjum til sölu í kjarna á verði frá verksmiðju eða á fob-verði. Sé birgir utan Evrópu eða Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði, Reykjavík eða fob-verði í höfn í Evrópu eftir því sem nánar semst um. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.
6. Áfengi í umbúðum, sem líkjast verulega umbúðum um óáfenga drykki, verður ekki selt hjá ÁTVR.
7. Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki - EAN eða UPC - verða að vera á hverri sölueiningu.
8. Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:
 1. Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg.
 2. Nafn vöru.
 3. Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.
 4. Innihald mælt í millilítrum eða sentilítrum.
 5. Endingartími: „best fyrir“. Bjór í flöskum eða dósnum hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol.
 6. Innihaldslýsing t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .
9. Bjór í reynslusölu og í kjarna verður að eiga a.m.k. 4 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hann berst í vöruhús ÁTVR.
10. Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. janúar, 1. maí og 1. september. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara þ.e. eigi síðar en 1. október, 1. febrúar og 1. júní. Óheimilt er að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu og skal það verð haldast óbreytt næstu 6 mánuði flytjist varan í kjarna.
11. Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Reglur fyrir birgja er bjóða áfengi á pöntunarlista.

Verð: Verð skal vera í íslenskum krónum. Verði sérpantana er aðeins hægt að breyta við gildistöku nýrrar verðskrár ÁTVR.

Verðskrá: ÁTVR birtir verðskrá yfir vörur þær sem hér um ræðir 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Upplýsingar um vöru, þ.m.t. afskráningu, skulu berast ÁTVR eigi síðar en 10. dag janúar, maí og september.

Ferill vöru: Birgir afhendir ÁTVR vöruna án endurgjalds en fær andvirði hennar greitt í síðasta lagi 3 virkum dögum eftir að sá sem pantaði vöruna hefur fengið hana í hendur.

Frestur birgis til að afhenda vöru frá því hann fær pöntun ÁTVR er 3 virkir dagar.

Birgir skal afhenda vöruna til þjónustudeildar Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.

Leysi sá er pantaði vöruna hana ekki til sín innan 4 virkra daga frá því varan var tilbúin til afhendingar í verslun ÁTVR endursendir ÁTVR vöruna til birgis.

Birgir skal tilkynna ÁTVR líklegan endingartíma birgða 10. dag hvers mánaðar og tafarlaust sé sýnt að birgðir þrjóti. ÁTVR áskilur sér rétt til að hætta viðskiptum við birgi sé upplýsingaskylda vanrækt.

Í þeim tilvikum þegar verðbreyting tekur gildi milli pöntunar viðskiptavinar ÁTVR og afhendingar vöru til hans mun varan afhent á nýja verðinu og uppgjör við birgi vera í samræmi við það verð.

Ábyrgð á vöru.

Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki eða mánaðaflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgja var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín.

Reglur þessar koma í stað reglna frá 1. mars 1995 og taka gildi 1. mars 1996.

Reykjavík, 26. febrúar 1996.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Þórarinn Sveinsson

Árni Tómasson

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Fjármálaráðuneytinu, 29. febrúar 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1996

20. febrúar 1996

263

Nr. 136

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1994, um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefnum og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- 0602.1000 Græðlingar og gróðurkvistir, án róta.
- Úr 0602.3000 Alparósir (*Azalea*, *Rhododendron*), einnig ágræddar, sem fluttar eru inn á tímabilinu 1. september til 31. október og sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsum í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu.
- Úr 0602.4000 Rósir, einnig ágræddar, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi til afskurðar. Smáplöntur af pottarósum í pottum sem eru 6,5 cm eða minni og sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu. Smáplöntur af garðrósum (1/0, 0/1) sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar á garðplöntustöð í a.m.k. eitt sumar fyrir sölu.
- Úr 0602.9009 Sáðplöntur, græðlingar og smáplöntur pottlausar eða í pottum eða bakka-hólfum sem eru 6,5 cm í þvermál eða minni sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu, þó ekki stórar úrslegnar plöntur og rótarþvegnar plöntur. Hámarkspottastærð á ekki við um smávaxin afbrigði (mini-plöntur), kaktusa eða þykkblöðunga þar sem miða skal við unglöntur. Hámarkspottastærð á ennfremur ekki við um tegundina *Nertera granadensis*.
- Úr 0701.1000 Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl.
- Úr 8539.3900 Úrhleðsluperur, þ.e. háþrýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum.
- Úr 9405.1009 Háþrýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum.
- Úr 9406.0009 Forsmíðuð gróðurhús.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. tölul. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 2. mgr. 11. gr. laga um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 20. febrúar 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nr. 344/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 2.5.2.3 orðast svo:

- 2.5.2.3 Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél á því sem næst sex mánaða fresti eins og hér greinir: Gildistími hæfniprófs skal vera sex almanaksmánuðir til viðbótar því sem eftir er af prófmánuðinum. Ef hann stenst hæfnipróf innan síðustu þriggja almanaksmánaða af gildistíma fyrra hæfniprófs, skal gildistími hæfniprófsins vera frá prófdegi hæfniprófs þar til sex almanaksmánuðir eru liðnir frá því að gildistími síðasta hæfniprófs rann út. Sannreyna má áframhaldandi hæfni flugliða, sem starfa í atvinnuflutningum, með því að þeir sýni hæfni sína í samræmi við ákvæði „Reglugerðar um flutningaflug“ nr. 641/1991 með áorðnum breytingum og/eða viðbæti 6 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6.

2. gr.

V. kafli reglugerðarinnar um „SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA“ orðast svo:

4.1 Almennar reglur um skírteini og áritanir annarra en flugliða.

- 4.1.1 Áður en umsækjandi fær gefið út á sínu nafni skírteini eða áritun fyrir aðra en flugliða skal hann uppfylla þær kröfur sem tilteknar eru fyrir það skírteini eða áritun varðandi aldur, þekkingu og menntun, reynslu og, þegar það á við, líkamlegt heilbrigði og kunnáttu þegar það á við.
- 4.1.2 Umsækjandi um skírteini eða áritun fyrir aðra en flugliða skal sanna á þann hátt sem Flugmálastjórn ákveður að hann uppfylli þær kröfur um þekkingu, menntun og kunnáttu sem tilteknar eru fyrir það skírteini eða áritun.

4.2 Flugvéltæknir - II. flokkur.

Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radióvirkja eða fólk með hliðstæða menntun að ræða. Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækni II. flokks, sem veitir réttindi til viðhalds loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið. Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna II. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.2.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

4.2.1.1 Aldur.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 18 ára.

4.2.1.2 **Þekking og menntun.**

4.2.1.2.1 Umsækjandi skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldu handhafa skírteinis flugvéltæknis II. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun, viðhaldi og smíð eftirtalinna hluta sem veita á réttindi fyrir, eftir því sem við á:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) flugskrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara ásamt aukatækjum þeirra,
 - 4) kerfa loftfara og íhluta þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.

4.2.1.2.2 **Umsækjandi skal hafa lokið:**

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar. Vafaatriðum um það hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.2.1.3 **Reynsla.**

Umsækjandi skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðun og viðhaldi loftfara eða íhluta þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð, eigi minna en:
 - 1) 3 ár eða
 - 2) 2 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.2.2.2 b) eða c), skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt lið a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - 1) 2 ár eða
 - 2) sá tími sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámi með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

4.2.1.4 **Færni.**

Umsækjandi skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.2.1.5 **Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.2.1.6 **Ríkisfang.**

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.2.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

4.2.2.1 Hafi þeim kröfum, sem um getur í gr. 4.2.2.2, verið fullnægt hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis II. flokks réttindi sem hér segir:

- a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni til að staðfesta lofthæfi loftfars eftir lítils háttar viðgerðir, heimilaðar minni háttar breytingar eða ísetningu viðurkennds hreyfils, aukatækis, mælitækja og/eða búnaðar og til að undirrita viðhaldsvottorð að aflokinni skoðun og/eða venjulegu viðhaldi,
- b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.2.2.2 b) eða c) til að staðfesta lofthæfi þeirra hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir skoðun, lítils háttar viðgerðir eða heimilaðar minni háttar breytingar.

4.2.2.2 Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis II. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.2.2.1, gilda aðeins:

- a) um þau loftför í heild sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli eða
- b) um þá flugskrokka, hreyfla og þau kerfi eða einingar sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli og/eða
- c) um þau kerfi eða íhluti rafeindabúnaðar loftfara sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,
- d) ef handhafi skírteinis hefur kynnt sér viðkomandi upplýsingar og fyrirmæli, sem í gildi eru, um viðhald og lofthæfi þeirrar tilteknu tegundar loftfars, sem hann undirritar viðhaldsvottorð fyrir, eða um þá flugskrokka, hreyfla, íhluti loftfara, kerfi og rafeindabúnað sem hann staðfestir lofthæfi á,
- e) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort neytt viðeigandi réttinda flugvéltæknis II. flokks í minnst 6 mánuði eða ef hann hefur sannað Flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.

4.2.3 **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**

Fyrirmælin í gr. 4.2.1 og 4.2.2 gilda um að veita einstaklingum skírteini. Þegar réttindi hliðstæð þeim, sem eru í gr. 4.2.2.1, eru hins vegar veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist. Þegar stofnun eru veitt slík réttindi skal þess gætt að heimild til að undirrita viðhaldsvottorð sé takmörkuð við einstaklinga sem hafa þekkingu og reynslu samsvarandi því sem um getur í gr. 4.2.1.2 og 4.2.1.3.

4.3 **Flugvéltæknir - I. flokkur.**

Flugvéltæknir getur verið flugtækniþræðingur, flugverkræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radióvirkja eða fólk með hliðstæða menntun að ræða. Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltæknis I. flokks sem veitir réttindi til grannskoðana, heimilaðra viðgerða eða heimilaðra breytinga loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið. Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna I. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.3.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

4.3.1.1 Aldur.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.3.1.2 Þekking og menntun.

4.3.1.2.1 Umsækjandi skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltækis I. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun og hönnun einhverra eftirtalinna hluta sem veita á réttindi fyrir, eftir því sem við á:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) flugskrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara ásamt aukatækjum þeirra,
 - 4) kerfa loftfara og íhluta þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.
- c) aðferðum og starfsreglum við að skoða og samþykkja viðgerðir, grannskoðanir og prófanir einhverra eftirtalinna hluta sem veita á réttindi fyrir, eftir því sem við á:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) flugskrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara, þar á meðal viðeigandi íhluta þeirra, aukatækja, mælitækja og annars búnaðar, svo og ísetningar þessara hluta,
 - 4) kerfa loftfara og íhluta þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.

4.3.1.2.2 Umsækjandi skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.3.1.3 Reynsla.

Umsækjandi skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðunum, grannskoðunum, leyfðum viðgerðum og heimiluðum breytingum á loftförum eða hlutum þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að staðfesta lofthæfi loftfara, eigi minna en:
 - 1) 5 ár eða
 - 2) 3 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámi sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.3.2.2 b) skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - 1) 3 ár eða
 - 2) sá tími sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámi með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

- 4.3.1.4 **Færni.**
Umsækjandi skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.
- 4.3.1.5 **Reglusemi.**
Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.
- 4.3.1.6 **Ríkisfang.**
Umsækjandi skal vera:
a) íslenskur ríkisborgari eða
b) eiga lögheimili á Íslandi eða
c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.
- 4.3.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**
- 4.3.2.1 Hafir þeim kröfum, sem um getur í gr. 4.3.2.2, verið fullnægt hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis I. flokks réttindi sem hér segir:
a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni
– til að staðfesta lofthæfi loftfars eftir sérhverja grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu á loftfari, flugskrokki eða hreyfli, að meðtöldum viðeigandi aukataekjum, mælitækjum, rafeindabúnaði og öðrum búnaði, svo og ísetningu þeirra. Áskilið er að við þessar grannskoðanir, viðgerðir og/eða breytingar verði eingöngu notaðir viðurkenndir varahlutir til endurnýjunar.
b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.3.2.2 b)
– til að staðfesta lofthæfi þeirra hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu, þar með talda ísetningu viðurkenndra varahluta.
Í þessu felast ekki réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð nema í samræmi við gr. 4.3.3.
- 4.3.2.2 Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis I. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.3.2.1, gilda aðeins:
a) um þau verk og þau loftför í heild sem rituð eru á skírteinið, annað hvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli eða
b) um þau verk og þá flugskrokka, hreyfla, kerfi eða íhluti þeirra og rafeindakerfi eða íhluti þeirra sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,
c) ef handhafi skírteinis hefur kynnt sér allar viðkomandi upplýsingar og fyrirsmæli sem í gildi eru um lofthæfi þeirrar tegundar loftfars, flugskrokks, hreyfils, kerfis eða íhlut þess, svo og rafeindabúnaðar, sem hann staðfestir lofthæfi á eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu,
d) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort nýtt viðeigandi réttinda flugvéltæknis I. flokks í minnst 6 mánuði eða ef hann hefur sannað Flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.
- 4.3.3 **Veiting og neyting sameiginlegra réttinda I. flokks og II. flokks skírteinis.**
Réttindi, sem skilgreind eru í gr. 4.2.2.1 og 4.2.2.2, má veita með einu skírteini í stað þess að gefa út sérstakt I. flokks og II. flokks skírteini enda hafi kröfum

þeim, sem um getur í gr. 4.2.1 og 4.2.2, verið fullnægt. Réttinda, sem þannig eru veitt, skal neyta skv. gr. 4.2.2.2 og 4.3.2.2.

4.3.4 **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**

Fyrirmælin í gr. 4.3.1 og 4.3.2 gilda um að veita einstaklingum skírteini. Þegar réttindi hliðstæð þeim, sem eru í gr. 4.3.2.1, eru hins vegar veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist.

4.4 **Skírteini flugumferðarstjóra.**

4.4.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

Umsækjandi skal uppfylla kröfur greinar 4.4.1.1. - 4.4.1.6. og kröfur fyrir a.m.k. eina áritun sem lýst er í 4.5. áður en skírteini flugumferðarstjóra er gefið út.

4.4.1.1 **Aldur.**

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 21 árs.

Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugumferðarstjóri eftir að hann hefur náð 60 ára aldri. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um allt að 3 ár, enda gangist hlutaðeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

4.4.1.2 **Þekking og menntun.**

4.4.1.2.1 Umsækjandi skal sanna að hann búi yfir þekkingu sem samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til handhafa skírteinis flugumferðarstjóra, í það minnsta um eftirfarandi atriði:

- a) *Lög um loftferðir: reglur og reglugerðir er lúta að starfi flugumferðarstjóra,*
- b) *Tæki og búnað fyrir flugumferðarstjórn:* Lögmál um tæki og búnað sem notaður er við flugumferðarstjórn, notkun hans og takmarkanir,
- c) *Almenna þekkingu:* Lögmál um flug; starfrækslu og starfsemi loftfara, hreyfla og kerfa; afkastagetu loftfara að því er lýtur að flugumferðarstjórn,
- d) *Mannlega getu og takmarkanir:* Mannlega getu og takmarkanir að því er lýtur að flugumferðarstjórn,
- e) *Íslenska og enska.* Hæfni til að tala íslensku og ensku án hreims eða málfarslegra galla sem myndu hafa bagaleg áhrif á talstöðvarviðskipti.
- f) *Veðurfræði.* Flugveðurfræði; notkun og skilning á veðurkortum og veðurupplýsingum; uppruna og einkenni veðurfyrirbæra sem áhrif hafa á flug og flugöryggi, og kunnáttu í hæðarmælingum.
- g) *Siglingafræði.* Lögmál loftsiglingafræðinnar; lögmál, takmarkanir og nákvæmni leiðsögukerfa og sýnilegra leiðsögutækja og
- h) *Starfsreglur.* Starfsreglur við flugumferðarstjórn, fjarskipti, talfjarskipti og reglur um orðaval í reglulegum og óreglulegum talfjarskiptum og í neyðartilfellum; notkun viðeigandi flugmálagagna; öryggisreglur í tengslum við flug.

4.4.1.2.2 Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli.

4.4.1.3 Reynsla.

4.4.1.3.1 Umsækjandi skal hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámi og starfað í a.m.k. 3 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra. Heimilt er að meta kröfur um reynslu vegna áritana í skírteini flugumferðarstjóra, sem tilgreindar eru í grein 4.5, sem hluta þeirrar reynslu sem krafist er samkvæmt þessari grein.

4.4.1.4 Heilbrigði.

Umsækjandi skal hafa gilt 3. flokks heilbrigðisvottorð.

4.4.1.5 Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.4.1.6 Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.5 Áritanir í skírteini flugumferðarstjóra.**4.5.1 Flokkar áritana í skírteini flugumferðarstjóra.**

4.5.1.1 Áritanir í skírteini flugumferðarstjóra falla í eftirtalda flokka:

- a) áritun fyrir flugturnsþjónustu
- b) áritun fyrir aðflugsstjórn
- c) áritun fyrir ratsjáraðflugsstjórn
- d) áritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórn
- e) áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu
- f) áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu með ratsjá.

4.5.2 Skilyrði fyrir áritun í skírteini flugumferðarstjóra.**4.5.2.1 Þekking.**

4.5.2.1.1 Umsækjandi um áritun skal sanna að hann búi yfir þekkingu sem er í samræmi við veitt réttindi, í það minnsta um eftirtalin atriði að því leyti sem þau hafa áhrif á verksvið hans.

4.5.2.1.1.1 *Áritun fyrir flugturnsþjónustu*

- a) flugvallarskipulag, ytri einkenni og sýnileg leiðsögutæki
- b) skipulag loftrýmis
- c) gildandi reglur, starfsreglur og heimildir upplýsinga
- d) flugleiðsögutæki
- e) tæki og búnað fyrir flugumferðarstjórn og notkun þeirra
- f) umhverfi vallarins og kennileiti
- g) sérkenni flugumferðar
- h) veðurfyrirbæri
- i) neyðaráætlanir og leitar- og björgunaráætlanir

4.5.2.1.1.2 *Áritanir fyrir aðflugsstjórn og flugstjórnarsvæðisþjónustu.*

- a) skipulag loftrýmis
- b) gildandi reglur, starfsreglur og heimildir upplýsinga
- c) flugleiðsögutæki
- d) tæki og búnað fyrir flugumferðarstjórn og notkun þeirra
- e) umhverfi og kennileiti aðflugsstjórnarsvæðisins eða flugstjórnarsvæðisins, eftir því sem við á
- f) sérkenni flugumferðar
- g) veðurfyrirbæri
- h) neyðaráætlanir og leitar- og björgunaráætlanir

4.5.2.1.1.3 *Áritanir fyrir ratsjáraðflugsstjórn, nákvæmisaðflugsstjórn og flugstjórnarsvæðisstjórn með ratsjá:*

Umsækjandi skal uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í 4.5.2.1.1.2 að því leyti sem þær hafa áhrif á verksvið hans og skal sanna að hann búi yfir þekkingu sem er í samræmi við veitt réttindi, í það minnsta um eftirtalin atriði:

- a) lögmál, notkun og takmarkanir ratsjártækninnar, annarra eftirlitskerfa og tækja sem þeim tengjast og
- b) starfsaðferðir við ratsjáraðflugsstjórn, nákvæmisaðflug eða flugstjórna-svæðisþjónustu með ratsjá, eftir því sem við á, þar á meðal starfsaðferðir til að tryggja rétta hæð yfir jörðu.

4.5.2.2 **Reynsla.**

4.5.2.2.1 Umsækjandi skal hafa:

- a) lokið viðurkenndu þjálfunarnámi með fullnægjandi árangri og
- b) hafa undir eftirliti flugumferðarstjóra með viðeigandi áritun annast á fullnægjandi hátt:
 - (i) *vegna áritunar fyrir flugturnsþjónustu:* flugturnsþjónustu eigi skemur en í 90 klukkustundir eða einn mánuð, hvort heldur er lengra, við þá flugstjórnardeild sem sótt eru um áritun fyrir
 - (ii) *vegna áritunar fyrir aðflugstjórn, ratsjáraðflugsstjórn, flugstjórnarsvæðisþjónustu eða flugstjórnarsvæðisstjórn með ratsjá:* þá flugstjórnaþjónustu, sem sótt eru um áritun fyrir, eigi skemur en í 180 klukkustundir eða þrjá mánuði, hvort heldur er lengra, við þá flugstjórnardeild sem hann sækir um áritun fyrir
 - (iii) *vegna áritunar fyrir nákvæmisaðflugsstjórn:* eigi minna en 200 nákvæmisaðflug og skal að hámarki 100 þeirra stjórnað í ratsjárhermi sem Flugmálastjórn viðurkennir í því skyni. Eigi minna en 50 þessara nákvæmisaðfluga skulu leyst af hendi við þá flugstjórnardeild og með þeim tækjum sem sótt er um áritun fyrir.
- c) Ef réttindi vegna áritunar fyrir ratsjáraðflugsstjórn ná einnig til starfa við stefningaraðflug skal reynslan einnig fela í sér minnst 25 aðflug með hringratsjá (PPI) af þeirri gerð kögunartækja sem notuð eru við þá flugstjórnardeild sem sótt er um áritun fyrir og undir eftirliti flugumferðarstjóra með viðeigandi ratsjarréttindi.

4.5.2.2.2 Reynslunni, sem tilgreind er í 4.5.2.2.1 b), skal hafa verið lokið á síðustu 6 mánuðum fyrir umsóknina.

4.5.2.2.3 Ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir aðra tegund þjónustu eða sömu áritun hjá annarri flugstjórnardeild skál Flugmála-stjórn ákvarða hvort draga má úr kröfunum í 4.5.2.2 og ef svo er, að hve miklu leyti.

4.5.2.3

Færni.

Umsækjandi skal sanna að hann búi yfir þeirri kunnáttu, dómgreind og leikni sem er í samræmi við veitt réttindi og krafist er til þess að geta veitt örugga, skipulega og greiða flugstjórnarþjónustu.

4.5.2.4

Útgáfa tveggja áritana samtímis.

Þegar sótt er um tvær áritanir flugumferðarstjóra samtímis skal Flugumferðarstjórn ákvarða hvaða kröfur skulu eiga við á grundvelli þess sem krafist er fyrir hvora áritun. Kröfur þessar skulu ekki vera síðri en þær kröfur vegna áritunar sem ganga lengra.

4.5.3

Réttindi þeirra sem hafa fengið áritun (áritanir) flugumferðarstjóra og skilyrði sem uppfylla þarf til að nýta réttindin.

4.5.3.1

Hafi kröfunum, sem tilgreindar eru í 1.2.5 og 1.2.6, verið fullnægt skulu réttindi þeirra sem hafa skírteini flugumferðarstjóra með einni eða fleiri eftirtalinna áritana vera sem hér segir:

4.5.3.1.1

Áritun fyrir flugturnsþjónustu: Að annast eða hafa umsjón með flugturnsþjónustu á þeim flugvelli sem skírteinishafinn hefur áritun fyrir.

4.5.3.1.2

Áritun fyrir aðflugsstjórn: Að annast eða hafa umsjón með aðflugsstjórnarþjónustu á þeim flugvelli eða flugvöllum, sem skírteinishafi hefur áritun fyrir, í því loftrými eða hluta þess sem heyrir undir þá flugstjórnardeild sem veitir flugstjórnarþjónustuna.

4.5.3.1.3

Áritun fyrir ratsjáraðflugsstjórn: Að annast og/eða hafa umsjón með aðflugsstjórnarþjónustu með notkun ratsjár eða öðrum kögunarkerfum á þeim flugvelli eða flugvöllum, sem skírteinishafi hefur áritun fyrir, í því loftrými eða hluta þess sem heyrir undir þá flugstjórnardeild sem veitir flugstjórnarþjónustuna.

4.5.3.1.3.1

Hafi ákvæðum í 4.5.2.2.1 c) verið fullnægt skulu réttindin einnig felast í að annast stefningaraðflugsþjónustu.

4.5.3.1.4

Áritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórn: Að annast og/eða hafa umsjón með nákvæmnisaðflugsþjónustu á þeim flugvelli sem skírteinishafi hefur áritun fyrir.

4.5.3.1.5

Áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu: Að annast og/eða hafa umsjón með flugstjórnarsvæðisþjónustu í því flugstjórnarsvæði eða hluta þess sem skírteinishafi hefur áritun fyrir.

4.5.3.1.6

Áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu með ratsjá: Að annast og/eða hafa umsjón með flugstjórnarsvæðisþjónustu með notkun ratsjár í því flugstjórnarsvæði eða hluta þess sem skírteinishafi hefur áritun fyrir.

4.5.3.2

Skírteinishafa verður að vera kunnugt um allar upplýsingar, sem máli skipta og í gildi eru, áður en hann getur nýtt réttindin sem felast í 4.5.3.1., enda skulu slíkar upplýsingar vera til reiðu á vinnustað.

4.5.3.3

Handhafa skírteinis flugumferðarstjóra skal ekki heimilt að hafa með höndum kennslu við raunveruleg vinnuskilyrði nema Flugmálastjórn, sem gaf skírteinið út, hafi veitt honum tilhlýðilegt leyfi til þess.

4.5.3.4

Gildistími áritunar: Áritun fellur úr gildi þegar flugumferðarstjóri er hættur að starfa samkvæmt henni um tíma sem Flugmálastjórn ákveður. Skal sá tími eigi vera lengri en 6 mánuðir. Áritun skal ógild þar til búið er að staðfesta á ný hæfni flugumferðarstjórans til þess að nýta réttindin sem í árituninni felast.

4.6 Skírteini flugumsjónarmanns.**4.6.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.****4.6.1.1 Aldur.**

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.6.1.2 Þekking og menntun.

Umsækjandi skal sanna að hann búi yfir þekkingu sem samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til handhafa skírteinis flugumsjónarmanns í það minnsta um eftirfarandi atriði:

Lög um loftferðir

a) reglur og reglugerðir sem varða handhafa skírteinis flugumsjónarmanns; viðeigandi starfsvenjur og starfsreglur um flugumferðarþjónustu,

Almenn þekking um loftför

- b) lögmál um starfrækslu flugvéla, hreyfla, kerfa og mælitækja,
- c) starfrækslutakmarkanir flugvéla og hreyfla,
- d) lista um lágmarksútbúnað,

Útreikninga á afkastagetu loftfara og aðferðir við gerð leiðarflugáætlana

- e) áhrif hleðslu- og massadreifingar á afkastagetu loftfara og flugeiginleika; massa- og jafnvægisútreikninga,
- f) gerð leiðarflugáætlana; útreikninga á eldsneytisnotkun og flugþoli; aðferðir við val á varaflugvöllum; hagflug í leiðarflugi; fjarflug,
- g) gerð og skráningu flugáætlunar fyrir flugumferðarþjónustu,
- h) grundvallaratriði í tölvugerðum leiðarflugáætlanagerfum,

Veðurfræði

- i) flugveðurfræði; hreyfingar hæða- og lægðakerfa; gerð hita- og kuldaskila og uppruna og einkenni helstu veðurfyrirbæra sem áhrif hafa á flugtaks-, leiðarflugs- og landingarskilyrði,
- j) túlkun og hagnýtingu flugveðurlýsinga, veðurkorta og veðurspáa; kóða og skammstafanir; notkun veðurupplýsinga og aðferðir við að afla þeirra,

Siglingafræði

k) lögmál flugleiðsögu með sérstöku tilliti til blindflugs,

Starfsreglur í flugrekstri

- l) notkun upplýsingarita um flugmál,
- m) starfsreglur í flugrekstri um vöruflutninga og flutning hættulegs varnings,
- n) starfsreglur varðandi flugslys og flugatvik; flugaðferðir í neyðartilvikum,
- o) starfsreglur varðandi ólögmet afskipti og skemmdarverk á loftförum,

Lögmál um flug

p) lögmál um flug er lúta að flugi í viðeigandi loftfarsflokkum,

Fjarskipti

q) starfsreglur í fjarskiptum við loftför og landstöðvar sem í hlut eiga.

4.6.1.2.1 **Umsækjandi skal hafa lokið:**

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.6.1.3 **Reynsla.**

4.6.1.3.1 Umsækjandi skal hafa öðlast eftirfarandi reynslu:

- a) hafa starfað í samtals tvö ár við eitthvert eitt eða fleiri en eitt þeirra starfa sem talin eru í lið 1) til 3) að því tilskildu að hann hafi starfað við eitt þeirra eigi skemur en eitt ár:
 - 1) sem flugmaður við loftflutninga eða
 - 2) sem veðurfræðingur hjá fyrirtæki eða stofnun sem hefur með höndum flugumsjón vegna loftflutninga eða
 - 3) sem flugumferðarstjóri eða tæknilegur umsjónarmaður með flugumsjónarmönnum eða með flugumsjón flugfélags eða
- b) hafa starfað sem aðstoðarmaður við flugumsjón eigi skemur en eitt ár eða
- c) hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámi með fullnægjandi árangri.

4.6.1.3.2 Umsækjandi skal hafa starfað sem flugumsjónarmaður undir eftirliti flugumsjónarmanns eigi skemur en 90 daga á síðustu 6 mánuðum fyrir umsókn.

4.6.1.4 **Færni.**

Hann skal sanna hæfni sína til að:

- a) gefa nákvæma og fullnægjandi veðurlýsingu á grundvelli daglegra veðurkorta og veðurfrétta; gera rökstudda grein fyrir ríkjandi veðurfari í námunda við tiltekna flugleið og segja fyrir um veðurbreytingar, sem máli skipta fyrir loftflutninga með sérstöku tilliti til áfangastaðar og varaflugvalla,
- b) ákvarða hagstæðasta feril og flughæð á tilteknum leiðarlegg og gera nákvæmar áætlanir um flug, á handvirkan hátt og/eða í tölvu.
- c) annast flugumsjón og alla aðra aðstoð við flug við óhagstæð veðurskilyrði, raunveruleg eða í flughermi, eins og samræmist skylduverkum handhafa skírteinis flugumsjónarmanns.

4.6.1.5 **Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.6.1.6 **Ríkisfang.**

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.6.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

4.6.2.1 Hafi þeim kröfum sem um getur í gr. 1.2.5 verið fullnægt hefur handhafi skírteinis flugumsjónarmanns þau réttindi að starfa sem flugumsjónarmaður á

hverju því svæði þar sem hann uppfyllir þær kröfur sem nefndar eru í ICAO viðauka 6 „Reglugerð um flugrekstur“.

- 4.6.2.2 Til þess að halda réttindum sínum skal handhafi skírteinis flugumsjónarmanns hafa starfað sem slíkur a.m.k. 6 mánuði á síðustu 24 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PT) sem Flugmálastjórn tekur gilt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 23. febrúar 1996 staðfest sameiningu Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram 11. maí 1996.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa í yfirkjörstjórn, þannig að hún verði skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, og verði ráðuneytinu tilkynnt um skipan hennar.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum sex sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júní 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

Í efnisyfirliti bætist við nýr liður á eftir 3.7:
3.8 Notkun rafeindatækja.

2. gr.

Í orðaskýringum 1.0 bætist við eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð:
Flugrekandaskírteini (Air operator certificate/AOC): Skírteini gefið út til handa fyrirtæki eða hópum fyrirtækja og staðfestir að hlutaðeigandi flugrekandi hafi yfir að ráða sérþekkingu og rekstrarskipulagi sem þarf til að tryggja öruggan rekstur loftfara vegna þeirrar flugstarfsemi sem tilgreind er í skírteininu.

3. gr.

Í orðaskýringum 1.0 breytist eftirfarandi orðskýring:
Flugrekstrarleyfi (Operating license): Leyfi sem veitt er til reksturs loftfara í fjáraflaskyni.

4. gr.

Grein 2.2 orðast svo:

2.2 **Leyfi til flugstarfsemi.**

Samgönguráðuneytið veitir leyfi til loftferða í fjáraflaskyni. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Forsenda flugrekstrarleyfis er að umsækjandi hafi flugrekandaskírteini gefið út af Flugmálastjórn. Í flugrekandaskírteini kemur fram nánari skilgreining á flugrekstrinum og loftfaraskrá. Um útgáfu flugrekstrarleyfis til flutningaflugs gildir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92.

5. gr.

Á eftir grein 3.7 bætist við ný grein 3.8, svohljóðandi:
3.8 **Notkun rafeindatækja.**
Notkun ferðasenditækja og ferðaviðtækja sem geta haft truflandi áhrif á mælitæki og búnað flugvéla er með öllu óheimil um borð. Flugrekanda ber að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun slíkra tækja um borð í flugvélum sínum.

6. gr.

Greinar 4.2 - 4.2.1.2 orðast svo:

4.2 **Flugrekandaskírteini og flugrekstrareftirlit.**

4.2.1 **Flugrekandaskírteini.**

4.2.1.1 Forsenda útgáfu flugrekstrarleyfis til flutningaflugs er gilt flugrekandaskírteini sem gefið er út af Flugmálastjórn. Ekki má stunda flugrekstur í flutningaflugi nema að slíkt flugrekandaskírteini sé í gildi.

4.2.1.2 Í flugrekandaskírteini er tilgreint nákvæmlega hvers konar flugstarfsemi er heimiluð og veitir skírteinið ekki heimild til annars konar flugstarfsemi en þar segir. Flugrekanda ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í flugrekandaskírteininu.

7. gr.

2. mgr. greinar 4.2.1.3 fellur brott.

8. gr.

Greinar 4.2.1.4.1 - 4.2.1.4.2 orðast svo:

4.2.1.4.1 Tímalengd og forsendur.

Flugrekandaskírteini er veitt til ákveðins tíma sem þar er nánar tilgreindur. Handhafi flugrekandaskírteinis skal tafarlaust skýra Flugmálastjórn frá því ef starfsemi hans breytist á þann veg að forsendur flugrekandaskírteinis eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfslíði, loftförum, váttryggingum eða stjórnendum.

4.2.1.4.2 Endurnýjun.

Ef óskað er endurnýjunar flugrekandaskírteinis, skal senda Flugmálastjórn beiðni þar að lútandi, a. m. k. þremur mánuðum áður en gildandi skírteini rennur út.

9. gr.

Grein 9.4.4 orðast svo:

9.4.4 Hæfnipróf flugmanna.

Flugrekandi skal sjá til þess að flugmenn hans séu prófaðir, bæði við tæknilega framkvæmd flugsins og í neyðarviðbrögðum með þeim hætti að sýnt sé fram á hæfni þeirra. Þar sem kann að vera flogið samkvæmt blindflugsreglum ber flugrekanda að sannreyna hæfni flugmanna sinna í að framfylgja þeim reglum, annaðhvort með því að láta eftirlitsflugmann sinn eða eftirlitsflugmann frá Flugmálastjórn sjá um slíka prófun. Gildistími hæfniprófs skal vera sex almanaksmánuðir til viðbótar því sem eftir er af prófmánuðinum. Ef hann stenst hæfnipróf innan síðustu þriggja almanaksmánaða af gildistíma fyrra hæfniprófs, skal gildistími hæfniprófsins vera frá prófdegi hæfniprófs þar til sex almanaksmánuðir eru liðnir frá því að gildistími síðasta hæfniprófs rann út. Nota má flugherma, sem Flugmálastjórn hefur samþykkt, fyrir þann hluta af hæfniprófinu sem þeir hafa sérstaklega verið samþykktir fyrir.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 371/1987.**

1. gr.

50. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund vikulega á fimmtudegi. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess. Árlega skal tilkynna tímasetningu fundanna þegar nýtt bæjarráð er kosið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. febrúar 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 141

8. febrúar 1996

REGLUGERÐ

Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

Aðild.

- 3.1. Sjóðfélagi er sá launþegi, sem er félagi í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og kjarasamningar þess og vinnuveitenda taka til, sbr. þó 3.2. og 3.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga meðlimi annarra samtaka verslunarmanna, sem hafa gert heildarsamninga um lífeyrisgreiðslur.
- 3.2. Sjóðfélagi skal hafa náð 16 ára aldri.
- 3.3. Nú stundar launþegi starf, sem veitir honum aðild að lögbundnum lífeyrissjóði, eða að viðurkenndum lífeyrissjóði fyrirtækis, og er hann þá ekki sjóðfélagi í þessum lífeyrissjóði vegna þess starfs.
- 3.4. Elli- og örorkulífeyrisþegar samkvæmt 10. gr. og 11. gr. eru sjóðfélagar.
- 3.5. Sjóðfélagi, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi í samtökum, sem að sjóðnum standa, getur haldið aðild sinni að sjóðnum, enda sæki hann um það innan sex mánaða.
- 3.6. Sjálfstæðum atvinnurekanda í samtökum, sem að sjóðnum standa, og framkvæmdastjóra fyrirtækis í sömu samtökum er heimil aðild að sjóðnum enda berist umsókn þar að lútandi til stjórnar sjóðsins.
- 3.7. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita heilum launþegahóp eða einstökum launþegum aðild að sjóðnum, sbr. þó 3.2. og 3.3., að fengnu samþykki þeirra samtaka, sem að sjóðnum standa. Umsókn um slíka aðild skal vera skrifleg.

4. gr.

Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa þannig: Félag íslenskra stórkaupmanna tilnefnir einn, Kaupmanna-

samtök Íslands tilnefna einn, Samtök iðnaðarins tilnefna einn að fengnu álitu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir einn að fengnu álitu Verslunarráðs Íslands. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

- 4.2. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og hefst það 1. mars. Þó skal stjórn sitja þar til ný stjórn hefur verið tilnefnd.

5. gr.

Reikningar og endurskoðun.

- 5.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu liggja frammi eigi síðar en 1. mars næsta ár.
- 5.2. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- 5.3. Ákvæði til bráðabirgða.
Ennfremur skal endurskoðun ársreikninga framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem tilnefndir eru til eins árs í senn, annar af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og hinn sameiginlega af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, sbr. gr. 4.1.
Ákvæði þetta til bráðabirgða gildir þar til 2. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða hefur verið breytt þannig að ekki verði lengur laganauðsyn að tilnefna aðra skoðunarmenn en löggiltan endurskoðanda.

6. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 6.1. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins samkvæmt 6.2. Hann skal semja skýrslu til stjórnar sjóðsins um athugun sína.
- 6.2. Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal gengið út frá spá um væntanlegar launahækkningar og ávöxtun, sem byggir á reynslu liðinna ára.
- 6.3. Í skýrslu tryggingafræðings skal koma fram, í hvað langan tíma fjármagn sjóðsins og vextir af því nægi til lífeyrisgreiðslna. (Endingartími fjármagns án iðgjalda).
- 6.4. Ef endingartími samkvæmt 6.3. verður minni en 15 ár á næsta 5 ára tímabili, skal tryggingafræðingurinn gera tillögur til stjórnar sjóðsins um hlutfallslega lækkun lífeyrisgreiðslna eftir að stjórnin hefur kannað leiðir til þess að bæta ávöxtun fjármagns og/eða hækka iðgjöld.
- 6.5. Ef endingartími samkvæmt 6.3. gefur tilefni til, skal tryggingafræðingurinn leggja fyrir stjórnina áætlun um takmörkun á langtímabindingu fjármagns.

7. gr.

Ráðstöfun fjármagns.

- 7.1. Stjórn sjóðsins sér um ráðstöfun á fjármagni hans sbr. þó 6.5. Því má ráðstafa eins og segir í 7.2. til 7.11.
- 7.2. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi, eða það telst ófullnægjandi viðmiðun, skal miðað við matsverð, sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
- 7.3. Í bönkum og sparisjóðum.
- 7.4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lánastofnana en þeirra, sem getið er í 7.3., enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

- 7.5. Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 7.6. Í hlutabréfum. Þó skal ekki verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutabréfakaupa í innlendum félögum. Árleg hlutabréfakaup teljast kaup umfram sölu á hlutabréfum.
- 7.7. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
- 7.8. Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
- 7.9. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).
- 7.10. Í húsnæði til eigin nota.
- 7.11. Sjóðfélagar skulu hafa forgangsrétt til lántöku úr sjóðnum. Ákveði sjóðstjórn að lána fé til atvinnufyrirtækja, skulu þau fyrirtæki, sem tryggja starfsfólk sitt hjá sjóðnum, hafa forgangsrétt til lántöku.

8. gr.

Iðgjöld.

- 8.1. Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 10% af heildarlaunum hans. Ef um launþega er að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.
- 8.2. Iðgjöld sjóðfélaga, sem er sjálfstæður vinnuveitandi, skal miða við ákveðinn launaflokk í samningi viðkomandi stéttarfélags með föstu álagi. Launaflokk skal velja við inngöngu sbr. 3.6. eða þegar sjóðfélagi gerist vinnuveitandi sbr. 3.5.
- 8.3. Enginn greiði iðgjöld til sjóðsins lengur en til 75 ára aldurs, eða eftir að taka ellilífeyris er hafin.
- 8.4. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 8.5. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Áskilinn er réttur til þess að reikna vexti fyrir hvern byrjaðan mánuð umfram þann fyrsta, sem greiðsla hefur dregist frá útborgun launa.

9. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 9.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu reiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 9.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun í janúar 1993, kr. 70.597, skulu taka sömu hlutfallsbreytingum og lánskjaravísitala sú sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum.*
- 9.3. Stig ársins er reiknað þannig, að í árslaun sjóðfélaga (þ.e. tífold iðgjöld hans sbr. 9.1.) er deilt grundvallarlaunum samkv. 9.2. Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri á árinu, skal leggja við stig ársins þann hundraðshluta, sem örorkulífeyririnn byggir á samkvæmt 11.6.
- 9.4. Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

* Grundvallarlaun hafa verið: 6. flokkur V.R. til 6. júní 1979, 9. fl. V.R. til 27. okt. 1980, 20. fl. V.R. til 31. des. 1982, 21. fl. V.R. til 5. nóv. 1984, 22. fl. V.R. til 31. des. 1984, 23. fl. V.R. til 28. feb. 1985, 24. fl. V.R. til 30. apríl 1985, 25. fl. V.R. til 31. júlí 1985, 26. fl. V.R. til 31. ágúst 1985. Frá 1. sept. 1985 til 31. des. 1992 samkv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.

- 9.5. Ef sjóðfélagi á stig fyrir fleiri en 30 ár við útreikning maka- eða örorkulífeyris, skal reikna með stigum 30 bestu áranna að fullu, en þeim stigum, sem umfram eru, að hálfu.

10. gr.

Ellilífeyrir.

- 10.1. Sá, sem öðlast hefur samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 9. gr. og orðinn er 70 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 10.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda viðkomandi, samkvæmt 9. gr. margfölduðum með 1,8.
- 10.3. Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 70 ára og uppfyllir skilyrði 10.1. að öðru leyti, má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 10.2. lækkar þá um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem sjóðfélagann vantar upp á 70 ára aldur.
- 10.4. Sá, sem uppfyllir skilyrði 10.1., má fresta töku lífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris samkvæmt 10.2. um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

11. gr.

Örorkulífeyrir.

- 11.1. Sjóðfélagi, sem öðlast hefur samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 9. gr., greitt hefur iðgjald til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og ekki er orðinn 65 ára á rétt á örorkulífeyri samkvæmt 11.2. til 11.9.
- 11.2. Örorkulífeyrir er greiddur ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna a.m.k. 40% (örorkuprósentu). Örorkuna skal meta á fimm ára fresti eða oftár.
- 11.3. Örorkumat samkvæmt 11.2. skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því, sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum.
- 11.4. Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig (sbr. 9. gr.), sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga, sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 9.5. og 11.5. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksárinu, sem lakast er.
- 11.5. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með stigum vegna ókomins tíma í 11.4.
- 11.6. Örorkulífeyrir er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 11.4. margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 11.2. margfölduðum með 1,8. Örorkulífeyri skal reikna á fimm ára fresti eða oftár í samræmi við 11.2.
- 11.7. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 11.8. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 11.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur eða fyrr, þegar taka ellilífeyris hefst.

12. gr.

Makalífeyrir.

- 12.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1. og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði 12.2., 12.3. eða 12.4. eru uppfyllt, þó skal óskertur makalífeyrir ætíð greiddur í minnst 24 mánuði, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.
- 12.2. Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir samkvæmt 12.5. lækka um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 12.3. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka.
- 12.4. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 40% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri samkvæmt 12.5. og orkutap hans er metið. Örorku skal meta á fimm ára fresti.
- 12.5. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 11.4.
- 12.6. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný.
- 12.7. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 12.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabíl fyrir andlát hans.

13. gr.

Barnalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1. og eiga þá eftirlifandi börn hans sbr. 13.3. rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 13.4., uns þau hafa náð 18 ára aldri.
- 13.2. Börn elli- og örorkulífeyrisþega eiga rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 13.4. og 13.5., uns þau hafa náð 18 ára aldri.
- 13.3. Sem börn sjóðfélaga gilda börn og kjörbörn. Einnig fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélaginn framfærði að mestu eða öllu leyti, ef um lífeyri samkvæmt 13.1. er að ræða.
- 13.4. Fullur barnalífeyrir. Ef barnið á foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess að öllu eða mestu leyti, skal samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum, öðrum lífeyrissjóðum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði vera 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti skal samanlagður lífeyrir þess vera 150% hærri en einfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sbr. þó 13.5.
- 13.5. Lífeyrir barna örorkulífeyrisþega skal vera fullur lífeyrir samkvæmt 13.4. margfaldaður með örorkuprósentunni samkvæmt 11.2.
- 13.6. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.

14. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 14.1. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg.
- 14.2. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á.

- 14.3. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi.
- 14.4. Lífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum.
- 14.5. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum (sbr. þó 13.6.) eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.
- 14.6. Lífeyrisgreiðslur, sem ekki er vitjað innan þriggja ára, renna til sjóðsins.
- 14.7. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. 1,5 stiga réttinda, og ekki er fyrirsjáanleg sameining við önnur réttindi, þá er stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við útreikninga tryggingafræðings.

15. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

- 15.1. Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum nema í tilviki 15.2. Endurgreiðslu-fjárhæðin er grundvallarlaun á greiðsludegi samkvæmt 9.2. margfölduð með stigum viðkomandi manns hjá sjóðnum margfölduð með 0,04, en án vaxta.
- 15.2. Aðili, sem á stig í sjóðnum, er erlendur ríkisborgari, sem flyst af landi brott.
- 15.3. Hafi iðgjöld verið endurgreidd, fellur niður sá lífeyrisréttur, sem grundvallaðist á þeim.

16. gr.

Geymd réttindi.

- 16.1. Maður, sem á stig hjá sjóðnum sbr. 9. gr., skal eiga rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar miðað við áunnin geymd stig, þó að hann uppfylli ekki skilyrði um a.m.k. þriggja stiga inneign (gr. 10.1. og 11.1.) eða skilyrði um að hafa greitt sex mánuði á síðustu 12 mánuðum (gr. 11.1.).
- 16.2. Örorkumat manns, sem ekki hefur greitt sex mánuði á síðustu 12 mánuðum, skal miða við vanhæfni hans til þess að gegna því starfi, sem síðast veitti honum aðild að lífeyrissjóði.
- 16.3. Þegar meta skal rétt til framreiknings (gr. 11.4.), þ.e. hvort greitt hefur verið til sjóðsins í 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir orkutap eða fráfall og samanlögð iðgjöld mynda a.m.k. 3 stiga réttindi, skal auk iðgjalda til þessa sjóðs taka með iðgjöld til annarra lífeyrissjóða, sem framreikna réttindi, enda hafi verið greitt síðast til þessa sjóðs. Hafi síðast verið greitt samtímis til tveggja eða fleiri slíkra sjóða, skulu réttindin framreiknuð eins og greitt hefði verið til eins sjóðs og skiptast þau á milli sjóðanna í hlutfalli við lífeyri vegna áunninna réttinda.
- 16.4. Stofnist réttur til barnalífeyris hjá þessum sjóði og öðrum lífeyrissjóði samtímis, skal því aðeins greiddur barnalífeyrir samkv. 13. grein, að meiri iðgjöld hafi verið greidd vegna hins látna til þessa sjóðs en hins sjóðsins á síðustu 12 mánuðum.
- 16.5. Ekki skal flytja iðgjöld og þar með bundin réttindi til þessa sjóðs eða frá. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að gera gagnkvæman samning við annan lífeyrissjóð um flutning iðgjalda, sem veita óveruleg réttindi.
- 16.6. Stjórn sjóðsins skal heimilt, að fengnu samþykki aðildarsamtaka sjóðsins, að yfirtaka eignir og skuldbindingar annarra lífeyrissjóða, enda séu tryggingafræðilegir útreikningar lagðir til grundvallar við yfirtökuna.
- 16.7. Hafi sjóðfélagi stundað störf eftir 1. janúar 1970, sem veittu aðild að sjóðnum, en ekki greitt iðgjald til sjóðsins, er honum heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þennan starfstíma.

- 16.8. Fyrir réttindakaup samkvæmt 16.7. greiðist 10% af margfeldi grundvallarlauna (sbr. 9.2.) á þeim tíma, sem kaupin fara fram og þeirra stiga, sem sjóðfélaginn öðlast með kaupunum.

17. gr.

Upplýsingaskylda.

- 17.1. Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um lífeyrisrétt þeirra með útgáfu bæklinga og dreifirita.

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

- 18.1. Elli-, örorku- eða makalífeyrisþegi, sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 97/1979, skal hljóta lífeyri, sem ekki er lakari en hliðstæður lífeyrir samkvæmt þeim lögum.

19. gr.

Framsal, veðsetning og aðför lífeyris.

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.
19.2. Lífeyrisgreiðslur eru undanþegnar aðför.

20. gr.

Gerðardómur.

- 20.1. Rísi ágreiningur um reglugerð þessa, skal vísa honum til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, einum tilnefndum af samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa og einum tilnefndum af Hæstarétti Íslands og skal sá vera formaður dómsins.

21. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

- 21.1. Breytingar á reglugerð þessari eru sammingsatriði milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og eftirtalinnna samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, þ.e. Félagi íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

22. gr.

Gildistaka.

- 22.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júní 1995 og kemur í stað eldri reglugerðar frá 1. apríl 1981 með áorðnum breytingum.**

** Frá 1. apríl 1981 hefur reglugerð sjóðsins verið breytt sem hér greinir: Frá 1. desember 1983 breytingar á mgr. 12.1. og 12.3. Frá 1. ágúst 1986 breytingar á mgr. 8.3. og 9.5. Frá 1. maí 1988 falla mgr. 8.3. og 9.5. brott og númer annarra greina breytist til samræmis við það. Frá 1. janúar 1993 breytingar á mgr. 9.2., 9.4., 12.1., 12.2. og ný mgr. 16.6. Númer síðari greina 16. gr. breytist til samræmis við það. Frá 1. janúar 1994 breytingar á mgr. 7.1.-7.5., nýjar mgr. 7.7. og 7.8., breytingar á mgr. 7.10., 9.5., 11.1., 11.4., ný mgr. 14.7. og breytingar á mgr. 16.1. og 16.3. Frá 1. janúar 1995 ný mgr. 7.5. Númer síðari málsgreina 7. gr. breytist til samræmis við það. Frá 1. júní 1995 breytingar á mgr. 3.6. og 4.1. Málsgrein 4.3. felld brott. Breytingar á mgr. 5.2., ný mgr. 5.3., breytingar á mgr. 20.1., 21.1. og 22.1. Jafnframt sett inn ákvæði til bráðabirgða um tvo nýja fulltrúa í stjórn sjóðsins frá 1. júní 1995 að fengnum viðbótartilnefningum skv. mgr. 4.1.

22.2. Lífeyrisþegar, sem áttu betri rétt samkvæmt eldri reglugerðinni, skulu halda þeim rétti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þann 1. júní 1995 skulu tveir nýir fulltrúar taka sæti í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í samræmi við ákvæði um fjölgun og þá að fengnum viðbótartilnefningum skv. mgr. 4.1.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

21. febrúar 1996

AUGLÝSING

Nr. 142

um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Selfoss hefur verið ákveðið:

Að Hörðuvellir og Fagurgerði njóti aðalbrautarréttar gagnvart Grænuvöllum á Selfossi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 21. febrúar 1996.

Karl Gauti Hjaltason ftr.

22. febrúar 1996

REGLUGERÐ

Nr. 143

**um breytingu á reglugerð nr. 335, 9. júní 1995
um loðnuveiðar 1995/1996.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1995/1996, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum, sem heimild hafa til loðnuveiða, heimilt að veiða samtals 1.107.760 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Framsýn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar eru allir þeir launþegar, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og eru félagar í einhverju eftirgreindra stéttarféлага: Verkamannafélaginu Dagsbrún, Verkakvennafélaginu Framsókn, Starfsmannafélaginu Sókn, Iðju félagi verksmiðjufólks, Verkamannafélaginu Hlíf, Verkakvennafélaginu Framtíðinni, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Bakararveinafélagi Íslands og Bifreiðastjórafélaginu Sleipni. Ennfremur þeir launþegar sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum ofangreindra féлага, enda séu þeir ekki bundnir aðildarskyldu að öðrum lífeyrissjóði.
- 3.2. Rétt og skylt er launþega á starfsviði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, þótt ekki sé hann félagi í ofangreindum verkalýðsfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.
- 3.3. Sjóðfélagi sem gerist atvinnurekandi er rétt að halda órofa aðild að lífeyrissjóðnum, enda hafi hann ekki öðlast aðild að öðrum lífeyrissjóði. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími gagnvart áhættulífeyri skv. 12.-14. gr. reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Lífeyrissjóðinn Framsýn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðféлага sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðféлага hinna sjóðanna. Stéttarfélög sem að slíkum sjóðum standa fá fulla aðild að fulltrúaráði skv. gr. 5.3.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launþegum og fjórir af vinnuveitendum. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.

- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti stjórnarmanna eru mættir eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundum. Stjórnin veitir og afturkallar prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Hvorki stjórnarmenn eða starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framantöldu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku

um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Þess skal og jafnan gætt að sjóðurinn styðji menn ekki til stjórnarkjörs í hlutafélögum ef stjórnarsetan getur valdið hagsmunaaðrekstrum eða skert sjálfstæði sjóðsins.

5. Ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðru vísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.2. Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skytt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög, sem eiga aðild að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu. Fulltrúar launþega skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.1. kýs úr sínum hópi einn fulltrúa fyrir allt að 500 félag og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 500 félagsmanna, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur tveimur hundruðum eða meira. Miðað er við þann fjölda félagsmanna sem fæst með því að deila einum hundruðasta grundvallarfjárhæðar, samkvæmt grein 10.2. næstliðins árs í félagsgjöld næstliðins árs samkvæmt ársreikningi aðildarfélags. Fulltrúar atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn, eigi síðar en mánuði fyrir ársfund.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
 - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
 - 5.5.2. Staðfesting ársreiknings.
 - 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt, þegar hún liggur fyrir.
 - 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
 - 5.5.5. Kosning stjórnar og varamanna.

Fulltrúar launþega í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Fulltrúar atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör framkvæmdastjórnar VSÍ á tveimur aðalmönnum og tveimur varamönnum í stjórn.
 - 5.5.6. Kosning skoðunarmanna.

Fulltrúar launþega og atvinnurekenda í fulltrúaráði skulu hvor um sig á ársfundi kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.

- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 21. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál.
Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveim skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Árlega skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag hans. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli út-reikninganna.
- 7.2. Telji tryggingafræðingurinn rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhag sjóðsins sé þannig háttað, að ekki sé samræmi milli eigna og skuldbindinga miðað við tryggingafræðilegar forsendur, skal hann gera tillögur um hlutfallslega hækkun eða lækkun lífeyrisréttinda. Þær tillögur geta jafnt náð til áunninna réttinda sem framtíðarréttinda sbr. gr. 21.3.
- 7.3. Telji tryggingafræðingurinn rannsókn sína leiða í ljós að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um lækkun lífeyrisréttinda, er grípa skal til, ef ekki finnast aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins.
- 7.4. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reiknigrundvöll tryggingafræðilegrar úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðstjórn gert tillögu til ársfundar um tímabundna greiðslu uppbótar á lífeyri. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gildi þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Skal fé sjóðsins ávaxtað með eftirfarandi hætti:
 - 8.1.1. Í ríkisverðbréfum.
 - 8.1.2. Í verðbréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
 - 8.1.3. Í verðbréfum sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélags að mati sjóðstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess. ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
 - 8.1.4. Í bönkum og sparisjóðum.
 - 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupþúnum. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá þessum reglum, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til þess, þ.m.t. að taka mið af fasteignamati í stað brunabótamats.

- 8.1.6. Í verðbréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana eða annarra lána-
stofnana en getið er hér að framan, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða
sému undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í hlutabréfum. Þó skal eigi verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til
kaupa á hlutabréfum. Árleg hlutabréfakaup samkvæmt ákvæðum þessarar greinar
teljast einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi
heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó
ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sér-
stökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt á-
kvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af
hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum
á verðbréfaþinginu, skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhluta-
bréfaeign sjóðsins.
- 8.1.8. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstraraf-
komu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í
aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD). Hlutfall erlendra
eigna fari þó ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn
sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.
- 8.2. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af
sjóðstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að
launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og
gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör
miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga,
sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í
sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum launþega af launum starfsmanna sinna
og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda
hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar,
skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum
hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum
sínnum.
- 9.6. Tvisvar á ári, 1. mars og 1. september, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd
iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar
athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóð-
félaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetn-
ingu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn ein-
ungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást
greidd.
- 9.7. Senda skal lokaáðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skila-
greinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu
skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaáðvörunar.

- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörðun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 9.6. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.7.
- 9.9. Allar innborganir launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.7 fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunar-tímabili atvinnurekanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana. Innborgun skal ráðstafa til greiðslu áfallinna vanskilavaxta á elstu ógreidda skilagrein fyrst og síðan til greiðslu skilagreinarinnar.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur. Komi til þess að breyta þurfi réttindaákvæðum reglugerðar og það leiði til rýrari réttar sjóðfélaga sem rétt eiga í sjóðnum á samþykktardegi skal breytingin ekki hafa áhrif til lækkunar lífeyris fyrr en að 5 árum liðnum sbr. þó gr. 7.3.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í tíuföld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku elli-lífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barna-lífeyrir skv. 14.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

- 12.2. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álití trúnaðar-læknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundradshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er að fengnu álití trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorku-lífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.

- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-fjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4.

Sjóðfélagi hafi:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. ekki megi rekja orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fikniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúk-dómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
 - b. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna

meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

- d. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a. eða b. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma, er orkutap telst hafa átt sér stað, skal fjöldi framreiknaðra stiga aldrei reiknast meiri en sem nemur fjölda þeirra stiga, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.
- 12.7. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tókast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki að minnsta kosti 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs.

- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú hafa greiðslur makalífeyris fallið niður áður en makinn nær 67 ára aldri og stofnast þá réttur á ný til fulls makalífeyris, sem greiðist í allt að 36 mánuði, enda sé hann ekki í hjónabandi og eigi ekki rétt til makalífeyris vegna síðara hjónabands. Nú hafa greiðslur makalífeyris skv. 13.2., 13.3. eða 13.4. ekki fallið niður við 67 ára aldur makans og skal þá greiða fullan makalífeyri til 70 ára aldurs, en þó skal aldrei greiða fullan makalífeyri skemur en 60 mánuði við þessar aðstæður. Nú er maki sjóðfélaga orðinn 67 ára við fráfall sjóðfélagans og öðlast makinn þá rétt til fulls makalífeyris í allt að 60 mánuði.
- 13.6. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.7. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samantölum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominna tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.8. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaks mánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem

ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaks-mánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

- 14.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

16. Endurgreiðslur iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 10.4., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi samkvæmt 10.2. margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til

lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrir-sjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

20. Gerðardómur.

- 20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti. Skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

21. Breytingar á reglugerðinni.

- 21.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins fyrir janúarlok sama ár og taka á þær fyrir á ársfundi. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum eins og þær eru á hverjum tíma í samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, að mati tryggingafræðings, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tveir vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 21.2. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa launþega í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu framkvæmda-stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands.
- 21.3. Breytingar á bótaákvæðum gildi jafnt um áunnin bótaréttindi sem framtíðarréttindi.

22. Ákvæði til bráðabirgða.

- 22.1. Stofnendur sjóðsins eru; Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðarinnar, Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður verksmiðjufólks og Lífeyrissjóður Félags starfsfólks í veitingahúsum ásamt aðildarfélögum þessara lífeyrissjóða. Framangreindir lífeyrissjóðir eru hér eftir í bráðabirgðaákvæðum þessum nefndir eldri sjóðir.
- 22.2. Kjörtímabili stjórnarmanna sem kosnir voru á stofnfundi sjóðsins lýkur þegar ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta ársfundi hans.
- 22.3. Á fyrsta ársfundi sjóðsins skulu tveir aðalmenn og tveir varamenn kosnir af launþegum til tveggja ára og tveir aðalmenn og tveir varamenn til eins árs. Atvinnurek-endur skulu á sama hátt kjósa fjóra aðalmenn og fjóra varamenn í stjórn sjóðsins.

- 22.4. Sjóðurinn hefur starfsemi 1. janúar 1996 og tekur frá þeim tíma við iðgjöldum sjóðfélaga í eldri sjóðum, jafnt samtímagreiðslum sem og vanskilagreiddslum vegna liðins tíma. Frá sama tíma hættu eldri sjóðir að taka við iðgjöldum.
- 22.5. Sjóðurinn tekur við öllum eignum og skuldbindingum eldri sjóða miðað við 1. janúar 1996.
- 22.6. Réttindi sjóðfélaga eldri sjóða skulu metin með þeim hætti sem tilgreint er í 14. grein í stofnsamningi sem samþykktur var á stofnfundi sjóðsins. Réttindi sjóðfélaga eldri sjóða, þannig metin, verði færð yfir í sjóðinn miðað við 1. janúar 1996.
- 22.7. Rísi ágreiningur milli aðila samningsins, sem ekki tekst að jafna með samkomulagi, skal ágreiningnum skotið til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum. Hvor ágreiningsaðili um sig skal skipa einn mann í gerðardóminn, en sá þriðji skal skipaður af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og skal hann vera oddamaður. Úrskurður dómsins er bindandi fyrir málsaðila.
- 22.8. Eldri sjóðir skulu bera allan kostnað við uppgjör sjóðanna pr. 31. desember 1995. Má þar nefna kostnað við endurskoðun vegna ársreikninga fyrir árið 1995, laun starfsmanna vegna starfa við skráningu iðgjalda sem greidd eru fram til ársloka, skráningu verðbréfa í eigu sjóðsins í árslok 1995, kostnað við tryggingafræðilegt uppgjör og endurmat eigna, kostnað vegna þjónustu við aðildarfélögin og aðra vegna ársins 1995 o.fl. Hér er um að ræða alla starfsemi á skrifstofum eldri sjóða eftir 1. janúar 1996, sem tengist því að skila starfsemi eldri sjóða til sjóðsins eins og samið var um í stofnsamningi hans. Starfsemi þessi er hér eftir í bráðabirgðaákvæðum þessum kölluð verklok. Eldri sjóðir bera ekki kostnað af húsnæði sem þeir starfa í á árinu 1996 vegna verkloka. Áætlaður kostnaður vegna verkloka verði færður í ársreikningum eldri sjóða fyrir árið 1995.
- 22.9. Öll verðbréfaeign eldri sjóða þann 31. desember 1995, skal vera skráð í verðbréfa-kerfið „Jóakim“. Skráningu og samanburði, t.d. við banka ef bréfin eru til innheimtu þar, skal vera lokið 15. janúar 1996. Þessi verkþáttur er hluti af verklokum.
- 22.10. Miðað við 31. desember 1995 skulu eldri sjóðir gera skrá yfir eignir sínar s.s. skrifstofubúnað og fasteignir. Skrárnar skulu staðfestar af endurskoðendum eldri sjóða og berast stjórn sjóðsins fyrir 15. janúar 1996. Þessi verkþáttur er hluti af verklokum.
- 22.11. Frá 1. janúar 1996 ber sjóðurinn kostnað af rekstri á skrifstofum eldri sjóða sem tengist honum og ekki tengist verklokum eldri sjóða. Um er að ræða tímabundinn rekstur meðan sjóðurinn er að koma starfsemi sinni á laggirnar. Slíkur rekstur er undir stjórn sjóðsins.
- 22.12. Frá 1. janúar 1996 skal stjórn sjóðsins fara með öll málefni eldri sjóða önnur en þau er varða verklok vegna ársins 1995 hjá eldri sjóðum, en með þau mál fara stjórnir eldri sjóða.
- 22.13. Stefnt skal að því, í samráði við aðildarfélög sjóðsins, að skrifstofur þeirra veiti félagsmönnum sínum ýmsa þjónustu og upplýsingar er varða þennan sjóð. Þar geti félagsmenn t.d. fengið eyðublöð og upplýsingar um réttindi. Starfsfólk aðildarfélaganna fái þjálfun hjá sjóðnum í að veita þessa þjónustu. Þá skal til reynslu hafa einn starfsmann sjóðsins staðsettan í Hafnarfirði.
- 22.14. Sjóðurinn skal birta almenna auglýsingu í Lögbirtingablaði og dagblöðum um sameiningu sjóðanna og ábyrgð sjóðsins á eignum og skuldbindingum eldri sjóða.
- 22.15. Stjórn sjóðsins staðfesti að mat eigna hafi verið framkvæmt í samræmi við ákvæði 14. greinar í stofnsamningi þar um. Sjóðurinn greiði kostnað við þennan verkþátt.

- 22.16. Eldri sjóðir geri ársreikning á hefðbundinn hátt vegna ársins 1995. Hann liggir fyrir undirritaður af stjórn eldri sjóðs tilbúinn til afhendingar til endurskoðanda eigi síðar en 15. mars 1996. Einnig meti eldri sjóðir eignir sínar eins og kveðið er á um í ákvæðum um mat eigna í 14. grein stofnsamnings sjóðsins. Mat eigna og endurskoðaðir ársreikningar liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 1996.
- 22.17. Reglugerðir eldri sjóða falla úr gildi 31. desember 1995. Reglugerð sjóðsins tekur gildi 1. janúar 1996.
- 22.18. Endanlegt uppgjör sameiningar skal lagt fyrir ársfund sjóðsins 1996 og skal þar hljóta endanlega afgreiðslu.
- 22.19. Heimilt er að fresta fyrsta ársfundi sjóðsins til loka júní 1996.

23. Gildistaka.

- 23.1 Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 22. febrúar 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 145

1. mars 1996

REGLUGERÐ

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

1. gr.

Í sveitarfélagi þar sem metin hefur verið hætta á ofanflóðum gerir sveitarstjórn að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr. laga nr. 151/1995, um breyting á lögum nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, í reglugerð þessari kölluð ofanflóðanefnd, tillögu að varnavirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi. Tillögunum fylgi teikningar, uppdráttir og aðrar viðeigandi upplýsingar þannig að meta megi gæði og varnaráhrif varnavirkja. Auk þess skulu fylgja uppdráttir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnavirkin eru talin breyta um öryggi á svæðinu, og útreikningar því til stuðnings. Upplýsingar um tölu og tegund fasteigna sem á að verja skulu enn fremur fylgja.

Varnarvirki skulu að jafnaði reist nema hagkvæmara sé talið að kaupa eða flytja húseignir, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera tillögu um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnavirki ef það er talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Tillögunum fylgi kostnaðaráætlun þar sem gerður er samanburður á kostnaði við kaup eða flutning á húsum og kostnaði við gerð varnavirkja.

3. gr.

Tillögur sveitarstjórna skv. 1. og 2. gr. skulu lagðar fyrir ofanflóðanefnd sem fer yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og sannreynir gildi þeirra. Nefndin skal hafa tekið

afstöðu til tillögu innan átta vikna frá því hún berst nema mál sé sérstaklega umfangsmikið og skal nefndin í því tilviki tilkynna sveitarstjórn um það fyrirfram og hversu langan tíma vænta megi að meðferðin muni taka.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar verður kr. 545,00 var kr. 619,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íónaðarhús verður kr. 231,00 var kr. 289,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Gjaldskráin verður að öðru leyti óbreytt.

Iónaðaráðuneytinu, 14. mars 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stokkseyrarhreppi fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Stokkseyrarhreppi, sbr. staflíði b og f í 2. gr. samþykktar um hundahald í Stokkseyrarhreppi, nr. 544/1990, með síðari breytingum, skal vera kr. 5.000 fyrir árið 1996.

Innifalið í gjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar.

Gjaldið innheimtist með heimsendum gíróseðli. Gjaldþagi og eindagi eru tilgreindir á gíróseðlinum.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 3. og 4. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 6.000 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti á vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um meðferð, vinnslu og sölu skelfisks.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til meðferðar, vinnslu og sölu á skelfiski, sem ætlaður er til beinnar neyslu eða frekari vinnslu.

Reglugerðin gildir einnig um skrápdyr og möttuldýr.

B. Almennar takmarkanir.

2. gr.

Reglugerðin tekur ekki til dreifingar skelfisks til smásölu innanlands.

Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með vatnsbólum og vatnsveitum sem er á hendi heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Reglugerðin tekur ekki til skelfisks þar sem vöðvinn einn er nýttur.

C. Skilgreiningar.

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Skelfiskur*: Allar tegundir lindýra (*Mollusca*), lifandi, ferskar eða frosnar, af flokkuninni *Lamellibranchiata* og *Gastropoda*.
2. *Veðisvæði*: Afmarkað svæði í sjó, ármynni eða lóni þar sem hægt er að rækta eða veiða skelfisk í náttúrulegu umhverfi sínu.
3. *Viðurkennt veðisvæði*: Svæði sem Fiskistofa hefur lýst hæft til að ala skelfisk eða veiða til sölu beint á markað.
4. *Veðar*: Tekja skelfisks, hvernig sem hans er aflað, af svæðum þar sem hann vex í náttúrulegu umhverfi sínu eða er ræktaður.
5. *Leyfisnúmer*: Sérstakt merki sem Fiskistofa úthlutar hverjum skelfiskframleiðanda til staðfestingar á því að veiðar, eldi, meðferð, vinnsla og dreifing afurða uppfylli opinberar kröfur, sem gerðar eru til þeirrar starfsemi. Leyfisnúmerið skal setja á allar umbúðir og fylgiskjöl afurða sem framleiðandinn sendir frá sér á markað.
6. *Vinnsluleyfishafi*: Aðili, sem fengið hefur tölusett leyfi frá Fiskistofu til meðferðar, vinnslu, pökkunar eða geymslu skelfisks, til staðfestingar á því að fullnægt sé settum skilyrðum laga og reglugerða.
7. *Opinber eftirlitsstofnun*: Fiskistofa eða önnur opinber stofnun sem lögum samkvæmt annast flokkun og eftirlit með eldis- og veðisvæðum skelfisks, eftirlit með skeltekju og veitir framleiðendum vinnsluleyfi.

8. *Vinnslustöð*: Bygging, hluti byggingar eða aðstaða, þ.m.t. athafnasvæði, sem er viðurkennt af Fiskistofu til móttöku, meðferðar, þvottar, hreinsunar, flokkunar og þökkunar á skelfiski til neyslu. Til vinnslustöðva teljast einnig vinnsluskip, þökkunarstöðvar og geymslur.
9. *Merkisþjald*: Spjald eða merkimiði sem á eru skráðar upplýsingar um veiðisvæði o. fl. og festur er við ílát eða umbúðir um skelfisk.
10. *Hreinsibúnaður*: Viðurkenndur búnaður með einum eða fleiri tönkum, þangað sem leitt er hreint saltvatn eða sjór og þar sem skelfiskinum er haldið í nægilega langan tíma til þess að hann hreinsi sig af örverum og verði neysluhæfur.
11. *Umlagning*: Flutningur skelfisks undir eftirliti opinbers aðila af menguðu svæði á viðurkennt, ómengað svæði þar sem hann er látinn vera nægilega lengi til þess að hann hreinsi sig af örverum og mengunarefnum. Til umlagningar telst ekki flutningur á skelfiski í því skyni að hann nái frekari vexti.
12. *Umlagningarsvæði*: Sjór, ármynni eða lón sem samþykkt eru af Fiskistofu og greinilega afmörkuð með baujum, staurum eða öðrum föstum merkjum og eingöngu notuð til að hreinsa lifandi skelfisk á náttúrulegan hátt.
13. *Þörungaeitur*: Lífræn eiturefni sem skelfiskur safnar í sig þegar hann nærast á þörungum sem innihalda slíkt.
14. *Hreinn sjór*: Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað eitruðum örverugróðri eða hættulegum efnum að því marki að það geti spillt hollustu skelfisks.
15. *Þökkun*: Sú aðgerð að vernda skelfisk með umbúðum eða á annan viðeigandi hátt.
16. *Lota*: Tilgreint magn skelfisks sem framleiddur er við nokkurn veginn sömu aðstæður.
17. *Flutningatæki*: Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, jámbrautarvagna og loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, lestir skipa svo og gámar til vöruflutninga á landi, á sjó eða í lofti.
18. *Innflutningur*: Flutningur skelfisks inn á íslenskt yfirráðasvæði.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir framleiðslu og dreifingu skelfisks.

A. Almennar kröfur.

4. gr.

Vinnslustöðvar sem taka við skelfiski til vinnslu eða annarrar meðferðar svo sem þvottar, hreinsunar, flokkunar, þökkunar eða sölu skulu hafa gild vinnsluleyfi sem Fiskistofa gefur út.

5. gr.

Leyfi til vinnslu skelfisks er háð því að uppfyllt séu almenn skilyrði laga ásamt efirfarandi skilyrðum:

1. Vinnsluleyfihafi skal aðeins taka á móti skelfiski til vinnslu af veiðisvæðum eða eldissvæðum sem um getur í 9. og 10. gr.
2. Að skelfiskur hafi verið veiddur og fluttur til vinnslu í samræmi við ákvæði 12. og 13. gr.
3. Ef með þarf, skal skelfiskur umlagður á samþykktu svæði og fluttur til vinnslustöðvar í samræmi við ákvæði 11. gr.
4. Ef með þarf, skal skelfiskur hreinsaður í viðurkenndri aðstöðu í samræmi við ákvæði 16. gr.
5. Að þær upplýsingar sem krafist er að settar séu á ílát, umbúðir eða vigtamótur með innlögðum aflu séu í samræmi við ákvæði 13. gr.

6. Skelfiskur skal standast kröfur þær sem um getur í viðauka 1 og 4.
7. Þökkun skelfisks og merkingar skulu vera í samræmi við ákvæði 17. og 20. gr.
8. Geymsla skelfisks og flutningur skal vera í samræmi við ákvæði 18. og 19. gr.
Skelfiskur sem ætlaður er til frekari vinnslu skal uppfylla þær kröfur, sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar og vera unninn eftir því sem við getur átt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 684/1995.

B. Sérkröfur.

6. gr.

Vinnslustöðvarnar skulu eingöngu taka á móti lifandi skelfiski ef merkisþjöld fylgja honum sem sýna að hann komi frá viðurkenndu veiðisvæði, umlagningarsvæði eða vinnlustöð.

Vinnslustöðvar skulu færa dagbók þar sem fram koma skráningar vegna innra eftirlits, svo sem niðurstöður örverufræðilegra prófana á lifandi skelfiski frá viðurkenndu veiði- eða umlagningarsvæði, innvegið magn skelfisks ásamt upplýsingum um veiðidag, veiðisvæði, veiðiskip, flutningsaðila frá veiðiskipi, meðferð og ráðstöfun aflans. Vinnslustöðvar skulu halda til haga merkisþjöldum veiðiskipa, sbr. 13. gr.

Vinnslustöðvum er skylt að hlíta fyrirmælum Fiskistofu um að halda aðgreindum skelfiski sem kemur frá veiðisvæðum sem eru undir sérstöku eftirliti, sbr. 10. gr. og ráðstafa honum ekki fyrir en Fiskistofa samþykkir á grundvelli niðurstöðu prófana á sjó- og skelfisk-sýnum.

Þessar upplýsingar skal skrá í tímaröð og geyma í a.m.k. tvö ár.

7. gr.

Vinnslustöðvar skulu hafa yfir að ráða eigin rannsóknastofu eða tryggja sér aðstoð rannsóknastofu sem Fiskistofa samþykkir til þess m.a. að ganga úr skugga um að skelfiskurinn uppfylli örverufræðilegar viðmiðanir í viðauka 1 og 4. Þessar kröfur gilda þó ekki um vinnslustöðvar sem hafa fengið skelfiskinn eingöngu og beint frá annarri vinnslustöð þar sem hann hefur verið rannsakaður eftir hreinsun.

8. gr.

Vinnslustöðvar skulu samkvæmt leiðbeiningum frá Fiskistofu taka sýni af dagsframleiðslunni og varðveita í 12 mánuði. Sýni af skelfiski sem seldur er lifandi skal geyma frosið í einn mánuð.

Skelfisksýni til prófunar vegna þörungaeiturs skulu tekin og send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða annarri viðurkenndri rannsóknastofu samkvæmt nánari fyrirmælum frá Fiskistofu. Niðurstöður þeirra greininga skulu skráðar í dagbók vinnslustöðvarinnar, sbr. 3. og 4. tl. 21. gr.

III. KAFLI

Veiðisvæði og veiðar.

9. gr.

Umsókn um leyfi til skelveiða á svæði sem ekki hefur verið kannað með tilliti til heilnæmis skal senda sjávarútvegsráðuneytinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun um það hvort heilnæmiskönnun fari fram.

Veiðisvæði skulu ekki viðurkennd til skelveiða nema að undangenginni heilnæmiskönnun sem staðfestir að þau uppfylli kröfur í 25. gr. og viðauka 1. Þó má veita leyfi til skelveiða á veiðisvæðum sem ekki hafa verið könnuð, enda séu þau utan þriggja sjómílna frá fjöruborði meginlands eða byggðra eyja.

10. gr.

Fiskistofa metur ástand veiðisvæðis og tilkynnir umsækjendum um veiðileyfi og vinnsluleyfishöfum hvort svæði séu opin eða lokað fyrir skelfiskveiðum. Leiði niðurstöður könnunar til þess að ekki skuli leyfa skelfiskveiðar á ákveðnum stöðum á tilteknu veiðisvæði, skulu þeir staðir tilgreindir í veiðileyfum.

Sýni prófanir á sjósýnum vaxandi innihald eittraðra þörunga á veiðisvæði getur Fiskistofa ákveðið daglegar sýnatökur og prófanir á sýnum af skelfiski og sjó og að skelfiskurinn verði ekki nýttur fyrir en hann er laus við þörungaeitur.

IV. KAFLI Umlagning.

11. gr.

Verði mengunar vart á veiðisvæði eða í skelfiski er heimilt að flytja hann á annað svæði, sem Fiskistofa tilgreinir, til þess að losa hann við mengunina.

Umlagnig skelfisks skal fara fram í samræmi við ákvæði viðauka 2.

V. KAFLI Vinnlustöðvar.

A. Löndun og meðferð afla.

12. gr.

Aðferðir sem notaðar eru við veiðar eða flutning í land og á landi mega hvorki valda ónaúðsynlegum skaða á skel eða fisknum í henni né umtalsverðri gæðarýrnum eða breytingum sem torvelða hreinsun, vinnslu eða umlagningu.

Skelfisk má aðeins geyma í hreinum sjó um borð í veiðiskipi.

Ílát eða búnaður til flutnings á skelfiski skal veita vörn gegn því að skelin spillist eða brotni, vera með viðeigandi afrennsli og þannig gerð að þrif séu auðveld.

13. gr.

Merkisþjald eða merkimiði skal vera á öllum umbúðum sem skelfiski er landað í með eftirtöldum upplýsingum:

1. Veiðidagur.
2. Nafn eða númer veiðisvæðis.
3. Magn og tegund skelfisks.
4. Löndunardagur.
5. Leyfisnúmer veiðiskips.

Sé afla landað lausum skal skrá þessar upplýsingar á vigtarnótu.

B. Almennar kröfur varðandi byggingar og búnað.

14. gr.

Á athafnasvæðum þar sem skelfiskur er meðhöndlaður eða geymdur skal lágmarksaðstaða vera eftirfarandi:

1. Byggingar eða aðstaða skal hönnuð og henni viðhaldið þannig að úrgangur, reykur, óhreinindi, nagdýr eða önnur dýr nái ekki að menga skelfiskinn.

2. Gólfum skal halda hreinum og þau vera þannig lögð að auðveldi frárennsli.
3. Vinnusvæði skulu vera nægilega stór til þess að starfsemin geti farið fram á viðunandi hátt.
4. Veggir skulu vera endingargóðir og auðveldir til þrifa.
5. Lýsing skal vera næg.

Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, kröfur varðandi byggingar og búnað í I. kafla, viðauka 4, í reglugerð nr. 684/1995.

C. Hreinlætis- og hollustuhættir.

15. gr.

Fyllstu kröfur um hreinlæti og þrífnað eru gerðar til starfsfólks og varðandi athafnasvæði, búnað og starfsaðstöðu.

Lifandi skelfisk skal þvo eða hreinsa undir þrýstingi með hreinum sjó eða neysluvatni.

Gæta skal vel að gerla- og efnafræðilegum eiginleikum sjávar og vatns sem notað er við vinnslu skelfisks.

Forsvarsmáður vinnslustöðvar skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk sem haldið er smitandi sjúkdómi meðhöndli skelfisk.

Um hreinlæti og hollustuhætti við vinnslu skelfisks gildir eftir því sem við á II. kafla, viðauka 4, í reglugerð nr. 684/1995.

VI. KAFLI

Hreinsibúnaður og hreinsun.

16. gr.

Verði mengunar vart á veiðisvæði eða í skelfiski er heimilt að flytja hann í hreinsistöð sem Fiskistofa viðurkennir til þess að losa hann við mengunina.

Hreinsun skelfisksins skal fara fram í samræmi við ákvæði í viðauka 3.

VII. KAFLI

Pökkun og umbúðir.

17. gr.

Fyllsta hreinlætis skal gætt við pökkun skelfisks. Umbúðir mega ekki hafa áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni hans. Þær skulu vera nógu sterkar til að veita skelfiskinum fullnægjandi vernd.

Ostrum skal pakka með kúptu hliðina niður.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 684/1995.

VIII. KAFLI

Geymsla.

18. gr.

Lifandi skelfisk skal geyma og flytja við bestu lífsskilyrði.

Í geymslu skal skelfiskinum haldið við hitastig, sem ekki rýrir gæði eða lífsmöguleika hans. Umbúðir mega ekki vera í beinni snertingu við geymslugólf og þess skal gætt að þær blotni ekki.

Skelfisk má ekki úða með sjó eða vatni eftir að honum hefur verið pakkað.

IX. KAFLI

Flutningur frá vinnslustöð.

19. gr.

Skelfisk skal flytja í lokuðum flutningatækjum. Frágangur innra byrðis skal vera þannig að það spilli ekki gæðum farmsins. Klæðning skal vera slétt og auðvelt að þrifa hana og gerileyða.

Flutningatæki skulu þannig útbúin að unnt sé að halda í þeim hæfilegu hitastigi fyrir skelfiskinn, enda sé það tilgreint á umbúðum og í farmbréfi.

Umbúðum með lifandi skelfiski má ekki stafla beint á gólf flutningatækis.

X. KAFLI

Merkingar.

20. gr.

Allar umbúðir til sendingar á skelfiski skulu vera með merkingum þar sem fram koma eftirfarandi atriði:

1. Að skelfiskurinn sé sendur frá Íslandi.
2. Tegund skelfisks, bæði almenna nafnið í markaðslandinu og latneska heitið.
3. Leyfisnúmer vinnslustöðvar og lotumerki framleiðslunnar svo unnt sé að rekja uppruna hennar til framleiðanda eða þess sem pakkaði skelfiskinum.
4. Dagsetning pökkunar.
5. Í stað dagsetningar um geymsluþol á fullpakkaðri vöru má koma yfirlýsingin: „Þessi skelfiskur skal vera lifandi við sölu“.

Allar merkingar skulu vera varanlegar og vatnsþolnar og upplýsingar sem fram koma skulu vera augljósar og óafmáanlegar.

Skelfiskurinn skal að öðru leyti merktur í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

XI. KAFLI

Innra eftirlit.

21. gr.

Fyrirsvarsmenn vinnsluleyfishafa skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kröfur reglugerðar þessarar séu uppfylltar á öllum stigum veiða, ræktunar, meðferðar, framleiðslu og dreifingar skelfisks. Í þessu skyni eru þeir ábyrgir fyrir því að komið sé á fót innra eftirliti sem miðast við umfang og eðli starfseminnar og byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Að greina áhættuþætti í vinnslustöðinni miðað við öflun skelfisksins og framleiðsluferli það sem notað er.
2. Að skipuleggja og koma á fót eftirliti til að fylgjast með og hafa eftirlit með slíkum áhættuþáttum.
3. Að taka sýni til greiningar á rannsóknastofu, sem Fiskistofa samþykkir, til að kanna hvort skelfiskurinn, aðferðir við umlagningu eða hreinsun, þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi og að unnið sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.
4. Að geyma skriflegar skýrslur eða gögn sem skráð eru með varanlegum hætti varðandi framangreind atriði. Skráningarnar skal geyma í a.m.k. tvö ár og vera aðgengilegar eftirlitsmönnum Fiskistofu þegar þeir óska þess.

22. gr.

Til þess að uppfylla kröfur um innra eftirlit vegna örveru- og efnamengunar, náttúrulegra eitrefna og skyldra áhættuþátta skulu vinnsluleyfishafar greina frá því í innra eftirliti sínu hvernig þeir fylgjast með uppruna skelfisksins og tryggja að ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

23. gr.

Til þess að uppfylla ákvæði 6. gr. skulu vinnsluleyfishafar aðeins taka við skelfiski af veiðiskipi sem hefur vinnsluleyfi og veiðileyfi til skelveiða eða frá vinnslu sem hefur vinnsluleyfi.

Öll ílát eða umbúðir sem skelfiskafla er landað í skulu merkt í samræmi við ákvæði 13. gr.

Vinnsluleyfishafar skulu halda skrár yfir allan landaðan afla með þeim upplýsingum sem getið er í 1.-5. tl. 13. gr.

XII. KAFLI

Opinbert eftirlit og verkaskipting.**A. Opinbert eftirlit.**

24. gr.

Fiskistofa heldur skrá um vinnslustöðvar, sem hafa verið viðurkenndar og úthlutar þeim vinnsluleyfisnúmeri og tilkynnir hlutaðeigandi eftirlitsstofnunum í markaðslöndunum, sem þess óska, um vinnslustöðvar á skrá.

Fiskistofa annast reglulega skoðanir og eftirlit með vinnslustöðvum og hefur aðgang að öllum hlutum þeirra þar sem skelfiskur er unninn eða geymdur. Fyrirsvarsmönnum vinnslustöðva er skylt að veita Fiskistofu allar þær upplýsingar og aðstoð sem nauðsynleg er við eftirlit og skoðun, þ.m.t. skráningar.

Fiskistofa ber ábyrgð á eftirliti með veiðisvæðum í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

Fiskistofa gefur út viðmiðunarreglur er hafa að geyma nánari ákvæði varðandi meðferð, búnað og hreinlæti við veiðar og vinnslu skelfisks.

25. gr.

Fiskistofa skal setja sér starfsreglur til að fylgjast með að ákvæði reglugerðar þessarar séu uppfyllt. Reglurnar skulu m.a. taka til eftirfarandi atriða:

1. Örverufræðilegra gæða skelfisks af veiðisvæðum.
2. Hvort eitradir þörungar finnast á veiðisvæði eða þörungaeitur í skelfiski sé yfir leyfilegu hámarki.
3. Eftirlits með því hvort mengandi efni finnast yfir leyfilegu hámarki.

Fiskistofa gefur út sýnatökureglur til að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim atriðum sem getið er í 1. - 3. tölulið.

26. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að taka sýni án endurgjalds til rannsóknar á samþykkttri rannsóknastofu, enda verði niðurstöður þeirra tilkynntar fyrirsvarsmönnum vinnslustöðva.

B. Verkaskipting stofnana.

27. gr.

Fiskistofa hefur með höndum framkvæmd reglugerðar þessarar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar. Slíkt eftirlit og umsjón felur einkum í sér eftirfarandi þætti:

1. Yfirumsjón með heilnæmiskönnun á skelfiskveiðisvæðum og mat á stöðu þeirra. Við það mat skal hafa hliðsjón af kröfum, sem gerðar eru í þessu efni í samningum við stjórnvöld í landi því sem skelfiskurinn er fluttur til. Fiskistofa kannar strandlengju við veiðisvæði með aðstoð sérfræðinga og annarra opinberra stofnana og ákveður hvar og hvenær sjósýni skuli tekin og hverjum falin þessi sýnataka.
2. Fiskistofa heldur skýrslur um heilnæmiskannanir og flokkun veiðisvæða og miðlar upplýsingum þar að lútandi til ráðuneytis, vinnsluleyfishafa og veiðileyfishafa.
3. Útgáfu vinnsluleyfa eftir að gengið hefur verið úr skugga um að uppfyllt séu sett skilyrði laga og reglugerða.
4. Eftirlit með veiðum og aðstæðum við löndun, flutning, geymslu og vinnslu.
5. Skýrslugerð og miðlun upplýsinga til ráðuneytis, innlendra og erlendra eftirlitsstofnana og annarra aðila sem hlut eiga að máli.
6. Varsla gagnasafns vegna skelfiskeftirlits. Þær opinberu stofnanir sem taka þátt í heilnæmiskönnun eða verkefnum varðandi veiði- eða gæðaeftirlit skulu láta Fiskistofu í té eintak af öllum niðurstöðum og skjölum þar að lútandi. Fiskistofa heldur til haga upplýsingum um flokkun og merkingu veiðisvæða, breytingum á flokkun þeirra og ákvæðum sem auka kröfur til heilnæmis veiðisvæða.

28. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða önnur viðurkennd rannsóknastofa annast framkvæmd efna- og gerlaprófana ásamt prófunum á þörungaeitri, mat á niðurstöðum og skýrslugjöf þar að lútandi til Fiskistofu. Einnig skal stofnunin taka þátt í verkefnum um gæðaeftirlit í samræmi við samkomulag við erlendar eftirlitsstofnanir.

29. gr.

Hafrannsóknastofnunin annast þörungagreiningar og þörungatalningar, mat á niðurstöðum, skýrslugjöf þar að lútandi til Fiskistofu og ráðgjöf um val á skelfiskveiðisvæðum.

XIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

30. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað hagnýtingu skelfisks af viðurkenndu veiðisvæði, sé talin hættu á því að skaðleg mengun berist inn á það.

Sjávarútvegsráðuneytið getur lýst yfir veiðibanni á veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis ef fjöldi eitraðra þörunga í sjósýnum eða innihald þörungaeiturs í skelfisknum nálgast alþjóðlega ákveðin viðmiðunarmörk, sbr. viðauka 1.

Fiskistofu er heimilt að stöðva vinnslu og dreifingu skelfisks sem ekki er merktur í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

31. gr.

Fullnægi vinnsluleyfshafi ekki kröfum laga nr. 93/1992, reglugerðar nr. 684/1995 eða reglugerðar þessarar getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi samkvæmt IV. kafla l. nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

32. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Við gerð þessarar reglugerðar var tekið mið af tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/67, 91/492 og 91/493 og ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/532, 93/22, 93/25, 93/51, 93/55, 93/169, 93/351, 93/383 og 94/356.

34. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skelfisk sem fengið hefur hitameðferð þannig að hann teljist unnin vara má undanþiggja ákvæðum um heilnæmiskannanir veiðisvæða. Slíkra undanþága skal sérstaklega getið í veiði- og vinnsluleyfum hlutaðeigandi aðila og jafnframt að þær megi fyrirvaralaust fella úr gildi ef öryggi neytenda eða samningar við erlendar opinberar eftirlitsstofnanir krefjast þess.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Viðauki 1**Viðmiðunarmörk fyrir veiðisvæði og skelfisk.**

1. Lifandi skelfiskur skal vera frá veiðisvæðum sem uppfylla kröfur Fiskistofu.
2. Í sjósýnum frá viðurkenndum veiðisvæðum skal heildarfjöldi kólígerla vera lægri en 70/100 ml og færri en 10% sýna með meira en 230/100 ml. Fjöldi saurkólígerla skal vera lægri en 14/100 ml og færri en 10% sýna með meira en 43/100 ml. Skoða skal a.m.k. 15 sýni.
3. Skelfiskurinn skal innihalda minna en 300 saurkólígerla eða minna en 230 *Escherichia coli* í 100g af holdi og vökva miðað við MPN-próf með 5 glösum og þremur þynningum eða með annarri gerlafræðilegri aðferð með samsvarandi nákvæmni. Ekki má finnast salmonella í 25 g holds.
4. Samanlagt innihald lamandi þörungaeiturs (PSP) í ætilegum hlutum skelfisksins, þ.e.a.s. öllum líkamanum eða sérhverjum hluta sem er borðaður sér má ekki fara umfram 80 µg í

100 g. Sýnt skal fram á magn saxitoxíns með efnafræðilegri aðferð ef nauðsynlegt er talið.

5. Þörungaeitur sem veldur niðurgangi (DSP) má ekki finnast í ætilegum hlutum skelfisksins.
6. Innihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi (ASP) í ætilegum hlutum skelfisksins má ekki fara umfram 20 µg/g.
7. Fiskistofa ákveður hvaða svæði eru viðurkennd til skelveiða samkvæmt prófunum á skelfiski, sjósýnum og aðstæðum almennt. Sýnataka og prófanir skulu gerðar samkvæmt frekari leiðbeiningum frá Fiskistofu.

Viðauki 2

Sérkröfur vegna lifandi skelfisks og umlagningar.

A. Sérkröfur.

Lifandi skelfiskur til beinnar neyslu skal uppfylla eftirtalдар kröfur:

1. Hann þarf að vera ferskur og með lífsmarki þannig að hann sýni viðbrögð þegar bankað er í hann. Skeljarnar skulu vera hreinar og eðlilegt vökvamagn í milli skeljanna.
2. Hann uppfylli skilyrði sem fram koma í viðauka 1.

B. Umlagning.

Eftirtalin skilyrði skal uppfylla við umlagningu á lifandi skelfiski:

1. Skelfisk skal meðhöndla varlega þannig að hann geti hafið síun næringar eftir umlagningu.
2. Við umlagningu má þéttleiki skelja ekki vera meiri en svo að hreinsun geti átt sér stað.
3. Lifandi skelfiskur skal hafður í sjó á umlagningarsvæði nægilega lengi til að lækka magn saurkólígerla undir þau mörk sem krafist er.
4. Fiskistofa ákveður lágmarkshitastig í sjónum til þess að umlagning verði árangursrík fyrir hverja tegund skeldýra.
5. Umlagningarsvæði skulu greinilega afmörkuð með baujum, stólpum eða öðrum föstum búnaði eða kennileitum. Minnsta fjarlægð á milli svæðanna skal vera 300 m. Sama fjarlægð skal vera milli ræktunarsvæða og umlagningarsvæða.
6. Staðir innan umlagningarsvæðis skulu aðskildir þannig að komist verði hjá því að farmar blandist. Tryggja skal að ekki sé hægt að umleggja nýjan farm áður en fyrri farmur hefur verið fjarlægður.
7. Ábyrgðarmaður umlagningarsvæðis skal halda skrá um það hvaðan skelfiskur kemur, umlagningartíma, umlagningarstað og ákvörðunarstað farmsins að umlagningu lokinni.
8. Eftir tekju á umlagningarsvæði og í flutningi frá því svæði til vinnslustöðvar skal hverjum farmi fylgja merkispjald.

Viðauki 3

Hreinsibúnaður og hreinsun.

Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skelfisks sem ætlaður er til beinnar neyslu. Fiskistofa skal samþykkja aðstöðu og búnað til hreinsunar á skelfiski. Hann skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Gólf og veggir í hreinsi- og sjótönkum skulu vera slétt með hörðu, vatnsþétu yfirborði og vera auðveld að þrifa. Botn hreinsitanka skal vera með hæfilegum halla og fullnægjandi frárennsli.

2. Aurugur skelfiskur skal þveginn úr hreinu vatni fyrir hreinsun.
3. Skytt er að nota hreinan sjó til að hreinsa skelfisk.
4. Skelfiskur skal hreinsaður þar til hann uppfyllir kröfur varðandi örverur í skelfiski, sbr. viðauka 1.
5. Í hreinsitanki skulu skeldýr vera af sömu tegund og frá sama veiðisvæði eða svæðum með sambærilegu heilnæmisstigi. Þegar margir farmar eru meðhöndlaðir samtímis skal haldið áfram jafn lengi og nauðsynlegt er fyrir þann farm sem krefst lengsta hreinsitímans.
6. Tankar, sem notaðir eru við hreinsun skulu þannig gerðir að sjór streymi auðveldlega í gegnum þá. Skelfiskur má ekki vera í þykkari lögum en svo að skeljarnar geti opnað sig við hreinsunina.
7. Fisk, krabbadýr eða aðrar sjávartegundir má ekki geyma í hreinsitanki þar sem hreinsun á skelfiski fer fram.
8. Að lokinni hreinsun skal þvo skeljarnar með neysluvatni eða hreinum sjó.
9. Skytt er að láta rannsaka hreinsigetu í rannsóknastofu miðað við tilteknar örverufræðilegar forsendur. Halda skal skrár um niðurstöður af örverufræðilegum sýnum vegna:
 - a) Sjávar í hreinsibúnaði áður en hreinsun hefst.
 - b) Skelfisks áður en hreinsun hefst.
 - c) Skelfisks eftir hreinsun.
10. Sýnatökur og prófanir sem nefndar eru í málsgreininni á undan skulu gerðar skv. sýnatökureglum Fiskistofu.
11. Í vinnslustöð skal halda skrár um:
 - a) Dagsetningu og magn skelfisks sem berst til stöðvarinnar.
 - b) Hvenær fylla og tæma skuli hreinsibúnað.
 - c) Upplýsingar um hvert hreinsaður skelfiskur hefur verið sendur.
12. Halda skal nákvæmar og auðlæsilegar skrár.
13. Vinnslustöð má aðeins taka við skelfiski ef með fylgir merkispjald veiðiskips eða umlagningarstöðvar.
14. Vinnslustöðvar sem flytja skelfisk til annarra vinnslustöðva skulu láta merkispjald fylgja með.
15. Á umbúðum um hreinsaðan skelfisk skal koma fram að hann hafi verið hreinsaður.
16. Meðferð, þar með talin sandhreinsun á lifandi skelfiski, má ekki spilla honum.
17. Hreinsibúnað skal nota samkvæmt leiðbeiningum frá Fiskistofu einkum varðandi gerla- og efnaeiginleika sjávar.
18. Tæki og tankar hreinsibúnaðar mega ekki spilla skelfiski.
19. Sandhreinsibúnaður, sem er rekinn aðskilinn frá vinnslustöð, skal sérstaklega viðurkenndur af Fiskistofu.
20. Flokkun á lifandi skelfiski má ekki valda mengun eða breytingum á honum þannig að hann þoli verr flutning og geymslu eftir þökkun.
21. Skelfisk skal þvo með hreinum sjó eða neysluvatni undir þrýstingi.
22. Gegnumstreymi sjávar í hreinsitönkum skal miða við magn skelfisks í þeim.
23. Hæfileg fjarlægð skal vera milli inntaks sjávar og skólþfrárennslis þannig að ekki sé hætta á mengun.
24. Hreinsunarkerfi verður að virka þannig að skelfiskur geti sem fyrst byrjað að sía til sín fæðu og losna við mengun. Verja skal skelfiskinn fyrir mengun og halda honum við bestu lífsskilyrði eftir hreinsun.

25. Ekki skal taka við meira magni af skelfiski til hreinsunar en hreinsunarstöðin ræður við. Nauðsynlegt er að sjór fljóti vel yfir skelfiskinn meðan á hreinsun hans stendur.
26. Hreinsunarstöð skal taka tillit til gagna er varða hráefnið, svo sem tegund skelfisks, upprunasvæði, sýklainnihald, o.s.frv., til að áætla hreinsunartímann svo tryggt sé að skelfiskurinn uppfylli kröfur um gerla, sbr. viðauka 1.

Viðauki 4

Soðnar skeldýraafurðir.

A. Almenn skilyrði.

1. Eftir suðu skal ávallt snöggkæla afurðirnar. Til þess skal nota neysluvatn eða hreinan sjó. Sé engin önnur aðferð notuð til að auka geymsluþolið skal halda kælingu áfram þar til náð er hitastigi bráðnandi íss.
2. Fyllsta hreinlætis skal gætt við úrskeljun til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Starfsfólk skal gæta þess að þvo sér vel um hendur og að allir vinnufletir séu vandlega þrifnir. Séu vélar notaðar skal skola þær með stuttu millibili og gerileyða í lok hvers vinnudags.
3. Soðnar afurðir skal frysta strax eða halda þeim kældum við hitastig sem hindrar gerlafjölgun og setja þær í viðeigandi geymslu. Framleiðandi skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðum með reglulegu millibili og skulu niðurstöður þeirra standast eftirfarandi viðmiðunarmörk:

B. Örverufræðilegar viðmiðanir.

1. *Sýklar.*

Gerð sýkils	Staðall
<i>Salmonella</i> <i>sp.</i>	Ekki til staðar í 25 g n = 5, c = 0

Auk þess mega sýklar sem leita skal að samkvæmt áhættuþáttagreiningu, og eitrus sem þeir framleiða, ekki finnast í því magni sem gæti skaðað heilsu neytandans.

2. *Lifverur sem benda til lélegs hreinlætis (úrskeljaðar afurðir).*

Gerð lífvera	Staðall (í 1 g)
<i>Staphylococcus aureus</i>	m = 10 M = 1.000 n = 5 c = 2
Annað hvort: Hitapólnir kólígerlar (44°C á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
eða: <i>Escherichia coli</i> (á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2

Breyturnar n , m , M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

- n = Fjöldi eininga sem sýnið samanstendur af.
 m = Allar niðurstöður undir þessum mörkum eru álitnar fullnægjandi.
 M = Allar niðurstöður yfir þessum mörkum eru álitnar ófullnægjandi.
 c = Fjöldi sýnaeininga sem gefa gerlafjölda milli n og M .

Gæði lotu eru talin:

- a) Fullnægjandi þegar öll gildi eru 3 m eða minni.
 b) Viðunandi þegar fengin gildi lenda milli 3 m og 10 m ($=M$) og þar sem c/n er $2/5$ eða minna.

Gæði lotu eru talin ófullnægjandi:

- a) Í öllum tilfellum þegar gildi fara yfir M .
 b) Þegar c/n er meira en $2/5$.

3. *Bendillífverur (viðmiðunarreglur)*

Gerð lífveru	Staðall (í 1 g)
Miðlungshitakærir loftháðir gerlar (30°C)	
a) Afurðir í skel	$m = 10.000$ $M = 100.000$ $n = 5$ $c = 2$
b) Úrskeljaðar afurðir	$m = 50.000$ $M = 500.000$ $n = 5$ $c = 2$

Þessar reglur eru ætlaðar til viðmiðunar fyrir framleiðendur við þrif og gerileyðingu, við mat á árangri í stjórnun í vinnslunnar og við að koma á innra eftirliti með framleiðslunni.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum nr. 182 29. mars 1984.

Stjórn Sunnusjóðs og aðalfundur Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla hefur hinn 29. maí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 29. mars 1984:

1. gr.

Við 1. gr. bætist: og til að stuðla að áframhaldandi líkamlegum og andlegum þroska þessara einstaklinga eftir brautskráningu þeirra úr skólanum.

2. gr.

Í 2. gr. komi orðið Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.

3. gr.

Við 3. gr. bætist eftirfarandi setning: Hliðstæðan stuðning er heimilt að veita stofnunum og heimilum sem þjóna fjölfötluðum nemendum Safamýrarskóla og/eða taka við þeim eftir brautskráningu úr skólanum.

4. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. komi orðið: Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.

5. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. komi orðið: Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Faney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 280/1991 fyrir mengunarvarnaeftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.

1. gr.

Við 4. gr. gjaldskrár nr. 280/1991 fyrir mengunarvarnaeftirlit á Hafnarfjarðarsvæði bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 2.500 vegna eftirlits hjá aðilum sem nota ósoneyðandi efni, sbr. reglugerðir um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er af svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði og samþykkt af viðkomandi sveitarfélögum, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytinu, 18. mars 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um umgengni og þrífnað í hesthúsahverfi við Suðurnesveg í Bessastaðahreppi.

Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um hesthúsahverfið sunnan við Breiðumýri og austan Suðurnesvegar í Bessastaðahreppi.

Umsjón með framkvæmd.

2. gr.

Um eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar fer samkvæmt lögum um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit.

Útlit húsa og gerða.

3. gr.

Litir húsa og gerða í hverfinu skulu vera samræmdir og samþykktir af sveitarstjórn. Húsunum skal vel við haldið bæði hvað varðar málningu og annan frágang utanhúss, s.s. hurðum, þakköntum, veggjum og öðru sem að útliti húsa snýr.

Jarðvegur innan gerða og umhverfis þau eftir því sem við á, skal vera malarborinn og ávallt haldið snyrtilegum.

Almenn umgengni.

4. gr.

Þeir sem nota hesthús í hverfinu skulu ganga vel um umhverfi sitt. Bannað er að skilja eftir hvers konar rusl eða annað óviðkomandi utanhúss, s.s. sagpoka, heyrúllur og rúllubaggaplast, timbur og verkfæri.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorpílát og skulu hesthúseigendur sjá um og kosta uppsetningu þess og tæmingu.

Urðun úrgangsefna í hesthúsahverfinu og öll brennsla þar er bönnuð.

Drepist hestur í hverfinu eða verði að fella þar hest skal hræ fjarlæggt og því fargað af eiganda viðkomandi hests á viðurkenndan hátt, t.d. hjá SORPU.

Óheimilt er að losa ósekkjaðan spón á svæðið. Spónn skal fluttur sekkjaður eða í lokuðum umbúðum um svæðið þannig að hann valdi ekki óþrífnaði.

Bannað er að losa eða dreifa gömlu heyi um svæðið nema með sérstöku samþykki heilbrigðisfulltrúa á þau svæði sem hey nýtist til uppgræðslu.

Eigendur húsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvaða alla umgengni varðar í hesthúsahverfinu.

Taðþrær.

5. gr.

Við hvert hesthús í hesthúsahverfinu skal vera lokuð taðþró með steiptum botni án niðurfalla, nægjanlega stór og þannig gerð að frá henni verði ekki hætta á mengun. Umgengni um taðþrær, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti að ekki verði af óþrífnaður.

Önnur uppsöfnun taðs en í taðþrær er stranglega bönnuð í hverfinu.

Stranglega er bannað að setja annan úrgang í taðþrær en hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

Allar taðþrær skulu tæmdar og hreinsaðar tvisvar á ári og oftár ef þörf krefur að mati heilbrigðisfulltrúa. Hreinsun skal fara fram á vegum Bessastaðahrepps. Fyrir hreinsun skal hver hesthúseigandi greiða gjald samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem hreppsnefnd setur og umhverfisráðherra staðfestir.

Rotþrær.

6. gr.

Salerni og önnur hreinlætistæki í hesthúshverfinu skulu tengd við holræsakerfi hverfisins sem verður samþykkt af heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Notkun og hreinsun rotþróa í hverfinu skal vera samkvæmt samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Bessastaðahreppi.

Hestakerrur, vinnuvélar, bílar, gámar.

7. gr.

Bannað er að geyma ógangfæra eða númerslausa bíla, vinnuvélar, gáma, palla eða hliðstæða hluti á svæðinu.

Hundahald á svæðinu.

8. gr.

Af öryggisástæðum er aðeins þeim sem leyfi hafa til að halda hesta í hverfinu heimilt að fara með hund inn á svæðið. Gæta skulu þeir þess sérstaklega að hundur þeirra valdi ekki slysaðættu fyrir aðra, fæli ekki hesta eða valdi nágrönnum ónæði með gelti.

Komi í ljós vandkvæði á því að þeir hafi stjórn á hundi sínum varðandi þessi atriði ber þeim skilyrðislaust að hætta að koma með þá að svæðinu eða inn á það.

Önnur notkun húsa.

9. gr.

Ekki er heimil önnur notkun húsa í hverfinu en fyrir hesta, hey, félagsaðstöðu og annað sem hestahaldi viðkemur.

Brot – Viðurlög.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 15. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 533/1993,
um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirlitsaðilar.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

8. mars 1996

Nr. 168

REGLUR

um breytingu á reglum um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1 gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:

Öryggisbúnaður sá sem reglur þessar kveða á um skal vera kominn í alla krana og þann lyftibúnað, sem reglurnar gilda um, fyrir 1. júlí 1996.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 1996.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eftirtalin sveitarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu: Tjörneshreppur, Reykjahreppur, Aðaldælahreppur, Reykdælahreppur, Skútustaðahreppur, Báröðdælahreppur, Ljósavatnshreppur, Hálshreppur og Húsavík eru eitt fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir.

2. gr.

Héraðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilaumdæmisins samkvæmt lögum um afréttamálefni fjallskil o. fl.

3. gr.

Hver sveitarstjórn getur valið einn mann eða fleiri til að hafa á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála sveitarfélagsins og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri sveitarfélögum, kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði þeirra.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Land, sem fjallskilaf framkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeiganda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal semja skrá með tölu og ummerkjum yfir þær afréttir, er hún hefur umsjón með og rita hana í gerðabók sveitarstjórnar eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum sveitarfélagsins, og getur héraðsnefnd ávallt krafist afrita úr bókum þessum.

6. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags, eða annars upprekstrarfélags, eiga allir búfjáreigendur, sem landsnot hafa í viðkomandi sveitarfélagi eða félagssvæði.

Sumarbeitaland sauðfjár, samkvæmt samþykkt þessari, eru afréttir allar og heimalönd, að öðru leyti en því, sem girt er af þeim eða varið til annarra nota. Sveitarstjórn hverri er skylt að sjá um, að öll landsvæði, sem eru í hennar umsjá til fjallskila, notist sem best og jafnast til sumarbeitar. Þannig hafi sveitarstjórn, þar sem um afréttarsvæði, fráskilin heimalöndum, er

að ræða, vald til að ákveða hvaða fjáreigendur reka fé þangað, hvenær þeir gera það og hvar þeir skilja það eftir.

7. gr.

Ef þurfa þykir skal sveitarstjórn beita sér fyrir því að sumarbeitiöld sveitarfélagsins séu metin til ítölu. Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landsvæði og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumarbeitar fyrir fé sitt, og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrymi hafa fram yfir eigin þarfir. Skal sveitarstjórn ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til að afréttir eru í eign eins eða fárra manna, ákveður sveitarstjórn gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtuna sjálfum.

Heimilt er fjáreiganda, sem skortir land til sumarbeitar, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það sveitarstjórn eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þó að fjáreigandi fái land til sumarbeitar utan síns sveitarfélags, verða eigi lögð á hann fjallskil þar, heldur fer það eftir samningi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

8. gr.

Nú verður sveitarfélag fyrir ágangi á afrétt eða heimalöndum af fé úr öðru sveitarfélagi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald.

Rétt er sveitarstjórnnum hlutaðeigandi sveitarfélaga að gera með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild.

9. gr.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að upprekstri fjár á afrétt sé lokið, má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur ákveðið hvort vorsmölun í heimalöndum skuli fara fram og boðað til hennar með nægum fyrirvara.

10. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlörnd, eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal með það farið, svo sem mælt er fyrir í 31. gr. atrétalaga nr. 6 21. mars 1986.

11. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumarbeitar, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan sveitarfélags, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur. Þetta á þó eigi við, þar sem fjallskiladeild nær til veggja sveitarfélaga eða fleiri.

Ekki hefur eigandi lands, er liggur innan umdæmamarka héraðsnefndar, sé hann búsettur utan þess, rétt til að lána eða leigja það til upprekstrar, nema samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur komi til.

Telji sveitarstjórn, að of mörgu fé sé sleppt til sumarbeitar í þau lönd, sem að sveitarfélagsmörkum liggja, getur hún krafist ítölu.

III. KAFLI**Fjárréttir.**

12. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir.

Aðalréttir skulu vera: Lokastaðarétt, Illugastaðarétt í Fnjóskadal, Fellsrétt í Kinn, Mýrarétt, Fótarrétt, Árrétt og Viðikersrétt í Bárðardal, Baldursheimsrétt og Hlíðarrétt í Mývatnsveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Á aukarétt skal rétta fyrir en á aðalrétt þeirri, sem aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

13. gr.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði.

Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá sveitarstjórn súa eða sveitarstjórnir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi. Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki héraðsnefndar til þess að ákvörðun sé gild.

15. gr.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt og/eða geymsluhólf, þó ekki tún eða engi.

Valdi bygging réttar og/eða geymsluhólfs grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er tilnefndir séu af sýslumanni. Endurgjald til jarðaeiganda, sem og kostnaður af matsgerðinni, telst með byggingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI**Hreinsun heimalanda.**

16. gr.

Hver ábúandi og/eða umráðamaður lands er skyldur að hreinsa þau lönd sem hann hefur umráð yfir á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Ef út af er brugðið getur sveitarstjórn látið smala löndin á kostnað ábúanda eða umráðamanns og innheimt smölunarkostnað með öðrum gjöldum sveitarsjóðs.

Heimilt er sveitarstjórn að meta smölun heimalanda til fjallskila til lækkunar álögðum fjallskilakostnaði. Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Sveitarstjórn getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

17. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga saman, og skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skuli hagað á því svæði.

18. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að almennum fjallskilum er lokið, og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda, samkvæmt reglum er sveitarstjórn setur.

V. KAFLI

Göngur og réttir.

19. gr.

Skylt er ábúanda að inna af hendi fjallskil fyrir allt ásett fé samkvæmt forðagæsluskýrslu. Ennfremur geitfé, hross og geldneyti sem rekið er í afrétt á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja fjallskil á, í samræmi við framtalda fjártölu alls fjár fjáreigenda. Skal hann þá skila slíku framtali til sveitarstjórnar fyrir 1. ágúst ár hvert.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimaland. Þó getur sveitarstjórn undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið.

20. gr.

Sveitarstjórn skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitar svæði og kveða á um, hve marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé það skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra, er inna þarf af höndum.

21. gr.

Þegar sveitarfélög fá í haustgöngum ójafna fjártölu svo að máli skiptir, hver úr annars löndum, þá er því sveitarfélagi, sem fleira fær féð, skylt að greiða hinum áfallinn gangna-kostnað fyrir það. Getur sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um, að hann sendi menn í göngur. Skulu sveitarfélög gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti. Ágreiningi sveitarfélaga um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar héraðsnefndar.

22. gr.

Nú vanrækir einhver fjallskil sem á hann hafa skipast og er honum það sjálfrátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum. Fyrir gangnarof á hverju dagsverki skal greiða sem svarar 1 1/2 dagsverki eins og það er metið á hverjum tíma. Sektir skulu renna í fjallskilasjóð.

23. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirduleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof.

Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og sveitarstjórnar.

24. gr.

Tvenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal sveitarstjórn skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þurfa þykir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir álitni hlutaðeigandi sveitarstjórnar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

25. gr.

Haustgöngum skal hagað þannig að fyrstu réttardagar í aðalréttum verði á tímabilinu 1. til 15. september. Sveitarstjórn skal ákveða réttardaga 1. leitar eigi síðar en 10. ágúst ár hvert.

Þar sem afrétt liggur að almenningum, skulu 10 dagar hið minnsta líða milli 1. og 2. gangna. Nú eru leitarsvæði, eitt eða fleiri, aðskilin frá öðrum með girðingum eða tálmunum frá náttúrunnar hálfu, sem hindrar millirensli fjár, og getur þá héraðsnefnd heimilað viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum að færa fjallskil til á því svæði, um tiltekinn tíma.

26. gr.

Sveitarstjórn skal birta skriflega öllum hlutaðeigandi aðilum með nægum fyrirvara á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir skulu á aðrar fjárréttir.

Sveitarstjórn skipar réttarstjóra, er hefur umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

27. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að sem þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mæli fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni, fyrr en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

28. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma. Þá hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarforingi tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef út af er brugðið. Leitarforingja er skylt að sjá um, eftir því sem frekast er hægt, að vanmetafé komist til byggða.

Fjallskiladeildin ber ekki ábyrgð á, að hrútum, eldri en veturgömlum, sé komið til réttar, ef þeir reynast ekki göngufærir með öðru fé, en skylt er að segja eigendum frá, að þeirra hafi orðið vart.

Enginn gangnamaður má yfirgefa safnið þó smölun sé lokið, fyrr en í rétt hefur verið rekið, nema með leyfi leitarforingja. Sveitarstjórn má leyfa að fjallasöfn séu rekin í heima-réttir til sundurdráttar úr seinni göngum, en úrtíningur skal þó rekast til skilaréttar.

29. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera fjallskilasjóður, og er heimilt að jafna niður ákveðnu gjaldi til hans, eftir tölu þess fjár, sem þar er fjallskilaskyld. Í hann mega renna hagagjöld, eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, fundarlaun fyrir fé úr öræfaleitum og eftirleitum, sem gerðar eru á kostnað fjallskiladeildarinnar, sektir og fleira. Heimilt er sveitarstjórn að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktunar og hlunninda.

Tekjum fjallskilasjóðs skal verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, óbyggðaleitir, fundarlaun eftirleitaforingja fjáreigenda í deildinni, réttarbyggingar o.fl.

Reikningar fjallskiladeilda skulu gerðir samtímis reikningum sveitarsjóða og endurskoðaðir á sama hátt.

30. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það til sveitarstjórnar, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til sýslu-manns. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

VI. KAFLI

Eftirleitir og öræfaleitir.

31. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið skal sveitarstjórn annast um að eftirleit fari fram, ef þörf er talin á því. Fjárleitir í óbyggðum, sem ekki geta talist til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis fjallskilum eða fyrr.

32. gr.

Fundarlaun fyrir fé sem finnst í óbyggðaleit, skal vera 2/5 hlutar verðs fjárins, samkvæmt mati finnandans, en 1/3 hluti verðs fyrir það fé, sem finnst í eftirleit á afrétt. Vilji fjallskilastjóri ekki leysa féð út samkvæmt þessu mati, er finnandinn skyldur til að kaupa féð tilsvarendi verði.

Nú hafa aðeins farið fram tvenn almenn fjallskil á einhverju leitarsvæði, og er þá ekki skylt að greiða fundarlaun fyrir það fé, sem finnst í þriðju leit, þótt eftirleit sé kölluð.

Fyrir óheimt fé sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár, þó í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að farga skuli því fé, sem finnst í óbyggðaleit.

Verði vart fjár í ógöngum skal með það farið eftir ákvæðum 57. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6 21. mars 1986.

33. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum og brennimarki á hægra horni eða öðru ótvíræðu einkenni, ef eigendaskipti hafa farið fram á kind eða eynamark skemmst.

Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveita-brennimörkum, eða merki í eyra, með sömu einkennisstöfum:

Tjörneshreppur Þ. 2.

Húsavíkurkaupstaður Þ. 3.

Reykjahreppur Þ. 4.

Aðaldælahreppur Þ. 5.

Reykdælahreppur Þ. 6.

Skútustaðahreppur Þ. 7.

Bárðdælahreppur Þ. 8.

Ljósavatnshreppur Þ. 9.

Hálshreppur Þ. 10.

34. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er héraðsnefnd semur og skal prenta hana svo oft sem lög mæla fyrir um, og úthluta meðal búenda í fjallskilaumdæminu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, þá er hann flytur af jörðinni.

VII. KAFLI

Óskilafé.

35. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum, og ekki finnast eigendur að, svo og fé, er farið hefur yfir varnarlinur, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér eftir það.

Óskilafé, sem kemur fram eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigna vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt. Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hvernar kindar, ef eigandi finnst. Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

VIII. KAFLI

Fjárrekstrar.

36. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr er markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kvöldi, eftir að fer að skyggja, nema bryna nauðsyn beri til.

37. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð héraðsnefndar.

38. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík nr. 207 28. júní 1974 að því er varðar þau sveitarfélög sem aðild eiga að samþykkt þessari.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

15. mars 1996

Nr. 170

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár og Bakkahlaups er eitt fjallskilaumdæmi sem skiptist í fimm fjallskiladeildir: Langanesdeild, Þistilfjarðardeild, Sléttudeild, Núpasveitardeild og Öxarfjarðardeild. Deildaskiptingu má breyta að fengnu samþykki héraðsnefndar.

2. gr.

Héraðsnefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála í umdæminu, en hreppsnefnd annast framkvæmd þeirra hver í sínum hreppi.

3. gr.

Hver hreppsnefnd skal skipa einn mann í hverja fjallskiladeild hreppsins til að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála og nefnist hann fjallskilastjóri.

Einnig getur hreppsnefnd kosið sérstaka fjallskilanefnd til að fara með umsjón fjallskilamála. Nefndin kýs sér formann sem er þá fjallskilastjóri þeirrar fjallskiladeildar, enda gangi það ekki gegn samþykkt um stjórn og fundarsköp viðkomandi hreppsnefndar.

4. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, skal halda sérstaka fjallskilabók. Í þá bók skal skrá allt er viðkemur fjallskilamálum hreppsins. Fjallskilastjóri skal hafa þóknun fyrir störf sín eftir ákvörðun hreppsnefndar eða aðalfundar viðkomandi fjallskiladeildar.

5. gr.

Hver fjallskiladeild skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa.

Hreppsnefndaroddviti eða fjallskilastjóri annast reikningsfærslu fjallskilasjóðs, innheimtur og gjöld. Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

II. KAFLI

Um afrétti, heimalönd og upprekstur.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur. Það skulu vera afréttir sem að fornu hafa verið, þó getur héraðsnefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta hreppsnefndir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til.

7. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá um landamerki afréttarlanda hreppsins og skal hún innfærð í fjallskilabókina. Skrár þessar skulu sendar héraðsnefnd, er samræmi þær og gerir heildarskrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Breytingar á afréttum, eða réttindum yfir þeim, skulu færðar í afréttarskrá. Afréttarskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

8. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eiga allir búfjáreigendur, sem landsnot hafa í viðkomandi hreppi eða fjallskiladeild.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samingum.

9. gr.

Heimilt er að nota heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé, ef hreppsnefnd samþykkir. Skoða skal slík heimalönd sem afrétt hvað göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

Nú rekur maður fé sitt í annars manns heimaland í heimildarleysi, og skal þá eigandi eða umráðamaður landsins tafarlaust tilkynna það fjallskilastjóra, er sér um samdægurs, að fé sé rekið til afréttar á kostnað fjáreiganda. Verði ágreiningur milli fjallskilastjóra og fjáreiganda um gjald fyrir slíkan rekstur, má vísa ágreiningnum til héraðsnefndar til úrskurðar.

10. gr.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en sex ár í senn.

11. gr.

Nú eiga tveir menn eða fleiri afrétt saman og skiptist þá afréttartollur milli þeirra eftir tiltölu hvers í afrétt, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

12. gr.

Heimilt er umráðamanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarfé að sumrinu, að kvarta um það til viðkomandi fjallskilastjóra. Sjái fjallskilastjóri að kvörtunin sé á rökum byggð, skal hann láta reka fénaðinn í afrétt eða til skilaréttar, ekki síðar en tveimur sólar-

hringum eftir að kvörtunin var gerð, nema öðruvísi um semjst við þann, er fyrir átroðningi varð. Kostnaður við slíka rekstra greiðist úr fjallskilasjóði.

Enginn má reka fénað þann, er úr afrétt gengur að sumrinu, til sveitar eða á nágranna.

III. KAFLI

Um fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir, aukaréttir og heimaréttir. Ákveður héraðsnefnd, eftir tilögum hreppsnefnda, hverjar eru aðalréttir.

Aðalréttir eru:

Í Öxarfjarðardeild:

Tungurétt, Sandfellshagarétt og Landsrétt.

Í Núpasveitardeild:

Katastaðarétt.

Í Sléttudeild:

Leirhafnarrétt.

Í Þistilfjarðardeild:

Garðsrétt.

Í Langanesdeild:

Hallgilsstaðarétt.

Aukaréttir skulu vera svo margar í hverri fjallskiladeild sem nauðsynlegt er að mati viðkomandi hreppsnefndar eða fjallskilastjóra. Skulu hreppsnefndir tilkynna héraðsnefnd um aukaréttir.

14. gr.

Skylt er hverjum hreppi eða fjallskiladeild að viðhalda aðalréttum og byggja að nýju þegar þörf krefur. Kostnaður við byggingu og viðhald aðalréttanna - almennings og dilka - greiðist úr fjallskilasjóði, en um kostnað vegna aukaréttanna fer eftir ákvörðun hreppsnefndar eða fjallskilastjóra. Fjallskilastjóri hefur umsjón með byggingu og viðhaldi aðalréttanna.

Heimilt er sveitarstjórn og fjallskilastjóra að greiða úr fjallskilasjóði styrk til byggingar heimaréttanna, en þó því aðeins, að gera þurfi ráð fyrir verulegu réttarpláss fyrir afbæjarfé.

15. gr.

Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur, svo og dilkur fyrir sjúkt fé. Einnig skal hreppsnefnd sjá um að við hverja aðalrétt séu nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum. Auk þess skal við hverja aðalrétt vera nægilega víðlent, fjárhelt geymslupláss, svo hægt sé að geyma þar réttarsafn yfir nótt.

16. gr.

Þar sem afréttir eru víðlendir og hreppsþúum þykir þörf á, skal byggja gangnamannakofa á hentugum stöðum, svo gangnamenn geti notið þar skjóls fyrir sig og hesta sína, þegar þörf krefur. Fjallskilastjóri, eða oddviti, sér um byggingu og viðhald gangnamannakofa. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

17. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að sérstakir kostnaðarliðir sem af fjallskilum stafa greiðist úr sveitarstöðum.

IV. KAFLI Um göngur og réttir.

18. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðfé á afrétt, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt og á þeim tíma er hreppsnefnd ákveður.

Þeir sem reka fé sitt á annarra hreppa afrétti skulu greiða 3/4 fjallskilakostnaðar, móts við aðra fjáreigendur hreppsins.

Skyldur er hver bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, er hjá honum eiga fjallskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá hlutaðeigandi fjáreiganda.

19. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að gefa fjallskilastjóra skýrslu um fjártölu á afrétt á þeim tíma er hann ákveður. Einnig er heimilt að nota fjártölu samkvæmt ásetningsskýrslu. Fjallskilastjóra er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsþúa, er rekið hafa fé á utan-sveitarafrétti og senda hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir fyrstu göngur, sé þess óskað.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal jafna öllum fjallskilakostnaði á fjártölu hreppsþúa og annarra þeirra, er afrétt hreppsins nota, með ákveðinni krónutölu á kind og nefnist sú fjár-söfnun fjallskilasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða gangnakostnað og annað er fjallskil varðar, sbr. 14. - 16. gr.

20. gr.

Hreppsnefnd skal skipta afrétti þeim, sem hún á yfir að ráða, í leitarsvæði og kveða á um hve marga menn þurfi í hverja leit, svo og til annarra fjárrétta, sem sækja þarf fé að. Skrá um þetta skal færa í fjallskilabók fjallskiladeildar. Hreppsnefndir semja sín á milli um meðferð utansveitarfjár.

21. gr.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað, eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá er fyrir verulegum ágangi verður, krafist hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur ef um semst, eftir því sem hæfilegt þykir, miðað við gangnakostnað og usla í högum. Komi hreppsnefndir sér ekki saman um kostnað af þessu, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar héraðsnefnda.

22. gr.

Hverjum fjáreiganda er skylt að inna af hendi fjallskil sem á hann hafa verið lögð, á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefnd hefur ákveðið. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinnslur um það hvernig fjallskilum er jafnað á hann og aðra. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefndar og fjáreiganda, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar héraðsnefndar.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komist hjá að inna þau af hendi þótt hann hafi kært þau og lagt það mál til úrskurðar.

23. gr.

Nú vanrækir fjáreigandi að framkvæma þau gangnaskil, sem honum hafa verið gerð eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum. Rétt er gangnaforingja eða fjallskilastjóra að fá mann til að gera gangnaskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað. Auk þess greiði hann sekt til fjallskilasjóðs, er hálfum göngunum nemur.

24. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og minnst helmingur gangnamanna tekur gildan. Nú hefur fjáreigandi engan hæfan mann og getur ekki útvegað hann. Skal hann þá tilkynna það fjallskilastjóra minnst sex dögum áður en gangnaskilin eiga að framkvæmast, en fjallskilastjóri útvegar mann og annað, sem með þarf - hest, - fæði o.s.frv. - og borgar þá fjáreigandi sektalaust allan þann kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim.

25. gr.

Hreppsnefnd skipar einn kunnugan og gætinn mann sem gangnaforingja fyrir hvert leitarsvæði eða felur fjallskilastjóra að gera það. Gangnaforingi skipar fyrir um tilhögun gangna og hefur alla stjórn á þeim. Hann sér um, að safnið sé rekið með reglu og gætni, og kveður menn til að gæta þess, þar til það er komið í rétt eða náttuga.

Hver gangnamaður er skyldur til að hlýða gangnaforingja. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum.

26. gr.

Gangnaforingi skal annast um að farið sé svo vel með fêð sem unnt er. Nú koma fyrir kindur, sem ekki er unnt að koma lifandi til rétta og ekki er þreytu um að kenna, skal þá slátra þeim. Fjallskilastjóra skal tilkynnt, ef gangnamenn hafa orðið að skilja eftir þreyttar kindur og ógangfærar, svo og kindur, sem lógað hefur verið í göngunum, og skal hann í samráði við eiganda eða eigendur ráðstafa þeim svo fljótt sem unnt er. Fjallskilastjóri greiðir kostnað sem af þeim leiðir að 1/3.

27. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi (gangnaseðli), er berist hæfilegum tíma áður en fjallskil byrja, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskila á því hausti eða felur fjallskilastjóra að gera það. Þar skal tekið fram: Fjártala, kostnaður á kind, hverjir séu gangnaforingjar, hvenær rétta skal á aðalréttum, hver sé réttarstjóri og annað það, er fjáreigendur og gangnamenn varðar.

28. gr.

Það skal vera aðalregla að gera þrenn fjallskil hvert haust. Þó er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa fjórðu göngur, ef ástæða þykir til.

29. gr.

Fjallskilum skal haga þannig, að réttardagur úr fyrstu göngum sé að jafnaði eigi síðar en aðra helgi í september. Heimilt er hreppsnefndum eða fjallskilastjóra að breyta út af þeirri reglu, ef nauðsyn krefur og samkomulag næst milli samliggjandi hreppa. Réttardaga úr síðari göngum ákveður hreppsnefnd á hverjum stað. Fjallskilum skal lokið eigi síðar en 15. október.

30. gr.

Við hverja aðal- og aukarétt skal hreppsnefnd skipa duglegan réttarstjóra eða fela fjallskilastjóra að gera það. Skal réttarstjóri kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir um hvernig drætti skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töfum við dráttarstörf. Sýni nokkur óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum sem fyrir gangnarof.

31. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar og grunsamlegar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um, að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin í dilk, svo fjáreigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau.

Enginn má helga sér marklausa kind eftir fjárbragði og enginn má taka ómarkað lamb af réttum, nema með samþykki réttarstjóra. Réttarstjóri skal að afloknum drætti afhenda hreppstjóra, eða umboðsmanni hans, alla ómekinga og aðrar kindur sem ekki finnast eigendur að. Það fé, sem samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis má ekki reka heim til sín, skal réttarstjóri í samráði við hreppstjóra færa til slátrunar.

32. gr.

Réttarstjóri skal skipa markglöggan og áreiðanlegan mann til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en það er rekið af réttinni, til að koma í veg fyrir misdrátt.

33. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að ákveða að haustsmölun heimalanda verði metin til aðal-fjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

34. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá héraðsnefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera 1/2, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum 1/4, og ríkið 1/4. Bændasamtök Íslands úrskurða kostnaðarreikninginn.

35. gr.

Nú eru heimalönd eigi smöluð af gangnamönnum og er þá hver bóndi skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef hreppsnefnd mælir svo fyrir, sama gildir um eigendur eyðibýla þó þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum hreppsnefndar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati hreppsnefndar.

Vafafé og ómerkingar, sem lambamæður hafa ekki helgað sér á aukarétt og heimarétt, gangi til aðalréttar. Að öðru leyti skipar hreppsnefnd fyrir um meðferð þess fjár, er kemur fyrir í þeim réttum.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

36. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð svo oft sem þurfa þykir.

37. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið og láta eigendur vita. Um utansveitarfé tilkynnist til fjallskilastjóra, sem ráðstafar því.

38. gr.

Hlutaðeigandi fjáreigandi sér um flutning þess fjár, sem fyrir kemur í öðrum sveitum, eftir að fjallskilum er lokið.

IV. KAFLI

Um óskilafé.

39. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé. Fjárbragð eitt má aldrei skera úr um eignarrétt.

40. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum, og ekki finnast eigendur að, skal lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

41. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaðinu tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar kindar, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

42. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekens tíma, ella í viðkomandi fjallskilasjóð.

43. gr.

Nú kemur fyrir kind með marki ákveðins manns, en hann telur sig ekki eiganda. Skal þá fara með kindina sem óskilafé.

VII. KAFLI

Um eftirleitir.

44. gr.

Þegar fyrirskipuðum fjallskilum er að fullu lokið, skal fjallskilastjóri leyfa eftirleitir á afréttum, annað hvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði, eða á kostnað leitarmanna sjálfra. Fjallskilastjóri skal auglýsa hvað af afréttum hreppsins er gefið upp til eftirleita. Séu

nærheiðar ekki gefnar upp til eftirleita, skal fjallskilastjóri semja við heiðaeigendur að þeir hreinsi nærheiðar, þar sem fé þeirra gengur, fyrir 5. nóvember haust hvert.

45. gr.

Nú finnur maður óheimt fé í eftirleit, án þess að samið hafi verið um borgun fyrir ferðina og ber honum þá greiðsla fyrir hverja kind, sem svarar 25% af skattmati áa eins og það er á hverjum tíma.

Borgun fyrir óheimt fé greiðist úr fjallskilasjóði. Fyrir óheimt fé, sem finnst í heima-löndum eða við smölun fjár, þótt í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið er eigi skylt að greiða fundarlaun.

Nú finnst fé í eftirleit, og skal það tilkynnt fjallskilastjóra, en hann gerir ráðstafanir til, að hið fundna fé komist til réttra eigenda. Fjárhaldsmaður fjallskilasjóðs greiðir eftirleitalaun eftir tilvísun frá fjallskilastjóra.

Fyrir heimtar kindur, sem finnast í eftirleit í fjærheiðum, ber eiganda að greiða hálf eftirleitarlaun.

VIII. KAFLI

Um mörk og markaskrá.

46. gr.

Fjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk og plötumerki í eyra. Hver fjáreigandi er skyld að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hymt, en plötumerki í eyra á kollóttu fé, með bæjar- og hreppsnúmeri.

Hreppabrennimörk eru þessi:

Í Þórshafnarhreppi L 1

Í Svalbarðshreppi NÞ 3

Í Öxarfjarðarhreppi:

A. Núpa- og Slétturdeild P 3

B. Öxarfjarðardeild Ö 4

C. Hólsfjöll R 5

Í Fjallahreppi F 5

Í Raufarhafnarhreppi R 6

47. gr.

Sauðfé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brenni-marki annars manns en þess, sem eyrnamerkið á skal sá talinn eigandi, sem á brennimerkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og plötumerki þess þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á. Þó skal hann ef krafist er, gera grein fyrir hvernig hann eignaðist kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Nú flytur maður inn í sveit með mark, sem er náð öðrum í sömu fjallskiladeild og er hann þá skyldur að breyta marki, ef markavörður krefst þess.

48. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðamark, enda hafi eigi annar maður í því héraði, eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

49. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaðinu, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðamarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupamark eða gjafamark, en annar sams konar gerðamark, og skal þá sá af bregða, er gerðamark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð.

50. gr.

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá 8. hvert ár. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, sem héraðsnefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, skal fá eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar ábúendaskipti verða. Einnig skal héraðsnefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypiss til allra hreppa utan fjallskilafélagsins, er búast má við að fé gangi saman úr.

51. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi, samkvæmt fyrirætlum héraðsnefndar eða markavarðar, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau. Mörkum hvers hrepps sé safnað saman í heild eftir stafrófsröð og séu merki sett við nýupptekin mörk. Handritið skal síðan liggja frammi í 14 daga samkvæmt áður birtri auglýsingu hreppsþúum til sýnis. Að því búnu sé markaverði sýslunnar send þessi skrá úr hverjum hreppi ásamt gjöldunum.

52. gr.

Þegar markavörður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann þær saman sín á milli og þær allar saman við gildandi markaskrá innan sýslu og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er markaverði að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, en tilkynna skal hann það hlutaðeigendum og benda þeim á annað mark eða breytingar á marki, er komið gæti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan eins mánaðar frá því hann sendi þær frá sér, skulu þau mörk gilda til skráningar. Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir og kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum þessarar samþykktar.

53. gr.

Héraðsnefnd felur markaverði að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Héraðsnefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markavörður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma á samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. Einnig er honum skylt að vinna að því, að burtfluttir markeigendur, sem ekki eiga fé, leggi niður mörk sín. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð.

54. gr.

Vilji einhver taka upp mark á milli þess sem markaskrá er samin, ber honum að sækja um það til markavarðar, sem auglýsir það í Lögbirtingablaðinu og tilkynnir það öllum hreppstjórum á fjallskilasvæðinu. Hreppstjórar sjá um, að markið sé fest inn á markaskrá þá, sem höfð er við sundurdrátt í aðalrétt, hver í sinni sveit. Þeir fjáreigendur, sem inn í sýsluna flytja, fara eins að til að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaumdæmisins.

55. gr.

Það skal vera aðalregla að hver fjáreigandi hafi aðeins eitt fjármark.

Nú telur fjáreigandi sig þurfa að eiga tvö fjármörk, og má þá markavörður leyfa það, ef honum þykir ástæða til. En hver fjáreigandi, sem á tvö fjármörk, skal greiða tvöfalt fyrir skrásetningu eða prentun síðara marksins.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Héraðsnefnd sér um, að samþykkt þessi sé prentuð og innheft með markaskránni.

57. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár nr. 208 28. júní 1974.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**til breytinga á reglugerð nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Til að lágmarka gengisáhættu og vaxtaáhættu skal stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, eftir því sem unnt er tryggja að gengisþróun heildarskulda sjóðsins umfram eignir í erlendri mynt endurspegli gengisþróun opinberrar myntkörfu Seðlabanka Íslands eins og hún er á hverjum tíma. Til að ná því markmiði er stjórn sjóðsins heimilt að gera framvirka gjaldmiðla-samninga, vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga. Þá er henni einnig heimilt að kaupa valkvæðasamninga (þ.e. options).

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Arndís Steinþórsdóttir.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er sérstök fjallskiladeild og telst allt land vestan Bakkahlaups innan fjallskiladeildarinnar.

2. gr.

Héraðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra mála fjallskiladeildarinnar, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, en hreppsnefnd Kelduneshrepps, að öðru leyti, alla stjórn og framkvæmd fjallskilamálanna. Hreppsnefnd velur úr sínum hópi einn mann til að annast framkvæmd fjallskilamálanna og nefnist hann fjallskilastjóri.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlands.

3. gr.

Allt land fjallskiladeildarinnar telst til afréttar, nema afgirt land, og til fjallskila, nema ræktað land.

4. gr.

Ef þurfa þykir skal hreppsnefnd beita sér fyrir að sumargöngulönd hreppsins séu metin til ítölu, sbr. 18. gr. laga nr. 6/1986. Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landssvæði og í ljós komið að einstaka fjáreigendur skortir land til sumarþeir fyrir fé sitt og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa fram yfir þarfir. Hreppsnefnd ákveður þessi gjöld.

5. gr.

Heimilt er að nota til upprekstrar fyrir sauðfé heiðaland allt í fjallskiladeildinni, þó ekki afgirt land, nema það sé ekki eðlilega nýtt til beitar en almenningsþörf krefjist notkunar.

6. gr.

Nú gengur fé að sumrinu milli afrétta fjallskiladeildarinnar og nærliggjandi hreppa og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um haga- og gangnagjald, nema öðruvísi hafi um samist milli aðila. Skal miða gjaldið við tölu ágangsfjárins eins og hún reynist á haustréttum.

7. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum sem heimili eiga utan hreppsins, nema samþykki hreppsnefndar komi til. Ekki hefur eigandi lands, sem liggur innan takmarka fjallskiladeildarinnar, sé hann búsettur utan hennar, rétt til að lána eða leigja það til upprekstrar, nema

með samþykki hreppsnefndar Kelduneshrepps. Telji hreppsnefnd að of mörgu fé sé sleppt til sumargöngu í þau lönd sem að hreppsmörkum liggja, getur hún krafist ítölu skv. ákvæðum laga nr. 6/1986.

III. KAFLI

Fjárréttir.

8. gr.

Tjarnaleitisrétt skal vera aðalrétt í fjallskiladeildinni, en aukaréttir svo margar sem nauðsynlegt er, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp. Skylt er hverjum fjáreiganda að sækja fé sitt til aðalréttar.

9. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald aðalréttar greiðist úr fjallskilasjóði, en um aukaréttir fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Þeim hreppum sem fjár geta átt von í réttum í fjallskiladeildinni er skylt að greiða byggingarkostnað og viðhald dilka fyrir fé sitt.

10. gr.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir réttir, þó ekki tún eða engi. Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðarusla, skal bæta það landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er tilkvaddir séu af sýslumanni.

IV. KAFLI

Göngur og réttir.

11. gr.

Fjártala til fjallskila skal vera jöfn ásetningstölu hvers fjáreiganda næst liðið haust. Skyldur er hver húsráðandi að inna af hendi fjallskil fyrir sig og heimilisfólk sitt, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Ríkisstofnunum, svo sem Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins o.fl., er skylt að hreinsa afgirt umráðasvæði sín á eigin kostnað. Hreinsun á þeim skal samræmd fjallskilum eftir því sem kostur er.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvernig afrétt skuli skipt í leitir og um tölu gangnamanna í leit hverri, svo og tölu þeirra er senda þarf til fjárrétta utan fjallskiladeildarinnar.

Öll fjallskil skulu metin til vinnustunda af hreppsnefnd og ákveður hún vinnulaun á hverjum tíma.

13. gr.

Árlegum fjallskilakostnaði skal jafnað niður til greiðslu á allt það fé sem gengur á afréttum hreppsins. Réttarstjórar tilkynna hreppsnefnd um tölu fjár úr öðrum hreppum, og svarar hver hreppur til allra kvaða samkvæmt samþykkt þessari.

Fjallskilagjöld skulu, að því leyti sem þau eru ekki jöfnuð með fjallskilum, greidd að fullu í lok hvers árs.

14. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil sem á hann hafa verið lögð, og telst það gangnarof og varðar sektum, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna sem vanrækt voru. Sé brotið ítrekað tvöfaldast sektirnar hverju sinni. Þó mega þær aldrei verða hærri en fjórfalt matsverð fjallskila þeirra sem vanrækt voru. Ekki er skylt að kæra fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar fullgildar málsbætur eru fyrir hendi. Sektir fyrir gangnarof renna í fjallskilasjóð.

15. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema lögmæt forföll hindri. Ber þeim þá að setja fullgilda menn í sinn stað. Gangnaforingjar skera úr um hverjir eru fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja, eða sýni hirðuleysi, varðar það sektum sem um gangnarof. Gangnaforingja ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um öll gangnarof þegar að hverjum göngum loknum.

16. gr.

Tvenn skulu fjallskil ár hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þurfa þykir. Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir, og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir álitni hreppsnefndar hvort telja skuli að göngur hafi náð tilgangi í það sinn.

17. gr.

Hreppsnefnd ákveður gangnadaga haust hvert, eftir því sem best hentar vegna slátrunar. Þó skulu fyrri, eða fyrstu, göngur eigi fara fram fyrr en 25. ágúst hið fyrsta og síðari, eða síðustu göngur, eigi síðar en 10. október.

18. gr.

Hreppsnefnd skal birta með dreifibréfi, sem berist hverjum þeim sem gert er að inna af hendi fjallskil, nokkru á undan fyrstu göngum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram hvernig göngum skuli hagað í hvert sinn, tilnefndir gangnaforingjar og þeir menn sem sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hafi umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn sem þarf til þess að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Óhlýðni gegn skipunum réttarstjóra varðar sektum.

19. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem með þarf til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda þá réttað er og sundurdráttur byrjar, og er fjáreiganda óheimilt að yfirgefa rétt meðan á sundurdrætti stendur án lögmætra forfalla. Enginn má reka fé frá réttinni meðan á sundurdrætti stendur, nema réttarstjóri leyfi.

20. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, greiðslum fyrir aukaleitir og eftirleitir, réttarbyggingum og viðhaldi rétta o.fl. þess háttar.

21. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til héraðsnefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil sem á hann voru lögð.

V. KAFLI**Eftirleitir.**

22. gr.

Þá fjallskilum er lokið, má hreppsnefnd ráða menn til eftirleitar á afrétti, eða leyfa mönnum eftirleitir á eigin kostnað.

23. gr.

Eftirleitargjöld fyrir óheimt innanhreppsfé greiðist úr fjallskilasjóði. Fundarlaun skulu vera 1/5 hluti af verði fundins fjár samkvæmt skattmati sauðfjár næst liðið ár. Fyrir óheimt fé sem finnst í almennum smölunum, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

24. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum. Rétt er að auðkenna fé með brennimarki á hægra horni. Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjár-eigandi er skyldur til að auðkenna fé sitt á vinstra horni með P 1.

25. gr.

Öll fjármörk í fjallskiladeildinni skal birta í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu og Húsa-víkurkaupstaðar, ef um það semst við héraðsnefnd þeirrar sýslu, en að öðrum kosti í sérstaka markaskrá. Markaskrá skal prenta svo oft sem lög mæla fyrir um, og oftast ef þurfa þykir, og útbýta meðal búenda í fjallskiladeildinni. Hver bóndi er skyldur til að geyma markaskrá meðal þeirra heimildarskjala er fylgja býli hans og skila næsta ábúanda er ábúendaskipti verða á jörðinni. Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem ekki standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi markavarðar Suður-Þingeyjarsýslu, sem þá birtir þau í Lögbirtinga-blaðinu og sendir lýsingu þeirra til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VI. KAFLI**Óskilafé.**

26. gr.

Óskilafé sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og láta farga, og skal verði hveftrar kindar haldið sérgreindu. Því óskilafé sem einhver einkenni hefur, skal hreppsnefnd lýsa í Lögbirtingablaðinu. Hafi enginn sannað eignarrétt á fénu innan sex mánaða frá birtingu auglýsingarinnar, fellur verð þess í fjallskilassjóð.

VII. KAFLI**Fjárrekstrar.**

27. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað skal þess gætt að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá er lönd eiga, sem um er rekið. Eigi skal leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrir en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kvöldi eftir að skyggja fer, nema brýna nauðsyn beri til. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, er þess verða varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um að það komist í áthaga sína, eigendum að kostnaðarlausu. Skaða sem hlýst af því að útaf þessu er brugðið ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

28. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps sker úr öllum ágreiningsmálum er fjallskil varða, en skjóta má þeim úrskurðum til héraðsnefndar Norður-Þingeyjarsýslu.

29. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Kelduneshrepp nr. 209 28. júní 1974.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, er taki gildi 1. apríl 1996:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993:

Liður A.1	Orkugjald	verði 5,25 kr/kWst	var 6,00 kr/kWst
Liður C.2	Daghitun, húshitun rofin	verði 3,14 kr/kWst	var 3,05 kr/kWst
Liður C.3	Næturhitun, húshitun	verði 1,75 kr/kWst	var 1,70 kr/kWst

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1996.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í samkeppni.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. apríl 1996.

I. KAFLI

NMT-farsímakerfið.

1. Farsímaþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og notkunargjald.

- 1.1. Stofngjald er kr. 9.390,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1.220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5.275,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
- 1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1.870,00.
- 1.5. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.
- 1.6. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr NMT-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.8. Fyrir notkun á íslenskum NMT-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.
- 1.9. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan NMT-farsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

2. Frístundafarsími.

Frístundafarsími er þjónusta innan NMT-farsímakerfisins þar sem stofngjald og afnotagjald er lægra en fyrir venjulegan farsíma. Hentar vel fyrir þá sem vilja nota símann utan venjulegs vinnutíma og sem öryggistæki í sumarbústöðum og á ferðalögum.

- 2.1. Stofngjald er kr. 2.000,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.
- 2.2. Afnotagjald er kr. 400,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 2.3. Notkunargjald til og frá frístundafarsíma milli kl. 18:00 og 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudegi er skrefagjald, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

Ef hringt er úr frístundafarsíma milli kl. 08:00 og 18:00 virka daga eru 4 sek. í skrefi og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref. Ef hringt er í frístundafarsíma úr almenna síma-

- kerfinu eða venjulegum farsíma á sama tíma greiðir sá sem hringir venjulegt farsímagjald.
- 2.4. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
 - 2.5. Ef frístundanúmeri er breytt í venjulegt NMT-farsímanúmer þarf að greiða mismun á stofngjaldi.
 - 2.6. Ef venjulegu NMT-farsímanúmeri er breytt í frístundanúmer þarf að greiða kr. 1.870,00.
 - 2.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr frístundafarsíma til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
 - 2.8. Fyrir notkun á íslenskum NMT-frístundafarsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.
 - 2.9. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan NMT-frístundafarsíma erlendis greiðir réttthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

3. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustu og er hún án sérstaks stofngjalds.

- 3.1. Læsing til útlanda.
 - 3.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.
- 3.2. Símtalaflutningur.

Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutnings sem er án afnotagjalds:

 - a. Flutningur á öllum símtölum.
 - b. Flutningur ef ekki er svarað.
 - c. Flutningur ef númer er upptekið.

Réttthafi farsímans greiðir ekkert fyrir símtal sem er flutt úr NMT-kerfinu í almenna símakerfið eða í annað númer í NMT-farsímakerfinu. Ef símtal er flutt í númer í GSM-kerfinu greiðir réttthafi gjald miðað við 20 sek. í skrefi fyrir flutt símtal.

4. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Réttthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Á sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

- 4.1. Símtöl til útlanda.
 - 4.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
 - 4.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.
- 4.2. Öll símtöl.
 - 4.2.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
 - 4.2.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.

II. KAFLI

GSM-farsímakerfið.

GSM-farsímakerfið er stafrænt sem gefur möguleika á talsímaþjónustu innanlands, milli landa og á ferðalögum erlendis.

1. Farsímabjónusta.

- 1.1. Stofngjald er kr. 3.500,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess og fær notandi þá afhent SIM-kort, sem er aðgangskort að farsímakerfinu. Notanda í NMT-kerfinu gefst kostur á að gerast notandi í GSM-kerfinu gegn kr. 1.870,00 stofngjaldi, óháð því hvort hann heldur áfram að vera NMT-notandi eða ekki. Ef SIM-kort týnist eða eyðileggst þá þarf að greiða fyrir nýtt kort kr. 1.000,00.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1.525,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 1.870,00.
- 1.4. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, hvert skref kr. 2,67 og er tekið fyrir hvert byrjað skref. Frá kl. 08:00 til 18:00 mánudag til föstudags eru 8 sek. í skrefi innanlands en 12 sek. á öllum öðrum tímum.
- 1.5. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.6. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr GSM-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.7. Fyrir notkun á íslenskum GSM-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi að viðbættu 15% álagi.
Annist Hollustuvernd ríkisins úttektina skal greitt fyrir hana samkvæmt gjaldskrá nr. 564/1994.

5. gr.

Gjöld vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna eftirfarandi þjónustu sem hér segir:

1. Vegna viðurkenningar á rotþrósm, kr. 10.000
sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 48/1994.
2. Vegna viðurkenningar á olíuskiljum, kr. 10.000
sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 35/1994.
3. Vegna viðurkenningar á amalgamskiljum, kr. 25.000
sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 79/1996.
4. Vegna afgreiðslu tilkynninga um flutning á úrgangi milli landa, kr. 25.000
sbr. reglugerð nr. 377/1994.

6. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 15. apríl. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé gjald þetta ekki greitt á gjalddaga.

Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Fari mengunarmælingar ekki fram samkvæmt því sem segir í 5. gr. reglugerðar nr. 48/1994 er heimilt að lækka gjaldið frá og með þeim tíma sem eftirlitið skyldi fara fram og til þess tíma er það hefst að nýju.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 132/1993.

Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um viðmiðunarreglur vegna skuldbreytinga og/eða frestun greiðslna á lánum Byggingarsjóðs ríkisins og af fasteignaveðbréfum húsbrefadeildar.

1. gr.

Skilyrði fyrir skuldbreytingum og/eða frestun.

Skilyrði fyrir skuldbreytingu og/eða frestun eru eftirfarandi:

1. Að greiðsluerfiðleikar stafi af veikindum, slysi, minni atvinnu, atvinnuleysi eða af öðrum óvæntum atvikum.

2. Að erfiðleikar séu til komnir vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduadstæður.

Íbúðarhúsnæði telst að jafnaði hóflegt ef stærð þess, miðað við fjölskyldustærð, er eftirfarandi:

Fjölskyldustærð:	Íbúðarstærð (brúttó) minni en: (m ²)
1-2	85
3-4	120
5-6	150

Ef um er að ræða stærra fjölskyldu eða aðrar sérstakar aðstæður skal hvert tilfelli metið sérstaklega. Við mat á stærðarmörkum íbúða er heimilt að taka tillit til markaðsverðs íbúða á viðkomandi stað.

3. Að eignarhluti umsækjanda í íbúð, og aðrar eignir hans, sé að jafnaði með eftirfarandi hætti, með hliðsjón af fjölskyldustærð:

Fjölskyldustærð:	Eignarhluti í íbúð og aðrar eignir samtals lægri en: (millj. kr.)
1-2	4.0
3 eða fleiri	6.0

Eignarhluti er skilgreindur sem raunvirði/matsvirði/matsverð íbúðar, að frádregnum þeim skuldum sem stafa af byggingu eða kaupum á íbúð.

4. Að umsækjandi eigi einungis eina íbúð.

5. Að aðrir lánardrottmar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika ef þörf er talin á því.

6. Að greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af heildarlaunum fyrir afgreiðslu. Stafi greiðsluerfiðleikar af lækkun tekna, er heimilt að veita aðstoð þó svo að greiðslubyrði verði yfir 30% af heildarlaunum eftir afgreiðslu, ef líklegt er talið að tekjur verði innan árs frá afgreiðslu þannig, að greiðslubyrði verði þá undir 30% af heildarlaunum að jafnaði á næstu 4 árum.

7. Að skuldbreytingarlán ásamt áhvílandi lánnum á undan því sé innan við 70% af brunabótamati.

8. Að aðstoð vegna greiðsluerfiðleika leysi vanda umsækjanda, að teknu tilliti til þeirra forsendna sem gengið er út frá.

2. gr.

Lánskjör skuldbreytingarlána.

Lánstími er 5 - 15 ár, en þó aldrei lengri en þörf er á hverju sinni, til að fullnægja skilyrðum um greiðslubyrði eftir afgreiðslu.

Vextir eru þeir sömu og á því láni sem skuldbreytt er. Ef vanskilum af tveimur eða fleiri lánnum er skuldbreytt með einu skuldbreytingarláni, skulu vextir þess vera vegið meðaltal vaxta þeirra lána sem skuldbreytt er og í samræmi við fjárhæð vanskila af hverju láni fyrir sig.

3. gr.

Frestun á greiðslum.

Heimilt er að fresta greiðslum af lánnum í allt að 3 ár.

Þegar greiðslum af láni er frestað bætast áfallnir vextir við höfuðstól lánsins. Lánstími helst óbreyttur. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet).

4. gr.

Fylgigögn með umsókn.

Fylgigögn sem fylgja þurfa umsókn eru eftirfarandi:

1. Afrit af tveimur síðustu skattskýrslum, staðfest af viðkomandi skattýfirvöldum eða löggiltum endurskoðanda.
2. Afrit af þremur síðustu launaseðlum.
3. Afrit af síðasta greiðsluseðli allra lána umsækjanda.
4. Veðbókarvottorð.
5. Brunabótamat.
6. Bréf þar sem greiðsluerfiðleikum umsækjanda er lýst í stuttu máli.

Umsókn verður einungis afgreidd ef öll framannefnd gögn fylgja með henni, svo og ef umsóknareyðublað er útfyllt til fulls.

5. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 27. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. mars 1996.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

REGLUR

um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Gildissvið.

Þurfi sjúklingur að takast ferð á hendur til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða á sjúkrahúsi (með eða án innlagningar) eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis hjá heilbrigðisstéttum, sem sjúkratryggingar hafa samið við, taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, enda sé um að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra: Illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Ennfremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma eða alvarlegra vandamála í meðgöngu. Hið sama gildir um ferðir vegna bráðatilvika sem farnar eru skv. ákvörðun læknis og ekki er hægt að sinna í heimabyggð svo og heimferðir að loknu sjúkraflugi.

2. gr.

Læknisfræðilegur úrskurður.

Til þess að hægt sé að úrskurða hvort sjúklingur eigi rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal hann útvega skýrslu frá þeim lækni sem sendir hann. Þegar ekki er um bráðatilvik að ræða ber að jafnaði að leita eftir úrskurði tryggingayfirlæknis áður en ferðin er farin. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir sjúkdómnum, nauðsynlegri meðferð og hversu oft sjúklingurinn þurfi að koma. Skýrsluna skal senda Tryggingastofnun ríkisins, tryggingayfirlækni, til úrskurðar. Tryggingastofnun sendir sjúklingi úrskurðinn og sendir jafnframt viðkomandi tryggingaumboði afrit. Tryggingaumboðið annast síðan greiðslur til sjúklings þaðan í frá í samræmi við reglur þessar.

3. gr.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga.

Sjúkratryggingar endurgreiða að hluta ferðakostnað ef um er að ræða a.m.k. 15 km vegalengd á milli staða. Sjúklingur skal framvísa í tryggingaumboði sínu vottorði til staðfestingar á hverri komu, útgefnu af þeim, sem meðferð veitir. Sjúkratryggingar endurgreiða 2/3 hluta kostnaðar af raunverulegu fargjaldi með venjulegri áætlunarferð eða af reiknuðu fargjaldi með áætlunarbifreið á hverjum tíma ef eiginn bíll er notaður. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en 1.000 kr. í hverri ferð. Ef ætla má að raunverulegur kostnaður sé lægri en áætlunarfargjald, skal miða við hann. Sjúkratryggingar endurgreiða 2/3 hluta kostnaðar vegna leigubílaaksturs milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar, samkvæmt framlögðum skýrum kvittunum, þótt vegalengd

sé skemmri en 15 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Í slíkum tilvikum er greiðsluhluti sjúklings ætíð 1/3 af heildarkostnaði.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns endurgreiða sjúkratryggingar samkvæmt sömu reglum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar, ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Þetta á þó einungis við um áætlunarferðir.

Sjúkratryggingar endurgreiða með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri. Endurgreiðsla slíkra ferða takmarkast við eina vitjun á viku til sjúklings.

Þegar nauðsynleg lækni meðferð vegna tilvika sem um getur í 1. gr. tekur a.m.k. fjórar vikur, endurgreiða sjúkratryggingar kostnað við ferðir heim aðra hverja helgi skv. reglum þessum.

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru af tryggingaráði, á grundvelli stafliðs j í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, staðfestast hér með, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., og öðlast gildi 1. apríl 1996. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 74 frá 12. febrúar 1991 um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 186

29. mars 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 196 30. mars 1995:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 3% frá og með 1. apríl 1996. Tengigjöld taka breytingum frá sama tíma miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1995 til janúar 1996.

Afsláttur Rafmagnsveitnanna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis hækkar sem hér segir:

C.1.	Rofin daghitun	úr 0,03 kr/kWh	í 0,085 kr/kWh
A.5.	Markmæling	úr 0,02 kr/kWh	í 0,058 kr/kWh
H.1.	Hitaveita (R/O)	úr 0,03 kr/kWh	í 0,070 kr/kWh
C.2.	Næturhitun	úr 0,02 kr/kWh	í 0,053 kr/kWh

Iðnaðarráðuneytinu, 29. mars 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1996

12. mars 1996

391

Nr. 187

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip sitt árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Ef skip eru afskráð vegna úreldingar eða sölu úr landi er siglingamálastjóra heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskyldu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingamálastofnun ríkisins:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að lengd	9.900
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m	18.100
Fyrir skip 15 m að lengd til og með 50 BT	29.900
Fyrir skip 50,01 BT til og með 100 BT.....	48.500
Fyrir skip 100,01 BT til og með 125 BT	55.500
Fyrir skip 125,01 BT til og með 350 BT	65.700
Fyrir skip 350,01 BT til og með 450 BT	83.400
Fyrir skip 450,01 BT til og með 800 BT	107.600
Fyrir skip 800,01 BT til og með 1.000 BT.	128.800
Fyrir skip 1.000,01 BT til og með 1.500 BT.....	159.300
Fyrir skip 1.500,01 BT til og með 2.500 BT.....	169.000
Fyrir skip 2.500 BT og yfir.....	175.000

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 15.300.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.
Nýsmíði.

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á sérsmíðuðum bátum og fyrsta báti í raðsmíði greiðist sem hér segir:

Lengd skips	< 6 m	6-8 m	8-15 m
Verkefni	Gjald kr.		
Samþykkt teikninga	10.840	22.350	33.080
Eftirlit með smíði bols	5.420	10.930	17.640
Skoðun á búnaði	4.040	9.460	13.600
Hleðslu- og stöðugleikaprófun	4.040	8.420	10.950
Reynslusigling	2.760	8.060	9.460
Skráning og mæling		8.060	8.060
	Samtals kr.	27.100	67.280
			92.790

3.1.2. Fyrir samþykkt á raðsmíðuðum bátum og bátum sem eru að einhverju leyti smíðaðir undir eftirliti flokkunarfélags greiðist sem hér segir:

Lengd skips	< 6 m	6-8 m	8-15 m
Verkefni	Gjald kr.		
Samþykkt teikninga	-	6.680	9.910
Eftirlit með smíði bols	-	3.290	5.290
Skoðun á búnaði	-	9.460	13.600
Skráning og mæling	-	8.060	8.060
	Samtals kr.	2.760	27.490
			36.860

Fyrir þilfarsbáta bætast kr. 10.370 við framangreinda niðurstöðu, fyrir prófun á stöðugleika.

Lengdir báta sem tilgreindir eru í framangreindum töflum eru mældar á milli stafna í borðstokkshæð þegar um er að ræða 6 metra lengdina, en mestu lengd á bol samkvæmt mælingareglum við mælingu á 8 og 15 metrum.

3.1.3. Fyrir samþykkt á gömlum bátum skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem á við hverju sinni.

3.1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðist ferðakostnaður að auki.

3.2. Skip sem eru 15 metrar og lengri:

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip 26 m og lengri 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagskostnaður verksala (vextir og verðbætur). Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð og/eða Ríkisábyrgðarsjóð ef um fiskiskip er að ræða, og viðskiptaráðuneytið ef um önnur skip er að ræða.

B. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessa töluliðar að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

C. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A-lið þessa töluliðar auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðað erlendis.

3.3. Eftirlitsgjöld skv. 2. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingamálastofnun ríkisins. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

4.1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.

4.2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjauðtreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 BT	10.370
Skip 501 BT til og með 1000 BT	13.830
Skip 1001 BT til og með 2000 BT	17.300
Skip 2001 BT til og með 5000 BT	20.750

Skip stærri en 5000 BT greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjauðtreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 3.480.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1.150 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1.150 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skipa og útgáfu skipsskjala skal greiða:

	Kr.
1. Útg. ísl. mælibréfs og skráningask. opnir bátar	3.810
2. Útg. ísl. mælibréfs og skráningarsk. dekk bátar	8.370
3. Útgáfa þjóðernisskírteinis	7.730
4. Útgáfa alþjóðamælibréfs	4.740
5. Afrit af alþjóðamælibréfi	1.150
6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	700
7. Einkaleyfi á skipsnafni	69.980
8. Viðurkenningarskírteini og skilti	700

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu samkvæmt Oslóarsamþykkt, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

Fyrir skip allt að 15 m mesta lengd	6.920
Bilfarsskip minna en 25 brl.	13.710
Bilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	19.020
Bilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	30.320
Bilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	46.350
Bilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl.	65.820
Bilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl.	87.270

Bilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs skv. ísl. mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969 skal greiða, nema um nýsmíði sé að ræða:

Flokkur I.A	Skip 15,01 m - 24,00 m mestu lengd	
	Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).	
	Vinna eftir mælingum og teikningum, útg. skírteinis.....	39.180
I.B	Eftirlitsmæling um borð.	
	Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	27.450
Flokkur II. A	Skip 24,01 m - 45,00 m mestu lengd	
	Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).	
	Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs.....	71.280
II. B	Eftirlitsmæling um borð.	
	Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfu mælibréfs	47.570
Flokkur III. A	Skip 45,01 m - 60,0 m mestu lengd	
	Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).	
	Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs ...	99.050
III. B	Eftirlitsmæling um borð	
	Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útg. mælibréfs	71.280
Flokkur IV.	Skip 60,01 m og lengri.	
	Greiðsla samkvæmt reikningi.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	Kr.
Fyrir skip allt að 45 m mesta lengd	16.320
Fyrir skip yfir 45,01 m mesta lengd	27.190

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða.

Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	Kr. 1.150
---	-----------

9. gr.

Rannsóknir.

- 9.1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðast kr. 1.430 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir hverja röntgenmynd greiðast kr. 580.
- 9.2. Fyrir leigu á tækjum og rannsóknaraðstöðu við þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðast kr. 860 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingamálastofnunar ríkisins skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metra og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrum að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og /eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigli á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.240.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 546 frá 28. desember 1993 og reglugerð nr. 307 frá 7. mars 1995.

Samgönguráðuneytinu, 12. mars 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1996

Nr. 188

396

1. apríl 1996

REGLUGERÐ

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1996.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Umsóknarfrestur um leyfi til síldveiða er til 25. apríl 1996 en heimilt er að hefja síldveiðar 10. maí 1996.

Leyfi til veiða samkvæmt 1. mgr. tekur til veiða á síld í lögsögu Íslands, Færeyja og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Aðeins er heimilt að stunda síldveiðar með nót í lögsögu Færeyja. Nánari reglur um veiðar í lögsögu Færeyja verða í leyfisbréfum.

Fiskistofu skal aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiða, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni innan fiskveiðilögsögu Íslands, fellur jafnframt úr gildi leyfi þess til síldveiða samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Á árinu 1996 skal þeim skipum, er leyfi hljóta til síldveiða samkvæmt 1. gr., heimilt að veiða 244 þúsund lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þegar 190 þúsund lestum hefur verið landað, skal Fiskistofa skipta því magni sem eftir er milli einstakra skipa, sem leyfi hefa fengið til síldveiða og tilkynnt hafa um afla. Skal því magni skipt milli einstakra skipa þannig, að tveimur þriðju hlutum magnsins skal skipt jafnt milli skipanna en þriðjungi í samræmi við burðargetu þeirra.

Ekki er heimilt að flytja það aflamagn milli skipa, sem kemur í hlut einstakra skipa samkvæmt 1. mgr.

3. gr.

Skipstjórum síldarskipa skal skylt að tilkynna til Fiskistofu með skeyti eða símbréfi um áætlað aflamagn um leið og skip heldur til lands með síldarafla og ennfremur um löndunarstað og tíma.

4. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla.

Óheimilt er að landa afla um borð í flutningaskip og önnur veiðiskip, sem ekki hafa leyfi til síldveiða samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

1. apríl 1996

Nr. 189

REGLUGERÐ**um veiðar á úthafskarfa 1996.**

1. gr.

Allar veiðar íslenskra skipa á úthafskarfa eru háðar sérstöku veiðileyfi Fiskistofu.

Leyfi til veiða á úthafskarfa tekur til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og á alþjóðlegu hafsvæði suðvestur af landinu. Einungis skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, er þó heimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á árinu 1996 er íslenskum skipum heimilt að landa 45 þúsund lestum af úthafskarfa.

3. gr.

Auk tilkynninga til Fiskistofu í lok veiðiferðar samkvæmt reglugerð nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla, skal skipstjóri veiðiskips tilkynna vikulega til Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu.

Fiskistofu er heimilt að ákveða að tilkynningar um afla um borð í veiðiskipi skuli senda daglega þegar heildarafli íslenskra skipa nálgast 45 þúsund lestir. Skal Fiskistofa tilkynna með þriggja daga fyrirvara hver sé síðasti leyfilegi veiðidagur.

4. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til veiða á úthafskarfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála
nr. 138/1993, sbr. reglugerð nr. 471/1995.**

1. gr.

Í stað orðanna „á síðari hluta ársins 1995“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: á fyrri hluta ársins 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi
vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994
og breytingu með rg. nr. 702/1995.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fóðurkorni (heilbyggi og/eða öðrum innfluttum korntegundum) skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,17.

2. gr.

Í stað orðanna 4,9 kg fóðurs í 1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990 sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 og 1. gr. rg. nr. 288/1993 kemur: 4,4 kg fóðurs.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld rg. nr. 702/1995 um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 3. apríl til og með 30. apríl 1996 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°26'00 N - 22°05'00 V | 4. 63°10'00 N - 20°24'00 V |
| 2. 63°17'00 N - 21°00'00 V | 5. 63°09'00 N - 21°00'00 V |
| 3. 63°11'90 N - 20°24'00 V | 6. 63°17'50 N - 22°05'00 V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammstafað D.A.S., er heimilt að reka happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðs sjómanna-dagsins ræður forstjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og tvo til vara og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 16 frá 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 80.000 -áttatíuþúsund- hlutamiða. Af hverjum hlutamiða eru gefnar út tvær flokkaráðir, sem greinast að með bókstöfunum A og B. Sama verð gildir um hvora flokkaröð. Draga skal úr öllum útgefnum númerum í báðum flokkaröðunum.

Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1 - 80.000, flokksnúmer frá 1 - 12, verð miðans, síðasta söludag, dráttardaga og innlausnarfrest vinninga. Á miðann skal prenta eiginhandarundirskrift forstjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift og eiginhandarstimpill söluumboðsmanns. Draga skal fjórum sinnum í mánuði í hverjum flokki þannig að útdrættir verði samtals 48 á happdrættisárinu.

6. gr.

Heildarverðmæti vinninga miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildar-söluverði miða í öllum 12 flokkunum.

Stjórn happdrættisins ákveður vinningaskrá fyrirfram fyrir happdrættisárið að fengnu samþykki happdrættisráðsins. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svípað. Fjöldi vinninga í flokkaröðinni skal vera tilgreindur í vinningaskrá svo og verðmæti þeirra.

7. gr.

Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera kr. 8.400 ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Verð miða fyrir hvern flokk er kr. 700.

Sé óskað eftir að kaupa hlutamiða eftir að dregið hefur verið í fyrsta flokki happdrættisins eða síðar skal greiða fyrir hann, auk andvirðis þess flokks sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutamiðans í öllum þeim flokkum sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir í aðalumboði D.A.S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst 20. hvers mánaðar og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða.

9. gr.

Um vinninga skal dregið á þeim fimmtudögum sem koma upp eftir þriðja virkan dag mánaðarins. Ef fyrsti fimmtudagur mánaðarins kemur upp á fyrstu þrem dögum mánaðarins er heimilt að framlengja endurnýjunartímann fram til annars fimmtudags mánaðarins, enda fari útdráttur þá fram á þeim degi. Beri fimmtudag upp á almennan frídag skal draga næsta virkan dag á undan eða eftir.

Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar ef því þykir ástæða til.

10. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir. Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

11. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

12. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dreginn út hæsti (hæstu) vinningar, síðan næsthæsti (næsthæstu) o.s.frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli happdrættisráðs.

13. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

- a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- b) Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
- c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.

- d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og tegundir vinninga og verðmæti eru slegnar inn í tölvuna frá lykllaborði og prentast út jafnhliða.
- e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulmiðli er það nú gert.
- g) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráð færir skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

14. gr.

Bili tölvana eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttar meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

16. gr.

Að loknum drætti lætur happdrættið prenta skýrslu um vinninga, hvaða númer hafa hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

17. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers happdrættisárs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn happdrættisins auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis D.A.S.

18. gr.

Allir vinningar greiðast í bifreiðum, bifhjólum, bátum eða búnaðarvélum, íbúðarhúsum eða einstökum íbúðum, húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga, og er happdrætti D.A.S. óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

19. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir umboðsmenn happdrættisins. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimulðum og árituðum miða samkv. 17. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans, nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar happdrættisins innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976 og lög nr. 24 26. mars 1987 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 15. apríl 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 129 6. apríl 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

3. apríl 1996

Nr. 194

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn­tollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i> 0704.9001	Hvítkál	09.04.-13.05.96	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. apríl 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit gildir á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, samkvæmt 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu er heimilt, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að leggja á og innheimta eftirlitsgjöld sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við gildandi reglugerðir. Gjöld þessi skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 um mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skal árlega innheimta eftirlitsgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr. 11.000	5. flokkur	kr. 66.000
2. flokkur	kr. 22.000	6. flokkur	kr. 88.000
3. flokkur	kr. 33.000	7. flokkur	kr. 132.000
4. flokkur	kr. 44.000		

Við flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja sbr. viðauka, skal mið tekið af gerð og umfangi starfseminnar og tillit til þeirrar vinnu og kostnaðar sem heilbrigðiseftirlit hefur af eftirliti.

3. gr.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja annast flokkun eftirlitsskyldra aðila samkvæmt umfangi rekstrar þeirra, sbr. fylgiskjal með gjaldskrá þessari og sbr. flokkun í viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð vegna mengunareftirlits samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988, og semur lista yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæðinu. Listi þessi skal sendur hlutaðeigandi sveitarfélögum til skoðunar fyrir 1. janúar ár hvert.

Sveitarstjórnnum er heimilt að fela bönkum eða öðrum innheimtufyrirtækjum innheimtu gjaldanna.

4. gr.

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal innheimta kr. 5.000. Ef verkefni er umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra. Það sama gildir um þjónustuverkefni og útselda vinnu.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Gjaldskráin staðfestist hér með skv. 3. mgr. 5. gr. áðurnefndra laga og tekur gildi þegar við birtingu.

Frá sama tíma falla úr gildi gjaldskrár nr. 306/1992 fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum og gjaldskrá nr. 316/1992 fyrir mengunareftirlit á Suðurnesjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er gjalddagi á árinu 1996 15. apríl og eindagi 15. maí.

Umhverfisráðuneytinu, 28. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

VIÐAUKI.

Flokkur

8106	1	Blikksmiðjur
8107	1	Vinnsla á málmum í raftækniönaði t.d. rafgeymaverksmiðjur og -verkstæði
8110	1	Gull- og silfursmiði
8112	1	Sandblástur
8150	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmönaði, rafönaði og tækjagerð
8201	1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum
8202	1	Steinsmiði
8203	1	Steyputöðvar og steypueiningaverksmiðjur
8250	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur með jarðefni
8303	1	Prentiðnaðarfyrirtæki
8305	1	Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
8307	1	Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda
8308	1	Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað
8309	1	Hreinlætisvöruverksmiðjur
8311	1	Plastiðnaður - frauðplastgerð
8312	1	Plastiðnaður - smíði úr trefjaplasi
8314	1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
8315	1	Gleriðnaður og speglagerð
8316	1	Netaverkstæði
8350	1	Annar efnaiðnaður
8403	1	Gúmmívinnsla
8404	1	Trésmíðaverkstæði
8450	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur með vinnslu og úrvinnslu á efnum úr jurta- og dýra- ríkinu
8502	1	Kjöttvinnsla
8504	1	Reykhús og reykofnar
8505	1	Vinnsla fiskis og annarra sjávarafurða
8506	1	Framleiðsla tilbúinna rétta
8507	1	Heitloftspurrkun fiskafurða
8510	1	Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
8518	1	Kæli- og frystigeymslur
8550	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur í matvælavinnslu

8601	1	Minkabú
8602	1	Refabú
8603	1	Hænsna- og kjúklingabú
8604	1	Svínabú
8606	1	Hestahald
8607	1	Dýraspítalar
8608	1	Hunda- og kattageymslur
8609	1	Gæludýraverslanir
8650	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur með búfjár- og dýrahald
8703	1	Bifreiða- og vélaverkstæði
8705	1	Smurstöðvar
8706	1	Bensinstöðvar
8707	1	Vöruflutningamiðstöðvar
8708	1	Biðstöðvar leigubifreiða
8709	1	Bið- og endastöðvar strætisvagna
8710	1	Bílaþvottastöðvar
8711	1	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest
8712	1	Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða
8713	1	Hjólbarðaverkstæði
8714	1	Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi
8715	1	Bílasölur og bílaleigur
8716	1	Bílapartasölur
8717	1	Bónstöðvar
8718	1	Viðgerðaraðstaða (sjálfþjónusta)
8719	1	Innréttingasmíði í bifreiðar
8720	1	Réttingaverkstæði og bílasprautun
8750	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur fyrir vélknúin farartæki
8801	1	Stórar spennistöðvar
8802	1	Stórar vörugeymslur
8804	1	Skotvellir
8805	1	Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
8806	1	Æfingasvæði slökkviliðs
8808	1	Þvottahús
8810	1	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni og sérstakan úrgang
8811	1	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru
8813	1	Endurvinnsla úrgangs
8850	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur
2006	1	Sælgætis- og tóbakssölur
2010	1	Torgsala
2013	1	Neysluvörugymslur
2014	1	Apótek
3001	1	Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma minna en 11 rúm
3002	1	Veitingasala/mötuneyti miðast við gestafjölda færri en 11 gestir*
3003	1	Tjaldsvæði
4001	1	Nudd- og sólbáðsstofur
4002	1	Hárgreiðslu- og rakarastofur
4003	1	Snyrtistofur
4007	1	Leiktækjasalir
4008	1	Læknastofur
4009	1	Tannlæknastofur
4018	1	Leikvellir
4022	1	Kirkjur
4023	1	Safnaðarheimili
4050	1	Annar sambærilegur atvinnurekstur í atvinnustarfsemi

* Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.

2015	1	Blómaverslanir
2017	1	Fiskmarkaðir
3004	1	Starfsmannabústaðir
2018	1	Leikfangaverslanir
	1	Málningar- og hreinlætisvöruverslanir
	1	Hafnarrekstur m.a. v. olíumóttöku
	1	Saltsala og -geymsla
8102	2	Stálsmíði og stálskipagerð
8108	2	Zink- og krómhúðun málna
8304	2	Efnalaugar
8306	2	Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum. Framköllun á röntgenmyndum
8310	2	Plastiðnaður - plastfilmu- og plastflátagerð
8406	2	Fúavörn á timbri
8501	2	Sláturhús
8508	2	Mjólkurstöðvar
8613	2	Fiskeldisstöðvar með ársframleiðslu >100 tonn og afrennsli til sjávar eða með ársfrl. >10 tonn og afrennsli í ferskvatn
8614	2	Seiða- og fiskeldisstöðvar aðrar en um getur annarsstaðar
8702	2	Flugvellir og flugbrautir
8809	2	Gámastöðvar
8812	2	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
8814	2	Saltvinnsla úr sjó
2002	2	Kjörbúð án vinnslu
2005	2	Söluturn með sölu á viðkvæmum matvælum
2008	2	Matsöluvagnar
2011	2	Ísbúðir og ísvagnar
2012	2	Brauð- og kökusala
1004	2	Reyking matvæla
1009	2	Fiskþurrkun
1013	2	Salat- og sósugerð
1017	2	Kökugerðir
1018	2	Smurbrauðstofur og samlokugerðir
1019	2	Pizzugerðir
1022	2	Kaffibrennsla
1024	2	Grænmetisframleiðsla, vinnsla og pökkun
3001	2	Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma 10-25 rúm
3002	2	Veitingasala/mötuneyti miðast við gestafjölda 10-25 gestir*
4005	2	Sundlaugar, litlar
4011	2	Félagsheimili án eldhúss
4012	2	Heilsuræktarstöðvar
4013	2	Heilsugæslustöðvar
4017	2	Barnaheimili/dagvistarstofnanir
4019	2	Kvikmyndahús/leikhús
4021	2	Íþróttahús, lítil
4026	2	Fangageymslur
2016	2	Fiskbúðir
8414	3	Lifrabræðsla
8610	3	Fiskeldisstöðvar, aðrar en þær sem falla undir viðauka 7
8612	3	Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn, aðrar en þær sem eru í tengslum við fiskeldi
2001	3	Kjörbúð með vinnslu
2007	3	Áfengisverslanir
2009	3	Skyndibitastaðir
1003	3	Mínniháttar matvælaframleiðsla
1008	3	Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað
1012	3	Framleiðsla tilbúinna rétta
1016	3	Bakarí, lítil
1020	3	Sælgætisgerðir
1021	3	Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir

* Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.

3001	3	Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma 26-40 rúm
3002	3	Veitingasala/mötuneyti miðast við gestafjölda 26-40 gestir*
4004	3	Sundlaugar, stórar
4006	3	Gufubaðsstofur
4010	3	Félagsheimili með eldhúsi
4016	3	Dvalarheimili aldraðra
4020	3	Íþróttahús, stór
4024	3	Vistheimili
	3	Sorphirða
	3	Jarðefnavinnsla á viðkvæmum svæðum
7019	4	Meðhöndlun og förgun spilliefna
8611	4	Seiðaðlisstöðvar með fleiri en 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn, aðrar en þær sem eru í tengslum við fiskeldi
1002	4	Miðlungs matvælaframleiðsla
1007	4	Minniháttar kjötvinnsla
1014	4	Ísgerð - ísvagnar
	4	Átöppun neysluvatns
3001	4	Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma 41-100 rúm
3002	4	Veitingasala/mötuneyti miðast við gestafjölda 41-100 gestir*
4015	4	Sjúkrahús, lítið
4025	4	Baðstaðir, náttúrulegir
8807	5	Skólphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur í þéttbýli
2004	5	Stórmarkaðir án vinnslu
1006	5	Miðlungs kjötvinnsla
1011	5	Stóreldhús
3001	5	Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma fleiri en 100 rúm
3002	5	Veitingasala/mötuneyti miðast við gestafjölda meira en 100 gestir*
4014	5	Sjúkrahús, deildarskipt
2003	6	Stórmarkaðir með vinnslu
1001	6	Meiriháttar matvælaframleiðsla
1005	6	Meiriháttar kjötvinnsla
1015	6	Bakarí, stór
7018	7	Sorpbrennslustöðvar

* Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, Skútustaðahreppi.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Skútustaðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. febrúar 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar, 1986-2006, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í lengingu á flugbrautarsvæði Reykjahlíðarflugvallar um 250 metra til norðurs.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 28. mars 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um (22.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Ákvæði í 16. gr. reglugerðarinnar um Bromazepamum breytist og verður svohljóðandi:

Efni	Hámarks magn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Bromazepamum INN	360 mg	*Lexotan, töflur 3 mg: 100 stk. *Lexotan, töflur 6 mg: 60 stk.

2. gr

Svohljóðandi breyting verður í viðauka 3 við reglugerðina. (Listi yfir lyfseðilsskyld lyf): Econazolum INN, nema í lyfjaformum til útvortis notkunar, en eigi yfir 10 mg/g (1%).

3. gr.

Svohljóðandi breyting verður í viðauka 4 við reglugerðina. (Listi yfir undanþágur frá lyfseðilsskyldu):

Econazolum INN fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. apríl 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

28. mars 1996

Nr. 198

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. febrúar 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun staðgreinireits 1.241, sem afmarkast af Skipholti í suður, Stórholti í vestur, Brautarholti í norður og Stúfholti í austur breytist; athafnasvæði verður að hluta blandað athafna- og íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals	10.850 lestir
þ.a. Eldey	1.000 lestir
þ.a. Arnarfjörður	700 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.700 lestir
þ.a. Húnaflói	2.650 lestir
þ.a. Skagafjörður	1.500 lestir
þ.a. Skjálfandi	1.000 lestir
þ.a. Öxarfjörður	1.300 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 588, 27. nóvember 1995, um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 200

AUGLÝSING

25. mars 1996

um breytingu á gjaldskrá nr. 564/1994 yfir útselda vinnu
vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Við 5. gr. gjaldskrárinnar bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Gjald fyrir samþykkt á efni til þrifa og/eða gerileyðingar í matvælaíðnaði, sbr. 2. lið 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti, er kr. 5.000 fyrir hvert efni sem heimilað er að nota.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 28. mars 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985-2005, frá 12. maí 1987.

Breytingin tekur til eftirfarandi atriða:

– 12,5 ha opið svæði, efst í Hnoðraholti verður útivistarsvæði til sérstakra nota, einkum leiksvæði, útivist og skógrækt.

– Lega væntanlegrar Hnoðraholtbrautar breytist og ákvörðuð gatnamót hennar við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg.

– Svæði golfvallar stækkar úr 33 ha í 40 ha.

– Svæði fyrir verslun, þjónustu og opinberar stofnanir stækkar og nær að helgunarsvæðum Reykjanesbrautar, Vífilsstaðavegar og Hnoðrabrautar. Stærð 8 ha.

– Íbúðasvæði minnka um 8 ha.

– Lega aðalgönguleiða breytist.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Í 1. viðauka með reglugerðinni, I. lið um fóðurjurtir, landgræðslujurtir og grös í grasvelli, bætist í upptalningu í 1. tölulið, á eftir orðunum Hávingull svohljóðandi:

Hávingulsrýgreni x Festulolium (Festuca pratensis Huds. x Lolium multiflorum Lam.)

2. gr.

Í 2. viðauka með reglugerðinni I. lið A, 3. tölulið bætist aftan við orðin Festuca rubra:

1	2	3	4	5	6	7	8
x Festulolium	75	96	1,5	1,0	0,5	0,3	5

Í 2. viðauka, I. lið B, 6. tölulið, 2. töflu (A) bætist aftan við Festuca spp:

x Festulolium 2 5 5

Í 2. viðauka II-lið, 2. tölulið bætist eftirfarandi:

Korntegund	Flokkur	Krafa %	Leyfileg frávik
naktir hafrar	allir	minnst 75%	0

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru nr. 22 29. mars 1994 og með vísan til tilskipana ESB nr. 92/19/EBE og 93/2/EBE og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. mars 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Reykjahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykjahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Reykjahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Reykjahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins, fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða, og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkuð annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd skal halda reglulega fundi. Hreppsnefnd ákveður sjálf hve oft hún heldur fundi og hve langt skuli líða milli reglulegra funda. Þó skal aldrei líða meira en 3 mánuðir milli funda.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosning oddvita hreppsnefndar, kosning nefnda, ráða og stjórna, og kosning fulltrúa hreppsins í þær nefndir og stjórnir sem hreppurinn er aðili að.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferðum beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Oheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Oddviti eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn bríglum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnisk hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur

og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhags-áætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er

haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók hreppsnefndar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd, stjórn eða ráði sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundum.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrir-tækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa ritara nefndar. Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

50. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hrepstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Héraðsnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara í héraðsnefnd S-Þing.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

3. *Barnaverndarnefnd* skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
4. *Byggingarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
5. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
9. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
10. *Stjórn dvalarheimilis aldraðra sf.* Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
11. Einn *búffjárefniritur* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
12. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
13. Einn fulltrúi í *almannavarnarnefnd S-Þing*. og einn til vara.
Hreppsnefnd fer sjálf með málefni leikskóla og öldrunarmála.
Hreppsnefnd hefur falið héraðsnefnd eða byggðasamlagi að fara með málefni barnaverndarnefndar, heilbrigðisnefndar, dvalarheimilis fyrir aldraða og stjórn heilsugæslustöðvar.

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

57. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

58. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. mars 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingar í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu.

1. gr.

Ráðstöfun verðmiðlunarfrjár.

Heimilt er að greiða allt að 200 milljónum kr. af verðmiðlunarfé, sem var ráðstafað til hagræðingar í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu samkvæmt c-lið í ákvæðum til bráðabirgða með lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til úreldingar mjólkurbúa, hagræðingarverkefna hjá mjólkurbúum og til búháttarbreytinga á jörðum með mjólkurframleiðslu sem liggja fjarri afurðastöð, samkvæmt nánari ákvæðum í reglum þessum.

2. gr.

Úrelding mjólkurbúa.

Fram til 1. september 1997 getur stjórn mjólkurbús sótt um styrk til úreldingar mjólkurbúsins, með eftirtöldum skilyrðum:

1. Mjólkurbúið verði úreld í heild og tryggt verði að eignin verði ekki tekin aftur í notkun til mjólkurvinnslu. Kvöð þar um skal þinglýst á viðkomandi fasteign.
2. Berist umsókn fyrir 1. desember 1996 getur styrkur orðið allt að 100% af bókfærðu verði fasteigna og véla.
3. Berist umsókn á tímabilinu frá 1. september 1996 til 1. september 1997 getur styrkur orðið allt að 75% af bókfærðu verði fasteigna og véla.

Þegar heimild landbúnaðarráðherra um að úrelða mjólkurbú liggur fyrir skal greiða styrk af verðmiðlunarfé fyrir eignir sem teknar eru til úreldingar. Styrkur skal nema hlutfalli skv. 2. eða 3. tl. af bókfærðu verði þeirra eigna, sem teknar eru úr notkun eins og þær voru skráðar í lok síðasta heila rekstrarárs sem mjólkurbúið starfaði að fullu. Heimilt er að endurmeta eignir til þess að samræma afskriftir, hafi mismunandi aðferðir verið notaðar.

Þær eignir sem teknar eru til úreldingar eru fasteignir og sérhæfður búnaður til mjólkurvinnslu. Lóð telst ekki til fasteignar í þessu sambandi. Bifreiðar teljast ekki til sérhæfðs búnaðar. Styrkur til úreldingar er ekki greiddur mjólkurbúi, sem er í greiðslustöðvun eða hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

3. gr.

Hagræðing í mjólkuriðnaði.

Heimilt er að greiða styrki til mjólkurbúa vegna sérstakra verkefna til hagræðingar í mjólkuriðnaði. Heimilt er að styrkja samstarfsverkefni mjólkurbúa eða samruna. Styrkur má ná til þess hluta sérhæfðs búnaðar til mjólkurvinnslu sem verður óþarfur vegna samstarfsins og til kaupa á nýjum búnaði sem er nauðsynlegur við framkvæmdina.

Með styrkumsókn frá stjórn mjólkurbús skal fylgja áætlun um áformaða hagræðingu í rekstri sem sýni fram á að reikna megi með sparnaði er nemi á fimm ára tímabili eigi lægri upphæð en umbeðinni fjárhæð.

Nefnd skv. 5. gr. leggur mat á framkomnar umsóknir. Þegar heimild landbúnaðarráðherra um styrk til hagræðingar liggur fyrir skal greiða hann til viðkomandi mjólkurbúa, enda sé staðfest af trúnaðarmanni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að hagræðingaraðgerðum hafi verið komið á.

4. gr.

**Styrkir til búháttabreytinga hjá
mjólkurframleiðendum.**

Fram til 1. september 1997 geta eigendur og ábúendur á lögbýlum, sem liggja fjarri afurðastöð eða eru úrleiðis sótt um styrk til úreldingar á aðstöðu til mjólkurframleiðslu á lögbýlum, enda séu uppfyllt eftirfarandi skilyrði:

a. Staðsetning lögbýlis (lögbýla) lengi flutninga a.m.k. um 20 km að meðaltali miðað við verðlagsgrundvallarbú. Heimilt er að víkja frá þessari reglu í tilvikum þar sem flutningar eru erfiðir og dýrir.

b. Styrkur til úreldingar skal ná til fasteigna (fjóss og hlöðu) sem nýttar hafa verið til mjólkurframleiðslu og vélbúnaðar í þeim. Styrkur skal nema matsverði eigna og véla, sem metnar eru á sama hátt og greiðslur til leiguliða við ábúðarlök. Við úreldingu skal greiðslumark til mjólkurframleiðslu falla niður og er heimilt að bæta niðurfellinguna til að eðlilegar bætur komi fyrir þann aðstöðumissi sem verður til framleiðslu á jörðinni.

c. Tryggt verði að mjólkurframleiðsla verði ekki tekin upp á lögbýlinu, nema með sérstöku leyfi landbúnaðarráðherra. Kvöð þar um skal þinglýst á viðkomandi lögbýli.

Ákvæði þessarar greinar geta einnig tekið til lögbýla sem verða úrleiðis við úreldingu mjólkurbús. Umsóknir bænda um styrki til úreldingar skal taka til afgreiðslu í þeirri röð sem þeir berast. Ekki er skylt að verða við umsóknum sem berast eftir að fé þrýtur sem til ráðstöfunar er, sbr. 1. gr.

5. gr.

Hagræðingarnefnd.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna nefnd sem metur umsóknir um styrki skv. reglum þessum. Skulu nefndarmenn skipaðir skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, en landbúnaðarráðherra skipar einn nefndarmanna, án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Hagræðingarnefnd metur umsóknir um styrki til úreldingar skv. reglum þessum og gerir skriflega samninga um úreldingu mjólkurbúa og búháttabreytingar hjá mjólkurframleiðendum. Í samningum um úreldingu mjólkurbúa skal kveðið á um sölumeðferð fasteigna og vélbúnað, sem samið er um úreldingu á, þ.m.t. þann tíma sem ætlaður er til markaðssetningar eignanna. Enn fremur skal kveðið á um hvernig staðið skuli að sölutilraunum eignanna. Í úreldingarsamningi skal kveðið á um lágmarksmarkaðsverð eigna. Beri sölutilraunir ekki árangur skal draga 50% af umsömdu lágmarksverði frá úreldingarstyrk. Við hugsanlega sölu eigna skal lækka umsáminn úreldingarstyrk sem nemur helmingi söluandvirðisins, að frádregnum sölukostnaði.

6. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við tölulídi c í ákvæðum til bráðabirgða með lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 147/1995 og öðlast þegar gildi og gilda til 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 28. mars 1996 staðfest aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015. Jafnframt er fellt úr gildi aðalskipulag Keflavíkur 1982-2002 frá 12. október 1983 með síðari breytingum, aðalskipulag Njarðvíkur 1991-2011 frá 26. ágúst 1992 með síðari breytingum og aðalskipulag Hafna frá 28. ágúst 1973.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 206

11. mars 1996

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992.

1. gr.

Í orðaskýringar bætist við eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð.

Loftakstur (*Air Taxiing*). Hreyfingar þyrlna yfir flugvelli, venjulega innan jarðhrifa og á jarðhraða sem venjulega er undir 37 km/klst. (20 hnútum).

Ath:- Raunhæð er mismunandi og sumar þylur geta þurft að fljúga í meira en 8 m (25 fet) hæð frá flugvelli í flugakstri til að minnka jarðhrif eða til að skapa nægjanlegt bil fyrir hangandi farm.

2. gr.

Á eftir grein 3.1.7. bætist við ný grein 3.1.8., svohljóðandi og breytast aðrir töluliðir til samræmis við það:

3.1.8 Fylkingarflug.

Loftförum skal ekki flogið í fylkingu, nema flugstjórar loftfaranna hafi fyrirfram lagt á ráðin um það að fylkingarflug í flugstjórnarrými sé í samræmi við skilyrði sem hlutaðeigandi flugumferðaryfirvöld setja. Skilyrðin skulu m.a. vera þessi:

- a) að fylkingin fljúgi sem eitt loftfar með tilliti til flugleiðsögu og stöðutilkynninga;
- b) aðskilnaður milli loftfaranna á flugi skal vera á ábyrgð fylkingarforingjans og flugstjóra hinna loftfaranna í fylkingarfluginu og skal ná yfir þau tímabil þegar loftförin breyta af beinu og láréttu flugi til að ná aðskilnaði sínu á milli í fylkingunni og þegar fylkingin sameinast og dreifist; og
- c) að hvert loftfar haldi fjarlægð frá fylkingarforingjanum, sem ekki er meiri en 1 km (0.5 sm) lárétt og 30 m (100 fet) lóðrétt frá honum.

3. gr.

Grein 3.2.1. orðast svo:

3.2.1 Nálægð.

Loftfar skal ekki vera á ferð svo nálægt öðru loftfari að af því geti stafað árekstrarhætta.

4. gr.

Grein 3.2.1.2. fellur brott.

5. gr.

Grein 3.3.1.2. orðast svo:

3.3.1.2 Flugáætlun skal gera og leggja fram fyrir:

- a) sérhvert flug eða hluta þess, sem njóta skal flugstjórnarþjónustu,
- b) sérhvert blindflug innan ráðgjafarrýmis,
- c) sérhvert flug innan tiltekinna svæða eða inn á tiltekin svæði eða eftir tilteknum leiðum þegar ATS-stjórnvald krefst þess í því skyni að auðvelda flugupplýsinga-, viðbúnaðar- og leitarþjónustu.
- d) sérhvert flug innan eða inn í tiltekin svæði, eða eftir tilteknum leiðum, þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald krefst þess til að auðvelda samvinnu við hlutaðeigandi hernaðaraðila eða flugumferðarþjónustudeildar nágrannaríkja svo að koma megi í veg fyrir hugsanlega þörf á einelti til að bera kennsl á loftfarið.
- e) sérhvert flug yfir landamæri ríkja.

6. gr.

Grein 3.3.1.2.2 verður 3.3.1.3 og grein 3.3.1.2.3. verður 3.3.1.4.

7. gr.

Á eftir grein 4.4. kemur ný grein 4.5. svohljóðandi, og breytist töluröð seinni greina til samræmis við það:

4.5 Heimild til að fljúga sjónflug ofan við fluglag 290 skal ekki veitt á svæðum þar sem lágmarks hæðaraðskilnaður er 300 m (1.000 fet) ofan við fluglag 290.

8. gr.

Í grein 5.2.2. verða a og b staflíðir svohljóðandi:

- a) töflur yfir farflugslög samkvæmt viðauka 3, eða
- b) breyttri töflu yfir farflugslög þegar þess er krafist, í samræmi við viðauka 3, fyrir flug ofar fluglagi 410, að því undanskildu að sú samræming lags við feril, sem í töflunni greinir, gildir ekki þegar annað er tiltekið í flugmálahandbók (AIP) eða flugheimildum.

9. gr.

Viðauki 3 verður svohljóðandi:

Viðauki 3
TÖFLUR UM FARFLUGSLÖG.

Farflugslög þau, sem fljúga skal í þegar flugreglurnar tilgreina, eru sem hér segir: *

- a) á svæðum þar sem svæðissamþykktir um flugleiðsögu mæla svo fyrir að gilda skuli 300 m (1.000 feta) lágmarks hæðaraðskilnaður milli fluglaga 290 og 410, að báðum meðtöldum, og slíkt er í samræmi við aðstæður sem þar eru tilgreindar.

FERILL*											
Frá 000°-179° ***						Frá 180°-359° ***					
FL	blindflug flughæð		FL	sjónflug flughæð		FL	blindflug flughæð		FL	sjónflug flughæð	
	fet	m		fet	m		fet	m		fet	m
-90			-	-	-	0			-	-	-
10	1000	300	-	-	-	20	2000	600	-	-	-
30	3000	900	35	3500	1050	40	4000	1200	45	4500	1350
50	5000	1500	55	5500	1700	60	6000	1850	65	6500	2000
70	7000	2150	75	7500	2300	80	8000	2450	85	8500	2600
90	9000	2750	95	9500	2900	100	10000	3050	105	10500	3200
110	11000	3350	115	11500	3500	120	12000	3650	125	12500	3800
130	13000	3950	135	13500	4100	140	14000	4250	145	14500	4400
150	15000	4550	155	15500	4700	160	16000	4900	165	16500	5050
170	17000	5200	175	17500	5350	180	18000	5500	185	18500	5650
190	19000	5800	195	19500	5950	200	20000	6100	205	20500	6250
210	21000	6400	215	21500	6550	220	22000	6700	225	22500	6850
230	23000	7000	235	23500	7150	240	24000	7300	245	24500	7450
250	25000	7600	255	25500	7750	260	26000	7900	265	26500	8100
270	27000	8250	275	27500	8400	280	28000	8550	285	28500	8700
290	29000	8850	295	30000	9150						
310	31000	9450				300	30000	9150			
330	33000	10050				320	32000	9750			
350	35000	10650				340	34000	10350			
370	37000	11300				360	36000	10950			
390	39000	11900				380	38000	11600			
						400	40000	12200			
410	41000	12500				430	43000	13100			
450	45000	13700				470	47000	14350			
490	49000	14950				510	51000	15550			
o.s.frv. o.s.frv. o.s.frv.						o.s.frv. o.s.frv. o.s.frv.					

* Að því undanteknu þegar breytt tafla um farflugslög, sem styðst við alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag um hæðabil, sem er minna en 1000 fet (300 m) er í gildi fyrir loftför á flugi ofar fluglagi (FL) 290 á ákveðnum svæðum og við sérstakar aðstæður.

** Segulferill (misvísandi). Á heimskautasvæðum yfir 70 gráðum norðlægrar og suðlægrar breiddar og á þeim viðbótarsvæðum, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald ákveða, skal þó nota svonefnda netferla sem styðjast við net af línunum samhliða Greenwich-lengdarbaug sem teiknaðar eru á pólviðdarkort (polar stereographic chart). Áttin að norðurheimskautinu á Greenwich-baugnum og öllum línunum honum samhliða kallast þá net-norður.

*** Nema frá 090° til 269° og frá 270° til 089°, þar sem alþjóðlegt svæðisbundið loftferðasamkomulag mælir svo fyrir til hagræðis fyrir ríkjandi umferðaráttir, skal tilgreina hvernig skipt er frá einu kerfinu til annars.

Ath.

Leiðbeiningarefni um hæðaraðskilnað er að finna í „Manual on Implementation of a 300 m (1.000 ft) Vertical Separation Minimum Between FL 290 and FL 410 Inclusive (Doc 9574)“.

b) á öðrum svæðum:

FERILL*

Frá 000°-179° **						Frá 180°-359° **					
blindflug flughæð			sjónflug flughæð			blindflug flughæð			sjónflug flughæð		
FL	fet	m	FL	fet	m	FL	fet	m	FL	fet	m
-90			-	-	-	0			-	-	-
10	1000	300	-	-	-	20	2000	600	-	-	-
30	3000	900	35	3500	1050	40	4000	1200	45	4500	1350
50	5000	1500	55	5500	1700	60	6000	1850	65	6500	2000
70	7000	2150	75	7500	2300	80	8000	2450	85	8500	2600
90	9000	2750	95	9500	2900	100	10000	3050	105	10500	3200
110	11000	3350	115	11500	3500	120	12000	3650	125	12500	3800
130	13000	3950	135	13500	4100	140	14000	4250	145	14500	4400
150	15000	4550	155	15500	4700	160	16000	4900	165	16500	5050
170	17000	5200	175	17500	5350	180	18000	5500	185	18500	5650
190	19000	5800	195	19500	5950	200	20000	6100	205	20500	6250
210	21000	6400	215	21500	6550	220	22000	6700	225	22500	6850
230	23000	7000	235	23500	7150	240	24000	7300	245	24500	7450
250	25000	7600	255	25500	7750	260	26000	7900	265	26500	8100
270	27000	8250	275	27500	8400	280	28000	8550	285	28500	8700
290	29000	8850	300	30000	9150	310	31000	9450	320	32000	9750
330	33000	10050	340	34000	10350	350	35000	10650	360	36000	10950
370	37000	11300	380	38000	11600	390	39000	11900	400	40000	12200
410	41000	12500	420	42000	12800	430	43000	13100	440	44000	13400
450	45000	13700	460	46000	14000	470	47000	14350	480	48000	14650
490	49000	14950	500	50000	15250	510	51000	15550	520	52000	15850
o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.

* Segulferlar eða netferlar, en þeir síðarnefndu eru notaðir á heimskautasvæðum yfir 70 gráðum norðlægrar og suðlægrar breiddar og á viðbótarsvæðum við þau sem flugumferðaryfirvöld ákveða. Netferlar ákvarðast af netlínunum sem liggja samhliða Greenwich-lengdarbaug og eru teiknaðar á heimskautakort. Áttin að norðurheimskautinu er þá nefnd netnorður.

** Nema þar sem svæðasamykkir um flugleiðsögu mæla svo fyrir að nota skuli ferla-kerfi frá 090° til 269° og frá 270° til 089° til þess að greiða fyrir ríkjandi umferðar-áttum og tilgreint er hvaða aðferðir eiga við þegar skipt er úr öðru kerfinu í hitt.

Ath.

Leiðbeiningarefni um hæðaradskilnað er að finna í „Manual on Implementation of a 300 m (1.000 ft) Vertical Separation Minimum Between FL 290 and FL 410 Inclusive (Doc 9574)“.

10. gr.

Fyrirsögn viðauka 4 orðast svo:

MANNLAUS FRJÁLS LOFTBELGUR
(Ath. - Sjá kafla 3, 3.1.9. í þessum viðbæti)

11. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og gilda þær innan lofthelgi Íslands, svo og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 11. mars 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Reykjanesbæ.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í lögsagnarumdæmi Reykjanesbæjar og virt er fasteignamati ber árlega að greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald fellur niður annist eigendur sjálfir sorphirðu á annan hátt sem viðurkenndur er af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Sorphirðugjaldið skal vera kr. 2.500.

4. gr.

Um gjalddaga og innheimtu sorphirðugjalds fer með sama hætti og fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1996

10. apríl 1996

429

Nr. 208

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 12. apríl til og með 30. apríl 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

11. apríl 1996

Nr. 209

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 152, 15. mars 1996,
um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1996.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá Laugarnesi um Engeyjarvita í 7-baujuna, þaðan er línan dregin um 6-baujuna í Hraunsnes vestan Straumsvíkur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1996

12. apríl 1996

431

Nr. 210

AUGLÝSING

**um niðurfellingu gjaldskrár nr. 289/1991 fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps,
með síðari breytingum.**

Með vísan til orkulaga nr. 58/1967 staðfestir ráðherra að felld verði úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps nr. 289 25. júní 1991, með síðari breytingum. Staðfesting þessi tekur þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

12. apríl 1996

Nr. 211

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 202/1976 fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Reglugerð nr. 202 25. mars 1976 fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í orkulögum nr. 58/1967 öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1996

Nr. 212

432

29. mars 1996

REGLUR

um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru ákvæði um hvenær skattstjóri skuli lækka tekjuskattsstofn. Í 2. mgr. 80. gr. sömu laga eru ákvæði um að skattstjóra sé heimilt að lækka eignarskattsstofn manns þegar svo standi á sem fram kemur í 1. tl. 1. mgr. 66. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 66. gr. hefur ríkisskattstjóri sett svohljóðandi reglur um skilyrði fyrir ívilnun:

Umsókn um lækkun.

Hjá skattstjórum skulu liggja frammi umsóknareyðublöð fyrir umsókn um ívilnun samkvæmt 66. gr. og 80. gr. Á þeim skal koma greinilega fram hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn. Maður sem sækir um ívilnun þarf að leggja fram fullnægjandi upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum eða á annan hátt. Ákvörðun skattstjóra um ívilnun samkvæmt umsókn með skattframtali er kæránleg til skattstjóra. Kæruúrskurði skattstjóra varðandi ívilnun má áfrýja til ríkisskattstjóra.

Skattstjóri skal taka umsóknir um lækkun skv. 66. og 80. gr. til umfjöllunar þótt þær berist eftir lok kærufrests.

Lækkun skv. 1. tl.

Ellihörleiki, veikindi, slys eða mannlát.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulíð eru að ellihörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafi haft í för með sér skert gjaldþol. Með skertu gjaldþoli er átt við að greiðslugeta manns sé skert vegna þess að hann hafi orðið fyrir verulegum kostnaði umfram bætur og styrki sem hann hefur fengið vegna framangreindra tilvika. Með kostnaði vegna ellihörleika, veikinda eða slysa í þessu sambandi er átt við dvalarkostnað á stofnunum, lyfja- og læknskostnað, kostnað vegna ferða, ýmiss konar sérútbúnaðar vegna fötlunar o.s.frv. Sýnt skal fram á að um óhjákvæmilegan kostnað sé að ræða og fyrir þurfa að liggja gögn til staðfestingar á honum. Þó skal skattstjóri veita ívilnun án umsóknar fái gjaldþegn dvalarheimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með kostnaði vegna andláts er átt við útfararkostnað ef hinn látni hefur látið eftir sig maka eða skylduómaga. Með útfararkostnaði er átt við venjulegan kostnað vegna útfarar.

Lækkun skv. 2. tl.

Veikindi eða fötlun barns sem haldið er langvinnum sjúkdómum.

Skilyrði fyrir lækkun skv. þessum tölulíð er að maður hafi veruleg útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað.

Með verulegum útgjöldum er átt við þann kostnað sem er umfram fengnar bætur, styrki og lífeyri sem greiddur er vegna kostnaðar sem af þessum tilvikum leiðir. Með kostnaði í þessu sambandi er átt við dvalarkostnað á stofnunum, lyfja- og læknskostnað, kostnað vegna ferða, ýmiss konar sérútbúnaðar vegna fötlunar o.s.frv. Sýna þarf fram á að um óhjákvæmilegan kostnað sé að ræða og leggja fram gögn til staðfestingar á honum.

Lækkun skv. 3. tl.

Framfærsla foreldra eða annarra vandamanna.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið eru sannanleg útgjöld vegna framfærslu foreldra eða annarra vandamanna. Gera þarf grein fyrir í hverju útgjöldin eru fólgin og jafnframt að sýna fram á að framfærslufé foreldris eða vandamanns, þ.e. tekjur, bætur og styrkir standi ekki undir nauðsynlegum útgjöldum vegna framfærslunnar.

Skilyrði fyrir lækkun vegna barna eldri en 16 ára sem maður hefur á framfæri sínu eru að barnið sé það tekjulágt vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum að því sé ókleift að standa undir eigin framfærslu. Miðað er við fjárhæð barnalífeyris sem hámarksívilnun og hafi barnið tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum þess.

Lækkun skv. 4. tl.

Menntunarkostnaðar barna 16 ára og eldri.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að barnið sé orðið 16 ára og stundi nám a.m.k. 3 mánuði á árinu. Hér er fyrst og fremst átt við börn á aldrinum 16-21 árs sem stunda nám að loknu grunnskólanámi þ.e. nám í mennta- eða fjölbrautaskólum, iðnnám o.þ.h. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álita. Hámarksívilnun er kr. 142.333 vegna náms sem stundað er hér á landi. Ef sótt er um hærri ívilnun vegna náms sem stundað er erlendis þarf að sýna fram á verulegan kostnað vegna námsins sem telja verður umfram venjulegan námskostnað, svo sem há skólagjöld, fargjöld o.þ.h. Ívilnun getur þó aldrei orðið hærri en tvöföld sú ívilnun sem veitt er vegna náms hér á landi. Hafi námsmaðurinn tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum hans.

Lækkun skv. 5. tl.

Verulegt eignatjón sem ekki hefur fengist bætt.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að um sé að ræða verulegt eignatjón sem ekki hafi fengist bætt úr hendi annars aðila. Með verulegu eignatjóni er hér átt við að fjárhagslegar afleiðingar tjóns sem verður á eignum manns skerði gjaldþol hans. Ívilnun kemur ekki til álita ef mögulegt er að fá tjónið bætt úr hendi annars aðila.

Lækkun skv. 6. tl.

Töp á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að gjaldþol manns sé verulega skert vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri hans. Með atvinnurekstri í þessu sambandi er átt við atvinnurekstur sem einstaklingur hefur með höndum og eignaraðild í sameignarfélagi eða hlutafélagi. Það telst þó ekki atvinnurekstur ef eignarhluti í hlutafélagi er óverulegur og aðild og tengsl manns við félagið eru þannig að ekki sé ástæða til að líta þannig á að um atvinnurekstur sé að ræða. Sé eignarhluti minni en 20% telst hann óverulegur í þessu sambandi. Skuld telst töpuð þegar sýnt hefur verið fram á á fullnægjandi hátt að hún fáist ekki greidd.

Reykjavík, 29. mars 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,
nr. 814 28. desember 1983.

1. gr.

42. gr. orðist svo:

Enginn má setja upp knattborðsstofu nema með leyfi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 14 ára mega ekki spila billjard á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa ef út af er brugðið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Símon Sigvaldason.

Nr. 214

26. mars 1996

GJALDSKRÁ

**SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda,
vegna flutnings markaðshljóðrita utan útvarpsstöðva.**

Með tilvísun til 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 1972 og skv. heimild í 2. gr. samþykta Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, staðfestum af menntamálaráðuneytinu hinn 21. júlí 1973, er hér með sett svofelld gjaldskrá:

Þóknun til SFH fyrir notkun markaðshljóðrita til opinbers tónflutnings í markaðs-söluskyni utan útvarpsstöðva skal nema 60% af samningsbundnum eða löglega ákveðnum gjöldum til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar fyrir opinberan flutning. Þó þannig að frá og með 1. mars 1996 skal álagið aðeins nema 40%. Frá og með 1. júlí 1996 50% og að lokum fullt gjald þ.e. 60% frá og með 1. júlí 1997.

Gjaldskyldir eru þeir aðilar, sem nota vernduð markaðshljóðrit til tónflutnings utan útvarpsstöðva. Þóknun til SFH greiðist, hvort heldur um er að ræða beina notkun hljóðrita eða óbeina eftir útvarpi.

Með birtingu þessari staðfestist hér með framangreind gjaldskrá á grundvelli 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 1996.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Endurprentað blað.

SAMÞYKKTIR

Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar - STEF.

1. Nafn og aðsetur.

- 1.1. Samtökin heita Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, skammstafað STEF.
- 1.2. Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

- 2.1. STEF er höfundaréttarstofnun, sem gætir höfundaréttarlegra hagsmuna innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra eigenda flutnings- og fjölföldunar- réttar tónverka og tilheyrandi texta. Samtökin starfa einungis í umboði umbjóðenda sinna og veita þeim fyrirgreiðslu, en safna ekki eignum í eigin þágu. Samtökin hafa löggildingu menntamálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt 23. grein höfundalaga nr. 73/1972.
- 2.2. Höfuðviðfangsefni STEFs í samræmi við tilgang sinn samkvæmt grein 2.1. eru þessi:
 - A) Samtökin stuðla að og beita sér fyrir varðveislu og eflingu hins einstaklings- bundna höfundaréttar með stöðugri varðgæslu á þessu sviði, beita sér fyrir nýjungum á sviði höfundaréttarlöggjafar og standa vörð um tilvist réttarins með öllum tiltækum ráðum.
 - B) Samtökin veita tónflutningsleyfi, innheimta gjöld fyrir leyfin og framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ.á m. málshöfðun til gæslu og verndar hagsmuna þessum. Leita samtökin og gera í því sambandi samninga við útvarpsstöðvar og aðra þá aðila sem tónlist flytja. Samtökin geta sett gjaldskrár fyrir flutningsrétt og eru þær háðar staðfestingu menntamálaráðuneytisins.
 - C) Samtökin veita leyfi til fjölföldunar tónlistar, innheimta gjöld fyrir leyfin og framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ.á m. málshöfðun til gæslu og verndar hagsmunum þessum. Samtökin geta falið norrænu innheimtustofnuninni á sviði fjölföldunarréttar, Nordisk Copyright Bureau, að gæta þessara hagsmuna í umboði sínu.
- 2.3. STEF á aðild að FJÖLÍS, IHM og öðrum þeim stofnunum, sem stofnsettar kunna að verða, til þess að innheimta höfundaréttargjöld og önnur sambærileg gjöld samkvæmt höfundalögum eða öðrum lögum.
- 2.4. STEF annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra réttahafta.

3. Aðild.

- 3.1. Aðildarfélag STEFs eru: Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda. Skilyrði aðildar að samtökunum eru þau að allir félagsmenn í hlutaðeigandi félagi hafi veitt STEFi beint einkaumboð til gæslu höfundaréttinda sinna yfir tónverkum, svo og til gæslu tengdra réttinda. Skulu ákvæði hér að lútandi vera í samþykktum félaganna og stjórnir þeirra sjá um að þeim sé framfylgt. Í engu atriði mega samþykktir aðildarfélaganna brjóta í bága við samþykktir STEFs.
- 3.2. Auk aðildarfélaganna eiga þeir réttahafar, sem standa utan þeirra, aðilda að stjórn og fulltrúaráði samkvæmt greinum 4.1. og 5.1.

4. Stjórn og framkvæmdastjóri.

- 4.1. Stjórn samtakanna skipa sjö menn: Þrír menn og þrír til vara, tilnefndir af Tónskáldafélagi Íslands, þrír menn og þrír til vara, tilnefndir af Félagi tónskálda og textahöfunda, og einn maður og einn til vara, kosnir af rétt höfum utan félaganna.
- 4.2. Formenn Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda og textahöfunda skulu vera sjálfkjörnir í stjórnina og skulu varaformenn félaganna vera varamenn þeirra. Að auki skal hvort félag um sig tilnefna tvo menn og tvo til vara til setu í stjórninni og skal kjörtímabil þeirra vera tvö ár þannig að einn stjórnarmaður frá hvoru félagi gangi úr stjórninni í senn. Stjórnarmaður og varamaður úr hópi rétthafa, utan féлага, skulu kjörnir þannig að annar þeirra sé úr hópi rétthafa verka alvarlegrar gerðar, en hinn úr hópi rétthafa verka léttrar gerðar. Kjörtímabil þeirra skal vera tvö ár og gegna þeir störfum aðalmanns og varamanns til skiptis, eitt ár í senn, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórnarmenn má endurkjósa.
- 4.3. Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda tilnefna formann og varaformann stjórnar STEFs úr hópi stjórnarmanna sinna í STEFi. Formaður og varaformaður skulu ævinlega vera hvor úr sínu félagi og tilnefndir til skiptis af þeim til tveggja ára í senn.
- 4.4. Réttthafar, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta sem viðsemjendur STEFs um höfundaréttargjöld, eru ekki kjörgengir til stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa fyrir samtökin né heldur þeir, sem uppvísir hafa orðið að stórfelldum höfundaréttarbrotum eða brotið hafa gegn samtökunum með öðrum hætti.
- 4.5. Um kosningu utanfélagsmanna í stjórn STEFs fer þannig að stjórn samtakanna lýsir eftir framboðum með bréfum til þeirra rétthafa, sem veitt hafa STEFi umboð sitt til réttargæslu, sbr. grein 2.1. Skal framboðsfrestur vera einn mánuður. Hafi jafnmargir boðið sig fram og kjósa á innan framboðsfrests teljast þeir sjálfkjörnir. Að öðrum kosti skal stjórnin kjósa þriggja manna kjörstjórn til þess að annast framkvæmd kosninganna. Kjörstjórnin tilkynnir hlutaðeigandi rétt höfum hverjir séu í kjöri og sendir jafnframt út kjörseðla til þeirra, tekur við atkvæðum, annast talningu þeirra og úrskurðar öll ágreiningsatriði í sambandi við kosninguna. Frestur til þess að skila kjörseðlum til skrifstofu samtakanna skal vera einn mánuður. Réttthafar hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við réttindamagn og miðast það við úthlutunarfjárhæð til rétthafa næsta ár á undan kosningu. Hvert fyllt þúsund úthlutunarfjárhæðar jafngildir einu atkvæði, en enginn rétthafi getur þó farið með meira en tíu af hundraði samanlagðra atkvæða. Sá aðili, sem tekur við greiðslum fyrir hönd rétthafahóps, skal fara með atkvæðisrétt fyrir hópinn í kosningunni. Stjórn samtakanna skal setja nánari reglur um tilhögun kosninganna ef ástæða þykir til.
- 4.6. Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við ákvarðanir fulltrúaráðs samkvæmt grein 5.2. Stjórnin skal annast um að skipulag samtakanna og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundi skal boða með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða þrír stjórnarmanna óska þess.
- 4.7. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum. Þó getur formaður STEFs eða varaformaður, hvor um sig, beitt neitunarvaldi gegn framkominni tillögu enda séu aðrir fulltrúar sama félags í stjórn STEFs því sammála.
- 4.8. Stjórn STEFs ræður framkvæmdastjóra samtakanna, en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þeirra. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri samtakanna í sam-

ræmi við ákvarðanir stjórnar og fulltrúaráðs samtakanna. Telji framkvæmdastjóri að einhver ákvörðun stjórnar eða fulltrúaráðs brjóti í bága við lög eða reglur þær, sem samtökin skulu starfa eftir, getur hann neitað að framkvæma þá ákvörðun, en skjóta ber hann málinu svo fljótt sem því verður við komið til endanlegs úrskuðar menntamálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóri hefur rétt og skyldu til fundarsetu á stjórnarfundum og fulltrúaráðsfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4.9. Undirskrift fjögurra stjórnarmanna er nægileg til þess að skuldbinda samtökin.

5. Fulltrúaráð.

5.1. Fulltrúaráð STEFs skipa átján fulltrúar: Fimm menn og fimm til vara, tilnefndir af hvoru aðildarfélagi um sig, aðalmenn hvors aðildarfélags um sig í stjórn STEFs og aðalmaður og varamaður úr hópi rétthafa, utan félaga, í stjórn STEFs.

5.2. Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum samtakanna.

5.3. Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í maímánuði ár hvert og skal taka fyrir þessi mál á fundinum:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir liðið ár.
2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga samtakanna fyrir liðið ár.
3. Tilkynningu um kosningu stjórnar fyrir næsta starfsár.
4. Kosningu tveggja endurskoðenda og tveggja til vara fyrir næsta starfsár. Skal annar endurskoðenda vera félagsmaður í Tónskáldafélagi Íslands, en hinn í Félagi tónskálda og textahöfunda.
5. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
6. Önnur mál.

5.4. Aðra fulltrúaráðsfundi skal boða þegar stjórn ákveður eða endurskoðendur eða þrír fulltrúaráðsmanna óska þess.

5.5. Stjórn STEFs skal boða til fulltrúaráðsfunda bréflaga og skal geta dagskrár í fundarboði. Aðalfund skal boða með tveggja vikna fyrirvara, en aðra fundi með einnar viku fyrirvara.

5.6. Formaður fulltrúaráðsins stjórnar fundum þess. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði, nema 4/5 hlutar fundarmanna samþykki. Afl atkvæða ræður á fulltrúaráðsfundum nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum. Þó getur formaður STEFs eða varaformaður, hvor um sig, beitt neitunarvaldi gegn framkominni tillögu enda séu aðrir fulltrúar sama félags, sem fund sækja, því sammála.

6. Meðferð fjármála.

6.1. Tekjum STEFs skal varið sem hér segir:

- A) Af heildartekjum skal fyrst greiða opinber gjöld, ef á verða lögð, og síðan allan rekstrarkostnað samtakanna.
- B) Af því fé, sem þá verður eftir, skal greiða allt að 15% til tónmenntasjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna.
- C) Það fé, sem þá verður eftir, skiptist með þeim, er flutningsrétt eiga á verkum sem samtökin innheimta gjöld fyrir, eftir þeim reglum sem settar verða af samtökunum í samræmi við reglur hliðstæðra samtaka í aðildarríkjum Bernarsáttmálaus, en reglur þessar skulu vera staðfestar af menntamálaráðuneytinu. Í reglunum má af hagkvæmnisástæðum kveða á um einföldun úthlutunar til innlendra og erlendra rétthafa í samræmi við hefðir sem skapast hafa í þessu efni.

6.2. Athugasemdir við afreikning frá STEFi ber að senda skrifstofu samtakanna innan þriggja mánaða frá því að tilkynning um afreikning var send rétthafa enda er samtök-

unum ekki skylt að taka til greina athugasemdir við afreikning, þær er síðar koma fram.

- 6.3. Reikningsár STEFs er almanaksárið.
- 6.4. Ársreikningur STEFs skal endurskoðaður ár hvert af löggiltum endurskoðanda og sendur kjörnum endurskoðendum samtakanna, en þeir skulu aftur senda ársreikninginn til stjórnar STEFs með athugasemdum sínum. Skal reikningurinn síðan, ásamt öðrum reikningum samtakanna, lagður fyrir aðalfund fulltrúaráðs þeirra til samþykktar. Þeir fulltrúaráðsmenn, sem þess óska, geta fengið afhent eintak af ársreikningum daginn fyrir aðalfund.

7. Önnur ákvæði.

- 7.1. Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi fulltrúaráðsins, þar sem 3/4 hlutar fulltrúa eru mættir og 4/5 hlutar þeirra greiða breytingunni atkvæði.
- 7.2. STEF verður því aðeins lagt niður að um það sé gerð samþykkt á fundi í fulltrúaráði STEFs eftir þeim reglum sem greindar eru í grein 7.1. Skal þá sá fundur ráðstafa eignum samtakanna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að slitum þeirra lúta.
- 7.3. Samþykktir þessar öðlast gildi nú þegar.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þegar eftir að samþykktir þessar hafa hlotið samþykki skal Félag tónskálda og texta-
höfunda tilnefna formann STEFs til tveggja ára og Tónskáldafélag Íslands varaformann til sama tíma, sbr. grein 4.3.

Samþykkt á aðalfundi STEFs 16. maí 1992.

Með birtingu þessari staðfestist hér með lögformleg viðurkenning Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar - STEF á grundvelli 23. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1992.

Menntamálaráðuneytinu, 1. mars 1996.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 210/1993 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 29. mars 1996.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 9 12. janúar 1996. Eftirtaldir gjaldskrártaxtar hækka um 2,14%:

Taxti:		Var:	Verður:
A1. (heimili, vélar o.fl.)	Orka	6,30 kr/kWh	6,43 kr/kWh
	Fastagjald	2.258,00 kr/a	2.306,00 kr/a
C2. (afl- og orkumæling)	Orka	2,44 kr/kWh	2,49 kr/kWh
	Afl	10.811,00 kr/kW/a	11.042,00 kr/kW/a
F2. (vinnuljós)	Orka	6,30 kr/kWh	6,43 kr/kWh
	Fastagjald	2.258,00 kr/a	2.306,00 kr/a
F5. (gatnalýsing)	Aflgjald	19.557,00 kr/kW/a	19.976,00 kr/kW/a

Iðnaðarráðuneytinu, 16. apríl 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um kakó- og súkkulaðivörur.

I. KAFLI

Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um kakó- og súkkulaðivörur, sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahags-svæðis.

Þær vörur sem skilgreindar eru í viðauka 1 er ekki heimilt að markaðssetja nema þær séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- heiti vörunnar í samræmi við skilgreiningar í viðauka 1. Fyrir fyllt súkkulaði skulu í tengslum við heiti fylgja upplýsingar um þá tegund fyllingar sem notuð er;
- fyrir sykrað kakóduft, sætt kakóduft, sykrað og fituskert kakóduft, fituskert, sætt kakóduft, suðusúkkulaði og sætt suðusúkkulaði, mjólkursúkkulaði og rjómasúkkulaði, upplýsingar um heildarinnihald kakópurrefna með áletruninni „minnst % kakópurrefni“. Vörur þessar eru skilgreindar í liðum 10-13, 16-17 og 21-22 í viðauka 1;
- fyrir fyllt súkkulaði og súkkulaði sem er unnið úr öðrum súkkulaðivörum en suðusúkkulaði og hjúpsúkkulaði, upplýsingar um tegund eða tegundir af súkkulaði sem notaðar eru;
- frekari upplýsingar þar sem við á samkvæmt liðum 5-8 í viðauka 2. Fyrir vörur sem pakkað er í 10 kg einingar eða meira (nettóþyngd) og ekki eru ætlaðar til smásölu er heimilt að upplýsingarnar sem um getur í liðum b-d komi aðeins fram í fylgiskjölum.

3. gr.

Við heitin „suðusúkkulaði“ eða „mjólkursúkkulaði“ er heimilt að bæta tilvísun til ákveðinna gæða vörunnar ef:

- í suðusúkkulaðinu eru að minnsta kosti 43% af kakópurrefnum og þar af að minnsta kosti 26% kakósmjör;
- í mjólkursúkkulaðinu eru í mesta lagi 50% af súkrósa, að minnsta kosti 30% kakópurrefni og 18% mjólkurpurrefni, þar af að minnsta kosti 4,5% mjólkurfita.

II. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Innlendir framleiðendur eða innflytjendur eru ábyrgir fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka 1 séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 6. tölul., tilskipun 73/241/EBE um kakó og súkkulaðivörur, með síðari breytingum. Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 54/1936 um kakaó og kakaóvörur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. júlí 1997 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfissráðuneytinu, 12. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1

Skilgreiningar.

1. Kakóbaunir

Gerjuð og þurrkuð fræ kakótrésins (*Theobroma cacao* L.).

2. Kakókjarnar

Brenndar eða óbrenndar kakóbaunir, sem innihalda í mesta lagi 5% leifa af hýði eða kími og mest 10% af ösku miðað við magn af fitusnauðu þurrefni, eftir að hafa verið hreinsaðar, flysjaðar og kím fjarlægð.

3. Kakósalli

Hlutar kakóbauna í smáögnum sem safnað er sérstaklega saman við aðskiljun hýðis og kíms. Fituinnihald skal að minnsta kosti vera 20% miðað við þyngd þurrefnis.

4. Kakómassi

Kakókjarnar sem eru pressaðir saman í massa án þess að tapa við það nokkru af náttúrulegu fituinnihaldi sínu.

5. Kakódeig

Kakókjarnar eða kakómassi sem er breytt í köku, sem inniheldur að minnsta kosti 20% af kakósmjóri miðað við þyngd þurrefnis og í mesta lagi 9% af vatni.

6. Fituskert kakódeig

Kakódeig sem inniheldur að minnsta kosti 8% af kakósmjóri miðað við þyngd þurrefnis.

7. Skrúfupressað kakódeig

Kakóbaunir, kakósalli eða kakódeig, sem breytt er í köku með skrúfupressuaðferð.

8. Kakó, kakóduft

Kakódeig sem er framleitt með vökvaprýstingi og breytt í duft og inniheldur að minnsta kosti 20% af kakósmjóri miðað við þyngd þurrefnis og í mesta lagi 9% af vatni.

9. Fituskert kakó/kakóduft

Kakóduft sem inniheldur að minnsta kosti 8% af kakósmjóri miðað við þyngd þurrefnis.

10. Sykrað kakó/kakóduft

Vara sem fæst með því að blanda saman kakódufti og súkrósa þannig að 100 g blöndunnar innihaldi minnst 32 g af kakódufti.

11. Sætt kakóduft (í drykki)

Vara sem fæst með því að blanda saman kakódufti og súkrósa þannig að 100 g blöndunnar innihaldi minnst 25 g af kakódufti.

12. Sykrað og fituskert kakó/kakóduft

Vara sem fæst með því að blanda saman fituskertu kakódufti og súkrósa þannig að 100 g blöndunnar innihaldi minnst 32 g af fituskertu kakódufti.

13. Fituskert, sætt kakóduft

Vara sem fæst með því að blanda saman fituskertu kakódufti og súkrósa þannig að 100 g blöndunnar innihaldi minnst 25 g af fituskertu kakódufti.

14. Kakósmjör

Kakósmjör er fita sem fæst úr kakóbaunum eða hluta þeirra og er í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

Kakósmjör eða pressað kakósmjör

Kakósmjör sem er framleitt með pressun úr eftirtöldum hráefnum: Kakókjörnum, kakómassa, kakódeigi og fituskertu kakódeigi.

Einkenni:

Ósápanlegt efni (ákvarðað með leysiefni (petroleum ether))	mest 0,35%
Fríar fitusýrur (gefið upp sem olíusýra)	mest 1,75%

Skrúfupressað kakósmjör

Kakósmjör sem er framleitt með því að skrúfupressa kakóbaunir, einar sér eða með kakókjörnum, kakómassa, kakódeigi eða fituskertu kakódeigi.

Einkenni:

Ósápanlegt efni (ákvarðað með leysiefni (petroleum ether))	mest 0,5%
Fríar fitusýrur (gefið upp sem olíusýra)	mest 1,75%

Hreinsað kakósmjör

Kakósmjör sem framleitt er með pressun, skrufupressun, útdrætti með leysiefnum eða öllum þessum aðferðum úr eftirtöldum hráefnum: Kakóbaunum, kakókjörnum, kakósalla, kakómassa, kakódeigi, fituskertu kakódeigi, skrufupressuðu kakódeigi. Varan er hreinsuð í samræmi við b-lið 4 t.l. viðauka 2.

Þegar kakófiti er notuð sem aukahráefni við framleiðslu hreinsaðs kakósmjörs, skal hún framleidd úr ofanefndum hráefnum.

Einkenni:

Ósápanlegt efni (ákvarðað með leysiefni (petroleum ether))	mest 0,5%
Fríar fitusýrur (gefið upp sem olíusýra)	mest 1,75%
Hlutfall fitu úr hýði og kími	ekki hærra en náttúrulegt innihald í kakóbaunum.

15. Kakófita

Fita sem er framleidd úr kakóbaunum eða kakóbaunahlutum og hefur ekki þá eiginleika sem mælt er fyrir um í ýmsum flokkum kakósmjörs.

16. Suðusúkkulaði

Vara sem framleidd er úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbættis kakósmjörs. Í suðusúkkulaði skal vera minnst 35% af kakóþurrefnum, þar af að minnsta kosti 14% af fitusnauðum kakóþurrefnum og 18% af kakósmjöri. Þetta hlutfall skal reiknað út eftir að þýngd annarra innihaldsefna (sbr. 6.-8. t.l. viðauka 2) hefur verið dregin frá.

17. Sætt suðusúkkulaði

Vara sem framleidd er úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbættis kakósmjörs. Í vörunni skal vera að minnsta kosti 30% af kakóþurrefnum, þar af að minnsta kosti 12% af fitusnauðum kakóþurrefnum og 18% af kakósmjöri. Þetta hlutfall skal reiknað út eftir að þýngd annarra innihaldsefna (sbr. 6.-8. t.l. viðauka 2) hefur verið dregin frá.

18. Súkkulaðispæmir, súkkulaðiþlögur

Súkkulaði í spónum eða flögum sem í er að minnsta kosti 32% af kakóþurrefnum og þar af 12% kakósmjör.

19. Hnetusúkkulaði („Gianduja“ eða annað orð dregið af „gianduja“)

Vara sem annars vegar er framleidd úr súkkulaði sem inniheldur að minnsta kosti 32% kakóþurrefni, þar af að minnsta kosti 8% fitusnautt kakóþurrefni og hins vegar úr fínulduðum heslihnetum þannig að í 100 g vörunnar eru ekki minna en 20 g og ekki meira en 40 g af hnetum.

Einnig er heimilt að bæta við eftirfarandi:

- mjólk eða sambærilegum þykktum/þurrkuðum mjólkurvörum þannig að í fullunninni vöru sé ekki meira en 5% af þurrmjólk og þar af ekki meira en 1,25% af mjólkurfitu;
- möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annað hvort heilum eða í bitum, þannig að til samans, ásamt muldum heslihnetunum, eru þær ekki meira en 60% af heildarþýngd vörunnar.

20. Hjúpsúkkulaði

Súkkulaði sem inniheldur minnst 31% af kakósmjöri og 2,5% af fitusnauðum kakópurrefnum. Dökkt hjúpsúkkulaði skal innihalda minnst 31% af kakósmjöri og 16% af fitusnauðum kakópurrefnum.

21. Mjólkursúkkulaði

Vara sem framleidd er úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbættis kakósmjörs. Einnig úr mjólk eða mjólkurpurrefnum og þar sem við á úr rjóma, þykktum rjóma, smjöri eða mjólkurfitu.

Varan skal einkennast af eftirfarandi:

- kakópurrefni samtals að minnsta kosti 25%
- fitusnauð kakópurrefni að minnsta kosti 2,5%
- mjólkurpurrefni samtals að minnsta kosti 14%
- mjólkurfita að minnsta kosti 3,5%
- fita samtals að minnsta kosti 25%
- súkrósi ekki meira en 55%

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd annarra innihaldsefna (sbr. 6.-8. tl. viðauka 2) hefur verið dregin frá.

22. Rjómasúkkulaði

Vara sem framleidd er úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti, eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbættis kakósmjörs. Einnig úr mjólk eða mjólkurpurrefnum og hugsanlega rjóma eða sambærilegum þykktum/þurrkuðum mjólkurvörum, smjöri eða mjólkurfitu.

Varan skal einkennast af eftirfarandi:

- kakópurrefni samtals að minnsta kosti 20%
- fitusnauð kakópurrefni að minnsta kosti 2,5%
- mjólkurpurrefni að minnsta kosti 20%
- mjólkurfita að minnsta kosti 5%
- fita samtals að minnsta kosti 25%
- súkrósi ekki meira en 55%

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd annarra innihaldsefna (sbr. 6.-8. tl. viðauka 2) hefur verið dregin frá.

23. Mjólkursúkkulaðispænis, mjólkursúkkulaði flögur

Mjólkursúkkulaði í spónum eða flögum með eftirfarandi einkenni:

- kakópurrefni samtals að minnsta kosti 20%
- mjólkurpurrefni samtals að minnsta kosti 12%
- mjólkurfita að minnsta kosti 3%
- fita samtals að minnsta kosti 12%
- súkrósi ekki meira en 66%

24. Mjólkurhnetusúkkulaði („Gianduja“ eða annað orð dregið af „gianduja“)

Vara sem er annars vegar framleidd úr mjólkursúkkulaði sem inniheldur að minnsta kosti 10% af þurrmjólk og hins vegar úr fínmuldum heslihnetum þannig að í 100 g af vörinni er ekki meira en 40 g og ekki minna en 15 g af heslihnetum. Heimilt er að bæta við möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annað hvort heilum eða í bitum, þannig að til samans, ásamt muldu heslihnetunum, séu þær ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar.

25. Hjúpmjólkursúkkulaði

Mjólkursúkkulaði sem inniheldur að minnsta kosti 31% fitu.

26. Hvítt súkkulaði

Vara sem er framleidd úr kakósmjöri, súkrósa, mjólk, rjóma eða sambærilegum þykktum/þurrkuðum mjólkurvörum, smjöri eða mjólkurfitu og inniheldur ekki litarefni.

Varan skal einkennast af eftirfarandi:

- kakósmjör að minnsta kosti 20%
- mjólkurþurrefni samtals að minnsta kosti 14%
- mjólkurfita að minnsta kosti 3,5%
- súkrósi að minnsta kosti 55%

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd annarra innihaldsefna (sbr. 6.-8. tl. viðauka 2) hefur verið dregin frá.

27. Fyllt súkkulaði

Fyllt vara sem er hjúpuð suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, hnetusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hnetumjólkursúkkulaði, hjúpmjólkursúkkulaði eða hvítu súkkulaði. Hjúpurinn skal vera að minnsta kosti 25% af heildarþyngd vörunnar.

28. Súkkulaðikonfekt

Vara sem er einn munnbiti að stærð, inniheldur að minnsta kosti 25% súkkulaði og er ýmist:

- fyllt súkkulaði;
- blanda af suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, hnetusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hnetumjólkursúkkulaði, hjúpmjólkursúkkulaði eða hvítu súkkulaði. Varan getur innihaldið önnur hráefni svo fremi að þeir hlutar sem eru úr súkkulaði sjáist greinilega eða að minnsta kosti að hluta til;
- blanda af suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði eða hjúpmjólkursúkkulaði og öðrum innihaldsefnum, fyrir utan:
 - mjöl eða sterkju
 - fitu aðra en kakósmjör og mjólkurfitu.

Viðauki 2**Aðferðir og innihaldsefni****1. Alkalisering**

- Einungis er heimilt að alkalísera kakóbaunir, kakókjarna, kakósalla, kakómassa, kakódeig, fituskert kakódeig, skrufupressað kakódeig, kakóduft og fituskert kakóduft með ammóníaklausn og efnum sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð nr. 579/1993 um aukefni í matvælum.
- Hafi vara verið meðhöndluð á þann hátt sem lýst er hér að framan skal magn ösku ekki fara yfir 14% miðað við þyngd fitusnaðs þurrefnis.

2. Notkun leysiefna

- Notkun leysiefna við útdrátt á kakósmjöri skal vera í samræmi við reglugerð nr. 289/1994 um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði.
- Við framleiðslu á kakó- og súkkulaðivörum er óheimilt að nota kakóhýði, kakókím eða annan kakóúrgang sem til fellur við framleiðslu á kakósmjöri með leysiefnum.

3. Kakóbaunir

Við framleiðslu á kakó- og súkkulaðivörum er óheimilt er að nota kakóbaunir sem eru skemmdar, óheilmæmar eða í ósöluhæfu ástandi.

4. Kakósmjör

- a) Við meðhöndlun á kakósmjöri er einungis heimilt að nota eftirfarandi aðferðir:
- síun, skiljun í skilvindu og aðrar eðlisfræðilegar aðferðir sem almennt eru notaðar til að hreinsa burt kvoðu;
 - meðhöndlun með gufu undir þrýstingi og aðrar eðlisfræðilegar aðferðir sem almennt eru notaðar til að eyða lykt.
- b) Hreinsað kakósmjör er meðhöndlað á eftirfarandi hátt:
- með basískum efnum eða áþekktum efnum sem almennt eru notuð til hlutleysingar;
 - með einu eða fleiri eftirfarandi efna: Bentóníti, virkum kolum eða öðrum áþekktum efnum sem almennt eru notuð sem aflitunarefni.

5. Sykur

Heimilt er að vörurnar sem taldar eru upp í viðauka 1 innihaldi í stað súkrósa:

- kristallaðan glúkósa (dextrósa), frúktósa, laktósa eða maltósa, sem samanlagt er allt að 5% af heildarþyngd vörunnar;
- kristallaðan glúkósa (dextrósa) í magni sem er meira en 5% en ekki yfir 20% af heildarþyngd vörunnar. Í þessu tilviki skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í tengslum við heiti vörunnar: „með kristölluðum glúkósa“ eða „með dextrósa“.

6. Aukefni

Við framleiðslu á kakó- og súkkulaðivörum skal notkun aukefna ávallt vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 579/1993 um aukefni í matvælum.

7. Bragðefni

- a) Heimilt er að bæta etýlvanillíni og öðrum bragðefnum, að undanskildum bragðefnum sem gefa bragð sem líkist venjulegu súkkulaði eða mjólkurfitu, í kakómassa, í ýmsar tegundir kakódufts, í suðusúkkulaði, í mjólkursúkkulaði, í hvítt súkkulaði og súkkulaði-konfekt.
- b) Með fyrirvara um ákvæði 8. tl. skulu nánari upplýsingar um notkun bragðefna fylgja heitinu á:
- kakómassa, hjúpsúkkulaði og hjúpmjólkursúkkulaði;
 - kakódufti, suðusúkkulaði og mjólkursúkkulaði, að undanskildu hjúpsúkkulaði og hvítu súkkulaði, þegar áhrif bragðefna eru ríkjandi.

Nánari upplýsingar felast í:

- þegar notað er bragðgefandi hráefni skal heiti þess koma fram;
- þegar etýlvanillín er notað skal merkingin „með etýlvanillíni“ eða „með etýlvanillín-bragði“ koma fram;
- þegar önnur bragðefni en etýlvanillín eru notuð skal merkingin „með bragði“, ásamt upplýsingum með jafnstórum stöfum um eðli bragðsins, koma fram. Allar vísanir til náttúrulegs uppruna skulu takmarkast við náttúruleg bragðefni.

8. Önnur hráefni

- a) Heimilt er að bæta öðrum hráefnum en mjöli, sterkju, fitu eða blöndu af fitu, sem er ekki eingöngu unnin úr mjólk, í suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hjúpmjólkursúkkulaði og hvítt súkkulaði.

- Miðað við heildarþyngd fullunninnar vöru skal heildarmagn þessara efna ekki vera:
- minna en 5% eða meira en 40% þegar um vel greinanlega efnisþætti er að ræða;
 - meira en 30% ef þeim er bætt í vöruna á þann hátt að ekki er unnt að greina hvern efnisþátt;
 - meira en 40% ef þeim er bætt í vöruna bæði sem vel sýnilegum og aðskildum efnisþáttum og á þann hátt að ekki er unnt að greina á hvaða formi efnin eru.
- b) Upplýsingar um hráefni sem bætt er í vöruna skulu fylgja heiti hennar. Slík merking skal þó ekki koma fram þegar um er að ræða:
- kaffi og alkóhól þegar magn þessara hráefna er undir 1% af heildarþyngd vörunnar;
 - önnur hráefni sem ekki eru vel greinanleg og magn þeirra er undir 5% af heildarþyngd vörunnar.
- c) Þegar um er að ræða fyllt súkkulaði og súkkulaðikonfekt skulu hráefnin sem um getur í a-lið ekki talin með súkkulaðihlutanum, sem samkvæmt tölulíðum 27 og 28 í viðauka 1 verður að vera minnst 25% af heildarþyngdinni.
- d) Heimilt er að hjúpa suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjóma-súkkulaði, hvítt súkkulaði, fyllt súkkulaði og súkkulaðikonfekt að hluta til með öðrum hráefnum, sem eru í mesta lagi 10% af heildarþyngd þess. Í þeim tilvikum skulu:
- hjúpefnin talin til annarra hráefna sbr. a-lið;
 - 25% mörkin sem sett eru fyrir innihald ýmissa tegunda súkkulaðis í fylltu súkkulaði og súkkulaðikonfekt gilda um heildarþyngd vörunnar, hjúpurinn þar með talinn.

11. apríl 1996

Nr. 219

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi.

1. gr.

Árlegt gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. staflið c, 2. gr. samþykktar nr. 265/1991 um hundahald í Þórshafnarhreppi skal vera kr. 6.500.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 3. gr. samþykktar nr. 265/1991 skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, kr. 5.500 í annað skipti og kr. 8.500 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 11. apríl 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akranesi.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi frá 15. apríl 1996, skulu árlega greiða fyrir það kr. 8.500 í bæjarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda sem teknir eru lausir s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömungargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn	kr. 4.000
Í annað sinn	“ 6.000
Í þriðja sinn	“ 8.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er gjalddagi leyfisgjalda fyrir árið 1996 15. maí og eindagi 15. júní.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akranesi.

1. gr.

Hundahald er bannað í bænum að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Akr. og númer auk símanúmers eiganda hundsins.

- Einnig skal festa við ólina merki sem sýnir að leyfisgjald sé greitt og hundur hreinsaður. Upplýsingar um hundinn skulu færðar í þar til gerða bók hjá Heilbrigðis-
eftirliti Akranessvæðis. Þar skal skráð nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa ásamt
upplýsingum um hundinn s.s. aldur, kyn, lit, tegund og önnur einkenni. Hundaeiganda
ber að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu um aðseturskipti. Einnig skal tilkynna eftirlitinu
ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Hvolpar skulu skráðir fyrir
6 mánaða aldur.
2. Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu
fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann
síðar að verða. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er
óheimilt að framselja það.
 3. Skyld er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttrygg-
ingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til alls tjóns sem hundur kann að valda
mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir
við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs eftirlitsgjalds.
 4. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila
sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund þó í taumi sé
inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir svo og
starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla
matvæla á sér stað. Einnig er bannað að hafa með sér hund á þá staði sem slíkt er
bannað sérstaklega með merkingu.
 5. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski eigi ró manna né verði
þeim til óþæginda.
 6. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki allra
íbúðareigenda á sama stigagangi fylgja umsókninni sbr. lög um fjöleignahús nr.
26/1994.
 7. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs við skráningu og eftirlit með hundum,
skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda sem undanþága er veitt
fyrir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega
með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan
tveggja mánaða frá eindaga fellur leyfið úr gildi. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð
gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir.
 8. Við greiðslu gjalds þessa ber hundaeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu
váttryggingargjalds samkvæmt 2. tl. þessarar greinar, váttryggingarskírteini, vottorð
dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður
af bandormum svo og önnur skilríki er máli skipta samkvæmt lögum þar að lútandi
og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda. Hundar, sem blindir menn
og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar svo og leitarhundar, eru undanþegnir
leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum 2. gr.
 9. Hundar skulu árlega færðir til hreinsunar.

3. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hlutaðeigandi sæta skriflegri áminningu
og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða,
skal afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni
og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi
sig ekki fram eða vitji hans innan sjö sólarhringa, hefur eftirlitsmaður og lögreglan heimild

til þess að ráðstafa eða fá dýralækni til að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis og auglýsinga skal eigandi greiða. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun þeirra. Sé um handsömun á ómerkum hundi að ræða, skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt t.d. í útvarpi. Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbættri sekt samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Hundaeftirlitsmaður starfar á Akranesi á ábyrgð heilbrigðisnefndar. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald og starf sitt vegna þess. Hundaeftirlitsmaður skal eftir því sem tilefni er til hafa samráð við Félag hundaeiganda á Akranesi um það hvernig haga skuli eftirlitinu, skráningu hunda og varðandi önnur þau atriði sem varða hundahald á Akranesi.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra og hundaeftirlitsmanni án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni. Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 12/1980 um hundahald á Akranesi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. apríl 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins, sem viðurkennd er af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 5.500 fyrir íbúðarhúsnæði. Bæjarstjórn skal skipa fyrir-tækjum í flokka m.a. eftir sormagni. Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	kr.	5.500	6. flokkur	kr.	75.000
2. flokkur	kr.	12.500	7. flokkur	kr.	112.500
3. flokkur	kr.	25.000	8. flokkur	kr.	150.000
Prófgreinar skulu miðast við kennslugreinar og námsefni á námskeiði skv. II. kafla. Prófnefnd ákveður nánar úr hvaða námsefni prófað er.

9. gr.

Prófnefnd stendur fyrir prófum og ákveður hvar og hvenær próf skuli haldin.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Prófmaður skal hafa a.m.k. 4 klst. til að vinna að úrlausn sinni. Prófnefnd ákveður nánar próftíma fyrir hvert próf.

10. gr.

Kennari, sem annast hefur kennslu á námskeiði skv. II. kafla, semur, fer yfir og gefur einkunnir vegna prófverkefnis í viðkomandi grein, sbr. þó 8. gr.

Prófmaður á rétt á að fá útskýringar kennara á mati úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji prófmaður, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann skotið því til endurmats prófnefndar. Mat prófnefndar á úrlausn eða staðfesting á einkunn kennara er endanleg.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf þarf prófmaður að hljóta einkunnina 7,0. Standist prófmaður ekki próf getur hann sótt um að endurtaka það einu sinni, enda hafi umsókn borist prófnefnd innan 45 daga frá því að einkunnir voru birtar. Einnig er prófmanni heimilt að þreyta próf næst þegar reglulegt próf er haldið, án þess að sækja námskeið, þó ekki oftár en einu sinni.

Prófnefnd skal staðfesta með skirteini að prófmaður hafi staðist eignaskiptayfirlýsinga-próf.

IV. KAFLI

Lagaheimild og gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 7. mgr. 16. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. 2. gr. laga nr. 136/1995, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Garðabæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. apríl 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi í Molduhrauni frá 14. september 1988, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar varða lóðirnar Suðurhraun 2 og 2a og eru fölgjar í því að þær skiptast í 6 lóðir með breyttum aðkomum.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. apríl 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins er sérstök fjallskiladeild, nema þar sem sveitarfélög eru sameinuð, þar skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið. Héraðsnefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meirihluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Héraðsnefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa fjallskilanefnd, sem sér um framkvæmd fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar. Þá skal kjósa fjallskilastjóra, sem er framkvæmdastjóri fjallskilanefndar, eða sveitarstjórnar eftir því sem við á, varðandi fjallskilamál. Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, skulu sveitarstjórnir kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr sveitarsjóði.

II. KAFLI

Um bókhald og fjallskilasjóði.

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að skrá í sérstaka fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar allt það sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Þar skal vera skrá yfir allar afréttir og ógirt heimalönd sem liggja að afréttum innan deildarinnar, lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá yfir afréttir ber að senda til skrifstofu héraðsnefndar og skal hún þar varðveitt með öðrum skjölum nefndarinnar. Auk þessa getur héraðsnefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum eða gerðabókum sveitarstjórna að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur og fylgja honum.

Til að standa straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalrétta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðunum sveitarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem og öll önnur gjöld, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á búfjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Niðurjafnað gjald á allt búfé í afréttum og ógirtum heimalöndum.
- b. Andvirði óskilabúfjár.
- c. Bætur fyrir gangnarof samkv. 44. gr. afréttalaga nr. 6/1986.
- d. Tillag úr sveitarsjóði eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og 42. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- e. Álag á landverð jarða sbr. 42. gr. afréttalaga nr. 6/1986.

III. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

6. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og ógirt heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um afréttamál og samþykkt þessari.

7. gr.

Eigendum og/eða ábúendum jarða er heimilt að nota ógirt heimaland og afrétt, sem liggur undir einstaka jörð til upprekstrar eigin búfjár, svo og leyfa innansveitarmönnum upprekstur, enda sé beutiland viðkomandi aðila viðurkennt nægilegt að mati gróðurverndarnefndar sýslunnar. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Enginn má hins vegar leyfa utansveitarmönnum að nota ógirt heimaland sitt eða afrétt til upprekstrar nema það sé heimilað af sveitarstjórn.

Ábúendum eða eigendum jarða er skylt að hafa girðingar sem aðskilja tún, engi og bithaga frá upprekstrarheimalandi, fjárheldar hverjum á sínu landi og bera kostnað af því. Sé það vanrækt fer eftir ákvæðum girðingarlaga. Ef ábúendur jarða er næst liggja afrétt verða fyrir ágangi afréttarfénaðar geta þeir óskað eftir girðingu er varni áganginum, skv. 32. gr. afréttalaga nr. 6/1986. Kostnaði við girðingu skal skipt þannig að eigendur eða notendur afréttarinnar greiði 4/5 kostnaðar en eigendur eða ábúendur viðkomandi jarða greiði 1/5 kostnaðar, skv. 7. gr. girðingarlaga nr. 10/1965, og er þá bæði átt við stofnkostnað og viðhaldskostnað. Sá er tekur fénað í hagagöngu ber sömu ábyrgð á honum og væri hann hans eigin, hvað varðar fjallskil, ágang og usla í annarra landi.

Liggi heimalönd fjallskiladeilda saman, og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og ætti ein fjallskiladeild í hlut. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afrétt, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarlönd öðlast því aðeins gildi að héraðsnefnd samþykki þær.

8. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landnot hafa í sveitarfélagi eða á félagssvæði.

Um afréttargjald til eigenda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildi aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

9. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt eða ógirt heimaland fer eftir afréttalögum nr. 6/1986, III. kafla.

IV. KAFLI
Rekstur til afrétta.

10. gr.

Vorsmölun skal aðeins gerð ef almenn ósk bænda liggur fyrir og þá eftir nánari fyrir-mælum sveitarstjórnar.

11. gr.

Sveitarstjórn ákveður að fengnum tillögum gróðurverndarnefndar sýslunnar, hvenær búfé má reka til afréttar. Frá 15. júní til 1. september eru smalanir eða annað það er ónæði veldur afréttarpeningi óheimilt, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Geti búfjár-eigandi ekki fengið upprekstrarleyfi ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar.

Eigendum og umráðamönnum afrétta og aðliggjandi heimalanda ber skylda til að sjá um að vörslugirðingum sé vel við haldið, svo að þær varni fullkomlega ágangi í tún og önnur nytjalönd heima fyrir. Verði sannanlegur ágangur búfjár geta þeir er fyrir honum verða leitað aðstoðar sveitarstjórnar. Búfé sem sérstaklega er áleitið við girðingar, matjurtagarða og skróðgarða, skal eigandi hirða, þegar tilkynnt er um það og setja í örugga vörslu. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, er búfé þetta hefur valdið eða veldur, sbr. ákvæði í 34. gr. afréttalaga nr. 6/1986.

12. gr.

Allt búfé sem sleppt er, hvort heldur er í heimalönd eða afrétt, skal vera markað glögggu eymamarki, litarmerki, plötumerki og/eða frostmerki, eftir því sem við á samkvæmt ákvæð-um í reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl., sbr. breytingu með reglugerðum nr. 410/1992 og 50/1994.

13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands skal gefa upp hverjir noti það og fyrir hve margt búfé þegar sveitarstjórn óskar eftir.

V. KAFLI
Um fjallskil að hausti.

14. gr.

Hauggöngur skulu vera tvennar. Þær fyrri skulu að öðru jöfnu gerðar frá fimmtudegi til laugardags í 22. viku sumars. Seinni göngur skulu gerðar frá fimmtudegi til laugardags í 23. viku sumars. Heimilt er þó sveitarstjórn að víkja frá þessu en slík breyting skal gerð í sam-ráði við sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga.

Eftir fyrri göngur er fjáreigendum óheimilt að sleppa fé á afrétt nema með leyfi sveitarstjórnar. Samhliða seinni göngum skulu landeigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.

Í fjallskiladeildum sem eiga land að öðrum fjallskilaumdæmum skal leitast við að hafa samráð um gangnadaga við viðkomandi aðila.

Að göngum loknum ber að gera eftirleit á afréttum og í ógirtum heimalöndum eftir því sem fjallskilanefnd eða sveitarstjórn ákveður.

15. gr.

Í síðasta lagi viku fyrir göngur skal tilkynning um gangnaskyldu manna send út. Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd í umboði hennar hefur þá ásamt fjallskilastjóra lokið við að raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkum niður eftir fjártölu sem að öðru jöfnu er fengin úr forðagæsluskýrslum. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Sveitarstjórn er þó heimilt að víkja frá þessari reglu og ákveður nánar hvernig sú breyting skuli gerð. Heimilt er einnig að leggja hluta gangnadagsverka á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtíningsmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingur nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

16. gr.

Noti fjáreigandi upprekstur á utansveitarafrétt eða innan fjallskilaumdæmisins, ber honum að gera þar fjallskil eftir þeim fjárfjölda, er hann hefur á afréttina rekið og samkvæmt þeim reglum er þar gilda. Þó hefur sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem hann býr í, rétt til að leggja á hann dagsverk í heimasveitinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, og hann hafi hlutfallslega jafna fjallskilaskyldu og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan fjallskilaumdæmis síns og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera öll sín fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Vegna sérstakra aðstæðna svo sem aldurs og veikinda má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim sem hafa fé sitt í sauðheldum girðingum sumarlangt.

18. gr.

Sveitarstjórnir eða fjallskilanefndir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli hagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja í staðinn fullgilda menn, að mati fjallskilastjóra. Gangnaforingi sker úr um það hverjir séu fullgildir gangnamenn. Ber þeim að raða mönnum í göngur eftir getu þeirra og kunnugleika, en forðast að óvanir gangnamenn fari á þau svæði þar sem þeim getur verið hætta búin.

Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá sem ekki mætir í göngum á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu dagsverki eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

20. gr.

Sveitarstjórnnum er skylt að sjá um að gangnamenn sem sérstaklega eru ráðnir á þeirra vegum séu slysatryggðir meðan á smölun og skilum stendur. Kostnaður sem af því leiðir greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði.

21. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrir en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Sveitarstjórn má leyfa að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar, ef gangnaforingi ábyrgist úrtíning til skilaréttar.

22. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að eftirleit hefur verið gerð, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er. Smölunarkostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði.

23. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngu-löndum og skal þá héraðsnefnd hlutast til um að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé sem finnst í öræfaleitum má sveitarstjórn láta lóga.

24. gr.

Skyldur er hver bóndi að hirða kindur sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn.

25. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum og er þá þeim, er það sér, skylt að tilkynna það fjallskilastjóra. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns, eða aðstæður það örðugar að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggjum hundruðum fyrir björgun, en sveitarsjóður þar sem eigandi er heimilisfastur hinn hluta kostnaðar.

VI. KAFLI

Um réttir og réttahald.

26. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkarými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið. Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

<i>Í Grýtubakkahreppi:</i>	Aðalrétt: Gljúfurárrétt.
<i>Í Svalbarðsstrandarhreppi:</i>	Aðalrétt: Dálksstaðarétt. - Aukaréttir: Geldingsárrétt, Svalbarðsrétt.
<i>Í Eyjafjarðarsveit:</i>	
- Öngulsstaðadeild:	Aðalrétt: Þverárrétt. - Aukaréttir: Munkaþverárrétt, Rifkelsstaðarétt.
- Saurbæjardeild:	Aðalrétt: Möðruvallarétt. - Aukaréttir: Borgarrétt, Þormóðsstaðarétt, Vatnsendarétt, Jórunnarstaðarétt, Ystagerðisrétt.
- Hrafnagilsdeild:	Aðalrétt: Öldurétt. - Aukarétt: Hraungerðisrétt.
<i>Í Glæsibæjarhreppi:</i>	Aðalrétt: Þórustaðarétt. - Aukaréttir: Skógum, Bægisá.
<i>Í Öxnadalshreppi:</i>	Aðalrétt: Þverárrétt. - Aukarétt: Gloppurétt.
<i>Í Skriðuhreppi:</i>	Aðalrétt: Melarétt. - Aukaréttir: Þorvaldsdalsrétt, Saurbæjararétt, Staðarbakkarétt.
<i>Í Arnarneshreppi:</i>	Aðalrétt: Reistarárrétt.
<i>Í Árskógshreppi:</i>	Aðalrétt: Árskógrétt.
<i>Í Svarfaðardalshreppi:</i>	Aðalrétt: Tungurétt.
<i>Á Akureyri:</i>	Aðalrétt: Glerárrétt.
<i>Á Dalvík:</i>	Aðalrétt: Dalvíkurrétt.
<i>Í Ólafsfirði:</i>	Aðalrétt: Reykjarétt.

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar skal tilkynnt héraðsnefnd og skráð í fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar.

27. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar, af mönnum sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að draga upp í hverri rétt. Vegna hættu á dreifingu sauðfjársjúkdóma getur sveitarstjórn bannað flutning milli rétta. Enginn má reka eða flytja fé frá rétt fyrr en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri eða réttarstjóri leyfi.

28. gr.

Sundurdráttur í réttum skal hafinn svo fljótt sem unnt er. Draga skal eftir markaskráum eftir því sem þörf krefur. Hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns tilnefni tva markskoðunarmenn sem skera úr um vafamörk. Verði markskoðunarmenn ósammála sker hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns úr. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla afréttalaga nr. 6/1986.

VII. KAFLI

Um markaskrá.

29. gr.

Markaskrá skal gefin út eigi sjaldnar en 8. hvert ár og í samræmi við ákvæði í 66. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 svo og ákvæði reglugerðar nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Um hross og geldneyti.

30. gr.

Upprekstri stórgripa (hrossa og geldneyta) í afrétt, skal haga í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar og samkvæmt ákvæðum 11. gr. þessarar samþykktar.

31. gr.

Gangi stórgripir úr afrétt í heimalönd, geta þeir sem fyrir áganginum verða, tekið þá í vörslu. Jafnframt skulu þeir samdægurs tilkynna fjallskilastjóra og eiganda um töku þeirra sé þess kostur. Fjallskilastjóra ber skylda til að sjá um að stórgripimir séu reknir á ný til afréttar og viðkomandi bónda greiddar hæfilegar bætur fyrir átroðninginn að dómi sveitarstjórnar. Eigendur stórgripanna skulu bótaskyldir fyrir öllum kostnaði sem af áganginum hlýst.

32. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum stórgripa skylda til að sjá um að þeir gangi ekki í heimalönd annarra og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna er hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns tilnefnir.

33. gr.

Gangi stórgripir af utanhéraðsafréttum á afréttir eða heimalönd fjallskilasvæðisins, getur sveitarstjórn sú sem hlut á að máli, kært það til oddvita héraðsnefndar. Ber honum þá að leita samninga við viðkomandi héraðsnefnd um að áganginum verið aflétt. Náist ekki samningur þar um eða sé hann brotinn, má taka ágangsgripina í hald hvenær sem er og fara með þá samkvæmt ákvæðum 59. gr. afréttalaga nr. 6/1986.

34. gr.

Sveitarstjórnnum ber að láta smala öllum stórgripum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þeir dregnir þar í sundur. Enginn má hleypa út úr dílk fyrr en réttarstjóri leyfir. Með óskilagripum sem þá koma fyrir, skal fara samkvæmt ákvæðum VIII. kafla afréttalaga nr. 6/1986.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir héraðsnefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Eyjafjarðar hefur samið og samþykkt skv. I. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamál, fjallskil o.fl. staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 402 2. ágúst 1988, svo

og ákvæði í fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík nr. 207/1974, sem varða þau sveitarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu, sem aðild eiga að samþykkt þessari.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Neskaupstaðar um útivistartíma barna og unglinga í Neskaupstað.

1. gr.

Útivistartími barna og unglinga í Neskaupstað skal vera sem hér segir:

	Sunnudaga til fimmtudaga		föstudaga og laugardaga	
	Vetur:	Sumar:	Vetur:	Sumar:
6 ára (1. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
7 ára (2. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
8 ára (3. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
9 ára (4. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
10 ára (5. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 21.00	til kl. 22.00
11 ára (6. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
12 ára (7. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
13 ára (8. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00
14 ára (9. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00
15 ára (10. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00

Vetrartími samkvæmt ofangreindu er frá 1. september til og með 30. apríl, en sumartími frá 1. maí til og með 31. ágúst.

2. gr.

Aldursmörk samkvæmt þessum reglum miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994 frá 21. mars 1994 skal eftirtalin EB- gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðauka II. við EES-samninginn (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi (Stjtið. EB nr. L 40, 17.2.1993, bls.1).

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin sem fela í sér að framangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 339/93 er felld inn í sem liður 3b í kafla XIX, í viðauka II EES-samningsins, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og er endurbirt sem fylgiskjal nr. 1 þessarar reglugerðar.

Í fylgiskjali nr. 2 við þessa reglugerð er að finna skýringar á ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 339/93 í samræmi við bókun 1 (um altæka aðlögun), EES-samningsins.

3. gr.

Tollyfirvöld framfylgja eftirliti með framleiðsluvöru í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 339/93. Ennfremur skulu tollyfirvöld við eftirlit samkvæmt þessari reglugerð hafa hliðsjón af innanlandsreglum sem gilda um öryggi framleiðsluvöru og vísað er til í ákvörðun framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 93/583/EBE frá 28. júlí 1993 og birt er í fylgiskjali nr. 3 við þessa reglugerð.

Eftirlitsstjórnvöld er hafa eftirlit með vöruflokkum er reglugerð þessi tekur til eru Hollustuvernd ríkisins, Lyfjaeftirlit ríkisins og Löggildingarstofan.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. mars 1996.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

Fylgiskjal 1**Reglugerð (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi.**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,^(a)

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 113. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (¹),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ekki má setja framleiðsluvörur á markað í bandalaginu nema þær séu í samræmi við þær reglur sem um þær gilda. Aðildarríkin bera ábyrgð á að framkvæma eftirlit með samræmi þeirra.

Í ljósi þess að eftirlit hefur verið afnumið við innri landamæri í bandalaginu samkvæmt 8. gr. a í sáttmálanum ættu aðildarríkin, við eftirlit við ytri landamærin, að haga því í samræmi við sambærilegar reglur til að koma í veg fyrir hverja þá röskun sem gæti stofnað öryggi og heilsu í hættu.

Að teknu tilliti til þeirra heimilda og aðferða sem viðkomandi stjórnvöld í aðildarríkjnum hafa yfir að ráða skulu tollyfirvöld, þegar um er að ræða framleiðsluvörur frá þriðju löndum, taka virkan þátt í starfi við markaðseftirlit og upplýsingakerfi sem kveðið er á um í reglum bandalagsins og aðildarríkjanna.

Ef tollyfirvöld komast að því, við eftirlit sem þau framkvæma í tengslum við það þegar framleiðsluvörur eru settar í frjálsa dreifingu, að vörur hafa tiltekna eiginleika sem vekja grun um að öryggi og heilsa geti verið í alvarlegri og bráðri hættu af völdum þeirra, skulu þessi yfirvöld hafa vald til að fresta markaðssetningu þessara vara og tilkynna þeim yfirvöldum innanlands sem sjá um eftirlit með markaðinum svo að þau yfirvöld geti gert viðeigandi ráðstafanir.

Sama ætti að gilda við sömu kringumstæður þegar tollyfirvöld komast að því að skjal sem ætti að fylgja framleiðsluvörum vantar og/eða ef framleiðsluvörur eru ekki merktar eins og tilgreint er í reglum bandalagsins eða aðildarríkjanna um öryggi framleiðsluvara sem eru í gildi í aðildarríkinu þegar leitað er eftir leyfi til að setja vörur í frjálsa dreifingu.

Í hagkvæmnis- og samræmingarskyni skulu aðildarríkin tilnefna yfirvald eða yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á eftirliti með markaðinum og skulu tollyfirvöld tilkynna um það í áður nefndum tilvikum.

Þegar slík tilkynning hefur borist skal ábyrgt yfirvald fá tækifæri til að staðfesta að viðkomandi framleiðsluvörur uppfylli reglur bandalagsins eða innlendar reglur um öryggi framleiðsluvara.

Slík yfirvöld skulu þó gera ráðstafanir innan frests sem er hæfilega stuttur í ljósi þeirra alvarlegu grunsemda sem greint er frá hér að framan og alþjóðlegra skuldbindinga sem bandalagið hefur tekið á sig, einkum varðandi eftirlit með því hvort farið sé að tæknistöðlum.

Ef markaðsyfirvöld innanlands gera ekki ráðstafanir innan slíks frests, þar með talda fyrirbyggjandi ráðstafanir, skal heimila að setja viðkomandi framleiðsluvörur í frjálsa dreifingu að því tilskildu að gengið hafi verið frá öllum öðrum formsatriðum um innflutning.

Til að samræmis við aðrar reglur sé gætt ætti þessi reglugerð þó aðeins að gilda ef ekki er að finna í reglum bandalagsins um heilbrigði og öryggi sérákvæði um fyrirkomulag landamæraeftirlits með tilteknum framleiðsluvörum.

Við slíkt eftirlit ætti að hlíta hlutfallsreglunni annars vegar þannig að eftirspurn ráði eingöngu, og hins vegar ætti að hlíta skuldbindingum Alþjóðasáttmálans um samræmingu landamæraeftirlits með vörum sem samþykktur var af hálfu bandalagsins í krafti reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1262/84 (²)[b].

Til að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt við innflutning ætti bandalagið og hvert og eitt aðildarríki að reyna að tryggja gagnsæi þeirra ráðstafana sem gerðar eru til framkvæmdar þessari reglugerð auk þess sem öll aðildarríkin ættu að veita hvert öðru þá aðstoð sem nauðsynleg er.

(¹) Stjórn. EB nr. C 329, 15. 12. 1992, bls. 3.

(²) Stjórn. EB nr. L 126, 15. 12. 1984, bls. 1.

Tollyfirvöld skulu einkum hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að framkvæma skyldustörf sín, sem aflað er annars vegar í krafti fenginnar þekkingar á framleiðsluvörnum eða framleiðsluvörflokkum sem eru sérstaklega til umfjöllunar og hins vegar merkinga framleiðsluvaranna og fylgiskjala þeirra.

Eftirlit skal haft með framkvæmd þessarar reglugerðar til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar breytingar til aðlögunar til að tryggja skilvirgni hennar.

Þessi reglugerð er óaðskiljanlegur hluti sameiginlegrar viðskiptastefnu. Hún takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að samræma framkvæmd eftirlits með framleiðsluvörum sem fluttar eru inn frá þriðja landi til að tryggja að þær séu í samræmi við gildandi reglur um öryggi framleiðsluvara á markaðinum í bandalaginu.

Framkvæmd slíks eftirlits ætti að vera í samræmi við þær skuldbindingar sem hvíla á bandalaginu samkvæmt hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) um að stunda verslun án mismununar og samkvæmt GATT-reglunum um tæknilegar viðskiptahindranir en ekki skal beita stöðlum þeirra í því skyni að koma á hömlum á sviði alþjóðaviðskipta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „yfirvald innanlands sem ber ábyrgð á eftirliti með markaðinum“ er yfirvald eða yfirvöld innanlands sem aðildarríkin^[1] tilnefna og eiga að hafa eftirlit með því hvort framleiðsluvörur sem settar eru á markað í bandalaginu eða á innanlandsmarkað séu í samræmi við löggjöf í bandalaginu eða innanlands sem gildir um þær.
- „fylgiskjal“ er skjal sem á að fylgja með framleiðsluvöru þegar hún er sett á markað í samræmi við gildandi löggjöf í bandalaginu eða innanlands.
- „merking“ er merking sem framleiðsluvara skal hafa í samræmi við gildandi löggjöf í bandalaginu eða innanlands þar sem vottað er að framleiðsluvaran sé í samræmi við þá löggjöf.
- „tollyfirvöld“ eru yfirvöld sem bera meðal annars ábyrgð á beitingu tollalöggjafar.

2. gr.

Ef tollyfirvöld komast að því, við eftirlit sem þau framkvæma á vörum sem settar eru í frjálsa dreifingu, að:

- framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sýni tiltekin einkenni sem vekja grun um að öryggi og heilsa geti verið í alvarlegri og bráðri hættu af völdum þeirra þegar framleiðsluvaran er notuð við venjulegar og fyrirsjáanlegar aðstæður, og/eða
- framleiðsluvöru eða framleiðsluvörulotu fylgir ekki skjal eða varan er ekki merkt í samræmi við þær reglur bandalagsins eða innanlandsreglur um öryggi framleiðsluvara sem gilda í aðildarríkjnum þar sem leitað er eftir leyfi til að setja vörur í frjálsa dreifingu,

skulu þau fresta því að viðkomandi framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sé sett á frjálsan markað og tilkynna það þegar því yfirvaldi innanlands sem ber ábyrgð á markaðseftirliti.

3. gr.

Hvert aðildarríkjanna skal gefa framkvæmdastjórninni^[2] upplýsingar og hún gefur hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það hvaða yfirvald eða yfirvöld innanlands, sem bera ábyrgð á markaðseftirliti, þau hafa tilnefnt til að fá upplýsingar þegar 2. gr. er beitt.

4. gr.

1. Yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti skulu geta gripið til ráðstafana varðandi allar framleiðsluvörur sem tollyfirvöld hafa frestað að setja á frjálsan markað samkvæmt 2. gr. Ef tollyfirvöld grípa ekki inn í skal önnur málsgrein 5. gr. gilda.
2. Ef um er að ræða vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum skulu yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti og tollyfirvöld leitast við eftir megni að tryggja að skilyrði sem þau kunna að setja um geymslu vara eða staðsetningu ökutækja sem notuð eru til flutninga séu ekki ósamrýmanleg varðveisluleg þessara vara.

5. gr.

Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti telja, eftir að hafa gripið inn í samkvæmt 4. gr., að viðkomandi framleiðsluvöru stofni ekki öryggi og heilsu í alvarlega og bráða hættu og/eða geti ekki talist brot á lögum bandalagsins eða innlendum lögum um öryggi framleiðsluvara, skal viðkomandi framleiðsluvara fara í frjálsa dreifingu að því tilskildu að allar aðrar kröfur um slíka dreifingu hafi verið uppfylltar og gengið hafi verið frá öllum formsatriðum.

Þetta gildir einnig ef tollyfirvöld sem hafa beitt 2. gr. hafa ekki fengið tilkynningu, innan þriggja virkra daga frá þeim tíma sem frestað var að setja vöru í dreifingu og hefur ekki borist tilkynning um aðgerðir, þar með taldar forvarnaráðstafanir, sem yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti grípa til.

6. gr.

1. Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti komast að því að viðkomandi framleiðsluvara hefur í för með sér alvarlega og bráða hættu skulu þau, í samræmi við gildandi reglur bandalagsins eða innlendar reglur gera ráðstafanir til að banna að framleiðsluvaran verði sett á markað og fara fram á við tollyfirvöld að þau tilgreini eina af eftirtöldum merkingum á vörureikninginn sem fylgir framleiðsluvörinni og á öll önnur fylgiskjöl sem máli skipta.

- „Producto peligroso — no se autoriza su despacho a libre práctica — Reglamento (CEE) n° 339/93“,
- „Farligt produkt — overgang til fri omsætning ikke tilladt — forordning (EØF) nr. 339/93“,
- „Gefährliches Erzeugnis — Überführung in den zollrechtlich freien Verkehr nicht gestattet — Verordnung (EWG) Nr. 339/93“,
- „Επικίνδυνο προϊόν | Δεν επιτρέπεται η ελεύθερη κυκλοφορία | Κανονισμός (ΕΟΚ) αριθ. 339/93“,
- „Dangerous product — release for free circulation not authorized — Regulation (EEC) no 339/93“,
- „Produit dangereux — mise en libre pratique non autorisée — règlement (CEE) n° 339/93“,
- „Prodotto pericoloso — immissione in libera pratica non autorizzata — regolamento (CEE) n. 339/93“,
- „Gevaarlijk produkt — het in het vrije verkeer brengen ervan niet toegestaan — Verordening (EEG) nr. 339/93“,
- „Produto perigoso — colocação em livre prática não permitida — Regulamento (CEE) n.º 339/93“.

2. Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti komast að því að viðkomandi framleiðsluvara er ekki í samræmi við gildandi reglur bandalagsins eða innlendar reglur um öryggi framleiðsluvara skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir, sem geta ef nauðsyn krefur falið í sér bann við því að framleiðsluvaran verði sett á markað í samræmi við þessar reglur. Í þeim tilvikum sem markaðssetning er bönnuð skulu þau fara fram á við tollyfirvöld að þau setji eina af eftirtöldum merkingum á vörureikninginn sem fylgir framleiðsluvörinni og á öll önnur fylgiskjöl sem máli skipta.

- „Producto no conforme — no se autoriza su despacho a libre práctica — Reglamento (CEE) n° 339/93“,
- „Ikke overenstemmende produkt — overgang til fri omsætning ikke tilladt — forordning (EØF) nr. 339/93“,
- „Nichtkonformes Erzeugnis — Überführung in den zollrechtlich freien Verkehr nicht gestattet — Verordnung (EWG) Nr. 339/93“,

- „Ακατάλληλο προϊόν | Δεν επιτρέπεται η ελεύθερη κυκλοφορία | Κανονισμός (ΕΟΚ) αριθ. 339/93“,
- „Product not in conformity — Release for free circulation not authorized — Regulation (EEC) no 339/93“,
- „Produit non conforme — mise en libre pratique non autorisée — règlement (CEE) n° 339/93“,
- „Prodotto non conforme — immissione in libera pratica non autorizzata — regolamento (CEE) n. 339/93“,
- „Niet-conform produkt — het in het vrije verkeer brengen ervan niet toegestaan — Verordening (EEG) nr. 339/93“,
- „Produto não conforme — colocação em livre prática não permitida — Regulamento (CEE) n.º 339/93“.

3. Við beitingu þessarar reglugerðar skulu ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda aðildarríkjanna og samstarf aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að tryggja að lögum um tolla- eða landbúnaðarmál sé beitt á réttan hátt gilda ⁽¹⁾[^c] að breyttu breytanda.

4. Ef seinna er lýst yfir að viðkomandi framleiðsluvara eigi að fá aðra tollmeðferð en viðhöfð er fyrir frjálsa dreifingu og að því tilskildu að yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti séu því ekki mótfallin skal einnig tilgreina merkingarnar sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr., með sömu skilyrðum, á skjölin sem notuð eru í tengslum við þá meðferð.

7. gr.

Þessi reglugerð gildir aðeins ef ekki er að finna í reglum bandalagsins^[9] sérákvæði um fyrirkomulag landamæraeftirlits með tilteknum framleiðsluvörum.

Þessi reglugerð gildir ekki undir neinum kringumstæðum um tilvik sem kveðið er á um í reglum bandalagsins um heilbrigði plantna, eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt og um dýravernd.

8. gr.

Innan þriggja mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi og vegna framkvæmdar hennar skal semja skrá samkvæmt málsmeðferðinni sem tilgreind er í 9. gr. yfir þær framleiðsluvörur eða framleiðsluvöruflokka sem, með hliðsjón af reglum bandalagsins, er nánar kveðið á um í öðrum undirlit 2. gr. Skráin skal samin með hliðsjón af reynslu og/eða af reglum um öryggi framleiðsluvara. Í samræmi við sömu málsmeðferð skal endurskoða skrána þegar nauðsyn krefur til að aðlaga hana nýjum aðstæðum sem skapast við reynslu og þróun reglna um öryggi framleiðsluvara.

(1) Stjótið. EB nr. L 144. 2. 6. 1981. bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 945/87 (Stjótið. EB nr. L 90. 2. 4. 1987. bls. 3).

9^(a)]. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal þar sem samin er skrá — eða henni breytt — yfir þær framleiðsluvörur eða framleiðsluvöruflokka sem nánar er kveðið á um í 2. gr. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað.
b) Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að senda þær tafarlaust til ráðsins. Í því tilvik:

— er framkvæmdastjórninni heimilt að fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda, í þrjá mánuði hið mesta frá því að þær voru sendar til ráðsins,

— ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan tíma-markanna sem um getur í fyrsta undirlíð.

10. gr.

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um merkingar og fylgiskjöl sem um getur í 1. gr. og krafist er samkvæmt reglum bandalagsins eða samkvæmt eigin reglum ásamt þeim rökum sem fyrir máli til töllyfirvalda byggjast á með það í huga að beita öðrum undirlíð 2. gr. Framkvæmdastjórnin skal þegar senda upplýsing-

amar sem hún fær áfram til annarra aðildarríkja. Upplýsingar um slík einkenni skulu fyrst send innan tveggja mánaða frá því að þessi reglugerð gengur í gildi.

11. gr.

1. Ef aðildarríki ákveður við beitingu þessarar reglugerðar að nauðsynlegt sé að tilnefna sérstaka tollafgreiðslustaði til að hafa eftirlit með tilteknum vörum skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það. Framkvæmdastjórnin skal gefa út og endurskoða reglulega skrá yfir sérstaka tollafgreiðslustaði.

2. Þær hömlur sem hljótast af skuldbindingum 1. mgr. um að skylt sé að fara um sérstakan tollafgreiðslustað mega ekki vera óeðlilega strangar gagnvart atvinnurekendum með tilliti til þeirra markmiða sem um er að ræða, að teknu tilliti til raunverulegra aðstæðna sem kunna að réttlæta slíka skuldbindingu.

12. gr.

Hvert aðildarríki skal innan tveggja mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi tilkynna framkvæmdastjórninni um þau ákvæði sem það hefur samþykkt með tilliti til framkvæmdar hennar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um þessi ákvæði.

13. gr.

Innan tveggja ára frá því að þessi reglugerð öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu hennar og leggja til að gerðar verði breytingar sem hún telur nauðsynlegar. Til nota við skýrslugerðina skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta og tengjast því hvernig reglugerðinni er beitt, einkum að því er varðar tölur í tengslum við beitingu 6. gr.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 8. febrúar 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

J. TRØJBORG

forseti.

Fylgiskjal 2**Skýringar við reglugerð (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi í samræmi við bókun 1 (um altæka aðlögun) EES-samningsins.**

- [a]: Textinn í inngangsorðum að þeim lagabindandi reglum sem EES-samningurinn fjallar um hefur ekki verið aðlagður sérstaklega að EES, sbr. bókun 1 við EES-samninginn, en þar er kveðið svo á að inngangurinn hafi eingöngu þýðingu við túlkun allra bindandi lagafyrirmæla er gilda innan EES-samningsins.
- [b]: Reglugerðin er ekki hluti af EES-samningnum en reglugerðin veitir heimild til þess að fullgilda fyrir EBE sáttmálann um samræmt landamæraeftirlit með vörum sem hér er vísað til.
- [c]: Í samræmi við bókun 1 við EES-samninginn þá ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki“ taki einnig til EFTA-ríkjanna og ber því að lesa sem „EES-ríki“. Þegar vísað er til svæðis „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“ þá er átt við svæði aðildarríkja að EES-samningnum.
- [d]: Þegar aðildarríkjum ESB ber að senda upplýsingar til framkvæmdastjórnar EB þá ber EFTA-ríkjum að senda slíkar upplýsingar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem síðan sendir þær til fastanefndar EFTA, sbr. bókun 1, lið 4a, í EES-samningnum, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 2/94 frá 8. febrúar 1994.
- [e]: Reglugerðin er ekki hluti af EES-samningnum en hún kveður á um gagnkvæma aðstoð tolyfirvalda en sambærileg ákvæði er að finna í bókun 11 við EES-samninginn.
- [f]: Vísað er til skýringar í [c]) hér að framan.
- [g]: 9. grein reglugerðarinnar skv. orðanna hljóðan á við um nefndaskipan ESB. Samkvæmt bókun 1, lið 2, í EES-samningnum skal 100. gr. samningsins gilda í slíkum tilvikum. Samkvæmt samningnum um fastanefnd EFTA, sbr. 5. gr. 1. málsg., þá er fastanefnd EFTA heimilt að skipa undirnefndir sér til aðstoðar.

Fylgiskjal 3**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 1993 um að semja skrá yfir framleiðsluvörur sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 339/93 (93/583/EBE).**

FRAMKVÆMDASTJÓRN
EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi, einkum 8. gr. (1),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 339/93 er mælt fyrir um að framkvæmdastjórnin semji skrá yfir framleiðsluvörur sem nánar er fjallað um í öðrum undirlið 2. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 9. gr.

Skráin skal samin og uppfærð á grundvelli reynslu og/eða reglna um öryggi framleiðsluvara og innan gildissviðs bandalagsreglna.

(1) Stjóð. EB nr. L 40, 17. 2. 1993, bls. 1.

Komið hefur í ljós í kjölfar undirbúningsvinnu sem tengist þeirri reglugerð og í kjölfar vinnu vegna afnáms eftirlits við innri landamæri að aðildarríkin leggja ríka áherslu á að farið sé eftir reglum um öryggi framleiðsluvara að því er varðar leikföng, lyf og matvæli.

Leikföng eru framleiðsluvörur sem beinast að tiltölulega berskjölduðum hópi neytenda sem viðhafa ekki, miðað við vanalega hegðun barna, þá, „almennu gætni“ sem fullorðnir neytendur sýna.

Lyf og matvæli eru framleiðsluvörur sem hafa beinust áhrif á heilsu notenda þeirra við neyslu.

Því er nauðsynlegt að tilgreina leikföng, lyf og matvæli í skrá yfir framleiðsluvörur sem nánar er kveðið á um í öðrum undirlitð 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 339/93.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 9. gr. áður nefndrar reglugerðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í skránni yfir framleiðsluvörur sem nánar er kveðið á um í öðrum undirlitð 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 339/93 skulu koma fram eftirfarandi flokkar framleiðsluvara:

- leikföng,
- lyf sem eru ætluð mönnum,
- dýralyf,
- matvæli,

sem kveðið er á um í reglum bandalagsins þar sem vísað er til helstu ákvæða þeirra í upplýsingaskyni í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði sem þau samþykkja til framkvæmdar ákvörðun þessari innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um þessi ákvæði.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 28. júlí 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Raniero VANNI D'ARCHIRAFI
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

BANDALAGSREGLUR SEM VÍSAÐ ER TIL Í 1. GR.

Leikföng: Tilskipun ráðsins 88/378/EBE (1).

Meginatriði:

Leikföngin sem þessi ákvörðun tekur til eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 88/378/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga: Í I. viðauka við þá tilskipun er skrá yfir þær framleiðsluvörur sem teljast ekki vera leikföng í merkingu tilskipunarinnar.

Samkvæmt bandalagsreglum var þess krafist að leikföng væru merkt með „EB-merkinu“ í samræmi við 11. grein tilskipunar 88/378/EBE.

Þar sem tilskipunin gildir um leikföng sem á að markaðssetja sem slík skal aðeins skylt að merkja með EB-merkinu:

- fullunnar framleiðsluvörur sem eru,
- kynntar með þeim hætti (umbúðir, merki, merkingar) að fram komi að þær skuli markaðssettar án frekari vinnslu.

(1) Stjóð. EB nr. L 187. 16. 7. 1988, bls. 1.

Lyf: Tilskipanir ráðsins 75/319/EBE ⁽²⁾ og 81/851/EBE ⁽³⁾*Meginatriði:*

Að því er varðar lyf sem eru ætluð mönnum kveður 16. gr. breyttrar tilskipunar 75/319/EBE á um að „Aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðsla sérlyfja sé eingöngu í höndum leyfishafa (...)“ og síðan er bætt við að „skylt sé að hafa framleiðsluleyfi fyrir sérlyf sem flutt eru til aðildarríkis frá löndum utan bandalagsins.“

Í 24. gr. breyttrar tilskipunar 81/851/EBE eru svipuð ákvæði um dýralyf.

Útgáfa framleiðsluleyfisins er háð því skilyrði að framleiðandi og/eða innflytjandi framkvæmi ýmsar greiningar til að tryggja að innfluttar framleiðsluvörur séu í samræmi við reglur um markaðssetningu.

Vegna þess að í reglum um leyfisveitingu er þess krafist að greina skuli öll innflutt lyf geta tollyfirvöld almennt takmarkað eftirlit sitt með slíkum framleiðsluvörum við að athuga hvort þetta leyfi sé fyrir hendi (samkvæmt tilskipunum 75/319/EBE og 81/815/EBE).

Matvæli: tilskipun ráðsins 79/112/EBE ⁽⁴⁾*Meginatriði:*

Í 11. gr. breyttrar tilskipunar 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda er einkum kveðið á um að á ytri umbúðum forpakkaðra matvæla sem eru markaðssett fyrir sölu til neytanda eða eru ætluð matsölustöðum, sjúkrahúsum og öðrum stóreldhúsum skuli að minnsta kosti koma fram þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1., 4. og 6. undirgrein 1. mgr. 3. gr. og ef við á í 9. gr. a. Skylduupplýsingarnar eru þessar: Söluheiti framleiðsluvörunnar, dagsetning fyrir geymsluþol eða, ef um er að ræða matvæli viðkvæm fyrir skemmdum, komi á undan dagsetningunni orðin „best fyrir“ ásamt lýsingu á geymsluskilyrdum, nafni, fyrirtækjaheiti og heimilisfangi framleiðanda eða þökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu.

Aðrar upplýsingar sem koma eiga fram á umbúðum og kveðið er á um í 79/112/EBE má einungis gefa upp í viðkomandi viðskiptaskjölum sem annað hvort fylgja matvælunum eða eru send fyrirfram eða um leið og þau eru afhent.

Mikilvægt er að lágmarkskröfur um nafn, dagsetningu og nafn eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, þökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu séu uppfylltar til að tryggja að framleiðsluvaran sem boðin er neytanda sé merkt samkvæmt tilskipun 79/112/EBE sem er ætlað að vernda og upplýsa neytendur.

Hér fer á eftir stutt samantekt á því sem felst í athugunum tollyfirvalda á því hvort slíkar skylduupplýsingar séu veittar:

- þeim ber að taka tillit til ákvæða tilskipunar 79/112/EBE, einkum þeirra sem tengjast vöruheiti, dagsetningu og nafni þess einstaklings sem ber ábyrgð á að markaðssetja framleiðsluvöruna, svo og undantekninganna sem þar er kveðið á um (t.d. 6. mgr. 9. gr. að því er varðar niðurfellingu krafna um dagsetningu);
- einungis ætti að gera athaganir á þökkuðum framleiðsluvörum sem ætlaðar eru neytanda (ekki er nauðsynlegt að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 79/112/EBE komi fram á forþökkuðum matvælum samkvæmt skilgreiningunni í b-lið 3. mgr. 1. gr. ef framangreind lágmarksskilyrði koma fram á ytri umbúðum).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 399/1993 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

1. gr.

2. máls. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fjárhæð bóta fyrir hverja kind skal miða við 24 kg fallþunga og tvöfalt kjötverð í verðflokknum F I, auk sláturs og gæru, samkvæmt því verði sem gildi 1. júní 1995.

2. gr.

4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða greiðast á fjárleysitímanum. Þær greiðast á sömu gjalddögum og væri um framleiðslu að ræða. Þær taka breytingum á sama hátt og greiðslumark jarðarinnar gerir á fjárleysistímanum. Beinar greiðslur ríkissjóðs koma til frádráttar þeim bótum sem ákveðnar verða fyrir hvert fjárleysisár skv. 1. mgr. en það sem eftir stendur greiðist í einu lagi í september ár hvert, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal bætur samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar til þeirra framleiðenda sauðfjárafurða sem skorið hafa niður bústofn sinn til útrýmingar á riðuveiki eftir 1. september 1995, en hafa ekki fengið greiddar bætur vegna niðurskurðarinnar.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 239

1. apríl 1996

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Ólafsfjarðar um útivistartíma barna og unglina í Ólafsfirði.

1. gr.

Börn, 11 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar á aldrinum 12 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 21.00
13 ára	eftir kl. 22.30
14-16 ára	eftir kl. 23.00,

nema þau séu í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Undantekning frá 2. gr. er að á föstudögum og laugardögum er unglingum á aldrinum 12 til 16 ára heimilt að vera á almannaferi eftir því sem hér segir:

12 ára	til kl. 22.00
13 ára	til kl. 24.00
14-16 ára	til kl. 01.00.

4. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september er börnum og unglingum óheimilt að vera á almannaferi eftir því sem hér segir:

12 ára og yngri	eftir kl. 22.00
13 til 16 ára	eftir kl. 24.00.

Sú undantekning sem getið er í 3. gr. um 14-16 ára unglinga skal einnig gilda fyrir tímabilið 1. júní til 1. september.

5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt reglum þessum skulu miðuð við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi staðfesting nr. 558/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

17. apríl 1996

Nr. 240

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu nr. 666 27. desember 1995.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, er taki gildi 1. maí 1996.

B-hluti

		Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1	Almenn notkun	2.281	6,11
B1	Heimilisnotkun	2.281	5,78
B2	Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.401	7,00
C1	Stórnotkun (Afltaxti)	25.980	2,51
	Aflgjald kr/kW/ár	7.237	
D1	Hitun án rofs	3.975	5,72
D2	Hitun, rof 1,5 klst.	3.975	3,09
D3	Hitun, rof 2,5 klst.	3.975	2,79
D4	Næturhitun	3.975	2,01
D5	Sumarhitun	3.975	2,15
D6	Rof breytilegt	3.975	2,54
E1	Sérsamningar		
E2	Gatna- og hafnarlýsing	25.168 kr/kVA/ár	
E3	Lokun og enduropnun veitu	1.089	
E4	Innheimtugjald	525	
E5	Álestrargjald	525	

Leigugjöld

	Fastagjald kr/ár
10 Einfasa mælir	406
11 Einfasa mælir með liða	2.092
20 Þrífasa mælir	1.581
21 Þrífasa mælir með liða	3.100
24 Þrífasa mælir með str.sp.	3.955
30 Þrífasa aflmælir	2.482
31 Þrífasa aflmælir með str.sp.	4.814

Heimtaugar

Málstærð	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
63 A 1 fasi	32.404	1.395
63 A 3 fasa	55.260	1.704
100 A 3 fasa	79.434	2.050
200 A 3 fasa	140.441	2.865
350 A 3 fasa	230.205	4.088

Spennistöðvar

Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	267.000
500 kVA	541.000
600 kVA	622.000
800 kVA	829.000

Bráðabirgðaheimtaugar

Málstærð	Stofngjald
35 A einfasa	8.374
35 A þrífasa	12.030
60 A þrífasa	14.760
Tengigjald v/skammtímanotkunar	2.616
Tengigjald við Akraneshöfn	2.081

C-hluti**Fylgirit****Iðnaðarhiti:**

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
F1 Án rofs	3.975	5,72
F2 Rof 1,5 klst.	3.975	3,09
F3 Rof 2,5 klst.	3.975	2,79
F4 Rof 14,5 klst.	3.975	2,01

Mæla- og rofaleiga v/húshitunar

1 Einfasa	406
2 Einfasa með liða	2.092
3 Þrífasa	3.100

Sérsamningur v/Borgarprýði.

Orkuverð miðast við næturhitun og hækkar í sama hlutfalli en hefur 13 klst. rof.

Fastagjald er skv. alm. notkun og mælaleiga skv. þrífasa.

Orkuverð	Fastagjald	Mælaleiga
2,47	2.267	1.571

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar breytast ekki.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. apríl 1996.

F. h. r.
Sveinn Þorgímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn n kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i>				
0602.2000 Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.4000 Rósir, einnig ágræddar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9030 Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041 Skógartré	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9045 Græðlingar með rót og unglöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9049 Annars	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051 Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070 Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9091 Kaktusar og þykkblöðungar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9092 Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9099 Annars (Pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1003 Ættkvíslimar Prote, Bankasia o.fl.	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1004 Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1009 Annars (Afskorin blóm)	01.05.-30.06.	2.000	30	0
0603.9000 Annað (Þurrkuð blóm)	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0604.9109 Annað	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0604.9900 Annars	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint, meiri en það magn sem auglýst er, skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. maí 1996 og gildir til 1. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur.

A-hluti

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur skammstafað OVH.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á rafmagni og heitu vatni sbr. reglugerð fyrir OVH nr. 647/1995.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu á raforku og heitu vatni á veitusvæði OVH. Þar er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitatöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, innheimtugjaldi og lokunargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti sýnir gildandi verð fyrir raforku og heitt vatn svo og önnur gjöld eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Sérgjöld rafveitu.

2.1 Almenn raforkunotkun.

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

A.1 Almenn notkun.

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

A.2 Skammtímanotkun.

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar, svo sem til mannvirkjagerðar.

2.2 Afl- og orkunotkun.

Afltaxti er einn, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

B.1 Afl- og orkumæling.

Taxti B.1 gildir fyrir stærri orkunotendur. Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxa og afltaxta.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á aflri og orku.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu.

Afl er reiknað á ársgrundvelli, en notandinn greiðir fyrir meðaltal sjö afltoppa sem falla á vetrartímabili, en á sumartímabili er aflíð frjálst. Vetrartímabil er frá 1. október til 30. apríl, en sumartímabil er frá 1. maí til 30. september. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Notandi greiðir orkugjöld mánaðarlega sem svarar 1/12 af áætlaðri ársnotkun afls og orku auk fastagjalds.

Áætlunin byggir á mældri notkun næstliðins árs. Reynist meðaltal mældra afltoppa annað en áætlun, fer leiðrétting fram um áramót hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Árið er almanaksárið.

2.3 Notkun til hitunar.

C-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu að fráskildum taxa C.1. Sala rafmagns samkvæmt C-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi OVH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum.

C.1 Órofin notkun.

Taxti C.1 gildir fyrir órofna notkun.

C.2 Rofin notkun.

Taxti C.2 gildir fyrir rofna notkun. Rafmagn samkvæmt taxa C.2 er heimilt að rjúfa tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til kl. 12.30 og frá kl. 17.00 til kl. 19.30.

2.4 Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimtaugargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarkstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 315A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntaksstað heimtaugar samkvæmt samþykkttri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun OVH

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina OVH að kostnaðarlausu. Hann skal í öllu hlíta skilmálum OVH um staðsetningu stöðvar.

E.1 Aðalheimtaugar.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

2.5 Mælaleiga.

OVH ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár.

Óski notandi þess, leigir OVH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, 2. gr.

Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

3. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

3.1 Notkun á heitu vatni.

Hitaorkutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr/m³) greiðist fyrir hvern rúmmetra vatns. Sé um nýtt hús að ræða hefst gjaldtaka þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu OVH (við áhleytingu).

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna álestra, eftirlits og útgáfu reikninga.

H.5 Almenn notkun.

Taxti H.5 gildir fyrir alla almenna notkun á heitu vatni (hitaorku).

3.2 Heimæðagjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH.

Heimæðargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Heimæðagjöld skiptast í tvo þætti, fast gjald og rúmmetragjald umfram lágmark.

Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið sam-

kvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

I.1 Heimæðargjald.

Hús minni en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi allt að 300 rúmmetrum að stærð og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 300.

I.2 Heimæðargjald.

Hús stærri en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi sem er 2.000 rúmmetrar að stærð eða stærra og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

3.3 Mælaleiga.

OVH ákveður stærð og gerð mæli-og stjórnækja, sem notuð eru við sölu heita vatnsins. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 3. gr. gjaldskrár.

Óski notandi þess, leigir OVH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, 3. gr.

4. gr.

Önnur gjöld sameiginleg.

4.1 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í notkunargjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni til tvisvar á ári, þó er lesið mánaðarlega á mælitæki á taxa B.1.

Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

4.2 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun afhendingar á raforku og eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

4.3 Lokunargjald.

Komi til stöðvunar afhendingar á raforku og eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 4.2.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

5.1 Launafl.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

5.2 Gjald dagar og eindagar.

Gjald dag er útgáfudagur reiknings. Eindagi er tilgreindur á reikningi.

5.3 Gjaldskrárbreytingar.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur OVH standi undir rekstri, aukningu veitukerfa og arði.

B-hluti

6. gr.

Almennt (sjá A-hluta).

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

7.1 Almenn orkunotkun.

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	6,42 kr/kWh
Fast gjald	2.785,00 kr/ár

A.2 Skammtímanotkun:

Orkugjald	6,42 kr/kWh
Fast gjald	5.197,00 kr/ár

7.2 Afl- og orkunotkun.

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,59 kr/kWh
Aflgjald	9.079,00 kr/kWh/ár
Fast gjald	40.354,00 kr/ár

7.3 Notkun til hitunar.

C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	5,53 kr/kWh
Fast gjald	7.972,00 kr/ár

C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	2,93 kr/kWh
Fast gjald	2.961,00 kr/ár

7.4 Heimtaugagjöld.

E.1 Aðalheimtaugar:

	kr.
1 X 25A	12.500,00
1 X 63A	64.200,00
3 X 63A	70.200,00
3 X 100A	108.000,00
3 X 200A	222.000,00
3 X 315A	348.000,00

7.5 Mælaleiga.

Ársleiga 15% af innkaupsverði.

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

8.1 Notkun á heitu vatni.

H.5 Almenn notkun:

Vatnsgjald	33,34 kr/m ³
Fast gjald á ári	3.037,00 kr/ár

8.2 Heimæðagjöld.

I.1	Hús minni en 2.000 m ³ :	
	Fast gjald.....	79.500,00 kr.
	Rúmmetragjald umfram 300 m ³	69,84 kr/m ³
I.2	Hús stærra en 2.000 m ³ :	
	Fast gjald.....	198.000,00 kr.
	Rúmmetragjald umfram 2.000 m ³	60,91 kr/m ³

8.3 Mælaleiga.

Ársleiga 15% af innkaupsverði

9. gr.

Önnur gjöld, sameiginleg.

9.1 Álestrargjald.

Fyrir aukaálestur 600,00 kr.

9.2 Innheimtugjald.

Innheimtugjald vegna vanskila..... 300,00 kr.

9.3 Lokunargjald.

Lokunargjald vegna vanskila..... 1.980,00 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

10. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, A- og B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru felldar úr gildi eldri gjaldskrár Rafveitu Húsavíkur nr. 484, 23. febrúar 1995 og Hitaveitu Húsavíkur nr. 101, 23. febrúar 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. apríl 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um friðun Stöðvarfjarðar vegna eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1996 til og með 30. apríl 1997 eru allar veiðar á Stöðvarfirði bannaðar innan línu, sem dregin er frá Rastarhæl sunnan fjarðarins, í Fjarðboða og þaðan í Andar-nefjuboða norðan fjarðarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er Hafrannsóknastofnuninni heimilt að stunda eða láta stunda veiðar á Stöðvarfirði í rannsóknaskyni. Þá er og þeim aðilum, sem leyfi hafa til grásleppuveiða og gera báta sína út frá Stöðvarfirði, heimilt að stunda grásleppuveiðar á firðinum.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1996

29. apríl 1996

517

Nr. 244

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Fast gjald F3	
Orkugjald.....	6,44 kr/kWh
1.2. Fast gjald F3	
Orkugjald.....	6,44 kr/kWh

2. Notkun til heimilisparfa.

2.1. Fast gjald F3	
Orkugjald	6,44 kr/kWh

3. Vélanotkun.

3.1. Fast gjald F3	
Orkugjald	6,44 kr/kWh
3.2. Aflgjald lágmark 3 kW	36.000,00 kr/ári
Aflgjald frá 3-5 kW	12.000,00 kr/kWh/ári
Fast gjald F3	
Orkugjald	2,45 kr/kWh
3.3. Aflgjald umfram 5 kW	11.000,00 kr/ári
Fast gjald F3	
Orkugjald	2,33 kr/kWh
3.4. Til súgurrkunar:	
Fast gjald F3	
Orkugjald	2,89 kr/kWh

4. Húshitun.

4.1. Fast gjald	13.900,00 kr/ári
Orkugjald	5,86 kr/kWh
Roftími allt að 1 klst. á dag.	

Taxti I.

Til hitunar á öðru
en íbúðarhúsnæði.
1.800,00 kr/kWh/ári

Taxti II.

Til hitunar á
íbúðarhúsnæði.
13.900,00 kr/ári

4.2. Fast gjald		
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
Orkugjald	3,60 kr/kWh	3,60 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag		
4.3. Orkugjald	2,40 kr/kWh	
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

B 37

Gutenberg

5. Utanhússlýsing.**5.1. Fast gjald F1**

Orkugjald 6,44 kr/kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði:

Föst gjöld.

F1 160,00 kr/mán.

F3 3.600,00 kr/ári

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- Að vélarafli, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8% skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0,8%.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 1.800,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrir en notandi hefur greitt kr. 1.800,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald sem hér segir:

Málstraumur:

63 A einfasa	kr. 55.962,00	315 A þrífasa	kr. 389.049,00
63 A þrífasa	kr. 66.818,00	400 A þrífasa	kr. 534.662,00
100 A þrífasa	kr. 102.187,00	710 A þrífasa	kr. 956.057,00
200 A þrífasa	kr. 245.897,00	1200 A þrífasa	kr. 1.603.875,00

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70 Q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Niurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis fara eftir reglum iðnaðarráðuneytisins og sérstakur afsláttur Landsvirkjunar skv. ákvörðun stjórnar fyrirtækisins.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 62, 3. febrúar 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. apríl 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Ragnheiður Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 2.500.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 75.000 kr. á mánuði.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hámark uppbótar skal vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 90%.
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 70%.
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar: 120%.
4. Lífeyrisþegi, sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 35%.

Ef einhleypur lífeyrisþegi, sem nýtur umönnunar, getur sýnt fram á verulegan umönnunar-, sjúkra- eða lyfjakostnað sem sjúkratryggingar greiða ekki, og/eða greiðir húsaleigu, er þó heimilt að greiða honum allt að 140 % uppbót. Heimilt er að greiða lífeyrisþega sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar og frekari uppbótar skv. 2. og 3. tl. 8. gr. allt að 40% uppbót.

3. gr.

Við 10. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Tryggingastofnun semur drög að vinnureglum um ákvarðanir og mat á greiðslu frekari uppbóta. Reglurnar skulu sendast Tryggingaráði og öðlast þær gildi við staðfestingu þess.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal endurskoða allar fyrri ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. september 1996.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. maí 1996. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur ákvæðis til bráðabirgða um almannatryggingar nr. 117/1993 sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. apríl 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 231/1993 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja með síðari breytingum.

1. gr.

Nýr c liður bætist við 2. gr. regnanna, svohljóðandi:
Lyfjakostnaðar vegna barna til 6 ára aldurs.

2. gr.

Inn kemur ný grein er verður 2. gr. a og orðast svo:
Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu læknis- og lyfjakostnaðar eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 750.000	7.000	90%
750.000-999.999	9.000	90%
1.000.000-1.999.999	15.000	75%
2.000.000-2.999.999	21.000	60%
> 3.000.000		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem hækkar með hækkandi tekjum, en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið hækkar með lækkanði tekjum. Þegar árstekjur hafa náð 3.000.000 kr. er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum. Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Grunnkostnaður miðast við þrjá mánuði í senn. Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

3. gr.

5. gr. regnanna orðast svo:

Umsóknnum um endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna lækni-hjálpar og lyfja þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október til 31. desember ár hvert.

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í 12. gr. laga nr.118/ 1993 um félagslega aðstoð öðlast gildi 1. maí 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. apríl 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995,
um úthafs-rækjuveiðar og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Við reglugerðina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

I. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði fyrir Vestur- og Suðvesturlandi sunnan og vestan línu, sem þannig er dregin:

- A. Frá punkti 65°00'00 N - 26°32'00 V í 270° réttvísandi.
B. Frá punkti 65°00'00 N - 26°32'00 V um eftirgreinda punkta:

- | | |
|----------------------------|---|
| 1. 64°41'00 N - 25°18'00 V | 7. 64°08'00 N - 24°58'00 V |
| 2. 65°04'00 N - 24°01'00 V | 8. 64°28'00 N - 23°54'00 V |
| 3. 64°56'00 N - 24°02'00 V | 9. 64°18'00 N - 23°44'00 V |
| 4. 64°48'00 N - 24°16'00 V | 10. 63°28'00 N - 24°34'00 V |
| 5. 64°32'00 N - 24°22'00 V | 11. 63°28'00 N - 23°00'00 V og þaðan í réttvísandi suður. |
| 6. 64°22'00 N - 24°52'00 V | |

Ákvæði þetta gildir frá 15. maí 1996 til 31. desember 1996. Heimilt er að setja sérstakar reglugerðir, sem áskilja notkun á seiðaskilju innan svæðisins.

II. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði út af Norðvesturlandi, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67°14'30 N - 26°00'00 V | 4. 66°10'00 N - 28°20'00 V |
| 2. 66°30'00 N - 26°00'00 V | 5. 66°20'00 N - 27°40'00 V |
| 3. 66°10'00 N - 26°40'00 V | 6. 66°55'00 N - 27°00'00 V |

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1996. Heimilt er að setja sérstakar reglugerðir, sem áskilja notkun á seiðaskilju innan svæðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 76 um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995, um úthafs-rækjuveiðar og notkun seiðaskilju við úthafs-rækjuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1996

Nr. 248

522

8. maí 1996

REGLUGERÐ

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1996.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru bannaðar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Eftirfarandi flokkar skipa skulu eiga kost á veiðileyfi til síldveiða, enda hafi þau sótt um síldveiðileyfi til Fiskistofu fyrir 26. apríl 1996 og hafi fengið gefið út leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eigi síðar en 10. maí 1996.

1. Hringnótaskip, sem hafa stundað síld- eða loðnuveiðar um einhvern tíma á tímabilinu 1. júlí 1995 til 1. apríl 1996.

2. Önnur hringnótaskip, enda verði staðfest til Fiskistofu eigi síðar en 20. maí 1996, að þau séu fullbúin til síldveiða.

3. Togveiðiskip, enda verði staðfest til Fiskistofu eigi síðar en 20. maí 1996, að skipin muni halda til síldveiða eigi síðar en 5. júní 1996.

2. gr.

Skipum, sem leyfi fá til síldveiða samkvæmt 1. gr., er heimilt að hefja síldveiðar 10. maí 1996.

Leyfi til veiða samkvæmt 1. gr. tekur til veiða á síld í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Nánari reglur um tilhögun veiða í lögsögu Færeyja og Jan Mayen verða tilgreindar í leyfisbréfum eða sérstökum tilkynningum, sem Fiskistofa gefur út til skipanna.

3. gr.

Á árinu 1996 skal þeim hringnótaskipum, sem veiðileyfi hljóta samkvæmt 1.-2. tl. 1. gr., heimilt að veiða samtals 182 þúsund lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Skal þessu magni skipt milli einstakra fiskiskipa, sem veiðileyfi hljóta, þannig, að hverju skipi er sett ákveðið hámark á þann síldarafla, sem því er heimilt að veiða á árinu 1996. Heildarmagninu skal skipt þannig, að helmingi magnsins skal skipt jafnt milli skipanna, en helmingi þess í hlutfalli við skráða rúmtölu þeirra 7. maí 1996 hjá tæknideild Fiskifélags Íslands.

Á árinu 1996 skulu 8.000 lestir af síld teknar frá til handa þeim togveiðiskipum sbr. 3. tl. 1. gr., sem tilkynnt hafa til Fiskistofu um þátttöku í síldveiðunum. Skal aflahámark togskipa miðað við, að hvert skip geti farið tvær veiðiferðir. Við ákvörðun aflahámarks fyrir frystitogara skal miðað við mesta landaðan afla úr frystilestum þeirra, en við aflahámark ísfiskskipa við mesta landaðan afla, ísaðan í kassa eða kór, samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.

Ekki er heimilt að flytja leyfilegt aflahámark milli skipa.

Komi í ljós að 20. maí 1996 liðnum, að einhver skip muni ekki fara til síldveiða, skal aflaheimildum þeim, sem þeim voru ætlaðar, skipt milli þeirra skipa, sem farið hafa til veiða eftir reglum 1. mgr. 3. gr.

Sé sýnt, þegar ætla má að dragi að lokum síldarvertíðar, að aflaheimildir íslensku síldveiðiskipanna nýtist ekki að fullu vegna þess hvernig veiðar einstakra skipa hafa gengið, er heimilt að breyta aflahámarki, þannig að heildaraflaheimildirnar nýtist sem best.

4. gr.

Skipstjórum fiskiskipa skal skylt að tilkynna til Fiskistofu með skeyti eða símbréfi um áætlað aflamagn um leið og skip heldur til lands með síldarafla og ennfremur um löndunarstað og komutíma. Í tilkynningu til Fiskistofu skal einnig koma fram hversu mikill hluti aflans er fenginn í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu.

Um vigtun síldarafla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með brot farið að hætti opinberra mála. Um gjaldtöku vegna umframafla, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmarks sjávarafla.

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, að svipta skip veiðileyfi vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 37, 14. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 188, 1. apríl 1996, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Bátum, sem aflamark hafa í humri og uppfylla skilyrði um stærð og vélarafli, sem tilgreind eru í 2. mgr. 9. gr. er heimilt að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland á því tímabili sem ákveðið er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni hverju sinni. Veiðisvæðið markast af línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðum.

Heimild þessi gildir ekki þar sem togveiðar eru bannaðar með skyndilokunum eða reglugerð.

2. gr.

Humar í þriðja stærðarflokki (humarhalar 6-10 g að þyngd), sem slitinn er um borð í fiskiskipi, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humarafla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hveirrar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu metinn til aflamarks.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netpak. Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkisins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

Lágmarksmöskvastærð netpaks í humarvörpu skal vera 135 mm. Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkum hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til að draga úr sliti.

4. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpu um borð í veiðiskipinu.

5. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á þeim.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar nr. 684, 27. desember 1995, um meðferð og vinnslu sjávarafurða.

6. gr.

Humarafla skal landað til vinnslu hjá viðurkenndri vinnslustöð hér á landi, sem hefur heimild til vigtunar humars, sbr. reglugerð nr. 618/1994, um vigtun sjávaraflla.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega botnfiskveiði að ræða þannig að aflaverðmæti fisksins sé svipað eða meira en verðmæti humarafla í tveimur samfelldum veiðiferðum er ráðuneytinu heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í atvinnuskyni.

8. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og hann veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla.

9. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 20% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta.

Óheimilt er, án samþykkis Fiskistofu að flytja aflahlutdeild til báts, sem ekki hefur fyrir aflahlutdeild í humri. Fiskistofu er aðeins heimilt að samþykkja flutning aflahlutdeildar eða aflamark til báts, sem ekki hefur aflahlutdeild í humri, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að báturinn, sem aflamark eða aflahlutdeild er flutt til sé ekki stærri en 210 brl. eða búinn 900 hestafla aðalvél eða minni.
2. Flutt sé allt aflamark eða öll aflahlutdeild í humri frá viðkomandi skipi. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði, að því tilskyldu að flutt sé a.m.k. 5 lesta aflamark í humri eða aflahlutdeild sem svarar því magni, enda verður það aflamark eða aflahlutdeild hvorki flutt að hluta eða öllu leyti aftur af því skipi á sama fiskveiðiári.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humaraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaafli við rækjuveiðarnar, að mati Fiskistofu.

10. gr.

Útgerðum skipa er skylt að skrá afla í kvótaskýrslu til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða sviptingu heimildar til veiða í atvinnuskyni, án frekari viðvörunar.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. og 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í atvinnuskyni í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 202, 18. apríl 1994, um humarveiðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt til 10. júní 1996 að nota 80 mm lágmarksmöskva-stærð í netþaki humarvörpu sbr. 1. málslíð 2. mgr. 3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 9.1.1.1. orðist svo:

Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, skulu samt vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund í flutningaflugi með farþega. Í þjónustuflugi með einshreyfils flugvélum, sem flogið er að degi til við sjónflugsskilyrði, er þó heimilt að í flugáhöfn sé einn flugmaður. Þessi grein tekur gildi 1. júní 1998.

2. gr.

Grein 9.1.1.1.1. orðist svo:

Til 1. júní 1998 gildir að í flutningaflugi með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

- a) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug milli Íslands og annarra landa og
- b) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug með:
 - i) þotum,
 - ii) skrufuþotum með jafnþrýstibúnaði,
 - iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

3. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra flugvéla og annarra flugvéla sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður. Reglugerðin er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. apríl 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING








um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 425/1995 takmarkar Vegagerðin tímabundið mestu leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn krefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga við 5 eða 7 tonn gilda eftirfarandi reglur um mestu leyfða heildarþyngd og áspunga:

Þegar áspungi er takmarkaður við 5 tonn er mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja 19 tonn. Þegar áspungi er takmarkaður við 7 tonn er mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja 27 tonn.

Áspungi skal vera sem hér segir:

	Ásar	Burðarflokkar	
		7 tonn	5 tonn
Ás með tveimur hjólum		5 ^{x1}	3
Ás með fjórum hjólum		7	5
Tvíás með fjórum hjólum		7	5
Tvíás með sex hjólum		9	6,5
Tvíás með átta hjólum		11	8
Þríás með sex hjólum		11 ^{x2}	8 ^{x2}
Þríás með tólf hjólum		15 ^{x2}	11 ^{x2}

x1) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20.

Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra tonna áspungi.

x2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20.

Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Reykjavík, 1. apríl 1996.

Vegagerðin,

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.

REGLUGERÐ

um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.

1. gr.

